This is a reproduction of a library book that was digitized by Google as part of an ongoing effort to preserve the information in books and make it universally accessible.

Google™ books

https://books.google.com

This is a reproduction of a library book that was digitized by Google as part of an ongoing effort to preserve the information in books and make it universally accessible.

Google™ books

https://books.google.com

Digitized by Google

Ger.

The University of Chicago
Libraries

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

KVÆÐASAFN

EPTIR ÍSLENZKA MENN FRÁ MIÐÖLDUM
OG SÍÐARI ÖLDUM

GEFIÐ ÚT AF HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI

FYRSTA DEILD

LJÓÐMÆLI NAFNGREINDRA HÖFUNDA

I, 1.

REYKJAVÍK — 1922
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

Digitized by Google

Digitized by Google

KVÆÐASAFN

EPTIR NAFNGREINDA ÍSLENZKA MENN
FRÁ MIÐÖLD

GEFIÐ ÚT AF HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI



REYKJAVÍK 1922—1927
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

Digitized by Google

THE UNIVERSITY OF CHICAGO LIBRARIES

Digitized by Google

PT7465
.K9
809831

Efnisskrá.

	Bls.
Indriði kopar (kópi)	1
Mansaungur	4
Loptur ríki Guttormsson	7
Háttalykill hinn skemmri	16
Háttalykill hinn meiri	67
Stálkuvísa	100
Mansaungur	101
Maríuvísur A—B	104
Steinþór Jónsson	111
Jón Pálsson Maríuskáld	112
Maríulykill	121
Vísur af sancta Maria virgine	134
Maríuvísur	137
Carmen de beata virgine Maria	140
Ormur Loptsson	147
Úr Vilmundar rímum viðutan	150
Svartur Þórðarson á Hofstöðum	152
Skaufalabálkur	154
Skíðarima	161
Páll Jónsson á Skarði	216
Björn Guðnason í Ögri	220
Gáta	220

Digitized by Google

Gunni Hallsson Hólaskáld 221
Sancti Ólafs vísur 222
Þjófabragur 228

Ásmundur skáld 231
Mariuvísur 233

Skáld-Helgi 236
Vísur sextánmæltar 236

Skáld-Sveinn 238
Heimsósómi 238

Jón Hallsson 245
Ellikvæði 251

Sigurður blindur í Fagradal 257
Rósa 262
Vísa 294

Hallur prestur Ögmundsson 295
Gimsteinn 297
Náð 326
Máríublóm 353
Máríuvísur 366
Michaelsflokkur 370
Nikulásdrápa 385

Digitized by Google

Indriði kopar (kópi)

— 1382 —

Um Indriða prest kopar eða kópa er fátt kunnugt, og þó eru nokkur skil fyrir honum. Í sumum handritum af Tidsfordrif Jóns lærða Guðmundssonar er hans getið á þessa leið: »Í Hjaltlandssögu, sem síra Indriði, kopar kendur, að Staði í Grunnavík hafði af kveðið Hjalters rímur, minnir mig um finngálpn sagt. Þessi skáld voru honum samtíða: M. Sveinn biskup í Skálholti og Sigurður blindur í Fagradal. Eyjólfur gammur í Haga var úr skáldatölu feldur sakir níðskældni sinnar[1]«. Klausa þessi er mjög merkileg, þó að tímatalið reiki. Meistara Sveins er getið sem prests og biskups á árabilinu 1448—1476, og lézt hann síðastnefnt ár. Sigurður blindur var samtíðarmaður Jóns biskups Arasonar (1484—1550). Samkvæmt Flateyjarannál lézt Eyjólfur gammur Brandsson 1339: »Hann andaðist í hafi, nær Hjaltlandi, og var fluttur hingað til lands, og grafinn í Skálholti«. Er af því að skilja, að mikið hafi þótt til Eyjólfs koma, hann verið auðugur og mikilla manna. Ætli hann hafi ekki búið í Haga í Holtum og verið sonur Brands skógs Eyjólfssonar, er lézt 1331, samkvæmt Skálholtsannál? Ekki segir Jón Guðmundsson Eyjólf berum orðum samtíðarmann síra Indriða, og getur þó síra Indriði hafa verið fæddur áður en Eyjólfur lézt, því að síra Indriði er að nokkru leyti samtíðarmaður Einars Eiríkssonar í Vatnsfirði, sem drukknaði 29. Marts 1382. Er hans getið í testamentisbréfi Einars með þeim orðum, að af tíu hundruðum, er prestum eru ætluð þar til sálumessna saungs fyrir Einari, »skal síra Eindriþe kópe taka« »ij hundrat[2]«. Má af því, að síra Indriða er

1) ÍBfél. Khd. 35. Fol. bls. 90. Kvæði Stefáns Ólafssonar I, 251. 2) Dipl. Isl. III, 366. Testamentisbréf þetta er vottað af tveim prestum og tveim leikmönnum að réttu lagi 14. Dec. 1382. Munu rök fyrir því sýnd í XII. bindi Fornbréfasafnsins. Er frumrit bréfsins nú komið fram, en var þá ekki fyrir hendi, þegar III. bindi þess var prentað.

Digitized by Google

eins allra klerka getið sérstaklega, ráða það, að hann hafi verið Einari ærið handgeinginn, og eins það, að hann hafi verið prestur á þeim slóðum, ef ekki þá heimilisprestur í Vatnsfirði. Kemur það vel heim við sögn Jóns, sem nú er staðreynt að hefir verið manna minnugastur og óljúgfróðastur sinna samtíðarmanna um margar fyrri sagnir. Eingum getur víst blandazt hugur um það, að Indriði kópi og Ind iði kopar sé einn maður og sami; kópi er einhver alþýðustytting úr kopar[1]. Slíkum styttingum og breytingum eru litlar skorður eða takmörk sett. Indriða nafn er í ætt Jóns Guðmundssonar, og gæti síra Indriði kopar hafa verið einn af forfeðrum Jóns, þó að Jón geti þess ekki, og ekki verði það nú rakið. Þeir frændur voru hagleiksmenn, og sjálfur var Jón listasmiður[2]. Af smíðum hefir og síra Indriði feingið viðurnefnið, og hefir hann verið látúns- og koparsmiður og farið með steypugerð. Smíðar tömdu sér ýmsir klerkar hér á landi fram á vora daga, og fyrrum hefir þó sjálfsagt kveðið enn meira að því. Jafnvel stórhöfðingjar hér á landi lögðu fyrir sig smíðar í fyrri tíð, og er það kunnugt um Jón lögmann Sigmundsson, að hann bæði »svarf« (dreif) söðla og gróf á innsigli[3].

Til eru enn gamlar Hjálmþérsrímur (Hjálmtérsrímur), sem eru svo fornar, að þær geta verið frá tíð síra Indriða kopars; eru þær meðal annars á skinnbók einni, sem ekki er óhugsandi, að Jón Guðmundsson hafi einhvern tíma feingið að handleika og lesa í, því að þá bók (A.M. 604 4to.) hefir fyrrum átt Páll sýslumaður Jónsson á Staðarhóli (d. 1598), en honum segist Jón hafa kynzt í æsku, og telur hann »vísastan mann« á sínum dögum[4]. Rímur þessar eru nú prentaðar í Rímnasafni því, sem Finnur prófessor Jónsson hefir gefið út (II 1—84).

Í 55. erindi XI. rímu bindur höfundur þeirra nafn sitt í málrúnum á þessa leið:

Hinn sterki ás og storðar bein
um steypi ofnis hlíða,

---

1) Eg hefi að vísu áður ætlað, að *kopar* væri afbökun, af því að eg trúði þá Jóni miður vel; en síðan hefir hann reynzt skilríkur maður. 2) Síra Indriði Ámundason var móðurfaðir Jóns. Ámundi í Straumfirði faðir hans var hinn mesti þjóðsmiður, og feldi saman atkerislegg þýzkra manna, „og setti (þá) saman 8 smiðjur á einu bergi“, Móðir síra Indriða og annara barna Ámunda var ættuð úr Strandasýslu (Safn III, 714), og gæti hún verið komin af síra Indriða kopar. Ef svo væri, gæti Jón hafa haft sagnir um hann framan úr ættum. 3) Dipl. Isl. VII, Nr. 460; VII, Nr. 262. 4) Safn III, 705—706.

Digitized by Google

sá hefur valdið vísna grein
og vandað óð að smíða[1].

Ræður útgefandi rímnanna það svo, að höfundurinn heiti »áreiðanlega[2] Þórsteinn[3]«. Væri eingar frásagnir til um það, hver höfundurinn sé, lægi það og næst, að ætla að hann hafi heitið þessu eða einhverju öðru algeingu nafni sömu merkingar[4]. En eins og efnið liggur nú fyrir, þá eru málrúnir þessar ekkert annað en blátt áfram staðfesting á þeirri frásögn Jóns Guðmundssonar, að höfundurinn sé Indriði kopar[5]. Þarf einginn að setja það fyrir sig, þó að síra Indriði kenni sig hér til iðnar sinnar og kenningarnafns. Slíks eru dæmin mörg hér á landi, að menn voru ekki hvumpnir við það, og hefir svo verið á öllum öldum. Eitt af skáldum vorum enn á 19. öld gerði hið sama. Var það Þorsteinn hreppstjóri Gizurarson á Hofi í Öræfum (f. 1768; d. 1844), er einnig var hinn mesti höfuðsmiður. Honum gaf alþýða manna ungum kenningarnafn, og kallaði hann tól. Tók hann það sjálfur upp, og nefndi sig því síðar:

Þetta kofort með súrum sveita
samdi karlinn hann Þorsteinn tól,

segir hann sjálfur. Hann ritaði og kenningarnafn sitt undir kvæði sín, er hann birti á þeirri tíð í tímaritum landsins[6].

Hjá rímnaskáldum vorum hefir það verið venja frá fyrstu tíð, svo sem alkunnugt er, að láta hverja einstaka rímu hefjast með mansaungsvísum, og var efni þeirra optast nær, eins og nafnið bendir á, gamanyrði og gælumál til kvenna. Þessum hætti er og að nokkru leyti haldið í Hjálmþérsrímum, og þó ekki ugglaust um, að ekki sé afriturum rímnanna um að kenna, þar sem út af því bregður. En Hjálmþérsrímur eru, eins og skinnbókin geymir þær nú, frábrugðnar öðrum rímum í því, að framan við þær er nokkurskonar almennur mansaungur, sem er með öðrum bragarhætti en I. ríma og stendur ekki í neinu sambandi við rimurnar sjálfar, heldur sýnist vera ortur áður svo sem mansaungur út af fyrir sig eða í öðru sambandi, eins og útgefandi rímnanna, Finnur prófessor Jónsson, tekur fram með mjög skýlausum orðum[7]. En eigi að síður þarf þó ekki mikinn skarpleika til

1) Rímnasafn II, 79. 2) „sikkert". 3) Rímnasafn II, 84. 4) sbr, rit mitt Om digtn. p. Isl. i det 15. og 16. årh. Kbh. 1888, bls. 144—145. 5) *Hinn sterki ás* = Þór = Indriði; *storðar bein* = steinn = málmur = kopar. 6) Klausturpóstur VI, 1823, bls. 99—100. 7) Rímnasafn II. 1.

Digitized by Google

að sjá, að mansaungur þessi er eptir sama manninn, sem kveðið hefir rímurnar, og sjálfur sýnist hann hafa ætlað þessum mansaung sess framan við þær, þó að ortur kunni hann að vera fyrri, því að ekki verður betur séð, en að höfundur rímnanna vitni beinlínis til þessa kvæðis í öndverðri I. Hjálmþérsrímu, og segi orðskviðalaust, að þetta kvæði hafi hann ort. Kveðst hann í niðurlagi mansaungs þessa ekki vilja segja til nafns konu þeirrar, er hann sé að kveða um: »Askinn gims vil eg ekki binda«. En í mansaung Hjálmþérsrímna I, 2 segist hann hafa ort svo fyrri, að hann hafi ekki getið nafns konu þeirrar, er hann kvað þar um, og kveður hann svo:

Hef eg svo bundið Herja[1]-þundar[2]
hornamar,
nefni eg ekki nöðru grundar
naumu þar.

Síðar í rímunum (X, 5—6) segir hann hins vegar í málrúnum til nafns konu, er hann kveði fyrir og um, og er svo að skilja sem hún hafi heitið Orný (Oddný). Mansaungur þessi er einn af afmors eða brunakveðlingum þeim, sem sagt er, að nóg hafi verið til af á þessum öldum.

Um síra Indriða kopar vita menn ekki frekara en nú hefir verið tínt, en hann má hafa lifað fram um 1400, og er það á takmörkum þeim, þar sem kvæðasafni þessu er ætlað að byrja.

Vera kynni þó, að síra Indriði kopar sé sami maður og Indriði prestur Þorkelsson, sem andaðist samkvæmt annálum 1380. En alveg er það samt óvíst.

Mansaungur.

AM. 604c 4to bls. 19—20, skinnbók frá c. 1530—1540. — AM. 603 4to, skinnbók frá sama tíma (brot). — Sbr. Eugen Kölbing, Beiträge, Breslau 1876, bls. 152—153, 200—201, og Jón Þorkelsson, Om digtn. på Island i d. 15. og 16. årh. Kh. 1888, bls. 142—147. — Prentað í Rímnasafni udg. ved Finnur Jónsson II, 1—4, og er hér farið eptir þeirri útgáfu.

1. Ferju hrind eg Fjalars í burt af fræða sundum,
nú vil eg skemta skýrum sprundum.
2. Í fjörgin stár það fegursta víf með frukt og sóma,
hún lifir sig æ með list og blóma.

1) hiorfa, skinnbókin. 2) F. J.; grundar, skinnb.

Digitized by Google

3. Sjá hefur jungfrú afburð enn af ungum snótum,
hún stár oss í hjarta rótum.
4. Þessi en væna gullaz grund hún gerir oss þvinga,
foldu ann eg fofnis binga.
5. Jafnan leika haukar Hárs í hyggju fróní,
þeir eru bundnir blíðu tjóni.
6. Mun eg þá ítra auðar lindina[1] aldri fanga,
hér fyrir ber eg þann harminn stranga.
7. Brjóstið mitt er bölinu spent fyrir bauga lindi,
hún stár oss í huldar vindi.
8. Fyrr var margr af bölinu brendr og beizku stríði,
örlög frá eg þau aldri líði.
9. *Artus* var fyrir *Elidam* spentr af öflgum harmi,
hann bar sorg í hyggju karmi.
10. *Sölla*[2] gerði sárleg stygð fyrir sætu að brenna,
hjartað sprakk í hlutina tvenna.
11. *Tristram* dó fyrir dýra lindi draupnis sveita,
bölið nam *Isodd* bana veita.
12. *Högni* beitti hræva pálm fyrir hörgrund[3] svinna,
Héðinn nam stríð fyrir *Hildi* að vinna.
13. *Filotemia*[4] að fugli [varð, sú en[5] fagra kvinna,
hún saung æ með harminn stinna.
14. *Hringr* og *Tryggvi* hjuggu stórt fyrir hennar vilja,
báðir vildu brúði gilja.
15. *Ivent* hafði ærna þrá fyrir auðar lindi,
gekk hans hugr í gýgjar vindi.
16. *Alexandur Elínu* tók, og unni vífi,
þar fyrir [margir létu[6] lífi.
17. *Afsalon* fékk æsta sorg fyrir auðar fríði,
hann bar þrá í hyggju stríði.
18. *Davíð* hlaut[7] á fljóðum[8] fýst á frygðar pöllum,
vísir unni vífum snjöllum,
19. Þessir fundust frægstir manna[9] fyrr í heimi,
rekkar glöddust[10] rauðum seimi.

---

1) lind, skb. 2) F. J; Solle, hdr. 3) hergrund, hdr. 4) þ. e. Filomela. 5) [var enn sú, skb. 6) [létu margir, skb. 7) feck, skb. 8) F. J.; fyrðum, skb. 9) menn, skb. 10) glöddu, skb.

Digitized by Google

20. Klufu þeir stál og sterka hlíf með strinda[1] ljóma,
Þeir unnu flest með frægð og sóma.
21. Bar það eingi bragna afl né brystið snjalla,
að sorgin gæti eigi sigrað alla.
22. Því hefir ástin mikla mekt af megni súta,
að slíkir urðu undir lúta.
23. Því má einginn undrast það, þó eg beri vanda,
er magn hefir eingi á móti standa.
24. Sízt í fyrstu eg frúna leit með frygðar greinum,
eg var gripinn af grimdar meinum.
25. Leizt mér þessi lauka þöll so[2] listug kvinna,
þar fyrir gekk mín gjörvöll sinna.
26. Hárið rétt á hringþöll er sem hrannar glóðin[3],
eðr sem logandi linna slóðin[4].
27. Brúna landið glóar því líkt[5] sem geislar renna,
Sjálf náttúran setti þenna.
28. Limrinn hver á hringa gná og hörundið ljósa,
öðruvegs[6] má einginn kjósa.
29. Þó líkams sé eg eigi návist nýtu[7] nærri vífi,
þó er minn hugur á hennar lífi.
30. Venris afmor vinnur eið, að veraldar kvinna[8]
ágætari má aunga finna.
31. Því er mér líkt sem fótlaus fari eg með frost og bríma,
yndið hefr eg aungan tíma.
32. Það er með öllu meira mein við móðinn stinna,
enda má það einginn finna.
33. Sinnir[9] eg hvorki um gleði né glaum fyrir grimmu stríði,
angrið segir eg aldri líði.
34. Alla dagana árla og síð er oss í hjarta
guðvefs beðjar[10] grundin bjarta.
35. Nú mun eg öllum Bölverks bjór í burtu hrinda,
askinn gims vil eg ekki binda.

---

1) = storða = styrjar, sem F. J. getur upp á. 2) F. J.; sú, skb. 3) slóð, skb. 4) glóð, skb. 5) ligt, skb. 6) = öðruvísi. 7) F. J.; mætu, skb. 8) = kvenna. 9) Gáer, skb. 10) F. J.; beðjan, skb.

Digitized by Google

Loptur ríki Guttormsson
(d. 1432).

Faðir Lopts var Guttormur Ormsson, sonur Orms lögmanns Snorrasonar á Skarði á Skarðströnd, beint af hinni gömlu Skarðverjaætt. Ormur lögmaður lézt gamall, líklega nálægt plágunni fyrri, sem kölluð hefir verið svarti-dauði, 1403. Móðir Lopts var Sofía Eiríksdóttir frá Svalbarði, Magnússonar, og er það beint Svalbarðsættin fyrri. Guttormur Ormsson faðir Lopts var veginn í Snóksdal af Þorsteini Jónssyni sunnudaginn í fardögum, eða 26. Maí, 1381[1]. Getur Loptur því ekki verið fæddur síðar en 1381 eða öndvert ár 1382; er þó eins víst, að hann sé fæddur laungu fyrri. Jón bróðir hans kvæntist 1392 Kristínu Björnsdóttur, Einarssonar í Vatnsfirði[1], og er Jón því varla fæddur eptir 1370. Hann lézt í plágunni 1403[2]. Það ár er og Lopts fyrst getið, sé það hann, sem um er talað í testamentisbréfi Halldórs prests Loptssonar, gerðu á Möðruvöllum í Hörgárdal 8. Dec. 1403[3]. Er þá talið svo sem hann kunni að vera dáinn; hefir hann því líklega verið þá í fjarlægð, utan lands eða innan. Vera má, að Loptur hafi um þau ár, og sjálfsagt fyrri, verið sveinn eða ráðsmaður Guðrúnar Haraldsdóttur, er gaf honum Efra-Dal undir Eyjafjöllum í þjónustulaun[4]. Að vísu er það hann sá Loptur Guttormsson, sem er kaupvottur á Ósi í Miðfirði 5. Febr. 1406[5]. En því næst finst hans ekki getið um níu ára bil. Eitthvað af þessum árum kynni hann að hafa verið með Eiríki konungi af Pommern, því að við hirð hans er sagt, að Loptur hafi verið, og þá haft með sér fjóra sveina, en konungur á að hafa dubbað hann til riddara, og hafi riddaramerki Lopts verið hvítur fálki í bláum feldi, er niðjar

1) Flateyjarannáll. 2) Nýi-annáll. 3) Dipl. Isl. III, 686. 4) Dipl. Isl. V, 714, 715. — Guðrún mun hafa verið kona — þá ekkja — Andrésar hirðstjóra Gíslasonar í Mörk, þess er drukknaði á Sunnefusúðinni 1374, heldur en 1375. Þeirra sonur Gísli Andrésson (d. 1428). Sbr. Dipl. Isl. IV, bls. 406. 5) Dipl. Isl. III, 707.

Digitized by Google

hans hafi síðan haft í innsiglum sínum[1]. En hvað sem um þetta er, þá hafði Loptur sjálfur höggorm, en ekki fálka, í sínu eigin innsigli[2]. Er því riddarasaga þessi vafasöm, og um víst Lopts erlendis er alt fremur óvíst. Eitthvað af þessu árabili, og enda víst fyrir 1406, hefir hann búið með Kristínu Oddsdóttur lögmanns lepps[3], þeirri er hann kvað háttalykilskvæði til, og gat við að vísu þrjá sonu. Árið 1415 hinn 22. Ágúst kemur Loptur aptur fram, og er þá gjörningsvottur að Munkaþverá[4]. Kemur hann síðan við bréf og gjörninga öðru hverju vestan lands, sunnan eða norðan, alt til æfiloka, og má vísa þeim, sem það vilja tína upp, til IV. og að nokkru leyti VI. bindis Fornbréfasafnsins. Hans er og getið á Alþingi 1419, og ritar hann þá 1. Júlí næstur eptir lögmann undir hyllingarbréf til Eiríks konungs af Pommern, og 1. Júlí 1420 er hann einnig á Alþingi, og ritar enn næstur hirðstjóra og lögmanni undir bréf til konungs[5]; er hann og jafnan, þar sem hann er dómsmaður eða gjörningsvottur, efstur talinn leikmanna, og stundum á undan klerkum[6]. Fátt er bréfa til um jarðakaup Lopts, þó nokkur[7]. Voru þó jarðeignir hans miklar, og höfuðból mörg, en »hofgarður« hans var Möðruvellir í Eyjafirði[8]. Sagt er, að hann hafi haft sveinahald mikið og riðið jafnlega með 20 sveina milli búa sinna[8], enda var auðurinn nógur til þess að halda sig höfðinglega. Hann hefir og verið rausnarmaður, þegar því var að skipta[9]. Um völd hans vita menn það, að hann var »hirðstjóri norðan og vestan á Íslandi« 1427, þegar Guðmundur Arason gerði norðurreiðina á hendur Húnvetningum[10]. Loptur sýnist hafa verið vitur maður og friðsamur, og þó ekki uppnæmur fyrir, þótt til einhvers kynni að þurfa að taka[11]. Jón Hólabiskup Vilhjálmsson og Loptur hafa verið hinir mestu mátar, og biskup látið mjög að orðum hans. Veitir hann á árunum 1429—1430 bæði Laufás, Miklabæ og Helgastaði fyrir orð Lopts[12], og sjálfum veitir hann Lopti staðinn á Sauðanesi 20. Dec. 1430[13]. Opt er Loptur og staddur á Hólum um þessi ár, enda felur Jón biskup honum ráðsmensku biskupsstólsins 6. Júní 1430, og hefir Loptur þar þó alla varygð

1) Safn til sögu Ísl. I, 672. 2) Dipl. Isl. IV, Nr. 335. 3) Safn I, 671; Dipl. Isl. IV, Nr. 581. 4) Dipl. Isl. III, 761—762. 5) Dipl. Isl. IV, 269, 281. 6) S. st. IV, 248, 250, 260, 273, 308, 312, 355, 399, og víðar. 7) S. st. IV, 317—319; VI, Nr. 42, 48. 8) Safn I, 671. Sbr. Dipl. Isl. IV, Nr. 457. 9) Dipl. Isl. IV, Nr. 393. 10) Dipl. Isl. IV, Nr. 724; Nýi-annáll. 11) Sbr. Dipl. Isl. IV, Nr. 529. 12) Dipl. Isl. IV, Nr. 415, 416, 424, 451. 13) Dipl. Isl. IV, Nr. 438.

Digitized by Google

við, en ráðsmennskunni hélt hann að vísu til næsta árs, og fær þá kvittan af biskupi fyrir því starfi 10. Janúar 1431[1]. Er að sjá, að Jón biskup hafi mikið viljað vinna til vinfeingis Lopts. Síra Jón Pálsson hafði 1430 fært nærri þrjátigi vopnaðra manna til prestastefnu, og þótti Jóni biskupi sér í því mjög misboðið, og hótaði að bannfæra prest, nema hann geingi til hlýðni, sem klerkur var seinn til. Lýsti biskup því eptir hámessu 18. Maí 1430 á Hólum. Er þar þá staddur Loptur og hústrú hans, og hafa þau þá til varygðar með sér mart sveina. Hafa þau þá auðsjáanlega í það sinn geingið fremst allra í það að blíðka biskup, sem og sýnist hafa nokkurn veginn tekizt[2]. Hins vegar vottar Loptur með öðrum fleirum 12. Júní 1430 um það, að Hólabiskupar hafi jafnan haft forræði Grenjaðarstaða, alt þar til síra Jón Pálsson hafi nú komið út með erkibiskupsveitingu fyrir staðnum[3].

Synir Lopts og Kristínar Oddsdóttur munu allir vera fæddir fyrir 1410, því að svo er að ráða af gjafabréfi hans til Orms, Skúla og Sumarliða 20. Apríl 1430 sem þeir sé þá allir komnir til fjárráðaaldurs, það er að skilja tvítugir, því að hann leggur svo fyrir, að þeim sé fén afhent þá í fardögum, ef sín missi við[4]. Er Ólafs í því bréfi að eingu getið; er því annaðhvort, að hann hefir ekki verið sonur Kristínar, ellegar þá, að Loptur hefir verið búinn að ganga frá gjöfum sínum til hans fyrri, sem vel má vera, því að Ólafur hefir verið orðinn fulltíða maður 1424[5]. Kristín hlýtur að hafa verið auðug kona, svo að ekki gat það staðið fyrir hjónabandi þeirra Lopts og Kristínar, að ekki væri með þeim jafnræði, bæði að auð og ættgöfgi, og ættarmeinbugir, sem sagan segir, að með þeim væri, verða nú ekki sannaðir, enda ekki líklegt, að þeir hafi neinir verið[6]. Kveðskapur Lopts gefur ekki aðrar bendingar um þetta efni en:

meinendr eru mundar
mínir frændr og þínir[7].

Hitt segja vísur hans berara, að Kristín hafi gipzt öðrum manni, og að Lopti hafi lítill þokki á því verið. Má líklegt telja, að Kristín hafi gipzt einhvern tíma á árabili því, sem Lopts finst ekki getið, og þegar hann hefir sennilega verið árum saman erlendis. Er sagt, að bóndi hennar héti Höskuldur, og hafi hann

1) Dipl. Isl. IV, Nr. 459, 484, 532. 2) Dipl. Isl. IV, Nr. 457. 3) Dipl. Isl. IV, Nr. 461. 4) Dipl. Isl. IV, Nr. 446. 5) Dipl. Isl. IV, Nr. 377. 6) Sbr. Sýslum.æf. I, 159 (2. neðanmálsgr.). 7) 70. er í háttalykli hinum skemmra.

Digitized by Google

fyrri verið sveinn Lopts; hafi þau Kristín sett saman með mikinn auð[1] og búið í Eyjafirði, á Úlfá eða Tjörnum. En rök fyrir því eru eingin til önnur en sögusögn ein. Af kunnum mönnum á þeirri tíð er einginn maður með því nafni, er jafnborinn væri svo auðugri konu og ættstórri sem Kristín var, annar en Höskuldur Runólfsson á Bakka í Öxnadal og í Gnúpufelli. En sá er galli á því, að kona hans hjet Guðný Þorsteinsdóttir, sem enn er á lífi 1409[2]. Vera má að vísu, að hún hafi látizt litlu síðar, og Höskuldur þá feingið Kristínar, en fyrir því eru þó eingin rök. En hitt er víst, að Höskuldur Runólfsson hefir verið hinn mesti trúnaðarmaður barna Lopts, svo sem skiptabréfið frá 1432 eptir hann sýnir[3]. Jón Gizurarson segir, að Loptur hafi búið með Kristínu á Möðruvöllum í Eyjafirði[4]. Eins víst er þó, að það hafi verið á Skarði á Skarðsströnd, og líklegra er, að kynni þeirra Lopts og Kristínar hafi orðið vestra; þar var öll ætt Kristínar. Lopti sýnist og hafa tæmzt mjög arfar eptir föðurfrændur skömmu eptir 1400. Jón bróðir hans dó í plágunni 1403. Ormur lögmaður afi hans er 1401, þá fjörgamall, að afhenda umboðsfé Ólafs Guðmundssonar, bróðursonar síns, og útgreiða fé Skarðskirkju; síðan andast Ormur, en eptir hann var alt fé Skarðskirkju afhent Ólafi, og hefir hann sýnilega átt að taka við Skarðseignum. Er þá enn lifandi Ólöf kona Orms, en amma Lopts, og Þórdís móðir Ólafs[5]. En eptir það er einskis af þessu fólki getið, og er ekki ósennilegt, að það hafi dáið alt í plágunni 1403, og Skarðs auð hafi þá borið undir Lopt. Frásögn Jóns Gizurarsonar er elzta og merkasta heimildin að sögusögnunum um Lopt[6], enda Jón af honum kominn í 7. lið. Segir hann, að þau Loptur og Kristín hafi unnazt »í líf og fjör« og að Loptur hafi »kveðið og henni sent margar vísur, nokkrar í hvert sinn, með allra handa bragarhætti, — skulu vera tíutigi, — og fanst í treyjuermi hans, þá hann var dauður«. Á það benda báðir háttalyklar Lopts, að þeir sé samsettir af tækifæriskveðskap, og handrit þau, sem nú eru til af háttalyklinum skemmra, sýna þó sérstaklega, að það kvæði sé samtíningur. Erindatalan er þar svo á reiki, en elzta handritið er frá c. 1550. Sagt er, að Kristín hafi dáið skömmu fyrri en Loptur, og að hann hafi jafnan tregað hana.

Kona Lopts var Ingibjörg dóttir Páls Þorvarðssonar á Eið-

---

1) Sbr. Sýslum.æf. I, 160. 2) Dipl. Isl. III, Nr. 598. 3) Dipl. Isl. IV, Nr. 555. 4) Safn I, 671. 5) Dipl. Isl. III, Nr. 550 og 551. 6) Safn 671.

Digitized by Google

um[1]. Páll lézt í stóruplágu 1403, og hafði þá haft hirðstjóraumboð yfir alt Ísland af Vigfúsi Ívarssyni[1]. Faðir hans hefir án efa verið Þorvarður Pálsson, sá er um getur í vitnisburðaskrá um Húseyjar og Sleðbrjótssand frá 1376, og er hann þá dáinn[2]. Kona Þorvarðs, og móðir Páls, hefir verið Ragnhildur Karlsdóttir, Arnórssonar, á Eiðum[3]. Ókunnara er um ætt konu Páls og móður Ingibjargar. Ingibjörg hefir líklega verið í æsku, þegar faðir hennar dó; sýnist og svo sem þá hafi og fallið mjög ættbálkur hennar. Loptur hefir án efa ekki kvænzt fyrri en hann kom úr utanförinni, og greip í tómt, er Kristín var gipt. Ekki er Ingibjargar heldur getið fyrri en 12. Maí 1417[4]; eru þau Loptur þá gipt, og þó varla fyrir mjög laungu, því að Loptur er þá að heimta skil fyrir umboði á fjám Ingibjargar og örfum hennar. Hafði Hallur Ólafsson haft umboð Ingibjargar áður en hún giptist, svo og umboð Ragnhildar systur hennar. Greiðir Árni biskup Ólafsson þá Lopti hundrað hundraða fyrir hönd Halls í afgreiðslu umboðsins, og er þar í jörðin Staðarhóll í Saurbæ. Er sú jörð þá fyrst komin í eigu Lopts, og hefir verið í eigu niðja hans síðan, alt fram á vora daga. En Hallur sýnist vera bróðir Árna biskups, því að hvað gat biskupi geingið til svo stórfeldra útlausna fyrir vandalausan mann, sérstaklega þar bréf þetta sýnir, að Hallur skuldaði biskupi svo sem hirðstjóra auk þess sextigi hundraða í reikningsskap Páls á Eiðum. Í bréfi þessu er þess getið, að þeim systrum, Ingibjörgu og Ragnhildi Pálsdætrum, hafi fallið fé »í erfð« »eptir Flosa Þórðarson«, og er orðanna hljóðan svo, sem hér sé um beina ættarerfð að gera[5]. Flosa þessa Þórðarsonar finst ekki getið annarstaðar, en það getur varla hjá því farið, að hann sé sonur Þórðar Flosasonar, bróður Vigfúsar í Krossholti og Álfheiðar konu Eyjólfs Snorrasonar. En faðir þeirra var Flosi officialis og prestur á Stað á Ölduhrygg Jónsson, Erlendssonar lögmanns hins sterka, Ólafssonar. Síra Flosi var enn á lífi 1368. En Þórður Flosason er fulltíða maður 1350, og enn er hann lifs 1394, ef ekki 1397, ríkur maður; hefir haft bú bæði á Alptanesi á Mýrum og í Görðum á Akranesi[6]. Synir Þórðar Flosasonar voru margir: F l o s i, sá er fyrr var getið;

1) Dipl. Isl. IV, bls. 252. 2) Dipl. Isl. III., bls. 308. 3) Sbr. Dipl. Isl. III, bls. 496. 4) Dipl. Isl. IV, Nr. 312. 5) Eg hefi að vísu áður bent til þess, að til greina gæti hér komið ættleiðsluerfð eða arfleiðsla (Dipl. Isl. III, bls. 495), en orð bréfsins gefa þó ekki tilefni til þess. 6) Sjá um þá síra Flosa og Þórð og syni hans Dipl. Isl. III. og IV. bindi og Ísl. Ártíðaskrár Kh. 1893—96.

Digitized by Google

Skúli, er drukknaði 1375, Erlendur, er búið mun hafa á Skógarströnd og erfði »kongslönd« þar eptir Skúla bróður sinn, en hefir dáið erfingjalaus, því að Oddur bróðir hans erfði »kongslönd« eptir hann; Ásbjörn í Görðum á Akranesi, enn lífs 1436; Oddur leppur, er lögmaður varð, og gæti hann hafa verið þeirra bræðra yngstur, enda lifði þeirra leingst. Ekki liggur annað nær um skyldleika þeirra Ingibjargar og Ragnhildar Pálsdætra við Flosa, en að Páll á Eiðum hafi átt dóttur Þórðar Flosasonar, og systur Flosa, og Flosi hafi dáið skaparfalaus, og systkin hans og systkinabörn — þar sem systkin voru dáin — því erft hann. Að vísu nefnir Nýi-annáll konu Páls á Eiðum Cecilíu Þorsteinsdóttur, og segir, að hún hafi andazt sama ár og hann, í svartadauða 1403. Annarsstaðar er konu Páls ekki getið. Nýi-annáll er nú að eins til í afskript frá síðara hluta 16. aldar. Er allvíða í þeirri afskript bersýnilega rangt lesið úr frumritinu og misritað. Og svo ætla eg, að sé hér, og mun hér að réttu lagi eiga að standa Cecilia Þórðardóttir, en ekki Þorsteinsdóttir, þó að það standi svo skýrt í afskriptinni. Afskript getur skeikað, en erfð ekki, og hlýtur þetta nærri því að vera svona, og hafa þær því Kritsín Oddsdóttir, fylgikona Lopts, og Ingibjörg Pálsdóttir, kona hans, verið systkinadætur. Þetta sannast sjálfkrafa, þegar að er gáð, og er mér þetta mál alt ljósara nú en þegar það var ritað, sem stendur í Fornbréfasafni III, 494—496, enda fjöldi gagna fram kominn síðan. Þær systur Ingibjörg og Ragnhildur gátu eingan arf tekið eptir Flosa, nema því að eins, að þær væri fyrir móðerni jafn nærkomnar til arfs sem bræður hans, er annars kostar hefði tekið arf allan eptir Flosa, og voru þeir þá þrír á lífi, er hann lézt, Erlendur, Ásbjörn og Oddur. Að vísu voru hleyta eða sifjameinbugir á um hjónaband Lopts og Ingibjargar, vegna skyldleika þeirra Ingibjargar og Kristínar Oddsdóttur, en undanþága frá þeim meinum hefir þeim víst verið auðfeingin af kirkjuvaldinu. Í ættum þessara alda mega ættfræðingar altaf vera við því búnir, að undanþágur kirkjuvaldsins rugli ritningarnar, og að undanþáganna finnist að eingu getið, þegar alt gekk hægt um þær og hljóðalaust. Síra Jón Pálsson Maríuskáld (sjá síðar) hefir frá fornu fari jafnan verið talinn sonur Páls á Eiðum og bróðir Ingibjargar, og sannar það nú þessa, og sannast af þessari, ættfærslu. Síra Jón kallar sjálfur Erlend Narfason »frænda« sinn í bréfi frá 5. Júní 1439[1]. Stendur það heima. Þeir eru óskakkir

1) Dipl. Isl. IV, Nr. 625.

Digitized by Google

þremenningar frá Flosa officialis. Fjórmenningsmeinbugir voru á með þeim Páli Jónssyni á Skarði og Solveigu Björnsdóttur[1]. Leingi hefir mönnum verið dulið, hvernig þeirri fjórmenningsfrændsemi væri varið[2]. Nú verður það alt ljóst. Þau eru óskakkir fjórmenningar frá Þórði Flosasyni. Skrá sú sýnir þetta ættasamband ljóslegast, sem stendur hér á bls. 15.

Annálum þeim, sem geta láts Lopts og Ingibjargar, ber saman um það, að þau hafi bæði látizt sama ár, þó að þeir hafi dánarár þeirra rangt[3]. Árin 1431—1432 gekk mannskæð bólusótt hér á landi[4]. Úr þessari sótt má ætla, að þau hjón hafi bæði andazt. Loptur sýnist hafa verið krankur um þessi ár, 1430—1431, og ekki er hann 1431 á Alþingi[5].

Lopts er síðast getið á lífi 6. Ágúst 1432, og er að sjá, að hann sé þá staddur á Hálsi í Fnjóskadal. Lætur þá Rafn lögmaður Guðmundsson þann dag ganga þar tylftardóm milli Lopts og Ólafs Eyjólfssonar stutts um jarðirnar Fagraskóg og Hillur. Á sama stað og degi gefur og lögmaður út úrskurð um gjöf Halldóru Þorfinnsdóttur til Lopts Guttormssonar á fé því, er hún hafði erft eptir Sturlu Bárðarson systrung sinn, og er gjöf sú gerð myndug[6]. En 1. Október 1432 er á Möðruvöllum vottað um fjórðungsgjöf Lopts til Sumarliða sonar síns, og er í þeim vitnisburði sagt með berum orðum, að Loptur sé þá dáinn[7]. Hefir hann því andazt á tímabilinu frá 6. Agúst til 1. Okt. 1432, líklega seint í September.

Bæði af gjafabréfi Lopts frá 20. Apríl 1430 til sona sinna og Kristínar Oddsdóttur, og skiptabréfinu eptir hann og Ingibjörgu Pálsdóttur[8], má nokkuð sjá, hvílíkur auður Lopts og höfuðból hans mikil og góð hafi verið, og að hann hefir ekki ófyrirsynju jafnan verið nefndur Loptur ríki. Mjög er og mikið að læra um ætt Lopts og venzli af bréfinu frá 20. Apr. 1430, eptir ákvæðum hans um ómagaeldi á höfuðbólum sínum. Sýna þau ákvæði mjög

---

1) Dipl. Isl. VI, Nr. 231. 2) Sumum hefir dottið í hug, að meinbugir þessir væru á þann hátt, að Þorbjörg kona Guðna Oddssonar, og amma Páls á Skarði, hafi verið dóttir Guðmundar Ormssonar, föðurbróður Lopts Guttormssonar. En fyrir því er einginn fótur. 3) Gottskálksannáll 1412; Skarðsárannáll 1436. 4) Dipl. Isl. IV, Nr. 523; sbr. Nr. 524. — Björn á Skarðsá segir, að »bólan mikla« geingi hér 1430, og er það líklega ári fyrri en á að vera, nema bóla hafi geingið hér öll þessi ár. 5) Dipl. Isl. IV, 446, 506. 6) Dipl. Isl. IV, Nr. 547 og 584. 7) Dipl. Isl. IV, Nr. 552. 8) Dipl. Isl. IV, Nr. 446 og 555.

Digitized by Google

bert, að föðurkyn hans er Skarðverjaætt, en móðurkyn Möðruvellingaætt[1].

Sé skiptabréfið gert síðla árs 1432, eins og getið hefir verið til, þá ættu þau Ingibjörg og Loptur að hafa gipzt nálægt 1410—1411, því að í skiptunum eru þau fjárráða talin Þorvarður og Ólöf börn þeirra, en óveðja eru þau Eiríkur og Sofía. En sé skiptabréfið frá 1436, sama árinu og Þorvarður Loptsson giptist[2], eins og sumar afskriptir telja, þá geta þau Loptur og Ingibjörg hafa verið að eins fyrir fám árum gipt 1417, þegar Loptur heimtar umboð Ingibjargar af Halli Ólafssyni, og er það nærri því fult svo líklegt.

Af Lopti eru komnir miklir og merkilegir ættbálkar á Íslandi, svo sem alkunnugt er.

Um Lopt og hans fólk hafa verið til allmargar sögusagnir, sumar víst misjafnlega skilríkar. Eingin þeirra er þó fráleitari en sögnin um Illuga svarta, að hann hafi átt að vera faðir Sigvalda langalífs, og hafi hann átt hann með Ólöfu Loptsdóttur í föðurgarði, eða áður en hún giptist Birni Þorleifssyni. Jón Gizurarson þekkir ekki þá sögusögn, og Jón prófastur Halldórsson ekki heldur, enda sýnist sá þvættingur ekki vera eldri en síðla frá 18. öld, þegar ættbálkur síra Jóns frá Sigvalda var kominn til kirkjuvalda, og þörf þótti á að gera ættgöfgi þá sem mesta. Menn vita nú með vissu, að Sigvaldi var Gunnarsson, en hins vegar eingin nýt skil fyrir því, að Illugi svarti hafi nokkuru sinni til verið.

Sjá að öðru leyti um Lopt Safn til sögu Íslands I, 671—672; Sýslumannaæfir I, 157—162; Dipl. Isl. III.—IV., V. og VI. bindi; Tímarit hins ísl. Bókmentafélags IV, 97—138 (síra Eggert Brím); VII, 318—320 (Pálmi yfirkennari Pálmason); Jón Þorkelsson: Om digtningen på Island i det 15. og 16. årh. Kh. 1888, bls. 237—248; Småstykker udg. af samf. til udg. af gl. nord. literatur, Kh. 1884—1891, bls. 203—216, 297—307.

---

1) Mörk undir Eyjafjöllum hefir Loptur annaðhvort feingið í ráðsmannskaup hjá Guðrúnu Haraldsdóttur, eða og öllu heldur að gjöf frá Gísla Andréssyni, syni hennar, annaðhvort lífs eða liðnum (d. 1428), enda er ekki kunnugt um, að Gísli ætti skaparfa. Vinátta hefir verið þar mikil á milli. 2) Dipl. Isl. IV, Nr. 601.

Digitized by Google



Digitized by Google

Háttalykill Lopts Guttormssonar hinn skemmri,

kveðinn til Kristínar Oddsdóttur[1].

Handrit og heimildir að þessum háttalykli er merkt svo í orðamun neðanmáls:

St = Íslenzk skinnbók í Ríkisbókasafninu í Stokkhólmi í Svíþjóð 23. 4to. bl. 37a—39a, skr. c. 1550, alls 27 erindi, er svara til I, II, IV, V, VII—XIII, XIX—XXX, LII og LXXX. vísu hér. Allar aðrar afskriptir kvæðisins eru á pappír.

166a = AM. 166a 8vo., skr. c. 1640—50 af Pétri Þórðarsyni (prests, Brandssonar, Einarssonar) á Fellsenda í Dölum.

166b = AM. 166b. 8vo., skr. c. 1650. Erindatalan er 75 í 166ab; eru þau bæði mjög samhljóða, og einna skástu afskriptirnar í heild sinni af þessu kvæði.

167 = AM. 167. 8vo. brot (32 erindi) skr. c. 1700. Uppskript eptir því er í Ny kgl. Saml. 1891, 4to. bls. 159—175, með hendi Þorláks Ísfjörðs.

S = AM. 149. 8vo, skr. c. 1660—70, kver Sigríðar á Völlum, 74 erindi.

---

1) Háttalykill Lopts ríka *St.* (á lausum miða, eingin fyrirsögn er í skinnbókinni), *K, Kv;* Háttalykill Lopts ríka Guttormssonar, *A;* Háttalykill ortur af Lopti Guttormssyni ríka á Möðruvöllum, *66, 5C;* Háttalykill hinn dýri, sem Loptur ríki Guttormsson kvað til Kristínar Daðadóttur(!) *B;* þetta eptir farandi háttatalskvæði hefur ort Loptur Guttormsson ríki á Möðruvöllum í Eyjafirði og heitir Háttalykill *166a;* Liodalyckill Lopts Guttormssonar til K. O. D. Clavis rhythmica Lopti Guttormi filii. ad K. O. f. *R;* Háttalykill Lopts ens ríka Guttormssonar á Möðruvöllum skældur, *Svb;* Ljóðalykill Lopts Guttormssonar hins ríka til K. O. d., *N;* Háttalykill Lopts ens ríka, *L;* Háttalykill Lopts ríka kveðinn til Kristínar Oddsdóttur, *V;* Háttalykill Lopts ens ríka Guttormssonar á Möðruvöllum, er hann orti til Kristínar Oddsdóttur unnustu sinnar, *M;* þetta eptirfylgjandi háttatalskvæði hefur ort Loptur Guttormsson hinn ríki á Möðruvöllum í Eyjafirði, og heitir það Háttalykill, *S;* Háttalykill, sem Loptur hinn ríki kvað Guttormsson (Guttormsson kvað 167) til Kristínar O. D. *E,* 167; »Nokkrar vísur, sem aukast inn í háttalykli Lopts ríka« eða »Til háttalykils Lopts ríka«, *D;* Háttalykill Lopts ríka á Möðruvöllum, *P.*

Digitized by Google

L = AM. 723a. 4to, skr. c. 1670, hefir verið 76 erindi, en nú vantar frá 15.—25. vísu.

E = AM. 738. 4to (í aflöngu broti) skr. c. 1680, 66 erindi.

Kv = AM. 441. 12mo, bls. 115—124, skr. c. 1700 eða nokkru fyrri, 58 erindi.

50 = Stokkhólms safn (ísl.) 50. 4to, með hendi Guðmundar Ólafssonar 1693.

66 = Safn Uppsalaháskóla (R: 694) úr Salanssafni 66. 4to, með hendi Guðmundar Ólafssonar c. 1690. — 50 og 66 eru svo sem alveg samhljóða, og halda 85 erindi.

R = Uppsalasafn (R: 683) úr Salansafni 28. Fol., með hendi Jóns Rugmanns c. 1666, með latneskri þýðingu og útskýringu, alls 75 erindi. Ritar Rugmann að kvæðislokum: »Víða er þessi ljóðalykill rangur, og svá líka mjög vanaður og skertur«.

N = Uppsalasafn (R: 715) úr Salanssafni 80.8vo, skr. c. 1650, alls 52 erindi, og er kvæðið hér mjög afbakað.

Afskript af háttalykli þessum frá síðara hluta 17. aldar er í Uppsalasafni R: 703. 4to alls 54 erindi. Hún er ekki notuð hér.

K = Ny kgl. Saml. 1867. 4to í Konungsbókhlöðu í Khöfn, skr. 1760 af síra Ólafi Brynjólfssyni í Kirkjubæ í Tungu, 89 erindi; víða afbakað.

V = ÍBfél. Khd. 105. 4to, bls. 474—491, með hendi Jóns Egilssonar á Vatnshorni 1768, alls 75 erindi.

A = Blöð í 8vo í safni Jóns Sigurðssonar 404. 4to, rituð af síra Jóni Sigurðssyni í Ögursþingum (d. 1781) eptir nokkuð gömlu handriti; 83 erindi.

B = Blöð í 8vo á sama stað, skr. c. 1780—90; 76 erindi.

C = Blöð í 8vo enn á sama stað, skr. c. 1780. Kvæðið hefir verið hér 90 erindi, en nú vantar 1.—62. erindi. Sýnist vera úr ÍBfél. Khd. 68. 8vo.

Sörl = Blöð í 8vo enn á sama stað, feingin 26. Nóv. 1867 frá Sigurði hreppstjóra Sigurðssyni á Sörlastöðum.

Svb = Afskript með hendi Jóns Sigurðssonar, í JSig. 404. 4to, eptir handriti, sem Jón Árnason hafði feingið frá síra Sveinbirni Guðmundssyni (d. 1885), og léði Jóni Sigurðssyni 1. Ágúst 1865; 72 erindi. Það handrit var í Kvæðasafni Jóns Árnasonar A. III, og er nú í JSig. 472. 8vo. (127), og er frá c. 1760—1770.

Digitized by Google

D = IBfél. Khd. 574. 8vo »Nokkrar vísur, sem aukast inn í háttalykil Lopts ríka«, með hendi Daða Níelssonar (d. 8. Dec. 1856).

M = Háttalyklasafn með hendi Geirs Vigfússonar á Akureyri (d. 1876), skrifað 1864; átti eg það fyrrum, en nú er það í Landsbókasafni 1178. 4to; 89 erindi.

Háttalykill þessi hefur verið gefinn út þrisvar sinnum áður:

1. af J. H. Schröder í Uppsölum 1816—1818. Tom. I—III, en útgáfan þrýtur þó í miðju 15. erindi; er þar fylgt handriti Jóns Rugmanns, sem hér er kallað **R**, og hefir útgáfan latnesku þýðinguna svo langt sem útgáfan nær. Kemur að eingu haldi.
2. Hátta-Lykill | Lopts ríka Guttorms | sonar, | Er bjó á Módruvöllum í Eyjafirdi. | Sá er hann quad | til Kristínar Oddsdóttur | fridlu sinnar. | Asamt med Athugasemdum | Jóns sál. Olafs-sonar | Grunnvíkings, um Bragar-hættina. | Útgefinn í Kaupmannahöfn 1793 | ad forlagi Syslumannsins Halldórs Jacobssonar.

   Er háttalykillinn hér 77 erindi, og er þessi útgáfa notuð hér alla leið, og texti hennar kallaður hér **Kh** í orðamun.
3. Gaf eg þenna háttalykil út 1888 í Småstykker udg. af samf. til udgivelse af gl. nord. litteratur, Khavn 1884—1891, Nr. 11, bls. 203—282, með samanburði allra áðurtaldra handrita og Khafnarútgáfunnar 1793[1].

Til nokkurra handrita af kvæði þessu náði eg þá (1888) ekki, sem annað tveggja voru í fjarlægum bókasöfnum eða þá í eigu einstakra manna, og eru síðan komin fram. En þau af þeim, sem eg hefi athugað eru þessi:

Bibl. Bodl. Oxford, Collect. F. Magn. 6. Fol., ritað nálægt 1770 fyrir Jón sýslumann Árnason á Ingjaldshóli. Á því er ekkert nýtt að græða. Er kvæðið þar alls 78 erindi. Í því er vísuhelmingurinn LXXVIII (hér).

Add. British Museum 11,186. 8vo (í safni Finns Magnússonar). Er þar fremst í handritinu afskript af háttalykli þessum frá c. 1760—70; er kvæðið hér alls 75 erindi, og heldur ekkert framar en áður er kunnugt.

---

1) Útgáfa sú var þá ekki til á bókasöfnum í Kaupmannahöfn, en eg átti sjálfur eintak af henni, er eg hafði feingið í Höfn, og fékk professor W. Fiske það síðan hjá mér, og er það nú í safni hans í bókasafni Cornell-háskólans. Er óvíst, að annað eintak sé nú til, því að ekki á Landsbókasafnið þetta kver.

Digitized by Google

Add. British Museum 11,179. 8vo (»forma oblonga« = FM. 295). Er háttalykillinn hér 79 erindi, skr. c. 1770. Aptan við kvæðið er hér rituð þessi athugasemd: »Hier meinar eg vanti til bragarháttu 21. oc ætlar eg fyrr ritin Tröllaslagr (67 í tavlunni[1]) se seinastr í Hatta Lykli Lopts Ríka, hvar sem hann er allr; er þad þancki minn at ecki faiz rettari en þessi«. Ekki er þó neitt nýtt á þessari afskript að græða. En athugasemd þessi er sýnilega bygð á orðum Jóns Gizurarsonar, sem segir, að kvæði þetta eigi að vera 100 erindi[2] (79 + 21 = 100). Handrit þetta er úr eigu Jóns sýslumanns Jakobssonar (d. 1808), og er að vísu að nokkru leyti með hans hendi.

J Sig. 476. 8vo, bls. 47—82 (úr Kvæðasafni Jóns Árnasonar A, VII); er hér afskript af kvæði þessu frá því á að gizka kringum 1820; er það hér 77 erindi, og hefir einga nýjung að færa.

Afskript »uppskrifuð úr ólæsilegu handriti af J. Þs. 1840«, sem Pétur Jónsson alþingismaður frá Gautlöndum, síðar ráðherra (d. 1922), gaf mér fyrir nokkrum árum. Uppskript þessi er ein af þeim fylstu, og er kvæðið hér 89 erindi, eða þó öllu heldur 88, því að LXVII. vísan hér í útgáfunni er tvítekin í þessari uppskript, bæði sem 69. og 80. erindi. Í þessu handriti er vísuhelmingurinn LXXVIII (hér í útgáfunni), og er ætlað autt bil fyrir síðara hlutanum, enda eru allvíða punktar fyrir eyðum í þessari uppskript, en hún heldur allar þær vísur, sem í þessari útgáfu standa, nema LXXXIV. og LXXXV. erindi. Þar sem afskriptar þessarar er getið hér neðanmáls, er hún nefnd P.

Úr því að öll þessi (5) handrit hafa eingu við að bæta útgáfuna frá 1888, má ætla, að sama máli sé einnig að gegna um afskriptir þær, er menn kunna að rekast á hér eptir, enda er orðamunur úr hinum yngri uppskriptunum ósjaldan lakari en lítils virði. Útgáfuna frá 1888 verður því að telja tæmandi, og er henni fylgt hér í heild sinni.

Í handriti Landsbókasafnsins 956. 8vo, sem ritað er nálægt 1658 eða fyrri, og komið er með Flateyjarsafni, og sýnist stafa frá Jóni Finnssyni í Flatey, beinum afkomanda Lopts, er XXXIII. erindi þessa háttalykils ritað sem sérstök vísa næst á eptir stöku einni, sem þar er skýlaust eignuð Lopti, og er þó hvorki úr þessum

1) hér XC. erindi. 2) Safn I, 671. 3) Kynni að vera Jónatan Þorlákssson síðar óðalsbóndi á Þórðarstöðum í Fnjóskadal, þá unglingur (f. 1825).

Digitized by Google

háttalykli né hinum, en er þó hinum skyldari. Orðamunur héðan við þetta (XXXIII.) erindi er hér nefndur F.

Vigfús Jónsson á Leirulæk (f. 1648, d. 1727) hefur snúið háttalykli þessum í flim í 20 erindum. Það er prentað í Små-stykker Nr. 11 (neðanmáls).

I. Dróttkveðið.

Fyrst vil eg mætu musti
móins beðja lín gleðja,
ræð eg, að ristill hlýði,
ríms með háttum ýmsum.
Göfuglyndri skal grundu
góins landa svo vanda,
ann eg auðar nönnu,
óð sem hún berr af fljóðum.

II. Sextánmælt.

Maðr þreyr, magnast kvíða,
mér er illt, skemtan spillist,
Stríð vex, sturlast tróða,
stendr harmr, gleði er enduð,
eykst kvöl, hjartað hikstir,
hlátr þverr, gleði er látin,
hitnar brjóst, heimr tekr vesna,
hatast líf, missi eg vífa.

I. Drótthent K, Svb; Dróttsett E. 167; 1. mætum A, N, K, Kv, M, E. R, 166a; 2. beðja St, Kv. Sörl, Svb, D, E; beðju A, N; beðjar Kh og *hin;* Hlín L; 3. að sl. 166a Kv, N; ræðu að K; rjóðr (rjóð Svb) bið eg ristill, 50 (orðam.), Svb; rjóðr er ristill hlýði V; rjóðr ristill hlýði S; 4. rímsins háttum R, M, Sörl, Svb; ríms af B; 5. gaufuglundaðri St; skal eg Kv; gaufugri (gafugri) skal eg gefni R; 6. góms blandið (góins blandið) R; són vanda K, Svb, M; stef vanda E; 8. óðs St, Kv, Sörl, Svb; óðs því K, M; í óð E; í óð því L; óð því S.

II. 1. kvíða St, Kv; *hin:* kvíði; 2. mjög illa (ill K) skemtan spillist, K, Svb: heimur spillist V, M, E; 3. sturlast æði K, M, Sörl; sturlar A, Kv; sturlast móður R; 4. stendr hrygð N; gleði endast R; 5. en hjartað hóstar L; hjartað hristist E; hryggist K; 7. heimr tekr vesna St; heim tekr visna L; heimr vesnar K, Kh, Sörl, Svb; harmr (hamr R) vesnar Kv. E, A, E; heimr þrotnar, *hin;* 8. hatar St; hatar mig K, Kv, A, R; hatag M; missir R; missist, Svb; vífið Kh, E, R.

Digitized by Google

III. Runhenda mesta.

Móins munk hlíða
minnast gefn fríða;
heiðurs heims blíða
hennar fer víða,
sá þarf sízt kvíða,
súr eðr böl bíða,
hendur lætr líða
ljúft um man síða.

IV. Stamhent.

Skal eg vanda mærð mála
málsnjallri frigg bála,
angr hef eg af þorns þungru
þungbært hlotið ungri,
víf kann skýrt að skarta
skartandi með lit bjartan,
gulls berr reið af rjóðum
rjóð gjörvöllum fljóðum.

III. Runhenda m.: 166a; Runhenda meiri B, L, V, M, S; Runhenda 50 og 66; Rúnhent K; 167; Rúmhent E; Hrunhent Svb; vísuna vantar í St; 1. Man eg móins M; Mun eg móins K, Sörl; 2. minnast á M; gefni Kh, B, Svb, V, S, E, R; minnast dáfríða K; 3. heiðr og heims Kh, E, 50, 66; heiðr og heimsins M, K, N, Sörl; heiðr og hverskyns Svb; 4. svo víða M, K, R; flýgur víða Svb; 5. að bíða K, A; 6. súr né 50, 66; sótt, orðam. 50, 66, V, M; 7. sem lætr líða E, B; lindin lætr Kv; 8. um man síða: qui levi manu palpat blande virginem, sero; síða: sero et intelligitur de vespere, in crepusculo R; mens síða Kh. V. S, E; manns 166a og b, 50, 66, K; mannsins M; „til manns síða (gen plur.)" Svb; við manns B, Sörl; mann síðan A; ljúft við mér síða L.

IV. Stamhent eða klifað Kh, 167; samhent V; samhent klifað M, Sörl; klifað E, Svb, Kv; klifað al. Stamhent B; v. 19 St; 5 K, Kv; síðara hluta vísunnar slept i K; 1. Eg skal B; merð Svb; mær E; mæð St; 2. fryggju B, E, M; frygð(!) N; ála Kh; 3. eg og þögn þunga Svb; þorn þungri St; af sl. R, 166a; *öll hdrr:* þungri, nema Svb (sem er öðruvísi afbakað) 4. líðið ungri R; af ungri Svb; 5. skært V, M; 6. skínandi St; bjarta M; 7. berr rein A, M.

Digitized by Google

V. Álagsháttr.

Veik en varra-mjúka
vín-gefn að mér sínum,
gerði grettis jarðar
gleði runn við það, munni,
ef hún kunni,
en eg veit hún kunni;
lina mætti lofn mínu
loga báru stórfári,
gulls ef gerði þella
gleðimild sem hún skyldi,
ef hún vildi,
en eg veit hún vildi.

VI. Dýri háttr.

Kát lát klén í máta
kann grannligur svanni,
fríð hlíð frænings skíða
fékk rekk hugar ekka,
harmr armr hyggju karma
hart snart og lífs parta,
mart hart mæðir hjarta
mein rein gulls fyrir eina.

V. Álagsháttr Kh, E, M, Sörl, Svb, 167; Dróttkveðið 166a, 66; Dróttkveðið með hnykk (hnikki S) S, V, B; Dróttkveðið tvístimlað 50; v. 3 St, K; 8 N; síðara hluta sl. í K og N; 1. Vefst A; 2. gefni A; vingjöfum K, Sörl, Svb; 3. gerðr St, Kh, 50, 66; *gierdi, giordi, giorde* eða *gerdi* V, M, E, S, R, N, Svb, 166a, 167; grettir N; 4. Svo 167; gladdiz runnr Kh; glaðr runnr St; gleði runnr V, S, E, M, 50, 66, 166a; glaður unnic við það R; glaðr (-ir Kv) unni Kv, A, L; geirs runnur því unni Svb; 5. kynni St; 6. kynni St; 5—6. hann Kh, M, N, 166a; 7. mátti Kh; lofnin R; lofi St, M, Kv, L; mína 50, 66, 166a; mínum V; 8. stóru fári R, Kv, L; 9. þellan St; gullhlaðs gefni þetta (!) Svb; 10. gleði vild Kh, E, R, A, Kv, L; sem hún vildi V, M, S, 166a; sem eg vildi 66 (orðam.); gleðja skyldi ef hún vildi Svb.

VI. Alhenda meiri eða Dýri háttr Kh; Alhendan meiri al. Dýri háttr B; Alhendan meiri Svb, E, M; Alhenda meiri 167; v. 7 K, þó að eins síðari hluti; í St er 3—8 lína lok 11. vísu (hér 12); 2. grannvaxinn Svb; mannligr N, R; 3. feneris skíða St; 4. hér byrjar 166b; hugkarma(!) Svb.

Digitized by Google

VIII. Kimplabönd mestu.

Bil þrey eg jafnan bála ála,
björt hrellir mig vella þella,
mæt vill ekki motra snotra
mér kætina bæta sæta.
Hvað er nú helzt til ráða náða?
Hvít forðast mig borða skorða.
Valfoldar eg vilda hildi
vera baldr nær skjalda tjalda.

VIII. Þríhenda.

Mér þikkir þorns brekka
þjóðhög, órög vita lög,
öll er armlogs þella
allkæn, dávæn, gleðiræn;
auðar jafnan eyði
eykr fríð gulls hlíð meginstríð,
fögr því að seima sága
sízt mér af sér gleði lér.

VII. Kimplabönd S; Kimplabandeð meira N; Togdrápulag E; vísuna vantar í R, 167; v. 6 St, K; 1. bála mála St, E; 2. þellan pella K, Svb; 3. mæt æ vill mér St; eigi K; mætust vill ei A, E; 4. sæta bæta K; sætan A; 5. *svo öll*, nema E: ráða dáða, og Svb: hvað er nú rétt til; 6. skorðan 50, 66; að hvít St; rík forðast Svb; 7. valfoldar en eg vildi Kh. A, Kv, L; valfoldar ei vildi St; 8. vera nær þeim baldur skjaldar tjalda St; og vera nær baldr E; vera nær baldr K; skjaldar E, 50, 66; tjaldi V, M, S, E, 50, 66.

VIII. Skjálfhent eða þríhenda Kh; Skjálfhenda, al. þríhenda B; Skjálfhent K, E, Svb, 167; v. 5 St; 7 Svb, M, E; 9 K, N; 2. þjóðhög örlög V, S; þjóðhög viðdrög K, M; viti Kh; veita A; 3. oller Kv; armbaugs Kh; armlogs pella L; armlags V, S; armlax 166 a og b; armleggs 50, 66; armlegs M; armlaugs St, E; afmors K; 4. alkæn Kh, 166a og b, L, S; gleðræn K; gleðinæm St; 5. jafnan beiðir St, N (orðam.); auðar efnan beiðir E; 6. eykur stríð gulls hlíð meginfríð M; elsku fríð Svb; meyjan blíð Kv, L; 7. að, sl. *öll*, nema L, St; 8. stórt mér af sér gleði St; tér St, V, K; vísunni slept í R.

Digitized by Google

IX. Áttmælt.

Heiðarlig er sú hirðmanns filja,
hún er fögr sem rós og lilja,
ofan af hvirfli og alt til ilja
eingin er fegri en silkiþilja,
auðs ef eg mætta gefna gilja
geingi flest að mínum vilja,
gerði eg hvorki að kæra né kilja,
kraunk er sút að við eigum skilja.

X. Klifað.

Glaðr kom eg fúss til fríðrar
fríðar orma hlíðar,
móð hlaut eg mest af fríði
móins hlíðar dáfríðri.
Hvað batar hringa fríði
hörundsfríða, mér stríða?
Fríðr má fenlogs ráða
fríð, að eg aungu kvíðig.

IX. Drótthent Kh; Draghent K, E, M, 167; Draghent al. áttmælt B; Dunhent Svb; v. 4 St; 8 E, Svb; 1. hringa Kh. V, 166a og b, 50, 66 (orðam.); filia St, E, N; fylja Svb; *hin*: þilja; 2. fríð sem M; 3. alt frá . . . ofan til M; 4. er þvílík hringa þilja St; bauga þilja A; silkibilja Kh; 5. ef mætta eg Kh, V, E, S, M, 50, 66 o. fl.; ef mætta gefni 166a og b; 6. geingi þá K, Kv; helzt B, E; 7. þá gerði 50, 66, 166a og b, S; að kæra Kh, 166a og b, V, S, E; klaga A; kylja 50 (orðam.), Kh; 8. kraunkir St; en krankur af K; krankt er sút oss við skulum L; kreinkir 50, 66; köld er B; ef við Svb; ef eigum Kh; skulum R, St, K.

109. Finn eg bölsins bót
brögnum verðr ei skjót,
mörg eru meinin ljót
ef maður elskar snót,
það eru þungleg hót,
þraung um vizku rót,
ef geingur garp á mót
gramr með hrygðar spjót.

XVII.

110. Finn eg fljóðanna

1) sorgum 166ab.

Digitized by Google

af fasti[1] móðanna
lof ljóðanna,
leifur slóðanna,
ymur organna,
angurs[2] torganna,
sefi sorganna
svefna borganna[3].

XVIII.

111. Finn eg að fer
flest angr að ber
um orðasker
einginn að[4] það sér,
brátt bætist mér,
blítt veröld lér,
það er eg unna þér,
ef þraut eingin ver.

XIX.

112. Finn eg hið minsta og mesta,
mart kom gleðinni að fresta,
því má blíðan bresta,
brátt kann hjartað lesta,
það munu þegnar sanna,
þeir sem ástir kanna,
grundin greipar fanna
girnist lofið manna.

XX.

113. Finn eg svinna fróða tróðu
falda sjaldan, lífs aldri,
sundur fundir sveigjast, hneigjast,
sútin út af hjarta þrútin.
Nornin forna náði, spáði,
nisti og hristi angurs kvisti,

1) festi 105. 2) angr 166ab. 3) torganna 105. 4) á 149b.

Digitized by Google

örlög förlast eigi gjörla:
auðarlundr var sviptur sprundi.

XXI.

114. Enn mun eg á það minnast,
eg var kátr og vel látinn,
kastaði eg kvíða úr brjósti
kyrr, en það var fyrri;
alt er á vegi viltum
veraldar ráð frá náðum,
átt hef eg angr að hitta
einn, en það var seinna.

Stúlkuvísa.

Landsbókasafn 956. 8vo, ritað 1658 eða fyrri; er komið með Flateyjarsafni, og sýnist stafa frá Jóni Finnssyni. — AM. 148. 8vo, skrifað í Vigur 1677, mjög afbakað, og þar eingum eignað. Sbr. Háttalykilinn meiri.

L(optur) r(íki).

Flestir unna falds rist,
fríð er snótin trega bót, —
ferða mókuls[1] fröm jörð
fundið hefur mér gamanstund;
hróður smíða eg hrings reið, —
harmabraut með gleðiarm
bundið hefur mig loga[2] lind, —
ljósa man eg þá drós[3].

1) mokulz, hdr. = móguls = höggorms. 2) þ. e. marar loga. 3) næst á eptir og áfast stendur í handritinu XXXIII. erindið í Háttalykli Lopts hinum skemmra.

Digitized by Google

Mansaungur.

»Lystiháfur« Benedikts Becks, skrifaður 1699 (eign Hannesar skjalavarðar Þorsteinssonar) = *a*. — ÍBfél. Khd. 105. 4to, 663—664, Vatnshornsbók, skr. 1768, með hendi Jóns Egilssonar. — Vísur þessar eru ekki nýlegar, en hversu gamlar þær sé, er vant að segja með fullri vissu. Þær eru ekki óþvílíkar sem þær væri 15. aldar smíð, og geta því verið rétt eignaðar Lopti.

Nokkur erindi Lopts ríka[1].

1. Þér vil eg vanda,
   þýð, til handa,
   þiljan banda[2],
   þetta Fjölnis vín[3],
   mig bað drósa
   dikt að glósa,
   dygðug rósa,
   dýrleg silkihlín[4].

2. Helzt fyrir brúði,
   hringa þrúði,
   mig harmur[5] lúði
   á hverjum degi og nátt,
   því sú kann sæta
   seimgrund mæta
   sorgir bæta,
   svinnust hringa[6] gátt.

3. Harmur stangar,
   hjartað langar,
   hugrinn sprangar
   hverja[7] stund til þín;
   sú kann fríða
   meyjan blíða

1) Mansaungur Jóns sál(uga) Péturssonar 105. 2) landa, hdrr. 3) smíð 105. 4) — hlíð 105. 5) harmurinn 105. 6) silki 105. 7) á hverri 105.

Digitized by Google

mjög vel þíða,
hringþöll, harma mín.

4. Megnt óyndi
um minnis strindi
mjög trúi eg fyndi, —
mér þykir svo langt;
eg vildi veita
vingan heita,
vífið teita
minkar[1] meinið strangt.

5. Ó, þá gleði,
ef svo skeði,
að sinn[2] léði
ástarfaðminn mér;
hressast kynni
[heyrn og minni,
hugr og sinni[3],
dýrleg[4] drós, hjá þér.

6. Sá eg í svefni
[sorgar efni:
silkigefni[5]
fríða í faðmi mér;
nær[6] hendur rakna[7],
[hugrinn vaknar,
hjartað saknar[8],
brjóstið barmar sér.

7. Ann eg vífi
eins og lífi,
á þó drífi
allmörg hrygðar skúr,

---

1) minkaði 105. 2) hún 105. 3) [hugr og sinni, mál og minni 105. 4) dygðug 105. 5) [silki gefni | sorgar efni 105. 6) þá 105. 7) kakna (!) 105. 8) [hvarmar vakna, hennar eg sakna 105.

Digitized by Google

svo aldrei[1] líður
[svanninn fríður,
sinnis[2] blíður[3],
mínu minni úr.

8. Dagfar bezta,
dáðir mestar,
dygðir fiestar
dýrsta prýðir snót,
hennar æði,
hýrleg gæði
og hegðan bæði
held eg lukku bót[4].

9. Æru og blóma[5],
elsku, sóma[5],
yndis ljóma[5],
lán og lukku hag
[hljóti þýðust[6],
björt og blíðust
brúðrin fríðust[7];
guð gefi þér góðan dag.

10. Lesi nú kæra
liljan skæra,
lifandi[8] æra,
þennan mærðar[9] þátt.
Heiður og gæði
við hljótum bæði.
Úti er kvæði.
Guð gefi þér góða nátt.

---

1) ei 105. 2) sinnist, *a*. 3) [sinnisblíður | svanninn þýður 105. 4) 105; vísuna vantar í *a*. 5) — ann 105. 6) [hljóttu fríðust 105. 7) þýðust 105. 8) lífsins 105. 9) ljóða 105.

Digitized by Google

Maríuvísur

eignaðar Lopti hinum ríka.

Vísur þessar eru til með tvennu móti, og ber meðferðum þeirra nóg á milli til þess, að prenta verður þær í tvennu lagi, en ekki skilur þær svo mikið, að ekki sé alt eitt og sama kvæðið.

Sú meðferð kvæðisins er hér nefnd **A**, sem nú er til í eldri handritum. Er kvæði þetta ritað nálægt 1450 eða fyrri á 170. blaðsíðu í Ormsbók (Codex Wormianus) af Snorra-eddu, sem er í safni Árna Magnússonar 242. Fol., og hefir sú skinnbók á 15. öld verið í eigu eða höndum þeirra frænda Steinþórs Jónssonar, — er sveinn var hjá Lopti, — síra Sigmundar Steinþórssonar og Jóns lögmanns sonar hans, en síra Sigmundur komst að Solveigu Þorleifsdóttur, konu Orms Loptssonar, og þá líklega að fleiri menjum Orms. Er þá nærri Lopti Guttormssyni komið, og getur hver ályktað hér af því, er hann vill. — Kvæði þetta er og á skinnbókinni AM. 713. 4to bls 80—81, og er sú bók frá c. 1530—40. — Eptir þessum báðum skinnbókum hefir Árni Magnússon skrifað vísur þessar upp með orðamun bókanna, og er sú uppskript hans í AM. 711 **A** 4to, og á sama hátt eru nú vísurnar prentaðar hér (A).

Hin meðferð vísnanna, sem hér er kölluð **B**, er nú að eins til í uppskriptum frá 17. öld og síðan. Eru afskriptir þær margar, og hver annari líkar; er nóg að nefna þessar: Ísl. handr. í Stokkhólmssafni 64. Fol., sem ritað er á árunum 1686—1687, og eru vísurnar ritaðar hér tvívegis: a) eignaðar Jóni biskupi Arasyni; b) með hendi síra Helga Ólafssonar »eignaðar Lopti hinum ríka«; — AM. 717H. 4to bl. 5—6, frá síðara hluta 17. aldar; — Add. British Museum 4892. 8vo bl. 13—14, skinnbók, skr. c. 1700; — Add. British Museum 11,179. 8vo, skr. c. 1770; — Landsbókasafn 512. 4to, skr. c. 1700; — Landsbókasafn 953. 4to, skr. c. 1750—60, með hendi Jóns Egilssonar á Vatnshorni; — Landsbókasafn 494. 8vo, með hendi síra Hannesar Björnssonar í Saurbæ c. 1690; — Landsbókasafn 201. 8vo, með hendi Páls Pálssonar c. 1870; — JSig. 260. 4to bls. 47—48, skr. c. 1796; — Bibl. Bodl. Oxford Collect. FM. 6. Fol. skr. c. 1770.

Vísur þessar eru hvergi eignaðar neinum, nema í Stokkhólmshandritinu, sem er með þeim elztu af B-textanum, og er fylgt hér. Eldri meðferð vísnanna getur vel verið eptir Lopt Guttormsson. En

Digitized by Google

Jón Arason getur ekkert í vísunum átt, nema að það sé hann, sem hefir breytt þeim eins og þær eru í B, kipt út 8. ljóðlínu í hverju erindi, með öðru fleira, til þess að fá vísurnar undir annað saunglag. Einhver hefir gert það. Ekki hefir það gert sig sjálft. Vísur þessar eru áður prentaðar í riti mínu: Om digtn. p. Isl. i d. 15. og 16. årh., Kh. 1888, bls. 246—248.

A.

1. María heyr mig háleitt víf,
hróður vil eg þér færa,
María vert oss verndar hlíf,
voldug himna kæra,
María öðlast alt mitt líf,
að aumar syndir hræra,
María er heiðruð um heimsins bygð,
háleit sæmd og skaparans frygð,
hjálp mér heiðr og æra.

2. María er væn sem roðnust rós
runnin upp með blóma,
María ertu dygðug drós,
sem diktan gjörvöll rómar,
María er fríð og fögr sem ljós,
fædd með sæmd og sóma,
María drottning dáðum skrýdd,
drottins móðir og heiðri prýdd,
lifir með frygð og fróma.

3. María græðir gjörvöll mein,
gimsteinn æðstur fljóða,
María er bæði björt og hrein,
blessuð mærin góða,

---

1 $_3$. hróðrinn 713. 1 $_8$. vert vor vernd og 713. 1 $_6$. það er aumar, Worm. 1 $_7$—$_9$. María lofast um löndin öll | lausnarans vegr og guðdómshöll | hjálparans heiðr og æra, Worm.

2 $_1$. María væn sem roðnuð, Worm. 2 $_3$. dýrust drós, Worm. 2 $_3$—$_4$. skiptir sætum í Worm við $_5$—$_6$. 2 $_5$. er, sl. Worm. 2 $_7$. prýdd, Worm. 2 $_8$. skrýdd, Worm. 2 $_9$. fremd og, Worm.

3 $_3$. er, sl. Worm.

Digitized by Google

María heitir hjálpin ein,
huggun aumra þjóða,
María lofast um löndin öll,
lausnarans vegr og guðdóms höll,
svo hjartanlega má hljóða.

4. Þú ert María mætust frú,
musteri guðs eð fríða,
þú ert einglunum æðri nú,
yfirdrottningin blíða,
þú ert himnanna hjálpar brú,
heiðurinn þinn fer víða,
þú ert hreinlífis huggun mæt,
himna konungsins móðir sæt,
svo aldrei náðir að líða.

5. Þú ert María mektarfoll,
minstu mín en hreina,
þú ert skærri en skíra-goll,
skyggð með miskunn eina,
þú ert guðdómsins glæsta holl
og græðir sjúkdóm meina,
þú ert háleitast himna skraut,
hjálpar æður og lífsins braut,
sem margir meistarar greina.

6.[1] Þú ert María blessuð bygð,
er birtir heiminn þenna,
þú ert lifandi lausnarans frygð,
þá lýðir til þín renna,
þú ert mjúklát og minkar hrygð,

3_{7-8}. María heiðrast um heimsins bygð | háleit sæmd og skaparans frygð, Worm, sbr. 1. erindi.

4_3. og musteri, Worm. 4_5. höldanna, Worm.

5_4. hreina, hdrr. 5_6. og, sl. Worm. 5_7. háleitust 713.

1) Til 6. vísunnar svarar ekkert í *B*.

6_4. þá, sl. Worm.

Digitized by Google

mest þá er sálir brenna,
þú ert ilmandi af allri frægð,
ungfrú björt með sóma nægð,
þess munu þjóðir kenna.

7. Heyr María heiðri glæst,
þú hjálpar jafnan óðum,
heyr gimsteinn sá, sem guði er næst
og göfugastr af fljóðum,
heyr mannkynsins móðir kærst
mest af siðunum góðum,
heyr mig dýra drottins víf
dáðum prýdd fyrir heilagt líf,
æðst yfir öllum þjóðum.

8. Heyr María, dagsbrún dýr,
drottning himins og landa,
heyr musteris móðir hýr,
er minkar allan vanda,
heyr mig vænust, vitr og skír,
þú vernda mig frá fjanda,
heyr mig siðanna sætast mál,
þú sigrar bæði líf og sál
sjálfri þér til handa.

9. Heyr María, eg heiti á þig,
hjálp þú mér frá pínu,
heyr María hreinsa mig
frá heimsins lasta línu,

6_3. jungfrú, hdrr.

7_2. er hjálpar, Worm. 7_3. að guði er kærstr, Worm. 7_4. göfugust ertu, Worm. 7_5. móðir æðst, Worm. 7_7. dýrast, Worm. 7_8. háleitt víf (!) Worm.

8_3. mannkynsins Worm., sem lætur $_3$—$_4$. og $_5$—$_6$. skipta sætum. 8_5. heyr vænasta, Worm. 8_6. vernda mig fyrir, Worm. 8_7. signað sætast 713. 8_8. sigra þú bæði, Worm.

9_3. þú hreinsa 713. 9_5. heiðarlig, Worm.

Digitized by Google

heyr María hjartanlig,
hjálp með valdi þínu,
heyr María himna blóm,
höfuðdrottningin fögr og fróm,
þú tak við tali mínu.

B.

1. María heyr mig háleitt víf,
heiðrinn vil eg þér færa,
María vert mín vernd og hlíf,
voldug himna kæra,
María lækna mein og kíf,
mig því syndir hræra,
María heiðrað heimsins líf,
háleit sæmd og æra.

2. María er væn sem rjóðust rós
runnin upp með blóma,
María þú ert dygða drós,
sem diktan gjörvöll rómar,
María er fríð og fögr sem ljós,
full af sæmd og sóma,
María drottins dáðir kjós,
dýrð þín ætíð hljómar.

3. María græðir gjörvöll mein,
gimsteinn æðstur fljóða,
María er bæði björt og hrein,
blessuð mærin rjóða,
María heitir hjálpin ein,
huggun aumra þjóða,
María líkust lífsins stein,
lausnarans móðirin góða.

A. 9_7. heyr háleitast, Worm. 9_9. taki við, 713.
B. 1_3. veit mér vernd b. 1_5. meina kíf *a*. 1_6. syndir særa *b*. 3_2. hærstur *a*.

Digitized by Google

4. Þú ert María mætust frú,
musteri guðs hið fríða,
þú ert einglunum æðri nú,
yfirdrottningin blíða,
þú ert himnanna hjálpar brú,
heiðurinn þinn fer víða,
þú ert hryggum huggun sú,
sem hvergi náir að líða.

5. Þú ert María mektarfoll,
minstu mín hin hreina,
þú ert skærari en skíra-goll,
skygð með miskunn eina,
þú ert guðdóms glæsta holl,
græðir sjúkleik meina,
þú læknar alskyns liðafoll,
og léttir þeim, er kveina.

6. Þú ert María dagsbrún dýr,
drottning himins og landa,
þú ert meistarans móðir hýr,
sem mýkir allan vanda,
þú ert vænust, vitr og skír,
vernda oss frá fjanda,
þú oss sætið signuð býr
og sigrar líf og anda.

7. Heyr María heiðri glæst,
hjálpar jafnan óðum,
heyr gimsteinninn, sem guði er næst,
göfugust af fljóðum,
heyr mannkynsins móðir skærst
mest af siðunum góðum,
heyr mig dýrust drottning stærst,
dugðu öllum þjóðum.

---

4 1. María þú ert *a*.

Digitized by Google

7. Heyr María, eg heiti á þig,
hjálpaðu mér frá pínu,
heyr María hreinsa mig
frá heimsins lasta línu,
heyr María hjálpsamlig,
hjálp með valdi þínu,
heyr María hjartanlig,
hlýð þú máli mínu.

Digitized by Google

Steinþór Jónsson

. . . 1429—1467 . . .

Steinþór er af ættfræðingum talinn bróðir Brands lögmanns Jónssonar. Þegar Steinþórs er fyrst getið (1429) er að sjá, að hann hafi verið sveinn eða mikill vinur Lopts Guttormssonar, því að hann fær þá fyrir orð Lopts staðarforráð í Miklabæ[1]. Hlýtur Steinþór þá að hafa verið kominn um fertugt. Hefir hann um þau ár og leingra fram verið »bóndi« í Djúpadal í Blönduhlíð. Síðan hefir hann búið á Þverá í Blönduhlíð alt fram til 1467[2]. Er hans þá síðast getið á lífi, og hlýtur hann þá að hafa verið gamall. Steinþór hefir verið mikilhæfur maður, og kemur víða við bréf. Geta þeir, sem það girnast, séð það í IV. og V. bindi Fornbréfasafnsins. Synir Steinþórs hafa verið margir, meðal annara Arnór og Sigmundur prestur faðir Jóns lögmanns Sigmundssonar. Í eigu þeirra frænda hefir Ormsbók af Snorra-eddu (AM. 242. Fol.) verið. Arnórs Steinþórssonar er fyrst getið í Skagafirði 1432. Síðan flyzt hann suður á land og verður þar lögréttumaður. Er hans síðast getið í Krossreiðardómi 1471[3]. Á síðasta blaði Ormseddu er með 15. aldar hendi[4] rituð vísa ein, sem er farsældaróskir til »Arnórs frænda«. Er það nær vissu en gátu, að sú vísa sé kveðin til Arnórs Steinþórssonar, og hvað liggur beinna við en að Steinþór faðir Arnórs hafi kvatt hann með henni að skilnaði, þegar Arnór fluttist úr átthögum þeirra frænda til Suðurlands? En vísan er þessi:

Endilega fái Arnór frændi
allan heiður, þann eg kann beiða,
auð og seim og yfirvald lýða,
angri sviptur og ógiptu,
um lönd og geima, lögu og sanda
ljósa frægð og sóma nægðir,
líf og heilsu, lukku og gæfu
ljái honum Kristur í himna vistu.

1) DI, IV, Nr. 416. 2) Dipl. V, Nr. 429. 3) Dipl. Isl. IV, Nr. 534, 536; V, Nr. 172, 174, 208, 573. 4) Sbr. Katalog Kålunds II, 215. Eg hefi gert heldur lítið úr aldri þessarar skriptar í riti mínu Om digtn. p. Isl. Kh, 1888, bls. 46, líklega af því að hún er ekki vel skriftaraleg.

Digitized by Google

Jón Pálsson Maríuskáld
(d. 1471).

Töluverð óvissa hefir verið um ætterni hans, og ýmsum gátum um það farið. Fyrri menn hafa þó hneigst að því, að hann hafi verið sonur Páls hirðstjóraumboðsmanns á Eiðum Þorvarðssonar, Pálssonar. Reynist það nú rétt, að hann hlýtur að vera svo kynjaður, og albróðir Ingibjargar konu Lopts Guttormssonar. Móðir þeirra hefir verið Cecilia Þórðardóttir, Flosasonar, kona Páls[1]. Þau Páll og Cecilia önduðust bæði í plágunni miklu (svarta-dauða) 1403[2]. Jón Pálsson telja menn sé fæddur nálægt 1390[3], og fer það varla mjög fjarri sanni, því að 1423 er hann ráðinn og roskinn maður og orðinn prestur. Urðu þá deilur um officialisstarf nyrðra og ráðsmensku Hólastóls eptir Jón biskup Tófason andaðan. Lyktaði þeirri deilu að öðru leytinu svo, að Hannes Pálsson skipaði þá »Jón prest Pálsson ráðsmann« stólsins[2]. Hefir hann þá að

1) Sjá bls. 11—13. Hlýtur þetta svona að vera, nema Páll á Eiðum hafi verið tvígiptur og átt fyrri dóttur Þórðar Flosasonar, og sú kona hafi verið móðir Jóns og Ingibjargar. Þó mun það ekki svo vera. Í þeim eina stað, sem Ceciliu er getið, er hún nefnd Þorsteinsdóttir, en það er í Nýja-annál, sem nú er að eins til í afskript frá síðara hluta 16. aldar, og víða er mjög mislesinn og misskrifaður, enda er þar afbakað föðurnafn Páls á Eiðum. Föðurnafn Ceciliu hlýtur að vera hér afbakað, og hún að réttu lagi vera *Þórðardóttir*. Á 14. öld geta annálar um prest, að nafni Pál Þorsteinsson, er auðsjáanlega hefir verið ríkismaður, og mikið farið fyrir honum; lézt hann í Noregi 1391. Deildu þeir um arf eptir hann Páll á Eiðum og Runólfur Pálsson. Af því að Nýi-annáll segir, að Cecilia kona Páls sé Þorsteinsdóttir, hafa góðir ættfræðingar ætlað, að Cecilia kynni að vera systir Páls prests, en Runólfur sonur hans (Sýsl. IV, 571), enda lá það nærri, að öllu óröskuðu. Að öðru leyti gæti það verið eins sennilegt, að þeir hafi verið bræðrasynir Páll á Eiðum og síra Páll Þorsteinsson, en Runólfur Pálsson hafi verið laungetinn föðurbróðir þeirra, enda dæmir Narfi lögmaður Sveinsson Páli á Eiðum arfinn (Lögmanns-annáll, Gottskálks-annáll, Flateyjarannáll). 2) Nýi-annáll. 3) Sýsl. IV, 571 681.

Digitized by Google

líkindum fyrir nokkru verið kirkjuprestur á Möðruvöllum í Hörgárdal, og látið hafði Jón biskup Tófason ganga dóm yfir honum um niðurhrapan kirkjunnar þar 1421, en honum sýnist prestur hafa lítt sint[1]. En 1423 hefir síra Jón líklega verið orðinn prestur í Skagafirði. Árið 1425 fór Jón prestur utan, og hafði með sér mart manna[2]. Dvaldi hann erlendis vetrarlangt, og er hann enn í Björgvin 16. Júlí 1426, en kominn er hann til Grindavíkur 25. Agúst þá um sumarið; er hann þá og enn nefndur ráðsmaður að Hólum í Hjaltadal[3]. Um þessi ár, frá því að Jón biskup Tófason dó 1423 og til 1427, var biskupslaust á Hólum. Jón biskup Vilhjálmsson, sem Nýi-annáll kallar Jón Jónsson, kom að vísu til landsins sumarið 1427, en þóttist þá fá ekki allblíðar viðtökur af Norðlendingum, og fór því af landi burt samsumars. Síra Jón Pálsson hefir að vísu haldið ráðsmannsku stólsins til 1427, og á þessum árum hefir hann feingið af erkibiskupi veitingu fyrir Grenjaðarstöðum, og lætur hann virða staðinn sér í hendur 11. og 12. Nóv. 1427[4], enda sýnist hann hafa orðið officialis þetta ár, þegar Jón biskup fór utan. Að vísu er hann officialis nyðra 29. Marts 1429[5]. Jón biskup kom aptur til landsins 1429, og reið þá það ár yfir norðurhluta biskupsdæmisins, og lét þá gera skrá um kirkjur í öllu biskupsdæminu[6]. Er síra Jóns þá getið sem staðarhaldara á Grenjaðarstöðum[7], og sýnist hafa fallið vel á með þeim biskupi fyrst í stað, og kvittar biskup hann um sumarið og síðan 4. Sept. 1429, bæði um prófastsdæmi í Hegranessþingi og af ráðsmannsstarfi »forðum« fyrir »góða þjónustu og trúskap[8].« En þetta dálæti stóð ekki leingi. Hefir biskupi sjálfsagt þótt síra Jón eiga að taka veitingarbréf af Hólabiskupi fyrir Grenjaðarstöðum, og fram hjá sér geingið að hafa leitað veitingar erkibiskups. Síra Jón mun hafa þózt sjá, að aðstaða biskups væri hæpin í þessu máli gagnvart erkibiskupi, en hins vegar þózt sjálfur eiga trausts að vænta hjá honum. Átti og mikið undir sér sjálfur. Hefir því smám saman harðnað á milli þeirra, er prestur vildi ekki sveigja til. Vorið 1430 hinn 15. Maí hefir Jón biskup haldið prestastefnu, og hefir þá auðsjáanlega átt að kljást þar út um ágreining biskups og síra Jóns, og sjálfsagt hefir biskup stefnt síra Jóni til prestamótsins.

---

1) Dipl. Isl. IV, Nr. 472; sbr. 466, 541. Sbr. og Nýja-annál. 2) Nýi-annáll. 3) Dipl. Isl. IV, Nr. 385. 4) Dipl. Isl. IV, Nr. 398. 5) Dipl. Isl. IV, 412; sbr. 497. 6) Dipl. Isl. IV, 418. 7) s. st. IV, bls. 376. 8) Dipl. IV, 418, 425.

Digitized by Google

Síra Jón kom þangað líka heldur eptirtakanlega, með nærri þrjátigi vopnaðra manna, svo að hann hafði þar í öllum höndum við biskup, sem eingu gat þá framkomið. Reiddist biskup þessu ákaflega, sem vænta mátti, og setti Jóni presti þá þegar á prestastefnunni þriggja daga frest til þess að koma til hlýðni við sig og yfirbótar. Samkvæmt þessum fresti krafðist Jón biskup fimtudaginn 18. Maí 1430 í dómkirkjuuni á Hólum eptir hámessu Jóns prests Pálssonar, »ef hann vildi hlýðnast og auðmýkjast fyrir sitt brot og hugmóð, er hann hafði honum í móti gert in synodo, öllum lærðum mönnum þar nærverandum, heyrandum og vitandum, opinberliga sjáandum, að hann færði sitt fólk, nærri xxx, til prestastefnu með alvæpni, pönzurum, járnhöttum, forstálum, arbrystum og sverðum uppdregnum, harneskjum, sem einn stríðsmann í móti sínum biskupi komandi.« Jón prestur kom ekki til þessarar stefnu. En »af sinni gæzku og (fyrir) góðra (manna) bæn« gaf Jón biskup síra Jóni þá enn »frest til leiðréttu og biðstund« í þrjá daga, en ef hann kæmi þá ekki, sagði biskup »sig skulu fullkomliga eptir heilagrar kirkju lögum hann bannsetja«. Fór þetta fram þessum mönnum nærverandi »fyrst Lopti bónda Guttormssyni og hans hústrú,« þremur ánefndum klerkum og fleirum lærðum mönnum, Jóni biskupsskrifara Egilssyni »og mörgum bóndans sveinum Lopts og biskupsins«, og mörgu öðru góðu fólki. Hér á ofan sendi biskupinn einn af prestum sínum, síra Steinmóð Bárðarson, — er síðar varð ábóti í Viðey og ágætur maður, — til síra Jóns, að hann kæmi til leiðréttu innan sagðs tíma[1]. Það er mjög eptirtakanlegt við þessa samkomu, að Ingibjörg kona Lopts er hér sjálf á þessum harkafundi, og má til þess hafa borið eitthvað alveg sérstakt, og síra Jón komið henni mikið við. Annað er og eptirtektarvert, að þau hjón Loptur og Ingibjörg eru í þessu skjali nefnd fyrst allra, á undan kennimönnum, sem annars var aldrei venja um leikmenn. Er af því það að læra, að það sé þau, sem hafi haft forganginn um að blíðka biskup til vægðar við síra Jón, og að það sé að þeirra orðum, sem biskup hefir látið. Í þriðja lagi er það og til þess að taka eptir, að þau hjón ríða með marga sveina til þessa móts, sem þó átti að vera í dómkirkjunni. Þó að alt sætti að vera í vinsemd af þeirra hendi, sýnir þetta þó, að þeim hefir þótt mikið liggja við, að vera við öllu búin, hvað sem í skærist. Bendir þetta

1) Dipl. Isl. IV, Nr. 457.

Digitized by Google

alt til, að þau Ingibjörg og síra Jón hafi verið náskyld, eða, eins og fyrr er talið, systkin.

Ekki hefir síra Jón komið á fund biskups á tilsettum fresti, enda fær biskup nú, 12. Júní 1430, vitnisburð beztu manna um það, að Grenjaðarstaðir hafi jafnan legið undir vald Hólabiskups, og 5. Júlí bannfærir biskup Jón prest, tekur af honum Grenjaðarstaði, veitir þá Þorkeli presti Guðbjartssyni, og skipar síra Þorkeli að taka að sér allar eignir síra Jóns í þingeyjarþingi, lönd og lausafé[1]. Hinn 20. Agúst um sumarið er fundur með þeim á Hólum, Jóni biskupi og Jóni presti. Er þá á þann fund kominn fremstur veraldarhöfðingja Guðni bóndi Oddsson vestan úr Ögri. Ekki getur það verið óvart eða af hendingu, og varla hefir biskup farið að kalla hann þangað úr öðru biskupsdæmi. Hlýtur hann að vera þangað kominn vegna síra Jóns, og bendir það til þess, sem að framan er talið, að þeir hafi verið náfrændur, — systkinasynir. Á þessum fundi beiddi Jón biskup Jón prest að gera sér og heilagri kirkju lög og rétt og halda sinn dóm og svo dóm þann, er Jón biskup Tófason hafði dæmt yfir Jóni presti. A þessum fundi settu þeir biskup og Jón prestur »dag sín á millum til Þingeyra með handabandi« »föstudaginn og laugardaginn næsta eptir krossmessu, er nú kemur, til tals«. A þessum fundi leysti Jón biskup og Jón prest og sveina hans til samneytis við aðra kristna menn fram til Þingeyrafundarins, en bannaðar væri þeim kirkjugaungur og að heyra messur eða nokkuð guðsembætti og »í fullu banni sem áður.« A Þingeyrafundinum 16. September gerði biskup sömu kröfur og áður, en að eingu sýnist þar hafa skipazt neitt til sætta með honum og Jóni presti[2]. Og 25. Okt. um veturinn (1430) skipar Jón biskup jarðirnar Valþjófsstaði og Arnarstaði í Gnúpasveit undir Hóladómkirkju í sakir og málaferli Jóns prests Pálssonar, en Jón officialis Þorfinnsson hafði fyrrum goldið þær frá dómkirkjunni síra Jóni Pálssyni í ráðsmannskaup[3]. Varð aldrei vel kyrt um þær jarðir leingi síðan, því að síra Jón varð haldfastur á þeim[4]. Svo er þó að sjá sem síra Jón hafi í bili sveigt til fyrir biskupi, því að staðarhaldari sýnist hann enn vera í Grenjaðarstöðum 1431, þegar biskup fer í yfirreið sína, og er þá talið, að síra Jón hafi verið þar í 4 ár (1427—1431[5]). Síðar um sumarið, 16. Sept. 1431, er síra Jón og að afhenda biskupi kúgildi með jörðum þeim í Þing-

1) Dipl. Isl. IV, 461, 464. 2) Dipl. Isl. IV, Nr. 466, 467, 472. 3) Dipl. Isl. IV, 475. 4) Sbr. Dipl. Isl. IV, 740. 5) Dipl. Isl. IV, bls. 467.

Digitized by Google

eyjarþingi, er biskupinn hafði tekið af honum[1]. Þetta ár hefir hann og orðið að standa upp frá Grenjaðarstöðum fyrir síra Þorkeli. Vita menn síðan lítið um síra Jón sjö árin næstu, því að vissa er ekki fyrir því, að það sé hann sá »síra Jón«, sem nefndur er í Laufásmáldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar 1461[2], þó að það hafi verið skilið svo. Hitt er vísara, að hann hefir einhvern tíma á þessu tímabili flutt sig suður í Skálholtsbiskupsdæmi. Gæti verið, að það hafi orðið eptir, að þeir Teitur Gunnlaugsson og Þorvarður Loptsson, frændi síra Jóns, höfðu látið kola Jóni biskupi Gerreksyni í Brúará 20. Júlí 1433, og biskupslaust var syðra, og síra Jón þá verið búinn að ná nokkurri festu þar, þegar Jón biskup Vilhjálmsson fluttist frá Hólum að Skálholti 1435, svo að hann hafi haldizt við syðra um hans tíð (1435—1437). Þó er þetta alt óvíst. Nær vísu er það, að vingott hafi fljótlega orðið með þeim síra Jóni og Godsvin Skálholtsbiskupi, þegar hann kom til landsins 1437[3], enda sýnist Godsvin hafa verið góður maður og réttvís; hafði hann jafnframt yfirskipan Hólabiskupsdæmis öll árin 1437—1444, því að þá var einginn Hólabiskup ílendur hér. Af dómi Godsvins biskups frá 10. Júní 1438 um reikningsskap Skarðskirkju á Landi er það auðsætt, að síra Jón Pálsson er þá eða hefir verið annað tveggja prófastur í Rangárþingi eða þá officialis syðra, því að þar segir svo, að síra Jón Pálsson hafi fyrri um þetta efni dæmt, og staðfestir biskup þá dóm hans[4]. Um þessi ár hefir síra Jón verið staðarhaldari á Breiðabólsstað í Fljótshlíð, sem bert er af bréfi hans sjálfs frá 5. Júní 1439; gefur hann í því bréfi Brandi Jónssyni umboð yfir Breiðabólstað og fjám sínum í Rangárþingi til næstu fardaga, svo og yfir Teigi í Fljótshlíð og því fé, »sem eg hefir til umboðs og meðferðar af Erlendi Narfasyni f r æ n d a m í n u m[5]«. Er bréf þetta gert á Hólum í Hjaltadal, og kemur þessi ráðstöfun öll af því, að síra Jón var þá skipaður til ráðsmannsforráða nyðra af Godsvin biskupi[6]. Eptir því, sem áður hef-

---

1) Dipl. Isl. IV, 513. 2) Dipl. Isl. V, bls. 268. Sé það síra Jón Pálsson, sem hér er átt við, yrði hann helzt að hafa haldið Laufás samhliða Grenjaðarstöðum í nokkur ár eptir 1440. Þó er að vísu óvíst um prestsskap í Laufási á árabilinu 1431—1440, enda alt þar til síra Þorkell tekur við 1449. 3) Dipl. Isl. IV, 609. Godsvin biskup er kominn til landsins í Ágúst 1437. 4) Dipl. Isl. IV, 616. 5) Dipl. Isl. IV, 625. 6) Dipl. Isl. IV, 682.

Digitized by Google

ir verið sýnt, voru þeir síra Jón og Erlendur Narfason óskakkir þremenningar frá Flosa officialis Jónssyni[1].

Síra Jón Pálsson hefir verið nyrðra veturinn 1439—1440, og er vistum hans úr þessu lokið á Suðurlandi, því að 24. Apríl 1440 sættir Godsvin biskup þá síra Jón og síra Þorkel Guðbjartsson; sættast þeir prestar þá alsáttum um allan reikningsskap og óvinskap, er þeim hafði á milli farið, og heitir síra Þorkell þá síra Jóni fullri vináttu og fylgi. Til öruggleika um það, að sáttin væri af trúnaði »kystust þeir að lyktum fyrir munuinn trúlega« síra Jón og síra Þorkell. Fór sátt þessi fram á Hólum í Hjaltadal[2]. Tveim dögum síðar, 26. Apríl, á sama stað lýsir Jón prestur því, að síra Þorkell hafi afhent sér stað og kirkju á Grenjaðarstöðum, og kveðst hann sjálfur eða hans erfingjar borga það, sem á brestur um reikningsskap kirkjunnar hjá síra Þorkeli »og hér með lofar eg honum mínum óbrigðilegum vinskap og tilstöðu, við hvern mann, sem hann á, og hans heiður er þá meiri en áður, að ókreinktum heiðr(i) míns biskups og heilagrar kirkju, og þeirra dandi manna, sem mér ber eigi með æru móti standa[3]«. Héldu þessir stórgerðu klerk-

---

1) Sjá bls. 12—13. Er þar sýnt fram á það, að Cecilia á Eiðum kona Páls geti *ekki* hafa verið Þorsteinsdóttir, eins og stendur í Nýja-annál, heldur *Þórðardóttir*, Flosasonar, og systir Flosa Þórðarsonar, sem þær erfðu dætur Páls á Eiðum, systur síra Jóns, Ingibjörg og Ragnhildur, er gæti hafa verið kona Halls Ólafssonar. Í „Bútum úr ættasögu Íslendinga frá fyrri öldum“ eptir Stein Dofra (= Jósafat Jónasson), Winnipeg 1921, eru margar góðar og glöggar athuganir, en ályktanir stundum nógu djarfar. Á bls. 47—48 í Bútum víkur Jósafat að þessu atriði. Tortryggir hann ekki, að Cecilia sé Þorsteinsdóttir, en leitar skyldleika þeirra Eiðasystra við Flosa Þórðarson með þessum orðum: „móðir Sesselíu mun hafa verið annaðhvort *Guðrún* eða *Margrét*, systir þeirra Vigfúsar og Þórðar Flosasona (sbr. I. F. IV, 252. bls.)„. Fyrsti gallinn á þessu er sá, að hvorki Guðrún né Margrét Flosadóttir er nefnd á tilvitnuðum stað í Fornbréfasafni; annar gallinn er sá, að þessar konur hafa aldrei verið til, svo menn viti; þriðji gallinn er sá, að þó að þær, önnurhvor eða báðar, hefði til verið og þær Eiðasystur verið á þessa leið af annarihvorri þeirra komnar, gátu þær systur þó eingan arf tekið eptir Flosa, því að þrír bræður hans voru lífs, en Flosi og þær að eins að öðrum og þriðja, og þær því of fjarskyldar. Ekki gat Flosi heldur hafa ættleitt þær Eiðasystur, nema með samþykki bræðra sinna, sem lítil líkindi eru, að feingizt hafi til svo fjarskyldra. Það, sem þar er sagt um framætt síra Jóns, eru ófullyrtar tilgátur. 2) Dipl. Isl. IV, 647. 3) Dipl. Isl. IV, 648.

Digitized by Google

ar þessa sátt vel og dyggilega síðan. Hafði síra Þorkell þá haldið Grenjaðarstaði í níu ár (1431—1440), en nú er að sjá, að hann hafi fluzt að Helgastöðum, og verið þar þangað til að hann fékk Laufás 1449. Í Laufási var hann síðan til æfiloka (d. 1483). En síra Jón settist nú (1440) að Grenjaðarstöðum, og var þar síðan alla æfi. Hinn 17. September sama ár (1440) skipaði Godsvin biskup Jón prest officialis fyrir norðan land, og heldur hann því starfi með vissu þar til Gottskálk biskup Keneksson kom til stólsins, og klerkar nyrðra samþykkja skilríki hans fyrir biskupsstólnum á Hólum 3. Nóv. 1444[1]. Hann hefir og verið ráðsmaður stólsins um hríð á þessum árum, alt frá 1439 og fyrri, eins og áður getur, og býðst hann til þess að gera Godsvin biskupi reikningsskap af hvorutveggja starfi eptir þrjú ár, og býður biskup þá Jóni ábóta Gamlasyni á Þingeyrum og sex klerkum öðrum nyrðra 20. Júlí 1443 að taka þenna reikningsskap[2]. Stóð vegur síra Jóns með miklum blóma um þessi ár. Bráðlega sýnist og vingazt hafa með honum og Gottskálk biskupi, og prófastsdæmi hefir hann haft af honum í Þingeyjarþingi, því að 8. Ágúst 1448 kvittar biskup hann af því, svo og af officialisstarfi, ráðsmannsstarfi og prófastsdæmi (fyrrum) í Hegranesþingi[3]. Næsta dag samþykkir Gottskálk biskup, — sem var norrænn, — nú erkibiskupsveitingu síra Jóns fyrir Grenjaðarstöðum[3]. Prófastsdæmi hefir hann og haldið áfram að einhverju leyti í Þingeyjarþingi[4], og prófastur er hann sjálfsagt enn 1458, því að í kjörsbréfi Ólafs biskups Rögnvaldssonar 12. Júní það ár á Víðivöllum er hann talinn fyrstur allra klerka næst eptir officialana og á undan síra Sveinbirni Þórðarsyni, sem þá um vorið er talinn prófastur milli Mýrarkvíslar (Laxár) og Vargjár[5]. En þegar Ólafur biskupsefni fór utan, hefir Jón prestur orðið officialis, og hefir hann haldið því starfi að vísu til 1460, að Ólafur var aptur til landsins kominn með biskupsdóm. Þegar Ólafur var nýfarinn úr landi, kom »Mattheus, er sig kallaði biskup á Hólum«, og kallaði til stólsins. Gerðu þeir þá Björn bóndi Þorleifsson, vegna Mattheusar, og síra Jón Pálsson officialis, vegna Hóladómkirkju, staðar og biskupsdæmis, samning í Ási í Hegranesi 16. Nóv. 1458 um meðferð þessa vandamáls, þar til Ólafur biskup kæmi aptur, og officialis léti prófa skilríki beggja biskupa. En

---

1) Dipl. Isl. IV, 653, 705. 2) Dipl. Isl, IV, 682. 3) Dipl. Isl. IV, 769, 770. 4) sbr. Dipl. Isl. V, 36. 5) Dipl. Isl. V, 152, 153.

Digitized by Google

Ólafur erkibiskup leysti þann vanda árið eptir með bréfi til lærðra og leikra á Íslandi 28. Júní 1459, þar sem hann skipar að samþykkja Mattheus hvorki sem biskup í Skálholti né á Hólum; hann sé ekki kosinn að lögum, sé meinsærismaður og bannsunginn guðníðingur[1].

Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar, frá 1461, er svo sagt, að síra Jón Pálsson hafi þá haldið Grenjaðarstað í 25 ár[2]. Kemur það svo heim, að síra Jón hélt staðinn 1427—1431 og 1440—1461.

Síra Jón kemur enn við nokkur bréf, sem ekki er neitt sérlega sögulegt við[3]. Þó segja nokkur þeirra til um jarðeignir og jarðatilköll síra Jóns, bæði í Húnavatnsþingi, Vaðlaþingi, Þingeyjarþingi og Austfjörðum[4]. Eptir öllu að merkja hefir síra Jón verið auðugur maður; hafði að minsta kosti framan af sveinahald, og reið með vopnaðan flokk manna, þegar svo bar við að horfa, og sýnist hann þá stundum ekki hafa sett það fyrir sig, þó að menn hans sætti áverkum við aðra. Til merkis um, að það hafi getað borið til á fyrri árum síra Jóns, er það, að 12. Nóv. 1441 geldur hann Jóni Finnbogasyni, bróður fylgikonu sinnar, þrjátigi hundraða, »er fyrrnefndur síra Jón varð skyldugur að lúka títt nefndum Jóni Finnbogasyni í sárabætur fyrir Svein Þorkelsson og sonu hans tvo, Þorkel og Björn, og Gísla Pétursson mág hans«[5].

En síra Jón hafði það einnig til á efri árum sínum að vera stórráður, fara sínu fram og láta ekki hluta sinn. Fylgikona hans var Þórunn Finnbogadóttir hins gamla. Þeirra sonur var Finnbogi lögmaður, og er þaðan komið mikið kyn og merkilegt. Undir forræði Þórunnar setti Jón prestur jörðina Valþjófsstaði í Gnúpasveit, en þá jörð hafði Jón biskup Vilhjálmsson einmitt tekið fyrrum af síra Jóni í sakferli hans, og lagt hana til biskupsstólsins. Lét síra Jón Þórunni hafa búskap á Valþjófsstöðum, og eignaði henni jörðina. Geta má nærri, hvernig jafn eptirgangssömum manni og ráðríkum sem Ólafi biskupi Rögnvaldssyni hafi geðjast að því, enda lét hann 13. Júlí 1464 með dómi tólf klerka dæma jörðina af Þórunni, nema hún gæti sýnt, að jörðin væri með lögum geingin undan dómkirkjunni[6]. Skömmu síðar sendi Ólafur biskup einn af klerkum sínum, síra Ólaf Þorgeirsson, til Grenjað-

---

1) Dipl. Isl. V, 157, 170, 205. 2) Dipl. Isl. V, bls. 283. 3) Sbr. Dipl. Isl. V, 45. 4) Dipl. Isl. IV, 662, 665; V, 108, 141, 375. 5) Dipl. Isl. IV, 665. 6) Dipl. Isl. V, 372.

Digitized by Google

arstaða til þess að lesa dóm þenna yfir Þórunni Finnbogadóttur, en sú ferð varð með litlum erindum. Kom klerkur þar á sunnudegi 22. Júlí 1464, og segir hann svo frá viðtökum þeim, er hann fékk, í vitnisburði útgefnum í Húsavík 4. Júní 1465[1]: »Og er eg bar mig til að lesa bréfið, greip síra Jón Pálsson til mín og ruskaði mér, svo eg hörfaði undan suður eptir hlaðinu, og sótti (hann) til að grípa af mér bréfið, og náði í það með mér; fyrirbauð eg honum að ruska mér eða leggja hendur á mig, en hann blótaði, og sagðist þá svo skyldu ruska mér; því þeinki eg hann gerði þetta með fullri heipt. Og eptir þetta kom að mér Þorgils Gunnlaugsson og greip í bréfið með mér, og reif í sundur, og hafði með sér mestan hluta bréfsins og sum innsiglin«.

Svo fór um þá för. En þar var við ramman reip að draga, sem Ólafur biskup var, og sjötnuðu þau mál optast á einn veg, er hann var sakaraðili að. Ekki vita menn frekara um viðureign þeirra biskups og Jóns prests hin næstu ár út af þessu máli. En 24. Júlí 1468 á Flugumýri gerir Páll Brandsson í umboði þeirra feðga, síra Jóns og Finnboga sonar hans, fullkomna sátt við Ólaf biskup, og fær honum þá til eignar kæru þá til Valþjófsstaða eða andvirðis þeirra, er þeir feðgar þóttust eiga; lofar honum enn framar fjórum tigum hundraða, gera biskupi veizlu og gefa honum sæmileg þing, og skyldi alt fram komið að öðru hausti[2].

Ekki vita menn, hvernig þessi sátt seldist út. En 5. Maí 1471 hefir Ólafur biskup Rögnvaldsson í umboði erkibiskups veitt Einari presti Benediktssyni staðinn á Grenjaðarstöðum[3]. Af því hafa menn dregið þá ályktan, að þá hafi síra Jón verið dáinn, og muni hann hafa andazt annaðhvort 1470 eða 1471. Þó er síra Jón nefndur svo sem hann sé enn lífs í vitnisburði síra Þorkels Guðbjartssonar 14. Ágúst 1471 um afhending Grenjaðarstaða 1440, og eins í Laufásstransskriptinu frá sama degi af sáttargerð þeirra klerkanna fyrrum[4]. Er því eins víst, að síra Jón hafi lagt staðinn af, eða orðið að gera það, hafi sætt hans og biskups verið

---

1) Dipl. Isl. V, 375. 2) Dipl. Isl. V, 464. — Það sýnist, í sambandi við umboðsbréfið frá 5. Júní 1439 (DI, IV, 625), ótvírætt benda á náin venzli eða skyldleik Brands lögmanns og Páls sonar hans við þá feðga, síra Jón og Finnboga, að Páll geingur í þetta mál, eins og Jósafat Jónasson hefir bent á. Hvernig þau venzli eða sá skyldleiki hafi verið, er annað mál. 3) Dipl. Isl. V, 549. 4) Dipl. Isl. V, 567, 569.

Digitized by Google

haldin lausara en biskupi líkaði. En síra Jóns er ekki getið á lífi eptir þetta.

Miklar sagnir hafa geingið af því, hversu dátt síra Jóni Pálssyni hafi verið um Maríu mey móður drottins, og hve hann vandað henni tilbeiðslurnar, og sagt er, að svo hafi honum verið títt um að hlaða henni loftköstu með ljóðagerð, að til þess hafi verið tekið, enda hefir hann síðan verið nefndur Maríuskáld. Er sagt, að Finnboga syni hans hafi þótt svo ofbjóðanleg Maríutilbeiðsla föður síns, að hann hafi feingið óbeit á allri Maríudýrkun, og hefir hann því stundum verið kallaður Finnbogi Maríulausi. Önnur ljóðmæli þekkjast nú ekki, er síra Jóni sé eignuð, heldur en Maríuvísur. Um heimildir að þeim kvæðum er nú ekki öðru að hlíta en handritum frá 17. og 18. öld[1].

Maríulykill.

Kvæði þetta eru lofvísur til Maríu meyjar, sín með hverjum bragarhætti, og nefnir höfundurinn sjálfur kvæðið að ljóðalokum háttalykil. Þetta kvæði er í sinni réttu mynd gamalt, og er það eignað síra Jóni Pálssyni, en aldrei neinum öðrum. Eins og það liggur nú fyrir, er það með tvennu móti; í fyrsta lagi eins og ætla má, að það sé nokkurn veginn í sinni upphaflegu mynd, þó svo, að þar vantar fyrra helming fyrstu vísunnar, svo sem auðsætt má vera. Er kvæðið þar alls 37 erindi, og er ógrunsamlegt í heild sinni. Í öðru lagi er til annar handritaflokkur af þessu kvæði, sem kallaður er B-flokkur (B-fl.) hér í orðamun, það sem hann nær. Er hann með þeim hætti, að þar er fyrri helmingur fyrstu vísunnar, svo að hún er þar heil; síðan verða báðir textar samferða út 12. erindi, en þá skilja leiðir með öllu, og kemur þá í B-fl. alt annað og öðruvísi framhald kvæðisins, miklu leingra, mjög kliðað, suðað og mærðarfult, og með alt öðrum keim, og víða eru hér gerðar tvær vísur úr einni, eins og opt brann við á 17. og 18. öld. Er eingu líkara en að einhver á 17. öld hafi haft fyrir sér heilt upphaf kvæðisins, en alt eptir 12. erindi hafi vantað, og hafi hann svo ort nýtt framhald af kvæðinu. Er allur svipur og blær á þessu

1) Alt, sem áður hefir verið skrifað um Jón Maríuskáld, er að meira eða minna leyti ónógt og varasamt, af því að þær réttu frásagnarheimildir voru þá ekki komnar fram.

Digitized by Google

framhaldi á þá leið, að ekki getur það verið eldra en frá 17. öld, enda segir höfundur þess það sjálfur, að sér muni legið á hálsi fyrir það, að vera að tilbiðja Maríu:

María mín, sem mildust skín,
minnast vil eg gjarnan þín,
þó lýðurinn mér það lái.

Er af því að skilja, að þá hafi páfadómurinn verið um garð geinginn. Nokkuð er þetta nýsmíði misjafnlega langt í handritunum, og er hvorttveggja til, að yfir hafi hlaupizt í afskriptunum, eða þá, að menn hafi verið að kveða smám saman inn í. Þessi neðanviðgerningur er prentaður nokkurn veginn fullur í riti mínu Om digtn. p. Isl. i d. 15. og 16. árh., Kh. 1888, bls. 261—269, og eru honum þar með nóg skil gerð að svo stöddu.

Handrit að Maríulykli í hinni gömlu mynd, sem hér er farið eptir, eru þessi (öll á pappír):

A = AM. 150. 8vo, skrifað um 1650 eða nokkru síðar, komið frá Jóni Hákonarsyni á Vatnshorni.

B = AM. 719. c. 8vo, með hendi Þorsteins Eyjólfssonar c. 1670—80, og hefir fyrrum átt Oddur Einarsson í Steinum undir Eyjafjöllum.

C = Rasks safn 88A. 8vo, skrifað c. 1670—1680.

D = JSig 404. 4to, blöð með hendi Hálfdanar skólameistara Einarssonar c. 1755—1760, eptir afskript úr fórum síra Einars föður hans.

Ennfremur er afskript, frá því á að gizka kringum 1780, af kvæðinu í þessum ham, í safni Finns Magnússonar í Bodleyssafni í Oxford 75. 4to.

Af B-flokknum eru til margar afskriptir, meðal annara þessar, sem eingar eru gamlar:

Add. British Museum 4892. 8vo, bl. 50—57, á skinni, skr. c. 1700. — Hin eru öll á pappír.

Add. British Museum 11,179 8vo, skr. c. 1770.

Rasks safn 21A. 4to frá 18. öld.

Landsbókasafn 953. 4to, með hendi Jóns Egilssonar á Vatnshorni c. 1750—60.

Landsbókasafn 201. 8vo, með hendi Páls Pálssonar, eptir tveim afskriptum.

JSig. 260. 4to, með hendi Ólafs Jónssonar á Þingvöllum í Helgafellssveit 1795—96.

Digitized by Google

JSig. 404 4to með settaskript frá 18. öld.

Orðamunur úr þessum handritaflokki er að eins tekinn við 1.—12. erindi, og þessum flokki hér að öðru leyti ekki skeytt. Er hér helzt farið eptir JSig. 404. 4to.

Háttalykill þessi er áður prentaður í riti mínu Om digtn. p. Isl. i det 15. og 16. årh., Khöfn 1888, bls. 255—261.

Hér skrifast[1] Maríulykill.

[Author síra Jón Pálsson á Grenjaðarstað[2].

1. Drottning æðsta, dýr af ættum,
drottins móðir, jungfrúin góða,
María skærust, dygða dýrust,
dáðaprýddust, full af náðum[3],
veittu mér, að eg verða mætta
vonarmaðr sem allir aðrir,
þína mjúka miskunn leika,
mætust brúður himna sætis.

2. María bætir mein og sútir
mörgum lundi orma grundar,
mildi hennar mest er kunnug
meiðum seima á fold og geima;
jeg vil beiða jungfrú þýða,
Jesu móðir, veittu þjóðum,
háleitt sprundið heilags anda,
heiðr og sóma á efsta dómi.

---

1) [b. v. B, C. 2) [b. v. 11,179. 3) Þessi fyrri hluti 1. erindis er að eins í *B*-fl.; en sýnist eiga hér með réttu heima. Sbr. ÍBfél. Khd. 521. 8vo, skr. c. 1750:

„Firri partur firsta Eyrindis Mariu likils]
Drottning æza dyr af ættum,
Drottins modir Meyann goda
Maria kærust dygda dyrust
dada prudust full af nadum
veittu mier etc.“

1 $_3$. meyjan, hdrr. 1 $_7$. mjúku BCD; af þinni mjúku miskunn aukast B-fl. 1 $_8$. stræta B-fl.

2 $_1$. vísa 3. í D. 2 $_4$. geimi BCD B-fl.

Digitized by Google

3. Þess bið eg fús fríða
frú Máríu nú vára,
að veiti blíð brautar
brúður geingi prúð dreingjum,
svo allir fái fullan
frið menn af liði hennar,
ferð leysi dýrð drosar
dáðgjörnust láðstjörnu.

4. Hjálp vór heilög María,
hæst fljóð, lífgan þjóða,
guðs höll, göfugust brúður,
græðing sönn, linun mæðu,
æðr Krists, Iesu móðir,
yfirdrottning, hlíf gotna,
dýrð öll, dugnaður virða,
dýrst blóm, meyja sómi.

5. Mæt bætir mein sæta,
menn kenna hjálp hennar,
heiðr greiðist himna brúði
hæst, næst guði kærstum,
dáð-ráð drottins móðir
drótt fljótt linar sóttum,
hér berr himna svarra
hátt mátt og lofþáttu.

3_1. vísa 2 í D. 3_2. nú vera ABC B-fl.; vora D. 3_4 **brúðar, hdrr.;** hýr dreingjum D. 3_6. frið (enn C) af AC; friðinn af hennar liði B-fl. 3_7. frið lýsi D. 3_8. leiðstjörnu D.

4_5. móðr D; mödur C. 4_7. verði A B-fl.; virði B; virða C; dugnaðar varða D. 4_8. meyjanna B-fl.

5_1. Dýri háttur D (sem fyrirsögn) 5_8. háttu D. Þar stendur þessi athugasemd: »Nota marginalis föður míns Sr. Einars sál.: hér eru þrír hljóðfyllendur í hverri hendingu og skothendum í fyrstu og þriðju, sú þriðja hljóðfylling. Eins er erindið úr Veladrápu, er Snorri sýnir: Bragarbót: Farar snarar fylkir byrjar &c. Það er líkt seg(i) eg þessu erindi, en þó alt eins og d ý r i h á t t u r: Vann kann virðum banna«.

Digitized by Google

6. Enn bið eg María minnist
minnug þræla sinna,
vertu, brúðrin bjarta,
bjart ljós minu hjarta,
treysti eg mildi mestri
mest, að eigi bresti,
vist að njótum næsta
næst þér, guði hæstum.

7 Móðir styrk þú mig góð,
manna þú ert hjálp sann,
allir svo að hans höll
hljótum vér með yfirbót,
synda þótt að sár bönd
svífi að um veikt líf,
bættu skærust mein mitt
meyjan, þá að eg dey.

8. Mér bið eg Máriu stýra,
mæt frú, heyr þú oss nú,
opt svo að angri sviptunst,
æðst ræðr lífs æðr, guðs mæðr;
biðr eg, brúðrin fríða,
bjarg mér, Kristr lér völd þér;
öld má einatt halda
allhátt himins gátt þinn mátt.

9. Bjarg María mér,
mest treysti eg þér
fyrir fljóðin öll,
fræg drottins höll,

6_1. Samhent D (sem fyrirsögn) 6_2. minnug D; minning ABC B-fl. 6_3. mestu B-fl. 6_7. víst AC, B-fl.

7_2. sönn, öll handrr. 7_3. himins höll D. 7_6. að, sl. öll, nema C. 7_8. áður eg dey DB-fl.

8_2. mig nú B. 8_3. svo að B, B-fl. 8_6. björg, öll, nema CD.

9_1. Runhenda mesta D (sem fyrirsögn); Björg B-fl.

Digitized by Google

að minnist mín
mest virðing þín,
glæst guðdóms vif,
geym sál og líf.

10. Hef eg hrelda sál,
hún þarf líknarmál,
gerir brennheitt bál
beizkt glæpa tál;
mæt María snú
mér á rétta trú,
nóg er þörf, að þú
í þrautum dugir nú.

11. Friðar fremstan bjóð
fæddi María góð,
kært jungfrúr jóð
Jesum heiðri þjóð,
dýrst hans dauðablóð
dró lífs á slóð,
þá er í stríði stóð
stirð sveit og móð.

12. Máríu vilda eg mekta leita,
miskunn ertu gjörn að veita,
skærust drottning skýja reita
skatna gerir af hrygðum teita,
þú mátt brúðurin hreinust heita,

10_1. Runh. minni o: hálfstífð D (sem fyrirsögn) 10_2. hún fær, öll, nema D.

11_1. Runhenda mesta alstífð D (sem fyrirsögn). 11_3. skýrst B; skært D; skærst C; skýrust jómfrú B-fl.

12_1. Runhenda mesta D (sem fyrirsögn; mektar A. 12_2. vertu ABC; gjörnst B; veiztu gerst B-fl. 12_3. skýja reita D; skýrra *hin.* 12_4. gerir hrygðum hreyta (!) D.

Digitized by Google

huggun allra virða sveita, —
hún vill eingum hjálpar neita
hvers sem fjándur vilja breyta.

13. Vér skulum mæta Máríu
mildgeðjaðasta kveðja,
guð var getinn af fríðu
göfuglunduðustu sprundi,
lúti geira gautar
góðhuguðustu fljóði,
syndir seima lundar
sorglátaðastir játi.

14. Verð er hreinust mær mærðar,
mest heiðruð dygð flestri,
haf María lof lofða
lífskærust, blóm vífa,
sprund lærðra, grein greindra
guðs orða, himins skorðum
ferð ætti dýr dýrðar
drós heiðra kongs ljósa.

15. Hrygð María mest lægði,
mein græðir dimm hreinust,
fár mart frelsar herjar,
fékk glatað líkn hatri,
fast leysir fríð löstu,

---

12 5—8 Vegsemd allra virða sveita
vill hún aungvum hjálpar neita,
á þig vil eg heilög heita,
harm í gleði kantu breyta. B-fl.

12 8. hvar sem fundar vilja beita D; hér skilja leiðir í kvæðinu, og er sinn texti síðan með hvoru móti.

13 2. -geðjasta CD. 13 4. -lundustu CD. 13 6. -hugustu CD. 13 7. seima lautar (!) B.

14 2. heiðruð . . . hér vantar blað í B. 14 5. greindri D. 14 7. dýrð dýrðar *öll*, nema D.

15 1. Refhvörf minni (puto) D (sem fyrirsögn).

Digitized by Google

farið elds himins jarðar,
spjöll bætir spilt nýtust
sprund seggjum röðuls grundar.

16. Drós beiði eg ljós leiði
leið drottins meiði hrotta,
að skjótast náðar njóti
njótr dygðar brjóts hrygðar,
rausn prýðir lið lýða,
liðsbjörg er það mörgum,
sjá María vá vóra,
vár grættu sár hættust.

17. María er verð af virðum
veghróðugust Krists móðir
heiðrs og hæstrar prýði,
hún veitir líkn opt sveitum;
bið eg, dagstéttar drottinn
dragi mína sál frá pínu
til ómældrar mildi,
minn lausnari dýr, sinnar.

18. Drottinn dýrðar forði
drótt við kvölum og ótta
enn, svo að ýtar finni
yfirbót verka ljótra,
ef menn brjóta,
en eg veit menn brjóta;
láttu ei lýði pretta
ljótt grand hrekkvíss fjanda;

15_6. far = vað, ós, síki, flóð, áll. 15_8. rekkum, hdrr.
16_4. brjóts D; brjótr C; brots AB. 16_5. lausn prýðir D.
17_4. hún veitir líka sveitum D. 17_5. her endar eyðan í B. 17_6. pínum B. 17_8. dýrðar sinnar A; dýr til dýrðar sinnar C; dýrð sinnar B.
18_1. úr vísunni er í ABC gerð tvö erindi: 18. og 19. 18_3. að, vantar í hdrr. 18_6. þeir brjóta D. 18_8. prettvíss C; heljar D.

Digitized by Google

fast með krapti Christi
kreistist] púkans neistar,
ef hann freistar,
en eg veit hann freistar.

19. Leiðir María móðar þjóðir
mæt til himna sætis gætis,
ítur þeim, er elsku heit veita
og unna grami sunnu kunna,
mest hefur dýrsta miskunn lista
mönnum jóð að sönnu Önnu,
öld á Iesu mildi skyldi
alltíðlega hin snjalla kalla.

20. María er dýrust,
drósa ljósust,
guðs er móðir
mærin skærust,
finnur hjá henni
fjöldi hölda
gleði og nóglegt
gagn með fagnað.

21. Máríu eigu
mæta að dýrka
firðar skírðir
sem framast kunna;
hún gat og fæddi
fylki himna,
þann er leysti
þjóð frá dauða.

18_{10}. Kollus neistar D. 18_{11}. enn þeir freista (!) D.

19_1. Kimplabönd mestu, þau er Snorri hefir í Bragabót D (fyrirsögn). 19_2. gætis sætis D. 19_3. ýtum B; yður C; íta D; heita, hdrr. 19_4. og sunnu gram unna, hdrr. 19_5. miskunn dýrsta, hdrr. 19_6. í óð að C. 19_7. Jesus, hdrr. 19_8. ætíðlega A; hinn, hdrr.

20_2. drósin D. 20_4. skæra D. 20_6. fjöldinn D. 20_7. voglegt (!) B.

21_1. Fornyrðalag, puto D (fyrirsögn); eigum hdrr. 21_5. hingað og B.

Digitized by Google

22. María sárin
mætust bætir,
menn fá af hennar
magni fagnað,
veitir sveitum
vildust mildi
móðir þjóða
og margar bjargir.

23. Máríu drottning
mesta lotning
veitast ætti
af öllum mætti,
ferðin rík
að fær ei slíka
gullhrings fríði
á grund og víði.

24. Máríu vegr er meiri
menn en skýra kunnu,
hvíld að veitir höldum
hún með barni sínu;
skulum biðja, að skilji,
skínandi víf, manna
ferð kristinna firða,
að fagnaðr gefist þegnum.

25. María dýrst, margskírst,
mær ljós, fegurst drós,
gimsteinn guðs hreinn,
gleðin öll, lífs höll,
hæst fljóð, frels þjóð

22$_2$. bæti D.
23$_5$. hirðin A. 23$_7$. fríð B.
24$_2$. C; kenni A; kynnu B; kunna D. 24$_5$. CD; skilja AB. 24$_6$. skínanda D.
25$_4$. guðs höll, hdrr.

Digitized by Google

frá pín til þín;
vænt þér vald lér
vegframr heims gramr.

26. Hverr er beztr? Herra Kristur.
Hverr dýrkast? Meins þverrir.
Hver lofast? Heilög María.
Hver er hlíf? Blóm vífa.
Hverr kvelst? Hryggvar sálir.
Hver bætir? Sprund mætast.
Hverr leysir? Heims stýrir
hvert barn frá kvöl gjarnan.

27. Lofs fúsust leysir
lýð várn María,
hún vill holla
hjálp sveit veita,
Krists öll kallar
kær þjóð móður
ef straung angrar
ofursótt dróttir.

28. Hrein María hefr hér
hvert fagnaðar gagn,
mart hún græðir mein,
menn hljóta af því bót,
himins drottning sitr hátt,
hana prísar sæmd vís,
mikið vald hefr mild
móðir Krists yfir þjóð.

25_7. lér vald þér D.
26_1. Herrann A. 26_2. Mens þverrir (!) A. 26_3. Sancta Maria D.
27_3. holla, sl. C. 27_6. Kæn ACD; móðer ABC. 27_7. ef stríð A.
27_8. drótt C.
28_1. Hreinst C; hreinust D. 28_3. „meyr" C. 28_4. af henni D.
28_6. sæmdin B.

Digitized by Google

29. Móðir þjóðar mildust leiðir
María sára stríðs úr báru,
grátinn lýða lætur blíðust
laungum straungum glæpi þraungva,
víða svíða virðum nauðir,
valda alda syndir kaldar,
friðar leiði fylki beiði,
falli allra stúrun, hallar.

30. Mér bið eg Máríu
mæta bæta
orð og gerðir,
illar villur,
beiðum brúði
bjarta af hjarta,
laði hún lýða
leingi meingi.

31. María er vænst vífa,
vel trú eg það hlífa,
æðstur er Jesus blómi,
á efsta dómi,
þá sé eg þörf mesta,
þitt mun ei bresta
fylgið fullgóða
til frelsis þjóða.

32. Hverr er einglum hærri?
Hver er mær guði kærust?
Hver veitir heiður ýtum?
Hver er listugastr ristill?
María er einglum hærri,
hún er mær guði kærust,

29$_3$. sáru B. 29$_5$. lýða bætir, hdrr.; fríðust B. 29$_7$. fylkir D. 29$_8$. falli frá til stjörnu hallar D.

31$_1$. Runhenda minsta D (fyrirsögn).

32. Vísan er að eins í B. Sbr. Háttalykil Lopts XIX.

Digitized by Google

hún veitir heiður ýtum,
hún er listugastr ristill.

33. María er mæt,
mjög ágæt,
skipast þú skærst
skapara nærst,
himins í höll
hjálp vor öll,
dýrust drós,
drottning ljós.

34. María er mæt hjá tróðunum
mest og bjargar þjóðunum,
því er hún fremst af fljóðunum
að fékk hún kjörst af jóðunum, —
leiði oss lífs að slóðunum
lausnarinn heims frá glóðunum,
skylt er skjalda rjóðunum
skírast í tára flóðunum.

35. Leiði lausnarinn þjóða
lýð til himna prýði
heim eptir dag dóma,
drótt skyldi guð óttast;
skildu skíra hölda,
skapari minn, frá dapri,
mein eru margföld raunar
mín, eilífri pínu.

36. Lítt komst meiðr í lykli hátta
linna sess í vísum þessum,

---

33 1. Runhenda minsta D (fyrirsögn). 33 8. drottins ljós D.

34 1. tróðum D. 34 2. bjargar opt D. 34 3. fljóðum D. 34 4. kærst af jóðum D. 34 5. slóðum D. 34 6. glóðum D. 34 7. er að ABD; rjóðum D. 34 8. flóðum D.

35 6. skír þú (!) D.

36 2. linna sessu B; í vessum C.

Digitized by Google

stæstir eru á stuðlum lestir,
stundum málið dregið til undrum,
hendingar svo rangar reyndar,
raun brestur, það varðar mestu,
orðin fögur að dikta um dýrðir
drottins móður, jungfrú góðrar.

37. Sér biðr salgalla
sveigir haukstalla
himna hápalla
hjálpi á snjalla;
Máríu má kalla
miskunn gjörvalla.
Þar læt eg flokk falla.
Friði oss Kristr alla.

Vísur af sancta Maria virgine.

Auctor Jón Maríuskáld, faðir Finnboga lögmanns.

Vísur þessar eru til í mörgum afskriptum frá 17. og 18. öld. Er hér helzt farið eptir þessum.

A = Stokkhólmssafn, ísl. pappírshandrit, 64. Fol., með hendi Jóns Eggertssonar 1686—87.

B = Sama handrit, með hendi síra Helga Ólafssonar 1686—87.

C = AM. 717 E 4to skrifað eptir 1700 »Frá Guðrúnu Hákonardóttur« frá Vatnshorni, konu Páls Ámundasonar á Sólheimum í Mýrdai.

D = AM. 717 H. 4to, skrifað c. 1670, með stöku leiðréttíng Árna Magnússonar.

36_3. stökum D. 36_6. rann B; rænu brestr þess varðar D. 36_8. moðer C.

37_1. säl-AC; salgalli = eldur; salgalli haukstalla = gull. 37_2. hók BC; hok A. 37_4. á alla D.

Digitized by Google

Þ = AM. 428 a 12, skinnkver, og er þetta skrifað 1689—90. Er hér að eins 2.—3. vísan, og er fyrirsögnin »Maríuvers gamalt«.

Í mörgum fleirum afskriptum eru þessar vísur til, svo sem:

Add. British Museum 4892. 8vo, skinnbók, skr. c. 1700.

Sama nafn 11,179. 8vo, skr. c. 1770.

Bibl. Bodl. Oxford, Coll. FM. 6. Fol. skr. c. 1770.

Landsbókasafn 512. 4to, skr. c. 1700.

Landsbókasafn 953. 4to, með hendi Jóns Egilssonar á Vatnshorni c. 1750—60.

Landsbókasafn 201. 8vo, með hendi Páls Pálssonar (í tvennu lagi).

JSig. 260. 4to, með hendi Ólafs Jónssonar á Þingvöllum, skr. 1795—96.

Frekari samanburður og orðamunur handrita en hér er gerður og tekinn, er gagnslaus. Vísurnar eru í afskript síra Helga eignaðar síra Jóni Maríuskáldi, og aldrei eru þær eignaðar öðrum, enda að jafnaði nafnlausar, og fyrirsögn lítt eptirtakanleg: »Maríuvísur«, »Vísur af sancta Maria«, »Nokkrar vísur af sancta Maria virgine« og annað því um líkt. Í vísum þessum er fylgt mjög laust íslenzkum bragreglum, og bendir það á, að þær muni vera þýddar. Þær eru áður prentaðar hjá J. Fr. Peringskjöld í Fragmentum papisticum, Stockholmiæ 1721, bls. 20—21, og í riti mínu Om digtn. p. Isl. i det 15. og 16. årh., Khöfn 1888, bls. 269—270.

1. Sancta Maria mater mild
himna kóngs og landa,
er pínast lét að sinni vild
með grimmleik harðra handa,
og mintist margra landa,
sem satan hafði svikið og sært
fyrstan mann með flærðar art,
guðs boðorðum granda.

2. Eg bið þig, himna drottning hrein,
af hjartans öllu megni:

---

1 1. Sancte C; móðir mild ACD. 1 7. fyrstan vann AB.

Digitized by Google

þú leysir mitt angur sorg og mein
og hjálpa þínum þegni,
eg tala með tára regni,
að virðist mild að vera mér nær,
þegar mín önd af líkama fer,
eg hræðist þann, sem hegnir.

3. Þú ert vor brynja blessuð frú
og björg í öllum váða,
það er mitt traust og það er mín trú,
að þú megir miklu ráða
við herrann himna láða;
vér biðjum lærða menn nú þess,
þeir syngi þar til Máríuvess,
vér njótum þinna náða.

4. Maríur þrjár um mirginstund
fóru með jurtum fríðum,
þær hugðust finna í grýttri grund
guðs son með sárum síðum,
þær töluðu með sér tíðum
ástarband á þessa grein:
oss gefist vald yfir þungum stein,
vér næðum svo herra blíðum.

5. Frið gef oss faðir og frið gef oss son,
frið gef oss heilagi andi,
allur einn guð á himna trón
d e u s á sjó og landi,
hann firri oss öllu grandi,

2_3. leys AÞ. 2_4. og sl. C; bjarga Þ. 2_6. að sl. Þ; mér sl. CDÞ. 2_7. sál, AB.

3_2. vaða, skr. hdrr.; og bótin við Þ. 3_4. munir miklu Þ; miklu um A. 3_5. við milding Þ. 3_7. hér til Þ. 3_8. hennar CD; Þ b. v.: Ave Maria gratia plena.

4_6. ástarbanda (?) AB. 4_7. þessum stein C. 4_8. svo sl. C.

5_1. gefi . . . C. 5_2. gefi . . . heilagur C. 5_3. í himnadýrð ADB (al.); í himnaríki C. 5_4. d e u s sl. AD; bæði á sjó og C 5_5. fyrði, al. B; forði C.

Digitized by Google

að mættum fara í himna vist
og heiðra allir Jesum Krist,
utan enda svo standi.

Maríuvísur.

Landsbókasafn 494. 8vo, skr. c. 1690 fyrir síra Hannes Björnsson, og ritar hann fyrirsögnina: »Fjórðu Maríuljóð gömul«. — Landsbókasafn 1070. 8vo, skrifað af Jóni Egilssyni 1748. — Landsbókasafn 953. 4to, með settletursherdi Jóns Egilssonar c. 1750—60.— JSig. 309. 8vo, skr. c. 1800. — JSig. 389. 8vo (úr safni JArn.), skr. c. 1740—50. — JSig. 33. 4to, skr. c. 1800. — JSig. 136. 8vo, skr. c. 1770. — Þessi handrit eru hér flest notuð alla leið, og þó aðgætt ýms fleiri, en frekari samanburður sýnist vera gagnslítill. En margar eru afskriptir fleiri af kvæði þessu, svo sem AM. 717 e. 4to, með hendi Árna Magnússonar. — AM. 717 h. 4to frá síðara hluta 17. aldar. — AM. 719 c. 4to frá c. 1670 (eignar vísurnar síra Jóni Maríuskáldi). — AM. 150 8vo frá síðara hluta 17. aldar (frá Vatnshorni). — AM. 426. 12mo, frá lokum 17. aldar. — Stokkhólmssafn (ísl. papp.) 64. Fol., skr. 1686 — 87, og eru hér tvær afskriptir; eru vísurnar á öðum staðnum eignaðar nokkurn veginn Jóni biskupi Arasyni, en á hinum staðnum Brynjólfi biskupi Sveinssyni. — Add. British Museum 4892. 8vo, skinnbók, skrifuð nálægt 1700. — Add. British Museum 11,179. 8vo, skr. c. 1770. — Bibl. Bodl. Oxf. Coll. FMagn. 6 Fol., skr. c. 1770. — JSig. 260. 4to, skr. 1795—96. — ÍBfél. Khd. 37. 8vo, með hendi Ólafs Eyjólfssonar á Laugalandi c. 1860. — Landsbókasafn 201. 8vo, með hendi Páls Pálssonar. — Langoptast eru vísur þessar nafnlausar. Allmörg handrit eigna þær þó síra Jóni Pálssyni, og aldrei eru þær eignaðar neinum öðrum, nema í einu einasta handriti, sem eignar þær tveimur á víxl. Vísurnar eru áður prentaðar í Biskupasögum II, 580—582 og í riti mínu Om digtn. p. Ísl. i d. 15. og 16. árh., Khöfn 1888, bls. 272—273.

5_6. þér megið sjá] á CD (leiðr. AM.); að mættum fá í D. 5_7. (að B) heiðrum þar AB.

Digitized by Google

Maríuvísur.

Er mælt, að kveðið hafi Jón Maríuskáld á Hólum[1]).

1. María móðirin[2] skæra,
[minning þín[3] og[4] æra,
[verðugt væri að[5] færa
vegsemd[6] þér og sóma,
soddan sólar ljóma,
:,: þú varst ein, ein, ein :,:
þú varst ein [svo helg og hrein[7]
hæstum[8] þakin sóma

2. Gleðina fékkstu forðum
af fögrum Gabríels orðum,
ber þú af bauga skorðum
sem blóðrautt gull af eiri,
[sól[9] af svörtum leiri,
:,: þúsund sinn, sinn, sinn :,:
þúsund sinn og það eg finn,
[þinn[10] er sóminn[11] meiri.

3. Með[12] ave engill kvaddi,
það ágæta mey[13] gladdi,
[sætt ave[14] þá[15] saddi
þig[16], signuð gratiosa,
[ber þú[17] blómann drósa,
:,: fanstu náð, náð, náð :,:

---

1) 719c, 1070. — Fyrirsögn í 33: »Maríuvísur síra Jóns Pálssonar«, en í 136: »Sællar Maríuvísur, sem Jón Maríuskáld á Hólum hafði ort, að sögn«. 2) meyjan 389. 3) minnið þitt 494, 1070, 309. 4) [að minnast þín er, 389. 5) [verðug að vildum 136. 6) virðing 953, 389. 7) [á alla grein 136. 8) æðstum 136. 9) [silfur 1070 (yfir línunni); [eða silfur 953; eða sól 389; og silfur 136. 10) [að þinn 136. 11) [þín er sæmdin, sum hdrr. 12) 494; sl. 953, 1070, 136; og 889. 13) víf 389. 14) ave sætt 1070. 15) þig 953. 16) sl. 953. 17) [1070; ber ein 953; er ber 494.

Digitized by Google

fanstu náð yfir[1] lopt og láð,
lifandi drottins[2] rósa.

4. Blessuð[3] meðal manna,
matrona einglanna,
fæddir[4] frelsarann sanna,
fríð gemma polorum,
gloria sanctorum,
:,: þú ert blóm, blóm, blóm, :,:
þú ert blóm með blíðan[5] róm
[6]björgin miserorum[7].

5. Himins[8] drotning hreina,
þá[9] heyrir þú nokkurn[10] kveina
og[11] segja til sinna meina,
sjá nauð mortuorum,
mætt[12] exemplar morum,
:,: leið [þú þá, þá, þá[13], :,:
leið þú þá með líkn [og náð[14]
í ljósið beatorum[15].

6. Mest skal virðing vanda
vífi[16] allra landa,
helgri mey til handa,
sem heitir porta cœli,
tutamen fideli,
:,: María ein, ein, ein :,:

---

1) um 389, 136. 2) domini 389. 3) á, b. v. 389. 4) fæddi 953, 1070, 136. 5) blíðleiks 309. 6) og, b. v. sum hdrr. 7) í 136 er skipt um 4 niðurlagslínurnar í 4. og 5. erindinu. 8) himinsins 389. 9) ef 389, 136. 10) einhvern 953. 11) 953, 309; sl. 494, 1070. 12) mild 953; milt 136. 13) [þá væn, væn, væn 389. 14) [bæn 309, 389; frá [ójá 953; [-ar, sanna 136. 15) Fjórar síðustu línurnar í þessu erindi eru í 1070 hinar sömu sem í 4. erindi. 16) vífinu 309; yfir vífi 494; vífin 389.

Digitized by Google

María ein svo mild[1] og hrein
er[2] móðir[3] sönn að Eli[4].

Carmen de beata virgine Maria.

Landsbókasafn 494. 8vo, skr. c. 1690, fyrir síra Hannes Björnsson í Saurbæ. — Landsbókasafn 953. 4to með settleturs hendi Jóns Egilssonar á Vatnshorni c. 1750—60. — JSig. 389. 8vo (úr safni JArn.), skr. c. 1740—50. — Stokkhólmssafni 64. Fol., skr. 1686—1687, í tvennu lagi, bæði með hendi Jóns Eggertssonar, — og þar eignaðar Lopti Guttormssyni, — og svo með hendi Helga Ólafssonar, og þar eignaðar Jóni biskupi Arasyni. — Þessi handrit eru hér höfð alla leið til samanburðar, og þó athugaðar fleiri afskriptir, sem margar eru til af þessum vísum, svo sem AM. 717h. 4to frá síðara hluta 17. aldar. — AM. 426. 12mo, frá lokum 17. aldar; eru erindin hér talin 24, en eru þó ekki fleiri en 22, eins og í öðrum afskriptum, því að hlaupið er hér yfir 16 og 17 í tölusetningunni. — Add. British Museum 11,179. 8vo, skr. c. 1770. — Bibl. Bodl. Oxf. Coll. FMagn. 6. Fol. skr. c. 1770. — JSlg. 260. 4to skr. 1795—96. — Tvær afskriptir frá 19. öld eru til með hendi Ólafs á Laugalandi, önnur í ÍBfél. Khd. 37. 8vo og hin í Landsbókasafni 1331. 8vo. — Afskript með hendi Páls Pálssonar er í Landsbókasafni 201. 8vo. — Í stöku afskriptum er vísum úr þessu kvæði aukið aptan við næstu Maríuvísur hér á undan, og þá stundum alt eignað síra Jóni Pálssyni. Þessar vísur tvennar eru og ekki óþvílíkar sem þær væri eptir 15. aldar klerk, og úr einni smiðju báðar. Ludvig Harboe eignar þessar vísur fortakslaust síra Jóni Pálssyni (Khavns Selsk. Skr. V,1751, bls. 290), líklega eptir einhverri afskript, sem hann hefir feingið eða fyrir hann borið á Íslandi 1741—1745.

---

1) helg(!) 389. 2) sl. 1070, 309. 3) mater 309. 4) Hér hnýtir 309 aptan við 17.—21. erindi úr Maríuvísum:

María móðirin skæra
meyja blóm og æra o. s. frv.,

sem einnig finnast eignaðar Jóni Maríuskáldi. — 33 hnýtir hér aptan í að eins 17. vísunni úr sama kvæði.

Digitized by Google

Gamlar vísur fyrri alðar manna, ortar til virðingar heilagri meyv Máríu móður ðrottins[1].

1. María móðirin skæra,
meyja[2] blóm og æra,
feginn skal eg[3] þér færa
fagurt lof til handa
og virðingu vanda,
:,: þú ert sú, sú, sú :,:
þú ert sú hin fagra[4] frú
föstnuð heilögum anda.

2. Nær maður verða vildi
vor guð hjálpar mildi
og fólkið frelsa skyldi,
fanstu náð hjá honum
framar öllum konum,
:,: hann leit á þig, þig, þig :,:
hann leit á þig, en lægði sig
til lausnar manna sonum.

3. Heiðrinn þinn er hærri
og heiminum þúsund-stærri,
skín[5] þín[6] dygðin skærri
en skinið eldsins glæða,
[hófst þú[7] alt til hæða,
:,: þig valdi guð, guð, guð :,:
þig valdi guð yfir lönd[8] og lýð[9]
lausnarann oss[10] að fæða.

4. Guð þér sendi síðan,
signuð[11], eingil blíðan,

---

1) þessi fyrirsögn í 494 með hendi síra Hannesar Björnssonar. — **Maríuvísur** 953. — Maríuvísur í Austfjörðum kveðnar 389. — **Carmen de beata** virgine Maria 426. 2) meyjanna 426. 3) b. v. 64. 4) fríða 953, 389, 64b. 5) skín 64, 953, 389 ofl.; skein 494. 6) þín 389, 64 ofl.; því 494. 7) [sem hófstu 953, 389, 64b. 8) lopt 389, 426. 9) lið 953. 10) b. v. 64a ofl. 11) signaðan 953, 389.

Digitized by Google

Gabríel furðu fríðan,
fréttir þær að boða,
sem mannkyn mættu[1] stoða,
:,: hann kvaddi þig, þig, þig :,:
hann kvaddi þig, svo kurteislig,
að kviðir[2] aungum voða:

5. Sæl þú sadda[3] náða,
sjálfur herrann dáða
býr með þér, og bráða
blíðu lætur kenna
og ríkdóm til þín renna,
:,: þú ert blóm, blóm, blóm :,:
þú ert blóm, svo [blíð og fróm[4],
blessuð meðal kvenna.

6. Há[5] þig orðin hræddi,
sem helgur[6] eingill ræddi,
en vizkan göfug græddi[7],
að grunda kveðju slíka
[og svo[8] náðar ríka,
:,: því einginn mann, mann, mann :,:
því einginn mann um moldar rann
með eyrum heyrði slíka.

7. Eingill anza náði
aptr, og þanninn tjáði:
Hrittu hræðslu gráði,
horfin öllum kvíða,
María, meyjan fríða[9],
:,: [þú fanst[10] náð, náð, náð :,:
fanstu[11] náð með dýrri dáð
hjá drottni allra lýða.

1) mátti 64b. 2) 953 ofl.; kvíðir 494, 389. 3) 953 ofl.; saddan 494. 4) [blíðum dóm 389. 5) Helg 426. 6) heilagr 64a. 7) gæddi 389. 8) [soddan 389. 9) þýða 953. 10) [fanstu 494 (í seinni endurtekningunni). 11) þú fanst 389.

Digitized by Google

8. Barnið beztra gæða
blíð[1] munt geta og[2] fæða,
drottins[3] himna hæða
hann[4] skal sonur heita,
það Jesu nafnið neyta,
:,: hann er sá, sá, sá :,:
hann er sá, sem mönnum[5] má
miskunsemi[6] veita.

9. Davíðs hann mun hljóta
hásætið og[7] njóta,
um eilífð ei skal þrjóta
æru og helgidóma
í hans stjórn með sóma,
:,: Jacobs ætt, ætt, ætt :,:
Jacobs ætt hann ræður rétt
og ríkir[8] í æðstum blóma.

10. Kveðjan sú þig kætti
og[9] kvíða mannsins[10] bætti
af holdgunarinnar hætti,
helg sem áttir[11] reyna,
eingil[12] baðst að greina,
:,: þú varst rós, rós, rós :,:
þú varst rós og liljan ljós,
sem leiðst ei flekkun neina.

11. Æðstur heilagur andi
er yfir þig komandi,
og þig á skyggjandi
eðla kraptur hæða.
Eingill réð svo ræða:
:,: Son guðs hér, hér, hér :,:

---

1) 953; blítt 494. 2) 953; að 494. 3) drottins 64, 389 ofl.; drottin 494. 4) hans 389. 5) meinum 953. 6) -ina 389. 7) að 953. 8) 64, 953; rijkur 494, 389. 9) sl. 953, 64, 426. 10) mannkyns 389, 64 ofl. 11) ættir 64, 953; mátti 389; allir 426. 12) eingill 426.

Digitized by Google

son guðs hér, sem sanctus er,
signuð, muntu fæða.

12. Elizabeth, þér kynni,
í elli son gat sinni,
[ófrjóð[1] var þó inni,
er nú á mánuð sétta,
líklegt þótti ei þetta.
:,: Drottinn einn, einn, einn :,:
drottinn einn, ei annar neinn,
alt kann út að rétta.

13. Göfug, gratiosa,
gjarnan kvaðstu kjósa
hvað eingill gerði að[2] glósa
guðs anda svo fræddist,
og þá[3] endurfæddist,
:,: í þínum kvið, kvið, kvið :,:
í þínum kvið með líkn og lið
lausnarinn holdi klæddist.

14. Eðlis móti máta,
Maria consolata,
föðurinn fæddir nata
fróni,[4] stjarnan blíða,
sólina fovens fríða,
:,: brunnurinn saug, saug, saug :,:
brunnurinn saug, sú listug laug,
af læknum úðann[5] þýða.

15. Um Maríu mey skal ræða,
mann og guð nam fæða,
og föður sinn fötum klæða,
forung[6] gamlan átti,
skaparann skepnan mátti

1) [ófrjó 953 (á spássíu), 389. 2) sl. 64, 953. 3) þá 64, 953; so 389; þú 494. 4) á fróni 64, 953, 389. 5) ydan 389. 6) farang (!) 389.

Digitized by Google

:,: metta í heim, heim, heim :,:
metta í heim, en[1] mammis tveim[2],
þó margur um það þrátti[3].

16. Á arinu lambið leoninn[4]
litla stóra soninn
og föður á heimsins froni
frábær gerðir næra
og um fold að færa,
:,: upphaf er, er, er :,:
upphaf er og endi[5] hér,
eilíf er hans æra[6].

17. Sæl regina celi,
sancta mater Eli
favens hic fideli,
filiæ regnorum
tuum ornent[7] chorum,
:,: minning þín, þín, þín :,:
minning þín svo magnast[8] fín
hjá meingi posterorum.

18. Ó, brunnur hortorum
og bezta blómstur florum,
Maria vas es[9] morum
móðir Jesú sanna,
prýði mæt meyjanna,
:,: þú ert blíð, blíð, blíð :,:
þú ert blíð og furðu fríð,
fagurt ljós himnanna.

19. Gaudes gratiosa,
af guði fructuosa,
dýrmæt drottins rosa,

1) á 389. 2) 953; þeim 494. 3) Hér kemur 22. er. (hér) í 389 4) ljonið 64, 494, 953. 5) endir 64, 953. 6) Erindið vantar í 389. 7) á spássíu í 494 með hendi síra Hannesar Björnssonar. 8) 64, 953; magnist 494, 389. 9) sl. 389.

Digitized by Google

decus castitatis,
hortus voluptatis,
:,: þú ert nú, nú, nú :,:
þú ert nú sú[1] fríða frú
hjá föður maiestatis.

20. Hátt þinn heiður játum,
hortus aromatum
dulcis charismatum,
dulcorans affectum[2],
[delectans delectum[3],
:,: brunnur[4] skær, skær, skær :,:
brunnur[4] skær, sá[5] blessan fær,
beztan gaf[6] effectum.

21. Víst er vöndur Jesse
vor frú María þesse,
blóm hennar oss blesse,
björgin miserorum,
[blessað blóm[7] celorum,
:,: hosanná, ná, ná, ná :,:
hosanná þá[8] heyra má
[í[9] heimkynni[10] sanctorum.

22. Sæla þín og sómi
[sólu bjartar[11] ljómi,
í hverri álfu hljómi
heimsins alt til enda,
son þinn biðjum senda
:,: oss heill og frið, frið, frið :,:
oss heill og frið með líkn og lið,
svo loks megum hjá þér lenda. Amen[12].

---

1) hin 64, 389. 2) effectum 64, 953. 3) [dilectans dilectum 389. 4) brunnurinn 64. 5) sem 64, 953, 389. 6) gafst 389. 7) [sett í dýrð 389. 8) þar 953. 9) sl. 953. 10) [hjá himneskum (!) 389. 11) [sólar-bjartur 64, 389. 12) sl. 64, 953.

Digitized by Google

Ormur Loptsson.

. . . 1430—1449. . .

Ormur var elztur þeirra sona Lopts Guttormssonar, er menn vita með vissu, að hann átti með Kristínu Oddsdóttur, og gefur Loptur faðir hans honum Staðarhól í Saurbæ 20. Apr. 1430 og mikið fé annað[1]. Er Orms þá fyrst getið. Telja menn, að hann hafi þá búið fyrst á Staðarhóli, og getur það ekki hafa verið leingur en fram til 1434 eða 1435. Árið 1434, hinn 17. Okt., kvæntist Ormur á Reykhólum Solveigu Þorleifsdóttur[2], systur Björns hirðstjóra Þorleifssonar, og settu þau saman með mikið fé. Árið eptir hafa þau flutt sig að Víðidalstungu, sem var erfðaeign Solveigar, og þar bjó Ormur í 10 ár, eða 1435—1445. Því næst bjó Solveig þar í 21 ár, eða 1445—1466, en þar eptir »hélt« Einar sonur þeirra garðinn í 5 ár, eða 1466—1471[3]. Ormur er fremstur kaupvottur að bréfi 12. Maí 1434 í Hjarðarholti í Laxárdal[4]. Tveim árum síðar er hann »hirðstjóri norðan og vestan á Íslandi«, og nefnir þá, 30. Júní 1436, á Öxarárþingi út dóm um eignarrétt að Hvalsnesi á Rosmhvalanesi[5]. Ekki vita menn meira um hirðstjóravöld Orms, en talið er, að hann hafi haft sýsluvöld í Snæfellsnessýslu 1437. Árið 1442 er hann með öðrum fleirum vottur á Helgafelli að transscripto af bréfi frá 4. Janúar 1428 um uppgerð kirkjunnar í Víðidalstungu, eptir að hún hafði brunnið[6]. Síðan finst Orms lítið sem ekkert getið við neina gjörninga. Af því að svona mikill maður á bezta skeiði hverfur alt í einu úr bréfagerðum þeirra tíma, hafa menn ályktað, — og ekki að ástæðulausu, — að hann muni hafa andazt um það leyti sem búskapar hans er síðast getið í Víðidalstungu, eða sem næst 1446. Þó er ekki víst, að svo sé, þegar alls er gáð, og geta verið aðrar ástæður til þess, að hann hverfur svo skyndilega.

---

1) Dipl. Isl. IV, 446. 2) Dipl. Isl. IV, 584. 3) Dipl. Isl. V, bls. 349. Í registri þess bindis er þetta reiknað einu ári leingra fram sem varla er óhætt, því að Einar er með berum orðum sagður dáinn í Maí 1471 (Dipl. Isl. V, Nr. 550). 4) Dipl. Isl. IV, Nr. 580. 5) Dipl. Isl. IV, Nr. 599. 6) Dipl. Isl. IV, Nr. 400, 667.

Digitized by Google

Gömul sögn er það, að Ormur hafi brugðið til utanfarar, og ætti það að hafa verið árið 1445, eða því sem næst; hafi Solveig kona hans þá beðið hann að fara ekki þá för, og láta sig ekki eina, og sagt hans ábyrgð á, hvað af því hlytist um sig. Sagt er, að Ormur færi eigi að síður. Solveig var stórráð, og meðan Ormur var erlendis, sem vera má, að hafi verið árum saman, tók hún saman við Sigmund prest Steinþórsson, og gat börn með honum. Var sonur þeirra hinn nafnfrægi lögmaður Jón Sigmundsson (d. 1520), sem mikill og merkilegur ættbálkur er frá kominn, en dóttir Bergljót, kona Guðmundar Ólafssonar á Reykjum í Miðfirði; þeirra sonur var Ólafur prestur Undenfelli, sem kallaður var Beggu-Láfi, en Bergljót var enn lífs 1505.

Þegar Ormur kom aptur úr utanförinni, tókust ekki samvistir með honum og Solveigu, heldur hafa þau þá gert fjárskilnað. Er að sjá, að það hafi verið árið 1449, því að þá er vottað 27. Apríl á Þingeyrum um kaupmála þeirra, sem fram hafði farið fyrir 15 árum, og var máli Solveigar í garð Orms fimm hundruð hundraða[2]. Er Orms í því bréfi getið svo sem lífs; gat því ekki um skipti eptir hann verið að gera til barna hans, heldur um fjárskilnað þeirra hjóna, og upp á það hefir verið áríðandi að fá einmitt vottfasta vissu um fjárlagið. En hið upphaflega kaupmálabréf hefur þá verið einhvern veginn glatað. Annað en það í sambandi við fjárskilnað Orms og Solveigar gat ekki verið tilefni til þess, að verið er að votta um 15 ára gamlan kaupmála þeirra 1449. Solveig hélt síðan optast nær saman við síra Sigmund, og andaðist 1479.

Um Orm er alt óljósara eptir þetta, og er þó að skilja, að hann hafi enn lifað um hríð. Líklegast er, að hann hafi sezt að höfuðbóli sínu Staðarhóli og búið þar síðan, og haft kyrt um sig. Ormur sýnist hafa verið hóglyndur maður, hneigður til ljóða, svo sem faðir hans, mentaður og gefinn fyrir bóklegar sýslanir, og er sitthvað, sem bendir á, að hann hafi að þeim efnum horfið á síðustu árum sínum. Svo er að sjá sem mjög kært hafi verið með Ormi og Sofíu sytur hans; var fyrri maður hennar Arni Þorleifsson, bróðir Solveigar, konu Orms, en síðari maður hennar var Bjarni Ívarsson, Vigfússonar Hólms; bjuggu þau um 19 ár fyrir um og eptir miðbik 15. aldar í Glaumbæ í Skagafirði, sem næst 1445—1464, en fluttust síðan suður að Meðalfelli í Kjós[2]. Er líklegt að mikill samgangur hafi verið með þeim hjónum og Ormi, og hvort hjá öðru stundum setið á víxl að vinafagnaði um hríðir, ýmist á Staðarhóli

1) Dipl. Isl. IV. Nr. 400, 667. 2) Dipl. Isl. V, bls. 332 og Nr. 647.

Digitized by Google

eða í Glaumbæ, og svo var með þeim kært, að son sinn, Orm Bjarnason, létu þau heita eptir Ormi Loptssyni. Bjarni er kunnur að því, að hann hafði forgang um bókagerð[1].

Meðal íslenzku skinnbókanna í ríkisbókasafninu í Stokkhólmi, Nr. 2. Fol., er merkileg bók með 26 heilagra manna sögum. Kemur þeim báðum saman um það Unger[2] og Gödel, að bók þessi sé skrifuð í lok 14. aldar með tvenskonar hendi, og taki síðari höndin við á bls. 35, og sé síðan á allri bókinni út (bl. 35—86)[3]. En á blaði 53 stendur þessi merkilega fyrirsögn: »Her byriar Benedictus soghu er Ormr Loptzson scrifuade«[4]. Hefir Ormur því skrifað allan síðara hluta bókarinnar, og meira en helming hennar. Er bókin því ekki frá 14. öld, heldur rituð um miðja 15. öld. A spássíur bókarinnar er og sitt hvað skrifað með 15. aldar skript, sem gefur bendingar um, hvar og hvernig bókin muni til orðin[5], svo sem: »Her setr ek Olafr tone mitt klor«, og er það hinn nafnkunni ríkisbóndi Ólafur tóni Geirmundsson frá Hvoli í Saurbæ, er kemur við bréf á árunum 1446—1462, og kendur var við kunnáttu, því að hann hefir verið gáfaður maður og vel að sér; ennfremur: »Her setr ek Biarne mitt klor« og »Biarne aa mik«. Getur hér varla um annan Bjarna verið að gera en Bjarna Ívarsson, og að vísu mundi Ormur varla hafa farið að skrifa bókina handa öðrum manni en honum, eða þá handa sjálfum sér að öðrum kosti. Ormur er einn af þeim fáu höfðingjum á þessum tímum, sem menn vita nú með vissu, að feingizt hefir sjálfur við bókaritun.

Eptir Orm þekkja menn nú ekki aðra ljóðagerð en Vilmundar rímur viðutan. Í þeim bindur hann að niðurlagi nafn sitt í málrúnum, og nafn konu þeirrar, er hann gefur rímurnar, og heitir sú kona Sofia. Segir hann, að einginn hafi beint beðið sig um að yrkja þær, en hann kveðst hafa sett þær undir við hana í tafli, sem hún hefir unnið af honum. Kona þessi getur eingin önnur verið en Sofia Loptsdóttir systir hans; hún var enn á lífi 1480, en dáin er hún 1482. Rímurnar eru liðlega kveðnar, og eru þó afbakaðar í ýmsu, eins og þær þekkjast nú. Í mansaungunum bregður fyrir ýmsu, er snertir höfundinn sjálfan; við konur segist hann jafnan hafa goldið »óeinarðar« sinnar; ungur kveðst hann hafa farið með ljóðagerð, en lagt það síðan leingi af, og nú kveðst hann vera gamall maður, 57 vetra. Ormur ætti að vera

1) Dipl. Isl. V, bls. 332 og Nr. 647. 2) Heilagra manna sögur II., formáli bls. III. 3) Katalog, Stockh. 1897—1900, bls. 5. 4) Unger, Heil.m.s. II, form. bls. IV (n.m.). 5) s. st. bls. III-IV.

Digitized by Google

fæddur nálægt 1400—1403, og eptir þessu ætti hann að hafa verið enn lífs 1457—1460, og kveðið þetta einhvern tíma á þeim árum. Gæti verið, að Ormur hafi dáið nálægt 1457—59. Arið 1459 er Loptur sonur hans kominn upp, og sýnist þá vera orðinn bóndi á Staðarhóli. Úr mansaungum Orms eru teknar hér nokkrar stökur til sýnis vísnagerð hans. — Af Lopti syni Orms og Solveigar eru komnar miklar og merkilegar ættir.

Sjá um Orm: Sýslumannaæfir II, 487—488; III, 10—13. Sbr. rit mitt um kveðskap á Ísl. á 15. og 16. öld, Kh. 1888, bls. 273—275.

Úr Vilmundar rímum viðutan.

AM. 146a 8vo, á pappír, með hendi Jóns Finnssonar í Flatey 1633. — AM. 604c. 4to, brot á skinni frá c. 1530—40.

I, 1. Hér skal mansaungs mærðarspil
miðlungs orku hnýja,
þó beint hafi einginn beðið mig til
bragsmið upp að nýja.

2. Svo hef eg leingi lagt nú af
að leita að Viðris gæðum,
og láta svífa um Suðrar haf
Sónar bát með kvæðum.

4. Fyrri leiddi eg foldir seims
á fagra gleðinnar völlu,
nú er mér geingið gamanið heims
gersamlega með öllu.

II, 6. Því[1] skal enda orða brest,
ætla eg það sé ráðið[2] bezt,
að[3] leggja af gjörvöll gleðinnar hót,
[gefa sig[4] aldri að neinni snót.

VII, 2. Átta eg fyrr á æsku stund
eineygs[5] bland að velja,
nú vill eingin nistils[6] grund
í náðum fyrir mér dvelja.

1) Þá 146. 2) ráðin 146. 3) sl. 146. 4) [og gefa sér 146. 5) einis, hdr. 6) nistils = nistis.

Digitized by Google

5. Fimtíu hef eg fest og sjö
Fofnis[1] galla stríða,
eg hygg nú skipti í hornin tvö
Herjans drykk að smíða.

IX, 5. Við meyjarnar leika margir glatt,
mest í orðum hæla;
ætla þær, að alt muni satt,
það ýtar kunna að mæla.

6. Nýta fá þeir nistils grund,
og njóta mælsku sinnar;
eg hef goldið alla stund
óeinarðar minnar.

7. Auka gera þeir angr og mein
ungum silkispaungum;
þá feingið hafa þeir falda rein,
fúlsa (þeir) við þeim laungum.

XVI. Niðurlag:

Veraldar prýði og *veglegt ár*, *s a*
verða *mót við græði*, *o*
auðurinn nógur og *ísinn blár*, *f i* } = *Sofia.*
eignast máttu kvæði.

Vegleg hvíld og *vatna mót*, *r o*
virða gamanið blíða, *m*
grátur skýja og *ferðin fljót* *u r* } = *Ormur.*
ferju Hárs nam smíða.

Varla neytt[2] er verkið mitt,
víf, í þetta sinni.
Nú má tróðan tafifé sitt
taka úr hendi minni.

---

1) Fjölnis, hdr. 2) neitt, hdr.

Digitized by Google

Svartur Þórðarson á Hofstöðum

. . . 1462—1477 . . .

Í ágætri ritgerð eptir Jón lærða Guðmundsson »Um ættir og slekti«, sem Hannes skjalavörður Þorsteinsson hefir gefið út í Safni til sögu Íslands[1], eru mönnum kend góð deili á Svarti skáldi á Hofstöðum, og er Jón fimti maður frá Svarti að niðjatali. Ritar Jón meðal annara orða svo: »A dögum ríka Björns Þorleifssonar á Skarði og hans hústrúar Olufar . . . bjó Svartur í Bæ í Króksfirði. Hann var skáld hústrú Ólufar ríku, og hann var skáld í minni ætt. Hann kvað lofmannsaung um hústrúna, og sem hann kvað fyrir hana sagði hún: Ekki nú meira, Svartur minn, et cetera. Hans synir voru skáld«[2]. Síðan skýrir Jón frá kvonfangi Svarts og afspreingi. Atti hann Þorgerði dóttur Péturs á Vaðli á Barðaströnd[3]. En frá forfeðrum Svarts skýrir Jón ekki, en Svartur gæti hafa verið sonur Þórðar Svartssonar, sem bæði er vottur og dómsmaður á Vaðli 10. Nóv. 1411[4], og hefir því verið vel metinn maður. Er því ekki ólíklegt, að Þórður hafi verið sonur Svarts Þorleifssonar á Reykhólum, er lézt 1392, enda sýnist Svartur skáld jafnan hafa verið á þeim slóðum. En ekki hélzt þeim ættmönnum samt á höfuðgarðinum Reykhólum fyrir ríki Ara Guðmundssonar, Guðmundar sonar hans og þeirra frænda. Hinn 1. Agúst 1462 fór kaupmáli þeirra Andrésar Guðmundssonar og Þorbjargar Ólafsdóttur tóna, Geirmundssonar, fram á Reykhólum; er þá þar einn af festingarvottunum Svartur Þórðarson[5], og er lítill vafi á því, að það sé sami maður og Svartur skáld á Hofstöðum í Þorskafirði. A Hofstöðum hefir hann búið um hríð, og að vísu þá þegar hann kvæður Skaufhalabálk, og jörð þá hefir hann átt, annað hvort alla eða að einhverju leyti, því að hann selur Jóni Asmundssyni sjö hundr-

1) III, 701—728. 2) Safn III, 712—713; Arkiv. f. nord. Filol. XV, 244. 3) Pétur á Vaðli gæti verið sami maður og Pétur Þórðarson, er kemur við bréf á þessum slóðum á fyrra hluta 15. aldar, og menn hafa skilið svo, að væri af hinni nafnkunnu Hagaætt. 4) Dipl. Isl. III, Nr. 612 og 613. 5) Dipl. Isl. V, Nr. 325.

Digitized by Google

uð í Hofstöðum í Þorskafirði og kvittar hann fyrir andvirðinu 27. Júní 1477, og er það bréf gert á Skarði á Skarðsströnd[1]. Mætti af því ráða, að þá hafi Svartur verið orðinn gamall, hættur að búa, og ekki ótrúlegt, að hann hafi þá verið orðinn heimilismaður á Skarði hjá Ólöfu. Upp frá því finst hans ekki getið.

Sonur Svarts skálds mun án efa vera Pétur sá Svartsson, er við var staddur og vitnar um viðskipti þeirra bræðra Þorleifs og Einars Björnssona, annars vegar, og Andrésar Guðmundssonar hins vegar, á Reykhólum 1483, 8. Janúar um veturinn þann, sem kallaður var virkisvetur[2]. Það hefir og verið skilið svo sem Indriði Svartsson, er opt kemur við bréf á árabilinu 1499—1513, jafnan á Reykhólum[3], mundi vera sonur Svarts skálds. En það er þó ekki eins víst, að mér sýnist nú. Það liggur fult svo nærri, að faðir Indriða sé Svartur Indriðason, sem getið er vestra á árunum 1438—1470, og einnig er við Reykhóla riðinn[4]. Bróðir hans mætti vera Hákon Indriðason, vel metinn maður í Dýrafirði eða Önundarfirði 1434—1452[5]. Gætu þeir verið dóttursynir Svarts Þorleifssonar á Reykhólum, og hver veit nema Indriði prestur kopar[6] hafi verið forfaðir þeirra.

Það fer að líkindum, að Svartur skáld hafi verið sagnamaður, úr því að hann var nokkurskonar heimilisskáld og skemtanarmaður á Skarði hjá Ólöfu Loptsdóttur. Skýrist nokkuð í sambandi við það og skilst, hvernig stendur á um handrit það að Huldarsögu, sem segist vera »skrifað upp eptir sögubók Svarts á Hofstöðum«[7].

Ekki þekkist nú annað af kveðskap Svarts en Skaufhalabálkur.

---

1) Dipl. Isl. VI, Nr. 109. 2) Dipl. Isl. VI, Nr. 416. 3) Dipl. Isl. VII, Nr. 440, 564; VIII, Nr. 310, 333, 335; sbr. registur X. bindis. 4) Dipl. Isl. V, Nr. 498. 5) Dipl. Isl. IV, Nr. 581; V, Nr. 89. 6) sbr. bls. 1—6. 7) Konrad Maurer: Weitere Mittheilungen über die Huldarsaga í Abhandl. d. k. bayer. Akademie der Wissensch. I. Cl. XX. II. Abth. bls. 305—306. — Arkiv f. nord. Filol. XV, 246.

Digitized by Google

Skaufalabálkur[1].

AM. 603. 4to bls. 81—82, rímnabók á skinni, komin frá Hóli í Hörðudal, skr. c. 1530 eða fyrri. — Rasks safn 87. 8vo. bls. 112—116, með hendi síra Einars Hálfdánarsonar á Kirkjubæjarklaustri (d. 1752). — Prentað hjá Eug. Kölbing í Beiträge, Halle 1876, bls. 242—245; hjá Guðbrandi Vigfússyni í Corpus poet. bor. II, 383—384, og hjá Jóni Þorkelssyni : Om digtningen på Isl., Khöfn 1888, bls. 229—235.

1. Hefir í grenjum[2]
gamall skaufali[3]
leingi búið[4]
hjá langhölu
Átt hafa þau sér
alls upp talda
átján sonu[5]
og eina dóttur.

2. Því voru nítján
niðjar skaufala,
hunds[6] jafningja,
heldr en tuttugu,
þar sannaðist [fyrða
fornmæli[7],
að opt verðr örgum
eins vant á tög[8].

3. Þá voru[9] burtu
börn skaufala
flest öll farin
úr föðurgarði,
þó voru eptir
þeim til fylgdar
þrír[10] yrmlingar
[og[11] þeirra dóttir.

4. Mælti gortanni[12]
við grenlægju:
Hvað skulum vinna
vær til þarfa?
Við erum orðin
veiklenduð[13] mjög,
hryggsnauð[14] harla
og [halar[15] rotnaðir[16].

5. Svarar grenlægja
gömul á móti:
Nú eru[17] á burtu
börn okkar roskin,
en þau ung,
sem eptir sitja,
og enn[18] ekki
á legg komin.

6. [19]Lítill er missir[20]
í mínum ungum,
[atvinnu[21] brestr
okkur bæði,

1) Refsbálkur 87. 2) grenlæginu 87. 3) melrakki 87. 4) verið 87. 5) syni 87. 6) hans 87. 7) [forn | fyrða mæli 87. 8) tug 87. 9) í, b. v. 87. 10) armastir 87. 11) [og ein 87. 12) goranti(!) 87, og skýrir það: gorganti(!). 13) veiklendut 603; veiklunduð 87. 14) [hrigg, snauð 87, 15) halir 603. 16) [halarotnaðir 87. 17) er 87. 18) eru 87. 19) 6. og 7. vísu vantar í 603, og er að eins í 87. 20) [Lítið er missur, hdr. 21) að vinna, hdr.

Digitized by Google

hafðir þú áður
hærri útvegur,
nægtir voru þá
og nógar vistir.

7. Sannast má það,
að sýnist þú gamall
og stirðfættr
að strjúka heiman
og matvæla[1]
mér að afla,
niðjum okkar
til nauðþurftar.

8. Þú munt heiman
halda verða
og afla bráða
til bús okkars,
væri það skárra
[í venju að leggja,
sem virðum má[2]
vestu[3] gegna.

9. Mælti þanninn
móðir drattala:
Matr er eigi[4] meiri
mér í höndum:
halrófu[5] bein
og hryggr úr lambi,
bógleggir þrír
og banakringla.

10. Svo er nú liðið,
segir[6] lágfóta,
loðbakr minn,
langt á tíma,
von er upp héðan
veðra harðra,
en að höndum kominn
haustþústr mikill.

11. Betra er nú
bráða að leita,
en þá fyrðar
fé sitt geyma,
liggja með brúnum
lömb hvervetna,
en á fjalli[7]
feitir sauðir.

12. Sá er nú tími,
segir rebbali[8],
sem seggir munu
að sauðum ganga;
víst er alstaðar
von upp[9] héðan,
mun á fjöllum nú
mannferð[10] mikil.

13. Vissa eg eigi
víst, segir tófa[11],
að þú huglaust
hjarta bærir.
Þú vilt, bölvaðr,
til bana svelta
afkvæmi þitt
og [okkur bæði[12].

14. Þú skalt ráða,
segir rebbali[13];

1) matvæli, hdr. 2) [87; væri það til | vinnu að leggja 603. 3) 87; vest 603. 4) ei 87. 5) hálsrót 87. 6) sagði 87. 7) fjöllum 87. 8) rebbhali 87. 9) 87; um 603. 10) -mergð 87. 11) tóa 87. 12) [okkar beggja 87. 13) rebbhali 87.

Digitized by Google

við mun eg leita
vista að afla;
þó hafa [nornir
þess[1] um mig spáð,
að mér gömlum
glæpast mundi.

15. Fór [heiman þá
fljótt dratthali[2]
og ætlar sér þá[3]
afla að fanga,
fann skjótlega[4]
fimtán sauði,
og einn af þeim
allvel feitan.

16. Það var geldingr
gambrlega stór,
grákollóttr,
gamall að aldri;
vendir skolli
víst að honum.
og með tönnum
tók [í lagða[5].

17. Svo lauk skiptum
skolla og sauðar,
að grákollur
gekk frá lífi;
bjóst drattali
burtu heim[6] þaðan,
hafði sauð feingið
sér til vista.

18. Nú skal segja
nokkuð fleira
frá ferðum hans
fyrst að sinni;
heim kom síðla
sauðbítr gamall,
svangr og sofinn
svo til grenja.

19. Kallar kámleitr
á konu sína,
heldr hvasseygðr
hunds jafningi:
Má eg segja þér
frá[7] [mínum ferðum[8]
heldr hraklega,
sem[9] mér hugr sagði.

20. Það var morgin[10]
þá eg heiman fór,
hafða eg feingið mér[11]
feitar bráðir,
[bundið bagga
og á bak mér lagðan[12],
hugðumst[13] heim flytja
hann til bygða.

21. Þá var mér litið
í lág eina,
hvar að háfættr maðr
hljóp kallandi,
fór með honum
ferlíki mikið

---

1) [þess | nornir 87. 2) dratthali | fljótt að heiman 87. 3) b. v. 57. 4) fljótlega 87. 5) [hann í lagðinn 87. 6) sl. 87. 7) af 87. 8) [ferðum mínum 87. 9) hvað 87. 10) í morgun 87. 11) sl. 87. 12) [batt eg mér bagga | og á bak mér lagði 87. 13) hugði 87.

Digitized by Google

kolsvart að[1] lit,
kenda eg hunza[2].

22. Rétti hann trýni[3],
en rekr upp sjónir,
og kendi[4] þegar,
hvar eg keifaða[5];
mér kom heldr í hug,
hvað hann [mundi vilja[6],
vatt eg af mér
vænni[7] byrði.

23. Hann tók á skeiði
skjótt [eptir mér[8],
skundar hvatlega[9]
og skrefaði stórum;
hljóp eg frálega
heldur undan,
leitaða eg við
lífi að forða.

24. Fóru[10] við leingi
um fjallshlíð eina
upp og ofan,
svo undrum gegndi;
hitta eg hamraskarð
og holu eina,
hlaut eg [í hana[11]
hræddr að smjúga.

25. Var gren[12] þetta
grjóti[13] um hvorfið,
mátti hundr þar[14]
hvergi inn komast;
gó hann grimmlega,
þó [gat hann[15] ekki,
garpr[16] ginmikill,
gripið mig tönnum.

26. Þar húkta eg,
þó mér ilt þætti,
heldr hundeygðr[17],
og hræddumst[18] dauða;
hljóp inn háfætti
fyrir holu munna,
hafði staf stóran,
og[19] stakk inn til mín.

27. Mér kom á síðu
mikill stafs endi[20],
mátta eg hvergi
[hlaupa undan[21];
þá brotnuðu
þrjóts[22] fyrir skapti
um þvert þunglega
þrjú[23] rifin í mér.

28. Víða er eg þó
[vorðinn mjög sárr[24]
stráks af stingjum
og stafs enda.
Hér kom þó [að lyktum[25]
að hann heim leitaði,

---

1) á 87. 2) hunzaa 603; hundsá 87. 3) trynr 603. 4) þekti 87, 608. 5) skrefaði 87. 6) [vildi 87. 7) borinni(!) 87. 8) [mér eptir 87. 9) skjótlega 87. 10) Fórum 87. 11) [inn þangað 87. 12) greni 87. 13) grjót 87. 14) sl. 87. 15) [87; hann gat 603. 16) grettr 87. 17) hvasseygðr 87. 18) hræddist 87. 19) sl. 87. 20) 87; endir 603. 21) [undan hlíða 603; undan hlaupa 87. 22) 87; þegns 603. 23) sl. 87. 24) [sárr orðinn 603; mjög sárr orðinn 87. 25) um síðir 87.

Digitized by Google

og hafði bagga minn
burt[1] gjörvallan

29. Svo hafa aldri,
síz eg leitaða við,
mér svo tekizt
mínar ferðir;
það er hugboð mitt,
að héðan mun eg eiga
skjótt skaplega
skamt ólifað[2].

30. Hef eg margan heldr
harðfeitan[3]
sauð snarlega[4]
sviptan lífi,
tínt kiðlinga,
en týnt lambgymbrum,
gripið geldinga
og gamalrollur.

31. Hef eg með ströndu
strokið[5] jafnlega,
og heima [jafnan
um hauga[6] snuðrað,
[bitið hef eg[7] álar[8],
belt klippingum,
rifið af þönum
rétt húð hverja.

32. Hef eg optlega
óþarfr verið
[bænda fólki
og[9] bygð þessi[10],
skoðað[11] jafnlega
skreið[12] í hjöllum,
[riklinga rár[13]
og rafabelti.

33. Hefi [eg hent[14] mér
hákalls lykkjur,
og höggið mér
hvinna snepla;
eiga mér allir[15],
ef eg [einskis dyl[16],
ýtar[17] optlega
ílt að launa.

34. Forðast vissa[18] eg
vélar gjörvallar,
þótt[19] fyrðar þær
fyrir mig setti;
þurfti eingi
þess að leita,
því að eg vissa
[vélar gjörvallar[20].

35. Fanst sá[21] eingi
fyrr né síðar
hundr[22] háfættr
né[23] hestr í bygðum,
að mig á hlaupi
hefði uppi;
var eg frárra dýr
en fiestöll önnur.

---

1) í burtu 87. 2) vísuna vantar i 87. 3) halafeitan 603. 4) sérlega 603. 5) strakið 603. 6) um hauga | jafnan 603, 87. 7) [etið 87. 8) ólar 87. 9) [bændum og 87. 10) þessari 87. 11) skaðað 87. 12) skrið 603. 13) [rikling allan 87. 14) [ihentað 603 15) ýtar 87. 16) [dyl einskis, hdrr. 17) allir 87. 18) kunna 603, 87. 19) þó að 87. 20) [voða allan 87. 21) þá 87. 22) maðr 87. 23) 87; eða 603.

Digitized by Google

36. Nú tekr elli
[at mér[1] sækja,
má eg alls[2] ekki
á mig treysta:
farinn fráleikr,
[fitskór troðnir[3],
tenn sljófgaðar
[og toppr[4] úr enni.

37. Mun eg til rekkju
reika verða,
mér tekr verkr
að vaxa í síðu;
svo hef eg ætlað,
sá mun[5] dagr [koma
mér yfir höfuð[6]
minn[7] enn síðasti.

38. Það hlægir[8] mig:
[þó mun hér[9] koma
úr [sætt minni[10]
annar verri,
hann mun mann[11] gera
[margan sauðlausan[12]
og aldri upp gefa
ílt að vinna[13].

39. Hann mun óþarfr
ýtum verða,
bændum og búum
um bygðir allar,
stela og ræna
stórum fé manna,
morðvargr meiri
en man eg í sveitum[14].

40. Mun eg nú linna
og láta af þessu,
vill hel sækja
hvern um síðir,
fer mér svo
sem flestum öðrum,
að dauði drepr
drótt og kindur[14].

41. Bjóst þá skolli
í ból sitt fara,
beit hann[15] helstingi
hart til bana.
Þar mun [hann verða
þjófr afgamall
líf að[16] láta[17]. —
Lokið er kvæði.

42. Hefr bálk þennan
og barngælur
sett og samið
Svartr á Hofstöðum[18]

---

1) [á mig 37. 2) sl. 87. 3) [fæturnar troðnar 87; „fitkar“ 608 (fyrir: fitskór). 4) [og tæpur(!) 87. 5) muni 87. 6) [koma yfir höfuð mér 87. 7) hinn 87. 8) kætir 87. 9) [að þó muni 87. 10) [ættinni 87. 11) menn 87. 12) [marga sauðlausa 87. 13) gera 87. 14) Báðar þessar vísur vantar í 603. 15) sl. 87. 16) Hér prýtur 603, og vantar niðurlag. 17) [er svo í 87: þjófur | mjög afgamall | líf hafa látið. 18) Í Grænlandssögu sinni (AM. 115. 8vo bl. 30a; Grönl. hist. Mindesm. I, 112) segir Björn á Skarðsá frá því, að Einar fóstri, skáld Björns Jórsalafara (d. 1415), hafi bæði ort Skíðarímu, „Skaufhalabálk og barngælur“, og endi bálkur sá svo:

Digitized by Google

mér til gamans,
en meinþurðar[1]
meingi ófróðu.
Mun eg nú þagna.

Hefr bálk þenna
og barngælur
ort ófimlegr
Einar fóstri.

Hafi Einar fóstri til verið, og hafi hann kveðið nokkurn Skaufhalabálk, þá hefir það verið annar bálkur en þessi. 1) mannþurðar, hdr. (87).

Digitized by Google

Skíðaríma.

Skíðaríma hefir leingi verið kunn hér á landi, og uppskriptir af henni hafa sjálfsagt fyrrum verið til margar og margháttaðar. Og svo er að sjá, að Árni Magnússon hafi haft undir höndum margar afskriptir af kvæði þessu, og má nærri því ætla, að hann hafi safnað að sér öllum þeim handritum af rímunni, sem hann fékk til náð, en það safn síðan brunnið, eins og fleira, sem líkt stóð á um, og hann hafði safnað, því að svo bregður nú kynlega við, að eingin afskript rímunnar er nú til frá dögum Árna, né frá því fyrir hans daga. Ekki er nú auðgetið upp á, hvað snemma menn hafi farið að skrifa rímuna upp, en Guðbrandur Vigfússon ætlar, að hún muni einhvern tíma hafa til verið rituð á skinn[1]). Að vísu sýnist svo sem elzta afskript rímunnar, er nú er kunnug, stafi frá gömlum rökum í safni Árna Magnússonar áður en það skarðaði fyrir eldum. Er það afskript Erlends Ólafssonar (AM. 1025. 4to) frá 1736, að ætla má, og í kjölfar hennar renna flestar aðrar afskriptir, að vísu stundum með margvíslegum orðamun, úrfellingum og innibótum, röskun erindaraðar og annars því um líks. Eptir þessum handritaflokki hefir ríma þessi verið gefin út allmörgum sinnum, án þess þó að handrit rímunnar hafi verið rannsökuð til hlítar í heild sinni, enda hefir það verið óhægt, því að handrit af rímunni hafa verið að smákoma fram alt til þessa. En til er annar flokkur handrita af rímunni, sem helzt hefir einkenni þess, að þar hafi ríman einhvern tíma í öndverðu verið rituð upp eptir því, sem menn kunnu hana utan að. Er sá flokkur styttri og fellir niður heila kafla í síðara hluta kvæðisins, en hefir hins vegar allmörg erindi, sem ekki standa í fyllra flokknum, og flest eru þess eðlis, að þau falla allvel við, þótt sum sé ónýt. Höfuðhandrit þessa flokks eru Landsbókasafn 1028. 8vo og 1587. 4to. Landsb. 1576. 8vo er fylst, og fer bil beggja á sjálfstæðan hátt, en sýnist einnig stafa frá uppskript eptir minni. Erindaröð er í þessum handritum nokkuð reikul, sömuleiðis afbakað, og þó altaf merkilegir lesbættir annað veifið.

Ríma þessi, sem ekki er ríma í eiginlegri merkingu, var fyrst gefin út í München 1869, af Konráði Maurer, eptir afskript Guðbrands Vigfússonar (frá 1862) af uppskript Erlends Ólafssonar. Fylgir þeirri útgáfu langur og merkur formáli, þar sem gerð er

1) Corpus poet. bor. II, 396.

Digitized by Google

rækileg grein fyrir því, af hverjum sögum og fornritum höfundur kvæðisins hefir kynning haft. Síðan gaf Theodor Wisén kvæði þetta út í Lundi í Carmina norræna, fyrst 1880, og síðan 1886—1889 (I, 100—112), en sú útgáfa þessa safns var að einhverju leyti endurprentuð með leiðréttingum 1893. Ekki sýnist Wisén hafa farið út í neina frekari handritarannsókn heldur en áður var gerð, en lagfæringartilraunir eru eptir hann í textanum á stöku stað. Sama er að segja um útgáfu Guðbrands Vigfússonar í Corpus poeticum boreale II, 396—407. En árið 1883 ritaði Finnur prófessor Jónsson »Um Skíðarímu«[1]), einkum um samanburð á texta hennar í útgáfum þeirra Maurers og Wiséns við handrit eitt af rímunni, sem hann hafði í höndum, og verið hefir samhljóða handriti því, sem nú er í Landsbókasafni 1160.8vo. Síðan hefir hann látið prenta rímuna í Rímnasafni því, sem Fornritafélagið gefur út[2]). Er þar gerður samanburður ýmsra handrita, og athugaðar allar þær afskriptir, sem til eru í Kaupmannahöfn, og ein þrjú handrit, sem nú eru hér á landi: JSig. 231. 4to, ÍBfél. Khd. 302. 8vo og 634. 8vo.

Þegar það sannaðist, nú fyrir 30—40 árum, að frásögn Björns á Skarðsá um Einar fóstra og Skaufhafabálk var markleysa ein, datt mér að vísu þá þegar í hug, að sama máli kynni og að vera að gegna um orð hans, þar sem hann eignar Einari fóstra Skíðarímu, og að bæði Skaufhalabálkur og ríman mundi í rauninni vera eptir Svart skáld á Hofstöðum. Þegar síðar tók að skýrast um Svart, bæði af fornbréfum og frásögnum Jóns lærða Guðmundssonar, setti það þó hik á mig að eigna Svarti rímuna, að Jón, sem annars vissi meira um Svart en allir aðrir sagnaritarar fyrri tíma, eignar hana Einari fóstra, eins og Björn á Skarðsá. Bæði af þessu og svo hinu, að ríman hefir verið svo opt og vandlega gefin út nú hin síðustu 50—60 árin, var ekki gert ráð fyrir því að prenta hana í þessu kvæðasafni, því að ólíklegt þótti, að miklar umbætur væri hægt að gera á fyrri útgáfunum, eða komast að vissari niðurstöðu en áður um upptök rímunnar. En nú síðan þau orð voru rituð, sem standa að niðurlagi á 153. bls. hér fyrir framan um það, hvað nú væri kunnugt mönnum af kvæðum Svarts, hefir komið fram freklega 100 ára gamalt handrit af rímunni, sem eignar þetta kvæði, að »sumir segja«, einmitt Svarti skáldi

1) Arkiv f. nord. Filologi II, 1885, bls. 136—148. 2) I. Kh. 1905—1912, bls. 10—40.

Digitized by Google

Ólofar Loptsddóttur[1]). Þess vegna verður nú ríman tekin hér til útgáfu og til meðferðar og athugunar rökin fyrir uppruna hennar, og einnig aðgætt öll handrit þau af rímunni, sem nú eru kunn og til hefir orðið náð, en þau eru þessi:

1. AM. 1025. 4to, með hendi Erlends sýslumanns Ólafssonar sem næst 1736 (sbr. AM. 913. 4to). Þar með fylgir latínuþýðing Jóns biskups Vídalíns, með framhaldi hennar eptir Erlend sýslumann sjálfan. Orðamunur er þar og athugasemdir við íslenzka textann með hendi Jóns Grunnvíkings, bróður Erlends sýslumanns.

2. Ny kgl. Saml. 1907. 4to í Konungsbókhlöðu í Khöfn, ritað eptir 1750.

3. Ny kgl. Saml. 1908. 4to, einnig frá 18. öld. Þar með fylgir og latneska þýðingin.

4. Ny kgl. Saml. 334. 8vo, með hendi Þorleifs Adeldals nálægt 1770.

5. Ny kgl. Saml. 338. 8vo, skrifað nálægt 1740. Þar með fylgir og latneska þýðingin.

Svo er að sjá sem Finnur prófessor Jónsson telji þessi handrit samstofna og hvert öðru náskylt.

6. Landsbókasafn 287. Fol. Rímnabók mikil, skrifuð á Ingjaldshóli, Grímsstöðum í Breiðavík og Asbjarnarhúsum í Ólafsvík á árunum 1759—1761 af Arna skáldi Böðvarssyni, Teiti Jónssyni og Jóni Sigurðssyni. Aptan við er hér Skíðaríma, rituð með hendi Boga Benediktssonar á Staðarfelli nálægt 1820, og þar með latneska þýðingin Jóns biskups Vídalíns með framhaldi Jóns stúdents Arnasonar. Sýnist ríman hér vera skrifuð eptir handriti Landsbókasafnsins 633. 4to. Rímnabók þessa fékk eg í Hrappsey í Júní 1894.

7. Landsbókasafn 633. 4to; er Skíðaríma hér á íslenzku og með latnesku þýðingunni þeirra Jóns biskups Vídalíns og Jóns Arnasonar, skrifuð nálægt 1750, að vísu eptir 1740, með tvennskonar hendi. Lítilsháttar orðamunur er hér og hvar, en textinn annars hinn almenni, eins og í AM. 1025. 4to. Þetta handrit er keypt til bókasafnsins 2. Janúar 1892 af Pétri Eggerz.

8. Landsbókasafn 1520. 4to. Latínuþýðingin Skíðarímu með hendi Hálfdanar skólameistara Einarssonar (d. 1785). Keypt úr dánarbúi Daníels prófasts Halldórssonar 13. Sept. 1909.

---

1) Á handrit þetta benti mér fyrst prófessor dr. Páll Eggert Ólason.

Digitized by Google

9. Landsbókasafn 1587. 4to. Kvæðabók með hendi Þorsteins Þorsteinssonar á Heiði í Sléttahlíð, skrifuð 1820. Er Skíðaríma hér á bls. 27—36, og er alls 169 erindi; er hér annars-flokks texti rímunnar, mjög af sömu gerð sem Landsbókasafn 1028. 8vo, en þó ekki bein afskript. Bók þessa hefir Valdimar ritstjóri Asmundarson (d. 1902) eignazt 30. Jan. 1896, og úr dánarbúi hans er hún keypt til bókasafnsins í Janúar 1911.

10. Landsbókasafn 1763. 4to. Afskript af Skíðarímu sem hinar almennu frá c. 1830—40. Aptan á stendur: »Skíðaríma, sem síra Jón Sveinsson á Mælifelli á«. Keypt af Steini Emilssyni prests á Kvíabekk 23. Okt. 1915.

11. Landsbókasafn 188.8vo. Afskript Skíðarímu sem hinar almennu frá c. 1830—40, með nokkrum orðamun með hendi Páls stúdents Pálssonar (d. 1877), meðal annars eptir Landsb. 1805. 8vo.

12. Landsbókasafn 366.8vo. Skíðaríma er hér rituð með settletursheudi frá hér um bil 1840—50 á að gizka. Textinn er hinn almenni. Þetta handrit er keypt til bókasafnsins 18. Apríl 1891 af Pétri Eggerz.

13. Landsbókasafn 1028.8vo. Hér er ríman bæði á íslenzku og latínu, rituð með hendi Jóns Egilssonar á Vatnshorni nálægt 1760. Er þetta elzta annars-flokks handrit rímunnar, og samkynja því er afskript Þorsteins á Heiði í Landsb. 1587.4to; öll skipun þessara afskripta er hin sama, erindatala svo sem eins, en leshættir opt nokkuð mismunandi. Bók þessa fékk eg 21. Maí 1894 hjá Bjarna Þorkelssyni í Ólafsvík, bróður mínum.

14. Landsbókasafn 1160.8vo. Bók að mestu leyti með hendi Guðmundar Hjartarsonar í Grjóta í Reykjavík (d. 1882), en fremsti hlutinn er þó með hendi Bjarna ættfræðings Guðmundssonar (d. 1893), ritaður milli 1870—1880; er á þeim hlutanum Skíðaríma. Texti rímunnar er hér af hinni almennu gerð, með nokkrum orðamun, opt með nokkru nýjabragði, sumstaðar þó svo, að til greina má taka. Stöku vísum er skotið inn í þessa afskript rímunnar, og eru sumar þeirra marklítið nýsmíði, eða þá úr öðrum gömlum rímum, svo sem úr Brönurímum fornu[1]. Ekki fæ eg betur séð í fljótu bragði, en að þessi afskript sé alveg samhljóða þeirri, sem Finnur prófessor Jónsson ritar um í Arkiv

1) Sbr. rit mitt Om digtn. p. Isl. Kh. 1888, bls. 309.

Digitized by Google

f. nord. Filol. II, 136—148. Bók þessa fékk eg 1882 eptir Guðmund Hjartarson andaðan.

15. Landsbókasafn 1163.8vo. Hér er Skíðaríma rituð með hendi Gísla Konráðssonar, á yngri árum að mér sýnist, ef þetta er hans hönd. Textinn er hinn venjulegi. Kver þetta fékk eg 8. Maí 1894, eptir Eirík prófast Kúld látinn.

16. Landsbókasafn 1348. 8vo. Hér er afskript af Skíðarímu rituð af Bjarna Jóhannessyni á Sellandi í Fnjóskadal (d. 1878) beint eptir Landsb. 1587. 4to. Er úr safni Jónatans Þorlákssonar á Þórðarstöðum.

17. Landsbókasafn 1576. 8vo. Brot af kvæðasafni rituðu um eða rétt fyrir eða eptir 1800, og er Skíðaríma fremst í safni þessu. Er ríman hér 211 erindi, og er þetta því fyllri afskript en nokkur önnur af rímu þessari. Leshættir eru hér margir frábrugðnir því, sem alment gerist í rímunni; að sumum þeirra er að vísu nýjabragð, en sumir eru leshættirnir merkilegir. Erindi eru hér og allmörg í rímunni, sem finnast annað hvort hvergi annars staðar eða þá að eins í annars-flokks afskriptunum. Flestar eru vísur þessar svo lagaðar, að þær geta eins vel verið gamlar sem seinni manna smíð. Um þetta og leshætti ýmsa stendur þessi afskript nærri Landsb. 1028. 8vo og 1587. 4to. En að niðurskipun eða röskun niðurskipunar svipar henni til sumra sæmilegra afskripta af almennu gerðinni, svo sem J. Sig. 231. 4to, 101. 8vo, og ÍBfél. Khd. 634. 8vo. Raskast röðin í þessum afskriptum einkum í síðasta fjórðungi rímunnar frá því, sem venjulegt er. Fyrirsögn rímunnar er hér: »Skíðaríma gamla meinast kveðin af« (ekkert nafn). En í efnisyfirliti framan við, rituðu með sömu hendi og bókin, stendur þetta: »Skíðaríma, kveðin af Sigurði fóstra, [sumir segja Svarti skáldi Ólafar hústrú«[1]) — Handrit þetta er komið til bókasafnsins 1910 frá Þorláki Bergsveinssyni í Rúfeyjum.

18. Landsbókasafn 1632. 8vo. Hér er afskript af Skíðarímu rituð í Eyjafirði 1824 af Hallgrími Gíslasyni. Afskript þessi er af sama tagi og Landsbókasafn 1160. 8vo og handrit það, sem Finnur prófessor Jónsson ritaði um í Arkiv. f. nord. Filol. II, 136—148; þó ekki samrit. Handrit þetta er komið til bókasafnsins 1911 úr dánarbúi Stefáns alþingismanns Jónssonar á teinsstöðum í Öxnadal (d. 1890).

---

1) [ritað með rauðu í handritinu; alt með einni hendi.

Digitized by Google

19. Landsbókasafn 1805. 8vo. Sá hluti þessa handrits, sem Skíðaríma er í, er skrifaður á árunum 1802—1806 af Halldóri Pálssyni á Ásbjarnarstöðum í Borgarfirði. Er afskript rímunnar hér af enni almennu gerð, en þeir leshættir, sem hér eru frábrugðnir, eru flestir með nýjabragði, og sé hér skotið inn stöku í rímuna, er ekki þekkist annarstaðar frá, missir þar ekki nýsmíðiskeimsins. Handrit þetta hefir Jón Borgfirðingur (d. 1912) eignazt 21. Dec. 1870, og á meðan það var í eigu hans hefir Páll Pálsson feingið það að láni (sbr. Lbs. 188. 8vo). Síðan hefir handrit þetta komizt í eigu Þorleifs prests Jónssonar á Skinnastöðum (d. 1911), og úr dánarbúi hans er það komið til bókasafnsins 24. Mai 1912.

20. ÍBfél. Khd. 389. 4to. Latneska þýðingin Skíðarímu eptir Jón biskup Vídalín í afskript frá 18. öld.

21. ÍBfél. Khd. 302. 8vo. Hér er afskript frá því á að gizka 1830—40 af Skíðarímu. Er textinn af þeirri algeingu gerð, en af betra taginu. Er afskript þessi komin til Bókmentafélagsins frá síra Benedikt Þórarinssyni í Heydölum 18. Okt. 1856.

22. ÍBfél. Khd. 634. 8vo, bók, sem nefnd er Þórkatla hin minni, rituð á árunum 1743—1747 af Þorkeli Jónssyni lögréttumanni á Hrauni í Grindavík (d. 1792). Nokkur blöð í bókinni eru endurnýjuð með hendi Odds Erlendssonar í Þúfu á Landi (d. 21. Dec. 1855), sem segist hafa látið binda bókina inn af nýju 1850. Efnisyfirlit er með hendi Páls Pálssonar. Skíðaríma er rituð hér 1745, og er textinn af almennu gerðinni þeirri, sem raskar nokkuð svo erinda röðinni í síðasta fjórðungi rímunnar. Bókin er til félagsins komin frá Jóni Borgfirðingi.

23. JSig. 231. 4to (bls. 403—427). Þetta handrit er ritað á að gizka nálægt 1760, og er höndin keimlík hendi Hálfdanar meistara Einarssonar, og held eg þetta hans hönd víst. Texti Skíðarímu er hér hinn algeingi, sá er raskar erindaröðinni í síðasta fjórðungi rímunnar. Hér fylgir og mynd af Þór og Skíða. Bók þessa fékk Jón Sigurðsson 14. Júlí 1859 hjá Runólfi M. Olsen á Þingeyrum, og hefir því nefnt hana Þingeyrabók.

24. JSig. 101. 8vo. Bók, sem skrifuð er á árabilinu 1777—1792 í Skálakoti undir Eyjafjöllum af Sighvati Einarssyni, sem þá var þar unglingsmaður, en síðan bjó í Skálakoti um langan aldur (f. 1760; d. 9. Ág. 1846). Afskript Skíðarímu er hér

Digitized by Google

mjög samskonar að gerð sem í ÍBfél. Khd. 634. 8vo og J. Sig. 231. 4to. Þessa bók hefir Jón Sigurðsson kallað Skálakver.

25. JSig. 475. 8vo. (Kvæðasafn Jóns Arnasonar A, VII, 157—171). Er hér afskript af Skíðarímu með hendi síra Sveinbjarnar Guðmundssonar (d. 1885), gerð beint »eptir handriti stúdents Páls Pálssonar á Stapa« (=Lbs. 188. 8vo).

26. Add. British Museum 11, 198. 4to. Latneska þýðingin af Skíðarímu í afskript frá 18. öld. Afskript af þessu handriti er í Landsbókasafni 1026. 4to með hendi Eiríks Magnússonar 1907.

27. Bibl. Bodl. Oxf. MSS Bor. 6. Fol. (FM). Kvæðasafn ritað nálægt 1770 fyrir Jón sýslumann Arnason á Ingjaldshóli (d. 1777). Er þar Skíðaríma á íslenzku og þar með fylgir latínska þýðingin. Íslenski textinn í þessu handriti er ókannaður.

Latínuþýðingar afskriptirnar geta aldrei um höfund rímunnar. En í afskriptum íslenzka textans eigna öll elztu handritin rímuna »Einari fóstra, sem var skáld Björns Jórsalafara«, og svo eru tvö frá 19. öld, sem þeim fylgja, en það eru þessi handrit: ÁM 1025. 4to; Ny kgl. Saml. 1907. 4to[1]), 1908. 4to, 334. 8vo; Landsbókasafn 287. Fol., 633. 4to, og skjóta bæði inn eptir »fóstra«: »al. Gilssyni«; Landsb. 1163. 8vo, 1805. 8vo; ÍBfél. Khd. 634. 8vo; JSig. 101. 8vo; Bibl. Bodl. MSS Bor. 6. Fol. Hin eru öll af yngra taginu, sem eigna »Sigurði (fóstra b. v. 1160, 1632, 302, 475; fóstra Þórðarsyni b. v. 231) skáldi Björns Jórsalafara« rímuna, en þau eru þessi: Landsb. 1763. 4to, 188. 8vo, 1160. 8vo, 1576. 8vo, — sem snýr því þó upp í Svart skáld, — 1632. 8vo.; ÍBfél. Khd. 302. 8vo (eignar þó fyrst Einari rímuna, en breytir því síðan); JSig. 231. 4to og 475. 8vo. — Handrit Landsbókasafnsins 366. 8vo. segir rímuna eignaða annaðhvort Sigurði fóstra eða Einari fóstra. Þau eiginlegu annars-flokks handrit (Landsb. 1587. 4to, 1028. 8vo, 1348. 8vo) eigna rímuna eingum.

Það er varla vafasamt, að eldri handritin taka það eptir Birni á Skarðsá að eigna Einari fóstra Skíðarímu. En lærðustu menn vorir á 18. öld miðri, sem rannsaka tóku um bókmentirnar, hafa fljótt rekið sig á það, að einginn maður þektist um daga Björns Jórsalafara, er gæti verið hinn sami og Einar fóstri, því að eingan veginn getur Einar fóstri verið sami maður og Einar lögmaður Gilsson, þótt mönnum hafi dottið það í hug. En auðvitað gat Einar fóstri

1) Þar ritar Hálfdan meistari við nafn Einars: „Skal være Sigurd“.

Digitized by Google

vel hafa verið á þessum tímum og kveðið Skíðarímu, þó að menn á síðari öldum vissi ekkert annað um hann en það. En þar hafa 18. aldar fræðimenn vorir ekki viljað láta við sitja, heldur viljað fá full deili á höfundi rímunnar, og þá hefir efni því snúið svo við, að höfundurinn varð Sigurður fóstri í staðinn Einars fóstra. Sú veiði hefir þeim, eptir öllu að dæma, borizt í hendur á þann hátt, sem nú verður sýnt.

Til er gömul ættatölubók, sem er að nokkru leyti eptir síra Sigurð Jónsson í Ögursþingum, samin 1664 að bón Brynjólfs biskups[1]). Er þar meðal annara ætta rakin »Mókollsætt eður Hagaætt«, að vísu rangt í framætt. En þar er »Sigurður fóstri Þórðarson« talinn faðir Filippusar í Haga, föður Gísla í Haga, sem dáinn er 1504, föður þeirra mörgu Hagasystkina. Af þessari bók hefir Jón Magnússon bróðir Árna án efa feingið kynning hjá Bjarna Péturssyni á Skarði, sem þá átti bókina, því að Jón tekur hið sama upp í ættatölubók sína, og vitnar til síra Sigurðar, en báðir telja þeir, að Þórður faðir Sigurðar fóstra Þórðarsonar, ættföður Hagafólks, sé sami maður og sá Þórður Sigurðsson, sem væri í fylgd með Þórði Sigmundssyni 1394 á m ó t i Birni Einarssyni Jórsalafara[2]). Er það reyndar rangt, en þar með var maður fundinn með f ó s t r a-nafninu, sem að nokkru leyti náði í það að vera samtíða Birni Einarssyni. Ættatölubók Jóns Magnússonar hefir Hálfdan skólameistari Einarsson kynzt á Kaupmannahafnarárum sínum (1750—1755), því að sú bók er til í safni Arna Magnússonar[3]), og þar hefir hann feingið þessi deili á Sigurði »fóstra« að vita. Hefir hann trúað því, að þar væri sá rétti höfundur Skíðarímu fundinn, og er Hálfdan meistari sá fyrsti maður, sem eignar Sigurði fóstra rímuna. Á þessum árum hefir hann ritað það inn í afskript rímunnar í Ny kgl. Saml. 1907 4to í Konungsbókhlöðu í Khöfn[4]). Síðan hefir hann skýlaust sett það í fyrirsögn rímunnar í afskript sinni (JSig. 231. 4to). Þá hefir Finnur biskup tekið það upp í Kirkjusögu sína, sennilega eptir Hálfdani, því að biskup fékk mikið af þessháttar fróðleik hjá honum í Kirkjusöguna. Sjálfur tók Hálfdan það síðan upp í Bókmentasögu (Sciagraphia) sína 1777, og nefnir hann Sigurð fóstra Þórðarson þar berum orðum skáld Björns Jórsalafara. Eptir

1) Afskript af þessari bók frá 1681 er nú í eigu Hannesar skjalavarðar Þorsteinssonar, en á 18. öld hefir hún verið í eigu Bjarna Péturssonar á Skarði. 2) Sjá J. Þ. Om Digtn. p. Isl. bls. 225. 3) AM 433. 4to. 4) Sjá neðanmálsgr. á bls. 167.

Digitized by Google

Hálfdani og Finni biskupi hafa aðrir síðan tekið það hugsunarlítið, bæði Jón Espólín, Hallgrímur Jónsson djákni, Einar Bjarnason (nefnir þó báða, Einar fóstra og Sigurð fóstra) og síðari afskrifarar rímunnar[1]). Sjálfur lét eg þar við sitja, þegar eg skildist við þetta mál 1888[2]).

En eptir því, sem síðan hafa komið fram gögn fyrri tímanna, er ekki hægt að fá nein rök eða líkindi fyrir þessu. Ekki finst það heldur í neinum öruggum heimildum, að Sigurður Þórðarson í Haga, sem dáið sýnist hafa gamall 1448, eða litlu fyrri, hafi nokkurn tíma verið nefndur »fóstri«, og einginn samtíðarmaður Björns Jórsalafara, sem nú þekkist, er líklegur til að hafa kveðið Skíðarímu. Að Sigurður »fóstri« Þórðarson sé höfundur Skíðarímu ætla eg því nú, að sé mannasetningar síðari tíma og markleysa.

Til var á dögum þeirra Jóns Guðmundssonar lærða, Arngríms officialis lærða Jónssonar og Björns á Skarðsá ferðabók Björns, sem þeir nefna J ó r s a l a f a r a, og konu hans, er þeir nefna allir Ó l o f u, og slíkt hið sama gerir Guðmundur Andrésson. Sagði í þeirri ferðabók frá hrakningi þeirra hjóna til Grænlands og vist þeirra þar í landi, og tilfæra þeir eptir ferðabókinni frásagnir um það efni[3]). Bók þessa kveðst Jón hafa séð í æsku norður á Ströndum hjá föður sínum, eða sem næst á árunum 1584—90. Segir Björn á Skarðsá, að í þessari för, þegar þau Björn »Jórsalafari« og »Ólöf« urðu sæhafa til Grænlands, hafi með þeim verið »Einar fóstri, skáld hans og skemtunarmaður«, og segir hann, að »fróðir menn« segi, að Einar hafi ort Skíðarímu »einn tíma, sem honum bar að skemta«. Jón Guðmundsson segir og[4]), að Einar fóstri hafi verið skáld Björns Einarssonar, er Jón nefnir Patreksfjarðar-Björn, en kendan Jórsalafara, og hafi Einar kveðið Skíðarímu, en ekki setur hann rímuna skýlaust í samband við ferð þessa.

Utanfara Björns Jórsalafara er opt getið í annálum, en ekki er þar þess minzt, að hann hafi rekið til Grænlands, nema einu sinni, en það var árið 1385, og rak þá fleiri skip af Íslandi til Grænlands; dvaldi Björn og þeir félagar á Grænlandi í tvö ár, og komu aptur til Íslands 1387[5]). Ekki geta annálar konu Björns að neinu í þessari för, sem geta má þó nærri að sagt hefði verið frá, ef hún hefði í förinni verið. Vita annálar þó góð skil á henni.

1) Sjá J. Þ. Om digtn. p. Isl. bls. 212—214. 2) Sama rit bls. 227. 3) Allar þessa frásagnir eru prentaðar í Dipl. Isl. III, 433—439. 4) Safn III, 712. 5) Gottskálksannáll, Flateyjarannáll. Sbr. Dipl. Isl. III. 433.

Digitized by Google

Ekki getur Björgynjardómurinn frá 20. Maí 1389, um veru og viðskipti Björns og félaga hans á Grænlandi 1385—1387, heldur með einu orði um það, að kona Björns hafi verið í þeirri för.[1] Hins vegar getur Nýiannáll utanfarar þeirra hjóna beggja Björns og »hústrú Solveigar Þorsteinsdóttur í Vatnsfirði« 1401, og er þar ekki vikið að neinum hrakningi í þeirri ferð, heldur hinu, að »kom hún fram með heilu og höldnu«. En skip það, er þau fóru á, lét Björn »byggja að helmingi við kirkjuna í Skálholti«. Enn segir Nýiannáll frá utanför þeirra hjóna Björns og Solveigar 1406; fóru þau þá alt út til Jórsala, og er ekki getið um, að neitt hafi hlekkzt á í för þeirra. Fleiri utanfara þeirra saman er ekki getið; hefir þau því aldrei hrakið saman til Grænlands Björn Einarsson Jórsalafara og Solveigu Þorsteinsdóttur konu hans. »Reisubókarkorn« það, er þeir höfðu kynning af Jón lærði, Arngrímur lærði og Björn á Skarðsá, og sagði frá hrakningi þeirra hjóna Björns og Ólöfar til Grænlands og veturvist þeirra þar í landi, getur því ekki hafa verið ferðasaga Björns Einarssonar Jórsalafara og Solveigar konu hans, heldur hlýtur það að hafa verið frásögn um hrakning Björns Þorleifssonar og Ólöfar Loptsdóttur konu hans til Grænlands, og um dvöl þeirra þar í landi, nær 60 vetrum síðar en Björn Einarsson varð sæhafa þangað.[2] Um Grænlandshrakning Björns Þorleifssonar og Ólöfar segir síra Jón Egilsson 1605 svo frá:[3] »Nú vil eg nokkuð segja af þeim. Þau sigldu opt. En svo bar til einu sinni, að þau urðu skipre(i)ka hjá Grænlandi, því þau feingu hafvillur. Þar drukknaði hver maður, utan þau tvö. Þar kom að tröllkarl og kerling; hann batt tvær stikur klæðis um höfuð honum, en hún, iij stikur lérepts batt hún um hennar höfuð. Þau höfðu stóra meisa á herðum, og setti hvort fyrir sig: Hann setti hann í meisinn, en hún hana, og báru þau svo leingi, þar til þau komu að einum túngarði; þau voru þá

1) Dipl. Isl. III, Nr. 367. 2) Einungis skírnarnöfn hjónanna: Björn og Ólöf, hafa staðið í reisubókarkorninu, og að sjálfsögðu ekki staðið „Jórsalafari“ þar. Það eru að eins hugsmíðar eða skýring þeirra góðu manna Jóns, Arngríms og Björns á Skarðsá um það, við hvaða Björn reisubókarkornið eigi, en þeir hafa ekki vitað um rétt nafn á konu Vatnsfjarðar-Björns. Kemur það berlega fram hjá Jóni: „Hans hústrú var Ólöf, en Skarðs-Ólöf, hústrú Björns Þorleifssonar, hin ríka, var Loptsdóttir“ (Dipl. Isl. III, 435). 3) Safn til sögu Isl. I, 58; GrhM. III, 469.

Digitized by Google

komin til Garða, hver að sagður er biskupsstóll á Grænlandi, og voru svo þar um veturinn; — rétta leið hingað, þá skal sigla 12 vikur fyrir sunnan Reykjanes; — um vorið eptir[1]) komu þau út til Íslands«.

Finnur Magnússon, sem mart hefir skilið betur i fræðum vorum heldur en síðari tímar hafa munað honum það, ályktar af hinu merkilega páfabréfi frá 20. Sept. 1448, að tilburður þessi gæti hafa orðið nálægt 1445—1446[2]). Þá voru gögn vor frá þessum tímum ekki komin fram, en merkilega er hér nærri réttu stefnt. Björn Þorleifsson hverfur alveg úr bréfagerðum hér á landi frá 6. Apríl 1444—8. Okt. 1447[3]). Þann tíma má ætla, að hann hafi verið í utanför þeirri, er hann hrakti til Grænlands. Er nærri einsætt, að hann og kona hans hafi verið á Grænlandi veturinn 1446—1447, og er varla oðjarft að álykta, að þau hafi þá um vorið flutt með sér umkvörtunarbréf Grænlendinga til páfa, og komið því áleiðis, er leiddi af sér páfabréfið frá 20. Sept. 1448, sem skipar Skálholts og Hólabiskupum að sjá Grænlendingum fyrir prestum og biskupi, því að á Grænlandi hafi þá verið biskupslaust í 30 ár.

Þegar að er gáð, kemur frásögn síra Jóns Egilssonar að efni til, með öðrum flutningi að vísu, alveg furðanlega, það sem hún nær, saman við frásögnina eptir »reisubókarkorninu«, einkum eins og það er hjá Birni á Skarðsá, nema hvað Björn segir framar. Tröllkarlinn og tröllkerlingin (eskimóarnir) eru í sögnum beggja; í frásögn síra Jóns hjálpa þau Birni og Ólöfu, en eptir sögn Björns á Skarðsá hjálpaði Björn þeim, og þjónuðu tröllin síðan Birni og Ólöfu, og fóru sér sjálf af harmi, er þau máttu eigi fylgjast með þeim úr landi. Björn á Skarðsá lætur þau Björn og Ólöfu vera að koma úr síðustu Jórsalaför, og hafa auðgað Vatnsfjarðarkirkju að »historium heilagra, með helgum dómum, er hann með sér út flutti«, — enginn veit hvað langt í löndin út þau Björn og Ólöf kunna að hafa farið, Vatnsfjörður kom þeim mikið við, og það er ósagt, að Björn Þorleifsson hafi kært sig um að verða miklu óvíðförulli en afi hans —, og »í þeirri Jórsalaferð«, »þá er hann var leingst teptur á Grænlandi fyrir sakir hafísa«, hafi Björn úti í löndum mist af sér alla sveina á einni nóttu og húsfrúin Ólöf allar þjónustuþernur »sitt í hvorri næturgisting, og sá þó, leynilega, hversu þær voru líflátnar og á háls skornar«. Í þessari för segir Björn á Skarðsá,

1) Viðbót Odds biskups. 2) Dipl. Isl. IV, Nr. 776; GrhM III, 165—176, 469—470. 3) Dipl. Isl. V, Nr. 23.

Digitized by Google

að »Einar fóstri« hafi verið með Birni, »skáld hans og skemtunarmaður«, og ætti hann þá að hafa lent í niðurskurðinum. Björn segir reyndar, að þau hjón hafi fundizt aptur og eflzt »að fylgd og fé«, en sú fylgd hefir þó hlotið að vera mest útlendir menn. Hér er sögn síra Jóns sú, að allir menn hafi af þeim drukknað við Grænland, en báðum ber þeim saman um það, að fólk sitt alt hafi þau mist í þessari ferð.

Það er alveg fráleitt, að frásögn Björns á Skarðsá geti hér átt við seinustu Jórsalaför Björns Einarssonar og »Ólöfar« konu hans 1406, því að Nýiannáll, sem skýrir allmikið einmitt frá þessari ferð, getur ekki með einu orði um, að þau hafi þá hrakið til Grænlands, né að þau í heild sinni hafi lent í neinum hrakningum. En sama ár (1406) skýrir annállinn greinilega frá því, að þá hafi Þorstein Helmingsson, Snorra Torfason og Þorgrím Sölvason með öðrum fleirum, á leið frá Noregi til Íslands, rekið til Grænlands, og annállinn sleppir ekki frásögninni um þá fyrri en þeir, eptir fjögur ár 1410, komast frá Grænlandi til Noregs, og síðan til Íslands 1413. Geta má því nærri, hvort annállinn hefði látið þess ógetið, ef Björn Einarsson og kona hans hefði á þessum árum lent í samskonar hrakningi. Öll frásögn Björns á Skarðsá lýtur því hér að Birni Þorleifssyni og Ólöfu, svo ferleg sem hún er.

Þeim ber báðum saman um það, Jóni Guðmundssyni og Birni á Skarðsá — Guðmundur Andrésson byggir á Birni, — að þá hafi gamall prestur haldið biskupsstólinn í Görðum og vígt öllum biskupsvígslum, þegar Björn og »Ólöf« voru í Grænlandi. En því bætir Björn á Skarðsá við, sem Jón nefnir ekki, að »þá var biskupinn í Görðum í Einarsfirði nýandaður«[1]. Hætt er við að, Björn hafi bætt þessu við fyrir fróðleiks sökum, því að af annálum, sem greinir hér þó á, gat hann séð það, að Álfur Garðabiskup andaðist á árabilinu 1377—1383, og kom það vel heim við það, að Björn Einarsson rak til Grænlands 1385. Björn á Skarðsá er að rita sögu Grænlands, og vill gera hana sem fróðlegasta og bæta hverja sögnina upp með annari, en er ekki að þræða orð reisubókarinnar frekara en hentar, né að forðast að fara út fyrir hana. Er þetta því sjálfsögð viðbót frá sjálfum honum.

Þegar Björn Þorleifsson var á Grænlandi 1446—1447, hafði að vísu verið þar biskupslaust í 30 ár, eptir páfabréfinu 20. Sept. 1448. Reyndar höfðu jafnan verið vígðir biskupar til Garða lát-

1) Dipl. Isl. III, 435—436; Safn til s. Ísl. III, 712.

Digitized by Google

laust, þegar stóllinn losnaði, en tæplega verður sannað, að nokkur þeirra hafi til Grænlands komið eptir Álf andaðan, nema ef ráða mætti það af nefndu páfabréfi, að biskup hefði verið þar um hríð fram að 1417 eða 1418. Og 1492 er svo sagt, að ekki hafi verið vígð hostia á Grænlandi þá í meira en 100 ár. Á árabilinu 1440—1450 er Gregorius biskup Grænlendinga, en aldrei kom hann til Grænlands fremur en margir fyrirrennarar hans[1], svo að Grænlendingar höfðu ekkert af neinum biskupum að segja. Það getur því samrýmzt vel við réttan og óaukinn texta »reisubókarkornsins«, að öll eigi frásögn þess við Björn Þorleifsson og Ólöfu Loptsdóttur. Frásögn þeirra Jóns Guðmundssonar, Arngríms og Björns á Skarðsá um það, að Grænlendingar hafi veitt Birni Eiríksfjarðarsýslu meðan hann dvaldi þar í landi, getur út af fyrir sig átt við hvorn, sem vera vill, Björn Einarsson eða Björn Þorleifsson.

En svo kemur það, sem rekur smiðshöggið á, og sýnir að frásaga »reisubókarkornsins« h l ý t u r að eiga við Björn Þorleifsson og Ólöfu Loptsdóttur, en það er ættartala Jóns Guðmundsonar lærða. Þegar eg athugaði þetta efni nokkuð 1891[2], voru bréfagerðir 15. aldar ekki rannsakaðar til hlítar; fór eg því þá nokkuð varlega í þessa ættartölu. Þá var ekki heldur komin fram ritgerð Jóns »Um ættir og slekti«, er Hannes skjalavörður Þorsteinsson gaf út 1902,[3] þar sem hann af ættliðunum leiðir rök að því, að ferðabókin hljóti að skýra frá Grænlandsvist Björns Þorleifssonar, en ekki Björns Einarssonar[4]. Reynist niðurstaða hans merkilega samkvæm skjölum, sem síðan eru framkomin. Ber þeim saman um það báðum, Jóni Guðmundssyni og Birni á Skarðsá, að rekið hafi við Grænland, meðan Björn var þar, steypireyði með merktu skoti Ólafs bónda í Æðey í Ísafirði, og hafi Björn náð af henni skotmannshlut. En dóttir Ólafs segir Jón, að hafi verið Guðrún »móðir Þormóðar Salómonssonar, míns langafa« »sem mín ættarbréf sýna«. En föðurætt sína í karllegg rekur Jón til Auðunar hyrnu Salomonssonar á Hvanneyri, og verða ættliðirnir svona:[5]

1. Auðun hyrna Salomonsson á Hvanneyri, kemur við bréf á árunum 1409—1431.
2. Magnús Auðunarson í Deildartungu, 2. Ólafur í Æðey.

---

1) Biskupatal Kolsruds, bls. 285. 2) Dipl. Isl. III. 433—440. 3) Safn til sögu Íslands III, 701—728. 4) Safn III, 711—712. 5) Sbr. Safn III, 728.

Digitized by Google

fæddur skömmu eptir 1400. Féll á Ófriðarstöðum litlu fyrir 1460.

3. Salomon prestur Magnússon, kemur sem prestur við bréf á árabilinu 1461—1518, og er þá lífs; getur varla verið fæddur fyrri en nálægt 1435. = 3. Guðrún Ólafsdóttir úr Æðey, varla fædd fyrri en um 1440.
4. Þormóður Salomonsson, fæddur um 1470—80; kemur við bréf 1537.
5. Hákon Þormóðsson, fæddur nálægt 1515; d. 1597.
6. Guðmundur Hákonarson, fæddur um 1545; d. 1597.
7. Jón Guðmundsson, fæddur 1574.

Af þessu er auðsætt, að Ólafur í Æðey hefir verið samtíðarmaður Björns Þorleifssonar, sem ekki er fæddur fyrri en 1406, og Ólafur sjálfsagt ekki miklu fyrri.

Sé Skíðaríma því kveðin af skáldi Björns þess, er »reisubókarkorniðc skýrir frá, færist aldur hennar niður um nær 60 ára, eða hvað sem frekara kynni að reynast, og er hún því frá dögum Björns Þorleifssonar og Ólöfar Loptsdóttur. Orð Björns á Skarðsá og Jóns Guðmundsonar hafa hér ekki heldur getað kaffært þá sögn svo, er heimfærði rímuna þangað, að ekki kæmi hún upp við og við. Eru um það efni eptirtakanleg orð Erlends sýslumanns Ólafssonar, er hann ritar Hans Gram í Febrúar 1736[1]. Þar segir hann meðal annars svo: »En fyrirsögn kvæðisins sýnir, að höfundur þess hafi verið Einar fóstri, skáld Björns Þorleifssonar, er var íslenzkur maður riddarastéttar, alment nefndur Jórsalafari. Segja annálar Íslendinga því næst frá því, að hann hafi orðið hirðstjóri konungs sunnan og vestan á Íslandi árið 1457, og að Englendingar, sem ráku kaupskap á Íslandi í verzlunarstaðnum Rifi vestur í Snæfellsness-sýslu, hafi vegið hann árið 1467. Næsta ár, 1468, tókst Ólöf ekkja Björns Jórsalafara, sem reka vildi þessara harma sinna, ferð á hendur til Danmerkur, til þess að kæra Englendinga frammi fyrir Kristjáni konungi um víg það, er þeir höfðu unnið. Gerðist af því efni,

1) AM. 913. 4to. Bréf þetta er á latínu, og er langur kafli úr því prentaður í riti mínu Om digtn. p. Isl. Kh. 1888, bls. 217. Hefi eg þýtt hér á íslenzku þann kafla, er sérstaklega snertir þetta efni.

Digitized by Google

eptir því, sem annálar segja, fimm ára ósátt milli Dana og Englendinga, og eitt kaupskip Einglendinga tóku Danir á sama ári hér í Goðnarflóa. En þegar hún á sama ári kostaði að komast til Íslands, hrepti hún úfinn sjó, og velkti hana leingi í hafvillum. Er þá sagt, að Einar, er fyrrum var skáld bónda hennar, hafi verið í för með henni, og hafi hann þá ort kvæði þetta, eða draum Skíða, til dægrastyttingar og hughreystingar«.

Sögnin sú, að Einar fóstri hafi kveðið Skíðarímu, er hér hjá Erlendi vitanlega tekin eptir Jóni Guðmundssyni og Birni á Skarðsá, en hitt er sjálfstæð sögn, að Einar hafi verið skáld Björns Þorleifssonar og Ólöfar. Að Björn Þorleifsson er hér kallaður Jórsalafari, getur bæði komið af því, að sögn hafi verið um það, að Björn og Ólöf hafi í raun og veru farið til Jórsala, og í annan stað af greinarleysi manna á 17. og 18. öld á þeim nöfnum Birni Einarssyni og Birni Þorleifssyni. Sú sögn er og ný, og hvergi þekt annarsstaðar frá, og líklega marklítil, að Ólöf hafi 1468 farið til Danmerkur til þess að kæra víg Björns fyrir konungi, og þá hafi Einar fóstri verið í för hennar, og þá kveðið Skíðarímu. En alt festir þetta rímuna við Skarð á Skarðsströnd og tíma þeirra hjóna Björns Þorleifssonar og Ólöfar Loptsdóttur. En það, sem festir rímuna mest við Skarð, er ríman sjálf.

Væri Skíðaríma eptir heimilisskáld þeirra Björns Einarssonar og Solveigar Þorsteinsdóttur, mundi eitthvað hafa bólað þar á heimkynni þeirra í Vatnsfirði og á vesturhéruðum, en þangað bendir hvergi í rímunni. Skarð kom þeim ekkert við, en á þeim slóðum á ríman sýnilega upptök sín, og kveikt er hún auðsjáanlega á frásögn Sturlungu um umhleypinginn, sem gekk milli Þorleifs beiskalda og Sturlu í Hvammi.[1] En ríman bætir þar við Þorgilsi Oddasyni á Staðarhóli, og lætur hann hafa búið þar samtíða því, sem Þorleifur bjó í Hítardal og Sturla í Hvammi. Þorgils Oddason lét af búnaði á Staðarhóli 1150, og fór þá að Þingeyrum, og andaðist þar 1151.[2] Sturla bjó fyrst undir Felli á Meðalfellsströnd, og gerði ekki bú í Hvammi fyrri en 1150, sama ár og Þorgils fór að Þingeyrum. Þorleifur beiskaldi andaðist árið 1200, en ekki er hans beint getið sem bónda í Hítardal fyrri en um 1159.[3] Þó kann hann þá að hafa verið farinn að búa þar fyrir nokkru. Þegar Magnús biskup Einarsson, og með honum fjöldi manna, brann inni

1) Sturl. Oxf. I, 69; Kålundsútg. I, 95—96. 2) Sturl. Oxf. I, 45; Kål. I, 60. 3) Sturl. Oxf. I, 50; Kål. I, 67—68.

Digitized by Google

í Hítardal 30. Sept. 1148, getur hvorki Hungurvaka (Bps. I, 78—79) né Gottskálksannáll, sem segir allra annála greinilegast frá þessum atburði, þess að neinu, hver þá hafi búið í Hítardal. En Sturlunga leggur Hvamms-Sturlu þau orð í munn, að Þorleifur hafi »jafnan stórræði fyrir hendi, þótt ekki mætti við þat jafnaz, er hann brendi inni Magnús biskup í Hítardal, en var sjálfr dreginn grátandi ór eldinum« (Sturl. Kål. I, 94; Oxf. I, 68). Er af því að merkja, að sá, sem ritað hefir Sturlu sögu, hafi þózt vita, að þá hafi Þorleifur beiskaldi verið farinn að búa í Hítardal. En þá hefir Sturla að vísu búið undir Felli, en ekki í Hvammi. Er því tímatal rímunnar í tæpasta máta. En kunnugleika rímuhöfundarins um Dalasýslu og fjallveg þaðan til Hítardals telja þeir öruggan, sem til þekkja. Lýður sá, sem fyrir var í Valhöll, þegar Skíði kom þangað, er alt annaðhvort goðin sjálf og þeirra lið, eða þá goðsagna, reyfarasagna og riddarasagna fólk, nema einn maður, en það er Geirmundur heljarskinn, sem fyrstur nam land að Skarði og fyrstur setti þar bæ (að Geirmundarstöðum), enda leggur hann Skíða fyrstur allra lið í Valhöll. Höfundur rímunnar er merkilega fróður í fornum sögum, og hlýtur að hafa átt geingt að auðugu bókasafni. Sambýður það alt Skarði. Skarðverjar gömlu höfðu verið leingi, mann frá manni, friðsamir búhöldar og fræðimenn. Sá eiginlegi ofstopi sezt fyrst í öndvegi á Skarði með Birni Þorleifssyni. Hvergi hefir á 15. öld verið þvílíkt bóka og fræðasafn á Íslandi sem á Skarði, nema á sjálfum biskupsstólunum og sumum klaustranna.

Af Sturlungu hafa á miðöldunum aldrei verið til margar uppskriptir í þvílíku gervi, sem vér nú þekkjum hana, og ekki vita menn til fleiri en tveggja skinnbóka af henni að segja.[1] En hafi Þórður lögmaður Narfason á Skarði (d. 1308) sett Sturlungu í þá heild, sem hún hefir nú, eins og menn hafa ætlað, þá er ekki að spyrja að því, að höfuðbókin að henni átti að vera einmitt á Skarði á 14. og 15. öld. Annarsstaðar var Sturlungu ekki að vænta á þeim tímum, nema þá í Helgafellsklaustri síðan á dögum Þorsteins ábóta Snorrasonar (1345—1353), sem sína Sturlungubók hefir að sjálfsögðu ritað eptir Sturlungubókinni á Skarði, er hann hefir

1) Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar 1461 er talin meðal bóka í Möðruvallaklaustri „Íslendinga saga vond“ (Dipl. Isl. V, bls. 290). Hvort það á að merkja Sturlungu eða eitthvað annað, skal látið hér ósagt.

Digitized by Google

feingið léða hjá Ormi lögmanni Snorrasyni. Vitund höfundar Skíðarímu um Sturlungu vísar honum með öðru fleira heldur en ekki til kynnis á Skarði.

Jón Hákonarson í Víðidalstungu lét, sem kunnugt er, rita Flateyjarbók skömmu fyrir lok 14. aldar. Niðjar Jóns mönnuðust lítt til langframa. Jón var bróðir Guðnýjar föðurmóður Björns Þorleifssonar á Skarði. Til Björns, sem varð höfuð ættarinnar, hafa því horfið gripir Jóns og gersemar, og hjá Birni á Skarði er Flateyjarbókar að leita á 15. öld, og á þeirri tíð var bókin aukin að sögu Magnúsar konungs góða og Haralds sögu harðráða. Síðan var bók þessi í eigu niðja Björns alt fram undir miðja 17. öld, að Brynjólfur biskup eignaðist hana. Þegar að er gáð, er jafnvel ekki fjarri því, að sjálf Flateyjarbók bendi til þess, að Skíðaríma muni upp runnin á Skarði eða þar í grend.[1] Að vísu kemur skreppulýsingin þar í þætti Sneglu-Halla í sögu Haralds harðráða merkilega saman við lýsinguna á skreppu og dóti Skíða hér í 10. erindi rímunnar:

Skreppu átti hann Skíði sér
og skónál harla prúða,
þ a r m e ð enn, sem int er mér,
a l l a n s k r e p p u s k r ú ð a.

Í Flateyjarbók stendur svo, að Halli lýsir því, að sér sé »horfin hein ok heina s m j ö r,[2] [nál ok[2] skreppa, ok þ a r m e ð a l l u r s k r e p p u s k r ú ð i«. Hér tekur því ríman orðrétt upp úr Flateyjarbók einmitt þau orðin, sem hvergi standa annars staðar í fornum bókum. Í staðinn fyrir orðin »þar með allur skreppuskrúði«, sem er í Flateyjarbók einni, stendur í Morkinskinnu og Huldu »alt s k j ó ð u skrúð«. Í Hrokkinskinnu er þetta afbakað í »öll s k j ó ð u skurð«, en hvað um það, þar stendur »skjóðu« en ekki »skreppu«, eins og í Flateyjarbók og rímunni. Þá er »smjörið«, sem Flateyjarbók og ríman einar hafa, og er það heldur en ekki efnisatriði í rímunni; hefði þó höfundi rímunnar getað orð-

1) Athygli mína á þessu vakti Sigurður prófessor Nordal.

2) Í Morkinskinnu (Chria 1867, bls. 100), Huldu og Hrokkinskinnu (Fms. VI, 374) stendur hér: heinars u f l. 3) [Mork., Hulda, Hrokk.; er óvart fallið úr í útgáfu Flateyjarbókar (III, 425), eða þá úr skinnbókinni sjálfri, þótt staðið hafi það í því, sem hún var rituð eptir á Skarði á 15. öld. Þó mun þetta ekki vera útgáfunni að kenna, því að þetta vantar eins í aðrar útgáfur, sem stafa frá Flateyjarbók (Sex sögupættir Rvík 1855, bls. 37; Fjörutíu Íslendingaþættir, Rvík 1904 bls. 298).

Digitized by Google

ið alveg eins hentugt yrkisefni úr »suflinu«, sem stendur í Morkinskinnu, Huldu og Hrokkinskinnu, ef sá texti hefði fyrir honum legið. Höfundur rímunnar hlýtur því nærri því að hafa haft fyrir sér annaðhvort sjálfa Flateyjarbók eða þá þá bók, sem Haralds saga harðráða var rituð eptir á Skarði á 15. öld og færð inn í Flateyjarbók.

En hver er þá höfundur rímunnar? Jón Guðmundsson segir, að það sé Einar fóstri[1], og Björn á Skarðsá hefir hið sama eptir fróðum mönnum. En er ekki heimildin að þessu að eins ein? Eru þessir »fróðu menn« ekki að eins Jón Guðmundsson einn, sem Björn hefir þetta frá? En hvort sem er eða ekki, þá »blífur bókstafurinn«. Einar fóstri stendur skrifað, og úr því er að ráða. Og til er maður, sem í fljótu bragði sýnist ekki vera fjarri, að gæti verið sami maður og hann. Einar Þórðarson gefur út vitnisburð á Skarði 3. Ágúst 1460 um offarir Guðmundar Arasonar, og segist hann hafa verið með honum, þegar sem mestur var yfirgangur hans vestra (1424 og síðan)[2]. Segist hann og hafa haft bréfagerðir hans, og er af því að skilja, að Einar hafi verið vitur maður og vel að sér. Hann kemur og fyrir sem brullaupsvottur í Saurbæ á Rauðasandi 27. Nóvember 1439[3] hjá Guðmundi Arasyni, þegar Guðmundur gipti Ingibjörgu Halldórsdóttur, systurdóttur sína, Þórði Sigurðssyni frá Haga. Af þessu hafa menn dregið þá ályktun, að Einar þessi kynni að hafa verið bróðir Sigurðar Þórðarsonar í Haga. Eptir að Guðmundur Arason var gerður útlægur og »rýmdur af« eignum sínum 1446, sýnist Einar þessi hafa geingið í þjónustu Björns Þorleifssonar og Ólöfar Loptsdóttur, því að það sýnist vera hann sá Einar Þórðarson, sem kemur við bréf á Skarði 7. Ágúst 1456 og í Vatnsfirði 4. Maí 1458[4]. Hafi Einar skáld fóstri verið til, þá gæti það varla verið annar maður en þessi af þeim mönnum, sem vér vitum nú deili á. En 1460 hlýtur þessi maður að vera gamall. Björn á Skarðsá segir, að Einar fóstri hafi verið með Birni og Ólöfu í utanförinni þeirri, þegar þau rak til Grænlands, en jafnframt segir hann, að alt fylgdarlið þeirra hafi verið af þeim drepið úti í löndum, og Jón Egilsson segir, að allir menn þeir, er fylgdu þeim, þegar þau rak til Grænlands, hafi

1) Safn III, 712. 2) Dipl. Isl. V. Nr. 200; X, Nr. 17. 3) Dipl. Isl. IV, Nr. 642. 4) Dipl. Isl. V, Nr. 133, 150. — Annar Einar Þórðarson við Breiðafjörð kemur við bréf á árunum 1448—1489, en hann sýnist hafa verið riðinn við Helgafellsklaustur, og ekki komið því Skarðsfólki neitt við.

Digitized by Google

af þeim drukknað þar við land. Eptir því ætti Einari fóstra ekki að hafa verið líft eptir 1446, og eptir því gæti hann ekki verið sami maður og sá Einar Þórðarson, sem lífs er 1456—1460, og þá sýnist vera í þjónustu Björns og Ólöfar á Skarði. En vera má samt, að ekki þurfi að taka frásögn þeirra Björns á Skarðsá og síra Jóns Egilssonar alveg bókstaflega um þessi efni. Jón Guðmundsson getur þess að eingu, að Einar fóstri hafi verið í Grænlandsförinni, og sögn Björns á Skarðsá þar um er í þeim hluta frásagnar hans, þar sem hann er farinn að blanda sögnum annars staðar að inn í frásagnir eptir »reisubókarkorninu«, og getur því verið heldur marklítil, enda sýnist haun af »Suðra sjávar-rokinu« í niðurlagi rímunnar nærri því álykta það, að hún sé kveðin á sjó.

En hafi nafn skálds þeirra Björns og Olafar staðið í »reisubókarkorninu«, er þá nafnið ekki mislesið »Einar« fyrir »Svartr« hjá Jóni og Birni? Einginn mislestur var hægri á blökkum blaðagreyjum með krullaðri krókaskript. Ekki er ólíklegt, að Svartur, sem var skáld og skemtunarmaður á Skarði og jafnan þeim Skarðshjónum við hönd, kynni að hafa verið nefndur Svartur fóstri, þó að þess finnist ekki getið. Að öðru leyti gæti »fóstri« nærri því hafa verið mislesið svo í vondu handriti úr »ahofſt« = á Hofstöðum. Er hægra að sýna það með skript en prenti. Ekki sízt gefur það grun hér um, þegar frásögn Björns á Skarðsá um, að Einar fóstri hafi kveðið Skaufhalabálk, reynist markleysa ein, og að kvæði það er í rann og veru eptir Svart á Hofstöðum. Og nú ber það merkilega til, að handrit Landshókasafnsins 1576. 8vo eignar Skíðarímu »Svarti skáldi Ólafar húsfrú«, eins og að framan er tilfært. Handrit þetta er að vísu ekki mjög gamalt, freklega 100 ára, en hins vegar mjög frábrugðið öðrum handritum rímunnar og svo sem það væri skrifað upp eptir því, sem menn hafa einhvern tíma kunnað rímuna. Og þetta, að eigna Svarti rímuna, er ekki tekið eptir neinu riti, því að það finst hvergi ritað fyrri, ekki einu sinni í riti Jóns Guðmundssonar »Um ættir og slekti«, sem eitt allra rita segir frá Svarti skáldi; þar er ríman eignuð Einari fóstra,[1] svo að áreiðanlega hefir skrifari rímunnar í 1576. 8vo ekki þekt rit Jóns. Og því merkilegra er það, að hann skuli hafa sagnir um það, að Svartur skáld hafi nokkurn tíma verið til, því að um það vissi einginn maður fyrir 36 árum. Handrit þetta er úr Breiðafirði, átthögum rímunnar, og er þetta því bygt á gamalli sjálfstæðri héraðssögn,

1) Safn III, 712.

Digitized by Google

sem óvart og ósjálfrátt hefir lifað mann fram af manni, og ekki borizt ritara rímunnar fyrri en eptir að hann var búinn að skrifa hana upp og segja hana kveðna af Sigurði fóstra, og síðan bætir hann við með rauðu bleki til meiri eptirtektar: »Sumir segja Svarti skáldi Ólafar hústrú«. Sögn þessi er svo merk og kemur alveg svo merkilega heim við það, sem órækt er, að það verður að taka hana gilda.

Útgáfu rímunnar er hagað hér svo, að um skipulag hennar og erindaröð er fylgt hinum venjulegu afskriptum rímunnar, og er textinn hér í heild sinni á þeim grundvallaður. Tæmandi orðamun úr þeim handritum hefir hins vegar ekki verið hirt um að taka. Það af honum, sem til álita gæti komið, er þess utan flest tekið í útgáfu Finns prófessors Jónssonar. Meiri gaumur hefir verið gefinn lesháttum annars flokks handritanna, sem opt eru að vísu marklitlir, en stundum líka merkilegir. En að tína þar upp allan orðamun gat ekki komið til nokkurra mála, enda öldungis gagnslaust.

Vísur þær, sem teknar eru inn í textann hér í þessari útgáfu og eru framar en í hinum almennu afskriptum rímunnar, eru sumar sýnilega gamlar, svo sem 35. vísan; nýjabragð er ekki heldur að 20. vísunni, og fellur hún vel við efnið; 49. vísan getur verið hvort sem er forn eða frá síðari öldum, og svo er um flestar hinar, 107., 129., 168., 187., 190., 191., 193., 203., og 207., að þær geta verið frá hvaða tíma sem er, og verða þær að verja sinn sess sjálfar. Eru þær flestar úr annars flokks handritunum og 1576. En annars flokks handritin (1028 og 1587) sleppa hins vegar úr mörgum erindum, mest milli 150—180. erindis hér í útgáfunni.

Þó að Skíðaríma hafi áður verið gefin út fjórum sinnum, hefir þó þetta merkilega og skemtilega kvæði verið alt til þessa ókunnugt öllum þorra hérlandsmanna, og eru þó til enn uppskriptir af því úr öllum fjórðungum landsins.

A. U. Bååth hefir að nokkru leyti þýtt Skíðarímu og allan Skaufhalabálk á sænsku í riti sínu: Kvädet om Skide och andra Dikter från Nordens Medeltid fritt tolkade. Stockholm 1896.

Digitized by Google

Skíðaríma.

Kveðin af[1] Svarti skáldi Ólöfar hústrú.

1. Mér er ekki um mansaung greitt,
minstan tel eg það greiða,
því að[2] mér þikkir[3] öllum eitt
af því gamni leiða.
2. Yngismenn vilja ungar frúr
í aldingarðinn tæla,
feta [þar ekki[4] fljóðin úr,
flest[5] er gert [til væla![6]
3. Komi[7] upp nokkur[8] kvæðin fín
hjá kátum silkihrundum[9],
kalla þær,[10] sé kveðið til sín
af kærleiks elskufundum.
4. Ekki[11] sómir amors vess
öllum bauga[12] skorðum,
geingur mörgum gaman til þess,
að gylla þær í orðum.
5. Látum heldur leika tenn[13]
[á litlum æfintýrum,[14]
[þá munu geta vor góðir menn
hjá gullhlaðs skorðum dýrum.[15]
6. Fjölnis áttag fornan bát,
sem flaut í óðar ranni,
þar var skrifuð á skemtan kát
af Skíða gaungumanni.
7. Hann ólst upp í Hítardal
hár á jungum aldri,

1) Sigurde fóstra. Sumer seigia, b. v. efnisyfirlitið. „Skíðaríma gamla kveðin af“ (eyða), í fyrirsögn. 2) b. v. sl. hdrr. 3) virðist 1576. 4) [því ei 1576. 5) flestu 1576. 6) [að hæla 1576. 7) Ef koma 1576. 8) vor 1576. 9) grundum 1576. 10) það 1576. 11) Eigi 1576. 12) gullas 1576. 13) á taum 1576. 14) [af lítið efna fróðum 1576. 15) [þó kunnáttan sé næsta naum ¦ hjá nýtum hringatróðum 1576.

Digitized by Google

það er hvorki skrum né skjal
skrifað af menja baldri.

8. Manna hæstur, mjór sem þveingr,
miklar hendr og síðar,
þó[1] var upp af[2] kryppu keingr
og krummur harla víðar.

9. Skeggið[3] þunt[4] og skakkar[5] tenn,
skotið út kinnar[6] beinum,
djarfmæltur við dandis[7] menn,
[drjúgum hvass í[8] greinum.

10. Skreppu átti hann Skíði sér
og skónál harla prúða,
þar með enn, sem int er mér,
allan skreppu skrúða.

11. Hér með á hann sér stóran staf
og stæltan brodd með hólki,
maðrinn kunni máttar[9] skraf,
misjafnt þekkur fólki[10].

12. Húsgang réð um allan aldr
æfi sinnar þreyta,
[aungva menn[11] fann auðar baldr
í orðum sínum neyta[12].

13. Hirzlu [átti halrinn sér[13]
heldur innan feita,
[úr máta stór og mikil er,[14]
má hún því Smjörsvín heita.

14. Er hún gjör sem annað svín,
innan hol sem kista,
Grelant dvergr úr garði sín
gaf honum það til vista.[15]

15. Hleypr á millum horna lands
halrinn búinn[16] til pretta;

1) þar 1576. 2) úr 1576. 3) Skegg var 1576. 4) svart 1028, 1576, 1587. 5) skakka 231, 1576 ofl. 6) kjálka 1576. 7) 1576; dánu 231 ofl. 8) [dreingr í öllum 1576. 9) matar 231, 1576 ofl. 10) 10. og 11. vísu vantar hér í 1576. 11) [aungvan mann 231, 1576. 12) neytan 1576. 13) [eina halrinn á 1576. 14) [miklu er hún meiri en smá 1576. 15) lista 231. 16) brinn (= brýnn) 231 (ekki: beinn).

Digitized by Google

getið er Skíða gaungumanns
um gjörvalt ríkið[1] þetta[2].

16. [Nú hefr kempan kappi herð[3]
kannað vestursveitir;
þá er hann kominn úr þeirri ferð
[þangað, er[4] Saurbær heitir.

17. Stóð þar bær, er Staðarhóll hét,
stefnir[5] þangað Skíði;
þenna frá eg að þekkjast lét
Þorgils bóndinn[6] fríði.

18. Odda son var [á afrek vendr[7],
[ýtum stýrði[8] fínum;
þar var Skíði af skötnum kendr,
og skemti af ferðum sínum.

19. Segist þá dreingrinn sótt hafa heim
seggi vestr um fjörðu:
brenni allr á bakinu[9] þeim
beininn, sem þeir gjörðu.[10]

20. Strillur[11] gáfu mér strjúg og skyr,
stráklegt var það næmi, —
Óðinn hrindi þeim út um dyr
fyr[12] alt sitt ráðskonu dæmi.[13]

21. Þorgils rekr úr seggjum sult,
sá kann dreingjum[14] hjúka;
matsvín hans var meira en fult
að morni, [þá hann vill[15] strjúka.

22. Árla dags er uppi sá,
sem á fyrir mörgu að hugsa,

---

1) 231, 302; landið, *flest* önnur. 2) 13.—15. vísu vantar í 1576 (hér). 3) [Kempan hefur kæn við sverð 1576. 4) [1576; þar sem 231 og flest önnur. 5) stefndi 1576. 6) bóndi hinn 231 ofl. 7) [örva bendr 1576. 8) [arði hlaðinn 1576. 9) baki 1576. 10) 18.—19. í þessari röð í 1576; skipta sætum í 231, og flestum öðrum afskriptum. 11) þ. e. lat. stritibilla = strictibilla = strictivella = strictipella = deigja, *hrokkinskinna;* sumir leiða síðari hluta orðsins af *villus* (hár, hár kampar), og ætti þá orðið að merkja: *kamparillur.* 12) fyrir, hdr. 13) Vísan er að eins í 1576. 14) drjúgum 231; dreingnum, *ýms* önnur. 15) [kvaðst hann 1576.

Digitized by Google

[slátra fóru slyngir þá,[1]
og slógu [af Stagleyjar[2]-uxa.
23. Þorgils talaði[3] þýðr og glaðr
þá við dreinginn[4] fína:[5]
Hvað vill Skíði húsgangsmaðr
hafa fyrir skemtan sína?
24. Á skæðum kvað sér skjótast[6] þörf,
því skólaus geingi[7] laungu,[8]
margur hefur sá meiri svörf,[9]
sem minna [treystir á[10] gaungu.
25. Skæðin voru af skarpri[11] húð
skorin með hvössum knífi,
þau voru ekki þynnri en súð —
þá var gaman að lífi.
26. Renna mundi rausn af þér
[við rekka harla fróða,[12]
ef þú gæfir önnur mér
af uxanum þínum góða.[13]
27. Sker þú sjálfur Skíði minn,
skæði, svo þér líki. —
Ógurlegt er um örleik þinn,
örva þundrinn[14] ríki.
28. Ristir[15] hann ofan af mölunum mitt
mikla leingju og víða,
[hafa þeir á[16] því[17] hvers manns kvitt,
hann muni[18] aldri ríða.
29. Alt var senn[19] í einum skrið,[20]
upp var[21] trúss [meðal herða,[22]

---

1) [seggir fóru að slátra 1576. 2) [band við 1576. 3) mælti 1576. 4) dreingi 231, 1576. 5) sína 231. 6) skjóta 1576. 7) geing eg 1576. 8) *tilg.;* laungum hdrr. 9) tilg. Guðbr. Vigfússonar; eyða í 231; störf 1576 ofl.; þörf, *ýms* hdrr. 10) [reynir 1576. 11) skorpinni 1576. 12) [hjá rekkum harla fróðum 1576. 13) góðum 1576. 14) viðrinn 1576. 15) Risti 1576. 16) sl. 231 ofl. 17) [heyrt hef eg þann 1576. 18) 231, 1576; mundi *eða* mun, *ýms* hdrr. 19) það 1576. 20) rið 1576. 21) lét 1576. 22) [á herðar 1576.

Digitized by Google

seggi biðr hann[1] sitja í frið,
svo er hann búinn til ferða.[2]
30. Ásólfs[götu og austr um[3] Skörð
[ætla eg dreingrinn þrammi,[4]
[þar til[5] kempan kappi hörð[6]
[kemr þá[7] niðr í Hvammi.
31. Sturla[8] hét sá,[9] er[10] stýrði[11] þar
staðnum [þeim enum[12] fríða,
sæmd og heiðr[13] af seggjum bar,
sjálfboðið lét hann Skíða.
32. Hefr þú kannað héruðin vestr,
hátt réð Sturla að[14] mæla,
hver er þar skatna skörungr mestr?
Skylt er slíku að hæla.
33. Þorgils er þar bóndinn[15] beztr,
[baugum kann að slæða,[16]
eg var hans í gærkveld gestr,
hann gaf mér tvenn pör skæða.
34. Sturla gaf honum stæltan knif,
[og stórum gerði hjúka,[17]
sjálfan guð bað signa hans líf,
[svo er hann búinn að[18] strjúka.[19]
35. Garprinn opnar góma sal,
gömlum kjöptum skeldi,
hann kveðst suðr í Hítardal
hátta skyldi að kveldi.[20]

---

1) að 1576. 2) ferðar 1576. 3) [götur og ofan 1576. 4) [aulinn trú eg hlammi 1576. 5) [svo var 1576. 6) 1576, 1025; herð, *flest hin.* 7) [komst hann 1576. 8) 231 ofl.; Stulli 1576 ofl. 9) 1576, 1025; sl. *ýms.* 10) sl. 1576, 1025. 11) stýrir 1576. 12) [þessum 1576. 13) vizku 1576. 14) sl. 1576. 15) bóndi 231. 16) [hjá byggjum vesturhæða 1576. 17) [stinna skreppu (keppu 1576) og mjúka 231, 1576 ofl.; stinna keppu og poka 633, 287. 18) [síðan burt nam 1576. 19) stroka 633, 287. 20) Þessi vísa stendur rituð á spássíu í 1025 á eptir 21. vísu hér, sem endar á orðinu »strjúka«, eins og 34. vísan hér. Við vísuna setr handritið »Alii addunt; manuscripta, quæ vidi, non habent hunc versum. A. M.« Vísan hefir farið inn á rangan stað í handritinu, og því hafa sumir ætlað hana »óekta«. En hún er kynborin nóg, og hér á hún heima.

Digitized by Google

36. Drattar hann [á Svínbjúg[1] suðr,
og svo með Hítarvatni,
í honum gerðist illur kuðr,
aldri trú eg hann batni.
37. Beiskaldi[2] í Belgjadal
birgðum[3] trú eg safni,
þenna [kenna þegninn[4] skal
Þorleif öðru nafni.
38. Honum var ekki hjúkað þar,
heldur tók að nátta,
fram í stofunni frá eg hann var,
þá fólkið skyldi hátta.
39. Hann vilja ekki höldar sjá,
hvorki að mat né drykkju,
[hann Leifi kvað ei liggja á[5]
[um lítilmennis[6] þykkju.
40. Hann skefr þá ofan af skæðum[7] sín
og skóna gerði fjóra,
það kom rétt í reikning[8] mín,
hann [rekr í[9] þveingi stóra.
41. [Býr hann[10] um skó á belti sér,
og[11] bindr upp á sig aðra,
það hafa seggir [sagt fyrir mér,[12]
[slíkt eru[13] brögðin þaðra.
42. Setr hann fyrir sig svínið frítt,
[14]síðan bregður keppu,[15]
fiska stykkið fagrt og[16] hvítt[17]
frá eg hann [tók úr[18] skreppu.
43. [Seggrinn tæmdi[19] svínið hálft
og sjö grunnunga barða,

2) [um Sandhrygg 1576. 2) 231; Beiskaldur 1576, Beiskjaldi 1907. 3) bögum 1576. 4) [1576; þegninn þýða(!) 231, 1907 o. fl. 5) [Leifi kvað hann leggi ei á 1576. 6) [lítilmenni 1576. 7) skjóðum 101. 8) rit til 1576. 9) [rakti 1576. 10) 231; sl. ýms; [Býr hann 1576. 11) 231; en 1576 ofl. 12) [sett í kver 1576. 13) [soddan 1576. 14) og b. v. 1907, 1025. 15) 1576; skeppu 231; kreppu 1907, 1025. 16) sl. 1576. 17) 1576; vítt 1025; nýtt 231 ofl. 18) [1576; hafði í 231; hefði í 1907 ofl. 19) [síðan tæmir hann 1576.

Digitized by Google

viðbit hlýtr[1] að synja sjálft,
[setr nú að honum[2] kvarða.[3]
44. Kastar hann[4] sér í krókpall[5] niðr,
kænn til húsgangs ferða.[6]
svínið bindr hann síðu við,
en[7] setr upp trúss [meðal herða.[8]
45. [Dreingrinn frá eg[9] í lopt upp lá,
lítið varð af saungum,
fátækt[10] fólkið hvíldi hjá,
og hræddist strákinn laungum.
46. Ekki frá eg hann signdi sig,
[seint tók[11] gleðin að rakna,
[og mun brátt, það[12] uggir mig,
af illum draumi vakna.
47. [Síðan fór hann[13] að sofna brátt,
segginn[14] einginn geymdi,
ferleg undrin fram á nátt
[frá eg hann[15] Skíða dreymdi.
48. Inn kom maður í stofuna stór
með stæltan hamar í hendi,
það var [að öllu[16] Ásaþór,
sem Óðinn kongur sendi.
49. Rekkrinn[17] gekk[18] í rannið[19] inn,
rak upp augun bæði:
Hefr þú [Skíði, hetjan stinn,[20]
hlotið[21] gaunguskæði?[22]
50. Orðum [hagaði þannig Þór,[23]
þegar[24] hann finnur Skíða —

1) varð 1576. 2) [setti það á 1576. 3) 40.—41. vísa skiptir í 1576 sætum við 42.—43. vísu. 4) b. v. 1576. 5) -bekk 1576. 6) ferðar 1576, 7) og 1576. 8) [á herðar 1576. 9) [Aulinn þegar 1576. 10) húsgangs 1576. 11) [svo mun 1576. 12) [hann mun enn 1576. 13) [Seggrinn tekr 1576. 14) svo hann 1576. 15) [fólann 1576. 16) [231, 633, 287 ofl.; hinn illi 1576 ofl. 17) 1028, 1587; Rekkur 1576. 18) kom hdrr. 19) 1576, 1028; ranninn 1587. 20) [fyrri fóstri minn 1587. 21) feingið 1587. Seinni hluti vísunnar er svo í 1028: skýrðu mér frá, Skíði minn, hvar skarst þér gaunguskæði. 22) Vísan er að eins í 1576, 1028, 1587 (og er sæti fyrr í 1028 og 1576). 23) [hagar svo Ása-Þór 1576. 24) er 1576.

Digitized by Google

Óðinn kongur, yfirmann vór,
yður bað til sín ríða.
51. Frétt hefr hann að fremdin þín
fer um heiminn víða,
hann vill alla hafa til sín,
sem heimsins listir prýða.
52. Lánað er þér list og vit,
lukkan hefur þig fangað,
[því hefur sjóli[1] sent þér rit
að sækja austur þangað.
53. Kom þar til með kongum tveim
í kveld, þá[2] véi[3] skyldum[4] hátta,
Óðinn gefr þér ærinn seim,
ef þú gerir þá sátta.[5]
54. [Réttast geiði[6] raumrinn stirðr,
[og réð þó[7] fyrst að hrækja,
ei skal[8] milding minna virðr,
mun eg á fund hans sækja.
55. Skíði frá eg að skýzt[9] á fætr,
og skundar út með Þóri,
ekki frá eg að lítið lætr
laufa viðrinn[10] stóri.
56. [Þeir á jökla arka[11] austr
Ásaþór og Skíði,
[leiðsögumaðrinn lukku traustr
lastar[12] ei, þó bíði.[13]
57. Austur [af[14] Horni[15] og út á haf
álpuðu[16] þeir frá landi,
Noreg frá eg þeir næði af
nærri Þrándheims sandi.

1) [svo hefr kongrinn 1576. 2) b. v. 1576. 3) sl. 1576. 4) skyldu 1576. 5) Röð vísnanna 51.—53. svo í 1576. 53. vísa er á undan 51. vísu í 231 ofl. 6) [Réttist við þá 1576. 7) þá 231 ofl.; [réði 1576. 8) er 2576. 9) skauzt 1576. 10) þundrinn 1576. 11) [101, 1632 ofl. Arka þeir á jökla, *flest;* Arka fast á jökla 1576. 12) lasti 1576. 13) hlýði 1576; [leiðsögn hafði liðuga hraustr, listir ei þó prýði 1632, 1805. 14) að 1028, 634. 15) [á Horn 1028. 16) 101, 1632, 1805, 366, 633 ofl.; örkuðu 231, 634; arka 1576; álpa 1028; álpast 302.

Digitized by Google

58. Þótt bylgjur rísi á bröttum sjó,
bragna gerir það káta,
aldri tók þeim upp yfir skó,
og eigi frá[1] eg þá váta.
59. Fundu þeir í fjörunni mann,
frá eg hann Ölmóð heita,
útisetuna eflir hann
og ætlar spádóms leita.
60. Ölmóðr [heilsar þegar á[2] Þór:
þú munt kunna að skýra,
hver er sá maðr, er með þér fór,
eða mun hann lukku stýra.
61. Skíða norðmann skulum vér hann
að skírnarnafni kalla,
hefr í brjósti hreystmann
heims náttúruna[3] alla.
62. Mér lízt ekki meiri kraptr
mens yfir þessum lundi,
hitt mig uggir, hann komi ei aptr
heill af ykkrum[4] fundi.
63. Spáðu mér eingra, Herjans höttr,
hrakfara, kvað Skíði,
ellegar skal eg, þinn[5] digri dröttr,
[dubba þig,[6] svo svíði.
64. Hvorki er það hól né skrum,
hafi[7] þig æsir fangað,
þér mun kostr að kóklast[8] um,
sigrinn beinn
var sætr og hreinn,
flýði og deyði fólkið vest.
8. Herra Ólaf, heiður þinn vil eg reifa,
út má dreifa
af einum greifa,
hann hélt sitt bú með stoltan hag,
brúði neyddi að baka sér marga hleifa,
bjóst hún nú til ofns að þreifa
á þinn mikla messudag,
dýrð er há,
sú er[4] drottinn má,
deigið varð að grjóti smá,
kraup þér þá,
er kraptinn sá,
Danmörk öll með dýrðarplag.[5]
9. Herra Ólaf, heimsins ánauð slepti
maðrinn krepti,
er myskunn hrepti,

---

1) 64; sóttu 721. 2) hvítum 64. 3) varst 64; var 721. 4) b. v. 64. 5) Á spássíu við þessa vísu stendur í 64a og AM. 717h 4to:

„Þetta skeði í Gautlandi í Brúarsókn anno 1313, og liggja þrír steinar, sem urðu úr þessu deigi, enn inni í Brúarkirkju til minnis þennan dag anno 1633.

H. Niels Str."

Þetta er þó marklaust. Þessarar jarteignar getur í Geisla Einars Skúlasonar frá 1152, 32. erindi (Flat. I, 4).

Digitized by Google

sá er á knjám og kviðnum skreið,
sína ferð með sárum nauðum kepti,
svo fjarlægur kongsins grepti,
um Ólafs kirkju átti hann leið,
líknari minn,
við ljúfskap þinn
þú leyptir[1] honum um garðinn inn,
beinin stinn
og burðinn sinn
fékk hann þegar, og fagnað beið.

10. Herra Ólaf, þú hjálpaðir einum klerki,
gaf þau merki
glæpurinn sterki,
augun stungu út með skript,
forsögir[2] bræður frá eg að prestinn lerki,
fóturinn lamdr af þeirra verki,
tungan skorin og [taungum kipt,[3]
þín elskan hrein,
er[4] ei var sein
augu að græða og fótarmein,
[orða grein
og alt hans kvein[5]
leystir þú með lausnarans gipt.

11. Herra Ólaf, hverr megi alt það skrifa,
er guð vill gifa[6]
fyrir utan ifa[7]
hverjum þeim, sem heitr[8] á þig,
gull og silfr, er gektu fram að kifa,
gaft fyrir þeim[9] þig vildu fordrífa,
lausnara[10] vorum líkti hann sig,
þín ynnlig[11] náð
og eilíf dáð
eru guðs eð hæsta[12] ráð
þín eru skráð

1) lyptir 64. 2) Svo 721; forsugir 64. 3) [tugum skipt 64. 4) að 64. 5) [orða kvein | á alla grein 64. 6) gefa 721. 7) efa 721. 8) heitir 64. 9) þá 64. 10) 64; lausnarans 721. 11) innilig 64. 12) 64; æzta 721.

Digitized by Google

á þessi láð
verk þín mörg og voldulig.

12. Herra Ólaf, heiðni vantu oss neita,
þú mátt vel heita
myskunn sveita,
postuli vor og píslarblóm,
ör og mildur æru og hjálp að veita
öllum þeim, er til þín leita
og biðja þig með blíðum róm,
vort syndatál
mun sett í skál,
sjá þú til með líknarmál,
vilir þú bál
af vorri sál
leysa fyrir þinn ljúfan dóm.

13. Herra Ólaf, himiríkis[1] ertu blómi,
gæzku sómi
guðs enn frómi,
leið þú oss fyrir lausnarans kné,
svo að með þínum sæta bænarómi
sonur Máríu friði í dómi
hvað, er[2] kann í heimi að ske,
kraptrinn þinn
svo klár og finn
kristiliga ber ávöxt sinn,
herra minn
í himnum skínn, —
lof þitt jafnan sungið sé. Amen.[3]

---

1) himnaríkis 64. 2) oss 64. 3) Aptan í þessar Ólafsvísur er í einstaka handritum, svo sem í Landsbókasafni 494 4to bl. 105, hnýtt þessum stökum, sem kveðnar eru laungu síðar í lúterskri tíð, og ekki eru ósvipaðar því sem þær væri eptir síra Gunnar Pálsson (f. 1714; d. 1791). Sbr. J. Þ. Om digtn. p. Isl. Kh. 1888, bls. 311:

1. Ólafs helga árnan trú
aungum frið sem sparar,
yður hjálpi æ og nú,
allir hans dýrkarar.

2. Hún fái yður harma bætt
og huggun allri tæri,
því honum lof þér syngið sætt,
sem þó guði bæri.

Digitized by Google

Þjófabragur.

Landsbókasafn 437. 8vo, bls. 545—547, með hendi Jóns Egilssonar á Vatnshorni 1755—1760. Ekki eru vísur þessar nýlegar, og geta vel verið gamlar, þó að rök sé nú ekki önnur fyrir þeim en uppskript frá 18. öld.

Vísur Gunna Hólaskálds.[1]

1. *Gunnar Þjóðólfsson* gerði að tuska rollum,
leyndi í pollum,
líkur skollum,
blóðinu því, sem blæddi þeim,
fimtán krofin festi hann upp á þollum,
ýtar fundu hjá eigi hollum
þrjátigi, þegar þeir komu heim,
í *Drangey* var
með dólga par
dreingurinn opt á vorin þar,
lyddan bar,
sú lömbin skar,
sauða ullu á saltan geim.
2. *Skeifna-Bessi* skrækti undan *Brandi*,
lymskuna frandi,[2]
lygina tandi,[3]
hestajárnum hrókurinn stal,
fimtán skeifur fastar hafði í bandi,
á það fýsti[4] hinn illi andi,
að koma honum í það krappa pal,[5]
fer með krök
og flærðar mök,

3. Upp á komnir eruð sízt
æðsta drottins mildi,
yður styrkir alla víst
Ólafur kraptagildi

4. Hjálp ef betri hafið ei
heldr en Ólafs dauða,
segja munuð þér sífelt vei
með Sathan heilla-snauða.

1) Svo hdr. 2) framde, hdr. 3) tamde, hdr. 4) festi, hdr. 5) = periculum, voði.

Digitized by Google

fólinn hafði á því tök,
vís var sök,
til vélanna rök,
þeim hórusyni í *Hjaltadal.*

3. *Sigurður Marteinsson* sá kann að rjá við hrúta,
lét þá stúta,
stóra búta,
og steypti þeim ofan í jarðhús sitt,
aðrir hlutu eptir þeim að lúta
þeir, sem leystu hans þjófahnúta,
þeim varð síðan aldrei fritt,
börn sín drap
með býsna skap
og bilti fjórum ofan í krap, —
sá fékk tap
og sálar hrap,
nema lausnarinn láti kvitt.[1]

4. *Hákon* gerði helga messu að rækja,
hann réð kræki
hana að sækja
vestur alt í *Vatnsins dal,*
þeir vildu honum við vonda breytni flækja,
honum var gert við kvinsku klækja,
gerla eg það greina skal,
blakaði mann,[2]
svo blóðið rann,
blágrýtis þar stein til fann,
bundu þann,
er verkið vann, —
verra heyrða eg aldrei gal.

5. *Keli* einn er kænn á braginn hvinna,
hann gerði ei linna
á fjöllum finna
féð, og hefur á því tök,
gelding stóran girnist þá að vinna,

1) frijtt, hdr. 2) menn, hdr.

Digitized by Google

af því lætur ei sig ginna,
ekki er hönd á sauðinn slök,
einninn brá
svo eptir á
að nam sjúga blóðið hrá,
sér í frá
hann seldi þá
og síðan snýst í þjófavök.

Digitized by Google

Ásmundur skáld
um 1500.

Í Maríuvísum einum, sem eru annaðhvort frá síðara hluta 15. aldar eða fyrra hluta 16. aldar, eða sem næst til að geta kveðnar nokkru fyrir, um eða eptir 1500, segir höfundurinn til nafns síns á þann hátt, að hann nefnir sig »skeifuefnið«, og getur það ekki merkt annað en ásmundajárn, og að höfundurinn heiti Ásmundur. Með því eru menn þó litlu nær, því að margur gat maðurinn verið á þeim tímum með því nafni, þó að Asmundar nafn hafi aldrei verið mjög algeingt. Þó að menn viti það, að stöku helgikvæði úr pápiskri tíð hér á landi sé ort af leikmönnum, vita menn samt ekki, nema einmitt þeir menn hafi feingið einhverja klerklega fræðslu eða klaustramentun, enda að vísu verið vel að sér með nokkurum hætti. En sjálfsagt eru flest helgikvæðin eptir klerkmenn. Af þeim mönnum, sem nú þekkjast frá þessum tímum, koma varla aðrir til greina svo sem höfundar þessa kvæðis en annarhvor þeirra Asmundanna bræðra Stefáns biskups Jónssonar, sem báðir voru vel mannaðir. Sjálfur var Stefán biskup hinn mesti »versificator« á latínu, þótt öll »versificatura« hans sé nú glötuð. Var annar þeirra bræðra leikmaður, en hinn prestur. Asmundur sá, sem leikmaður var, var kallaður Asmundur illi[1] eða verri. Er ekki ósennilegt, að hann hafi í upphafi feingið nafnið af því, að hann var á yngri árum lítt hallur undir klerkdóminn, og mikill fyrir sér. Var hann ásamt Einari Þórólfssyni og öðrum fleirum einn af þeim, sem gerðu með Hrafni lögmanni Brandssyni aðsúginn að Ólafi biskupi Rögnvaldssyni í lögréttu 30. Júní 1481.[2] En fyrst er Asmundar getið 2. Júlí 1480 á Öxarárþingi, og er hann þá kaupvottur þeirra bræðra Þorleifs og Einars Þórólfssona um Brimilsvelli, en gjörningur sá er bréfaður 23. Jan. 1481 á Helgafelli.[3] Sýnist svo sem

1) Safn I, 51. 2) Dipl. Isl. VI, Nr. 347. 3) DI, VI, Nr. 261.

Digitized by Google

samheldi hafi nokkurt verið leingi með Asmundi og Einari Þórólfssyni, sem var mikilhæfur maður. Hinn 20. Nóv. 1480 er hann vottur á Kneri í Breiðavík, heimili Einars, um handlagning Ólafs Sveinssonar til Haldórs ábóta á Helgafelli á allri tiltölu til Kambanna í Breiðavík.[1] Hefir Asmundur þá annaðhvort verið heimamaður á Kneri eða þá í fylgd ábótans. Enn er Asmundur kaupvottur hjá Einari Þórólfssyni 27. Nóv. 1490, en ekki sést, hvar það bréf sé gert.[2] En 1. Júlí þá um sumarið 1490 er Asmundur einn með öðrum á Öxarárþingi í tylftardómi Finnboga lögmanns um sölu á Ökrum í Blönduhlíð.[3] Upp frá því kemur Asmundur jafnan fyrir í sambandi við Stefán biskup bróður sinn, og sýnist frændsemi þeirra hafa verið góð. Er hann fyrst gjörningsvottur hjá biskupi 13. Okt. 1491 í Holti undir Eyjafjöllum,[4] og næsta ár 1492 er hann með berum orðum nefndur ráðsmaður í Skálholti.[5] Og enn er Asmundur sýnilega ráðsmaður Skálholtsstóls 1497, sem ráða er af bréfi Stefáns biskups frá 19. Febr. það ár um manntal og Rómaskatt, er hann sendir »erligum dandimanni Asmundi bónda hærulang«.[6] Auðsjáanlega hefir biskup þekt Grettlu, og ritað eða látið rita þetta að gamni sínu utan á bréfið. A einum og sama degi 29. Júní 1497 í Skálholti, er Asmundur gjörningsvottur hjá Stefáni biskupi, og dómsmaður 29. Júní 1497 hjá honum á prestastefnu á Hjálmstöðum í Laugardal.[7] Það sýnist og vera haun sá Asmundur Jónsson, er afhendir Höskuldi Þorgilssyni Bæ í Borgarfirði »eptir skipan herra Stephans Jónssonar«, en afhendingarskjal það er ártalslaust.[8] Asmundur sýnist hafa búið í Norðtungu eða átt þá jörð, eptir því að dæma, sem segir í kirkjuvirðingu þar 1502,[9] en eptir það finst Asmundar ekki getið. Vera má og, að hann hafi haft búnað í Hraundal,[10] og að vísu hefir hann búið fyrir vestan Hvítá, og líklega verið lögréttumaður í Þverárþingi vestara, því af norðan-lögmanninum er hann nefndur til dóms á Öxarárþingi. Asmundur hefir verið fæddur nokkru fyrir 1460. Stofa ein var í Skálholti 1541, er kölluð var Asmundarstofa,[11] og gæti hún hafa verið við hann kend.

Um Asmund betra[12] eru miklu færri frásagnir heldur en um

1) DI, VI, Nr. 283. 2) DI, VI, Nr. 637. 3) DI, VI, Nr. 618. 4) DI, VI, Nr. 667. 5) DI, VII, Nr. 174, 221. 6) DI, VII, Nr. 369. 7) DI, VII, Nr. 385 og 386 (þessi tilvitnun hefir í registri VII. bindis Fornbréfasafns lent við nafn Ásmundar prests Jónssonar). 8) DI, VII, Nr. 115. 9) DI, VII, Nr. 595. 10) Sbr. DI, IX, 469. 11) DI, X, 629. 12) Safn I, 51.

Digitized by Google

Asmund verra. Prestatal Sveins prófasts Níelssonar segir, að hann hafi orðið prestur að Öndverðrieyri í Eyrarsveit 1482. Artal það kemur vel heim að tímanum til, en ekki þekkjast nú rök til þess, hvaðan það sé tekið. Jón prófastur Haldórsson segir, að síra Asmundur hafi búið að Kirkjufelli. »Helga hét hans meðhjálp; hann átti tólf börn; sex af þeim tók Stefán biskup, ól upp og mannaði«, segir Jón prófastur. Einn af sonum síra Asmundar var síra Jón á Eyri, mesta hraustmenni. »Hann gekk á Grundarmöl«, segir Jón prófastur, »út við þýzkan mann, er þeim bar á milli um eitthvað, hrakti hann langt og víða, og drap, en skipherra forðaði sér, og synti út til skips síns«. Gæti hann verið sami maður og sá Jón prestur Asmundarson, er kemur við bréf á árunum 1526—1530. Asmundur prestur hefir fluzt að vestan um 1500, og orðið þá prestur í Kálfholti.[1] Að vísu er hann farinn að vestan fyrir 1505, því að þá er Hallbjörn orðinn prestur þar, sá er Eyri í Eyrarsveit er síðan við kend.[2] Um síra Asmund vita menn ekki frekara, en varla er hann fæddur síðar en 1457. Líklegri er hann til að vera helgikvæðasmiður heldur en Asmundur bróðir hans.

Maríuvísur.

AM. 148. 8vo, bl. 226—227, á pappír, kvæðasafn ritað af Magnúsi Jónssyni í Vigur á árunum 1676—1677. — JSig. 405. 4to nr. 179, með hendi síra Þórðar Þorsteinssonar á Eyri í Seyðisfir 1819, eptir gamalli fornkvæðabók.

Gamalt kvæði.[3]

1. Eptirdæmið eitt jeg sá
hjá einum högum manni, —
væri mér skylt að skýra frá,
ef skaparinn vildi mælsku ljá,
hverninn barninu bjargaði himna svanni.
2. Smiðurinn átti að smíða rær,
spenna[4] taung með hendi;
barnið frá eg bar þar nær,
en bóndinn gekk í burtu kær,
það tók upp róna og tárlaust niður rendi.

1) DI, VII, Nr. 468. 2) DI, VII, Nr. 683. 3) Önnur fyrirsögn er ekki í handritinu. 4) og spenna 405.

Digitized by Google

3. Bragnar heyra að barnið grætr
beint í húsum inni,
fór þá faðirinn fljótt á fætr,
flaug það um hans hjartarætr, —
vorkunn var, þó væri honum mikið í sinni.
4. Kemur í húsið kappinn hljóðr,
og krýpr að barni sínu:
Seg þú mér það, sonr minn góðr, —
sannlega muntu að[1] þessu fróðr, —
með hverjum hætti hefr þú feingið pínu.
5. Get eg ei sannara sagt þar frá,
svaraði barnið snjalla,
[gleypta eg[2] járn, er[3] á gólfi lá,
gerist mér af því hættleg þrá,
það veltr um iðrin, verð eg því hátt að kalla.
6. Tók fyrir brjóstið barnið ungt,
beljaði[4] hátt með æði,
kvað sér vera í kviðnum þungt,
kveikist harmr við þenna punkt,
faðirinn barnsins fékk svo sára mæði.
7. Nú er það beint fyrir brjósti hér,
barnið réði[5] að inna,
haf þú þínar hendr á mér,
haltu nú á því, hvar það fer, —
faðirinn barnsins fékk ei stríð að minna.
8. Skorar hann nú með skærri[6] trú
á skaparann[7] himna hallar
og þá mildu Maríu frú,
sem [mér er æðri og[8] líknar brú, —
skepnur hefr guð skapað í heiminn allar.
9. Drottins brúðrin, dugðu mér
fyrir dýrsta mildi þína,
son minn taktu að sjálfri þér
og sviptu hann öllum meinum hér, —
heiðra skal eg þá himnabrúðina fína.

1) af 405. 2) [eg gleypti 405. 3) b. v. 405. 4) og beljaði 405. 5) Svo. 6) skírri 405. 7) skjöldung 405. 8) [mörgum veitir 405.

Digitized by Google

10. Þegnum myskunn þá var[1] nóg[2],
þegar réð bæn að veita,
faðirinn sá, að ferskeytt ró
féll á gólfið, en barnið hló, —
himna smiðr um hjálp vill aungum neita.
11. Nú hefr háleit himna frú
huggað feðga báða,
lofa þeir hana með listum[3] nú,
lesin er víða jarteikn sú,
frúin[4] himnanna föður og son réð náða.
12. Himnaríkis braut og brú,
bænina heyrðu mína,
sjáðu nú[5] svo til, signuð frú,
að sálin gjaldi ekki nú,
þó *skeifu efnið*[6] skrafi um myskunn þína.

---

1) varð 405. 2) ljós hdrr. 3) lystum 148. 4) frú 405. 5) sl. 405. 6) skeifu efni = ásmundajárn = Ásmundur.

Digitized by Google

Skáld-Helgi.

Í syrpu Gottskalks prests Jónssonar í Glaumbæ (f. 1524; d. 1590), sem nú er í Add. British Museum 11,242. 4to (bl. 75b), eru vísur nokkrar sextánmæltar, »er Skáld-Helgi kvað«; eru það níðvísur um konu, er skáldinu þykir sem hafi flekað sig, og er keimurinn að þeim sá, sem þær muni helzt vera frá 15. öld einhvern tíma. Óvíst er, hvort þær eiga heldur að vera kveðnar í orðastað Skáld-Helga þess, sem alkunnur er af hinum fornu rímum og uppi var í byrjun 11. aldar, ellegar þær eru kendar við höfundinn, er í raun og veru hafi verið uppi á 15. öld, heitið Helgi, farið með kveðskap og verið kallaður Skáld-Helgi, að sínu leyti eins og Skáld-Sveinn, sem menn vita nú heldur eingin deili á. Er það í sjálfu sér alt eins líklegt. En Skáld-Helga þessum er ekki auðmarkaður bás um tíma, og er því vísað hér til sætis, þar sem hann gæti átt heima.

Handritið er mjög skert af fúa á þeim stað, þar sem vísurnar standa, og þar með er það, sem lesið verður af þeim, sumstaðar úr lagi fært. Verða þær því hvorki fyltar né leiðréttar til fullnustu eptir gátu. Vísubrot þessi hefi eg fyrrum látið prenta í Arkiv for nord. Filologi XII, 63.

Vísur sextánmæltar, er Skáld-Helgi kvað.

1. [Mæt me]nja hlíð
mjög sýndist blíð,
allfögr og fríð, —
fékk eg af því stríð.
[Hin er svegð]an svört,
sámleit, [óbjört[1],

1) [og björt, hdr.

Digitized by Google

[vær um vestra gjört[1]
vin . . . . . .
2. . . . . skjót,
skrímslig og ljót,
fúl, [flögðum lig[1]
frek u . . . . .
[e]r úlfa kjaptr
allsjaldan aptr,
er ei geipan[2] [góð,
grálynt þykir fl]jóð.
3. [Hefr fjöllynt flagð
fram]ð ilsku bragð,
og gintan gaut
frá gullaz laut.
[Skalt skunda þú]
skjótt burtu nú.
Far fíflan hér
frá augum mér.

1) [Svo; eitthvað úr lagi fært. 2) geispan, hdr.

Digitized by Google

Skáld-Sveinn

c. 1460 — c. 1530.

Eptir þessu kvæði Skáld-Sveins að merkja hefir hann verið uppi fyrir, um og eptir 1500, eða á að gizka c. 1460—1530. Eldri skinnbókin, sem kvæði þetta er nú til á, er talin rituð nálægt 1530—40. Er kvæði þetta sýnilega þá farið að afbakast, og er því töluvert eldra. Texti Vísnabókarinnar er fult svo góður sumstaðar. Kallar Guðbrandur biskup kvæði þetta þá, 1612, »gamalt«, og merkir það, að kvæðið sé frá því laungu fyrir allra þeirra manna minni, sem þá voru. Um Skáld-Svein þenna hefir Arna Magnússyni verið jafnókunnugt sem öðrum, og segist hann þurfa að grafa betur í kringum hann: »Quæratur ulterius de hoc Svenone«. En heimildir að kvæðinu eru þessar:

AM. 713. 4to bls. 56—58, skinnbók, skr. c. 1530—1540. — Afskript gömul af þessu kvæði var og fyrrum í skinnbókinni AM. 622. 4to, sem rituð er nálægt 1549; þó var afskript þessa kvæðis þar nokkru yngri. — Prentað í Vísnabók, Hólum 1612, bls. 202—204, og Hólum 1748, bls. 191—193, og er þar talið meðal þess, sem kallað er »gömul kvæði«.

Heimsósómi, [er Skáld-Sveinn kvað.[1]

1. Hvað mun veröldin vilja,
hún veltist um svo fast
að[2] hennar hjólið snýr?
Skepnan tekr að skilja
að[3] skaplig setning brast,
og gamlan farveg flýr;
hamingjan verndar[4] hjóli niðr til jarðar,

1) [b. v. 622. 2) og, Vb. 3) sl. Vb. 4) 713 (= vendar); veltir Vb.

Digitized by Google

háfur eru til einskis vanza[1] sparðar,
legst[2] í spenning [lönd og gull[3] og garðar,
en [gætt er síður hins,[4] er[5] meira varðar.

2. Þung er þessi plága,
er þýtur [út í lönd[6]
og sárt er að segja í[7] frá,
millum frænda og mága
magnast [stríð og klönd,[8]
klagar hver[9] mest er má;
á vorum dögum er veröld í[10] hörðu reiki,
[varla er[11] undur, þó[12] að skepnan skeiki,
sturlan heims er eigi[13] létt í leiki,
lögmál bindr, en leysir peningrinn bleiki.[14]

3. Svara með stinna[15] stáli
stoltarmenn [fyrir krjár,[16]
en vernda litt með letr;
þann hefr meira úr máli,
manna styrkinn fár[17]
og búkinn brynjar betr;
[panzari, hjálmur, pláta, skjöldr og[18] skjómi
[skúfa lögin og réttinn[19] burt úr dómi,
að[20] slá og stinga þykir[21] nú fremd og frómi,
féð er bótin, friður, sátt og sómi.

4. Hinn, er peninginn plægir,
plokkan [er eigi[22] töm
með okr og ránin raung,
að hverjum þrælnum þægir,
[þörf er[23] jöfn og söm,
bæði bráð og laung;
peningrinn[24] veitir völd, en minkar[25] náðir,

---

1) Vb; annars 713. 2) en legst Vb. 3) [löndin, góz Vb. 4) *[leiðr.;* það vaktast (aktast Vb) miðr 713, Vb. 5) sem Vb. 6) [í vort land Vb. 7) sl. Vb. 8) [heipt og grand Vb. 9) það 713. 10) á Vb. 11) [rétt er ei(!) Vb. 12) þótt 713. 13) ei Vb. 14) bliki(!) 713. 15) stinnu 713. 16) [Vb; í bú 713. 17) fær nú 713. 18) [hjálmur, panzari, plassa og skygður Vb. 19) [skúfar lögum og rétti Vb. 20) sl. 713. 21) það er 713. 22) öll er Vb. 23) [þörfin 713. 24) peningur Vb. 25) litlar 713.

Digitized by Google

verða margir dandi[1] menn forsmáðir,
[sýknir bændr eru[2] sóktir heim og hrjáðir,
sinn mun hvor þá réttinn standa báðir.

5. Hvert skal lýðrinn lúta?
Lögin kann enginn fá,
nema baugum býti til;
tekst inn[3] tollr og[4] mùta,
[taka þeir[5] klausu þá,
sem hinum er helzt í vil.
Vesöl og snauð er veröld af þessu klandi,[6]
völdin efla flokkadrátt í landi,
harkamálin hyljast mold og sandi, —
hamingjan banni,[7] að þetta óhóf[8] standi.[9]

6. Hvað er nù[10] heimi verra?
Hann [er misjafnt dæll,[11]
[veltur á horni[12] hallr,
mútan[13] er mannsins herra,
en [maðurinn[14] hennar þræll,
svo fer aldur[15] allr,
hann hrekst og vakir og veslast í sitt hjarta,
verður[16] að leysa marga myrkva parta,
þar skyggir fyrir[17] hans[18] skilnings ljósið bjarta,
eg segi með öllu [síður en[19] ekki skarta.[9]

7. Hvað er að[20] fénu feingnu,
fyrst er[21] það kemr heim
á rúman ríkisgarð?[22]
[Það gleymir[23] ári geingnu,
hann greip fyrir tveimur og tveim,
snauður af sælu varð;
hann geiir sig reifan,[24] rússerar,[25] drekkr og býtir,

---

1) dugandis Vb. 2) [sviknir bæði 713. 3) einn 713. 4) eða 713. 5) [þeir taka 713. 6) klandri 713 og Vb. 7) bannar Vb. 8) ómak 713. 9) 5. og 6 erindi skipta sætum í 713. 10) í 713. 11) [misjafnt verðr sæll 713. 12) [og veltur til heimi 713. 13) múta 713. 14) [mun hann Vb. 15) sigurinn Vb. 16) hann verður Vb. 17) yfir Vb. 18) sl. 713. 19) [syndir 713. 20) af 713. 21) sl. Vb. 22) ríks manns garð 713. 23) [gleypir(!) 713. 24) rífan Vb. 25) rússar Vb.

Digitized by Google

ríkismaðrinn[1] við lítilmagnann kýtir,
kotungrinn[2] eptir kúm og sauðum sýtir,
sjálf náttúran þennan lifnað lýtir.

8. Þegar hann veitir veizlur,
vinur er margr í nóg,
þótt væri einginn áðr,
[tér þá bæn[3] og beizlur,
en ber þó[4] upp lítinn plóg,
nema fyrir skuldir[5] skráðr,
falli nokkuð hamingjubann til handa,
heldur sér[6] þá vinina fjarri standa,
[hinn er[7] eptir einn í sökum og vanda,
ærið [trúi eg þann voðann mörgum[8] granda.

9. Svo eru ágjörn augu
auðugs manns og brjóst
sem grimt helvítis gin,
dofin sem drukkin í laugu
draga[9] til leynt og ljóst
[auð sinn æðsta[10] vin,
æ því[11] heldr sem [hann hefur[12] gózið meira,
heit ágirnin [þyrst er[13] [á enn[14] fleira,
líkt sem [sandur, sjór[15] eðr[16] sprungin leira,
sá eg ei nær að honum [skuli allvel[17] eira.

10. Sár er þessi þosti,
sem þreyngir ríkisfólk
[að girnast[18] fátæks fé,
þeir eiga ærna[19] kosti,
öl eða vín sem[20] mjólk,
[að stöðva um[21] stundar hlé,
sinni gera þeir sálu út að vóga,
svarligt væri öðru fyrr[22] að lóga,

---

1) ríkismann Vb. 2) kotungur Vb. 3) [stoðar þá bón Vb. 4) b. v. Vb. 5) skuldum Vb. 6) sé eg Vb. 7) [er hann þá Vb. 8) [mörgum sé eg þann voðann Vb. 9) þau draga Vb. 10) [hinn gamla græðgis 713. 11) þess Vb. 12) [hefr hann Vb. 13) [þyrster Vb., 713. 14) [þó til 713. 15) [sjávarsandr Vb. 16) og Vb. 17) [mun illa Vb. 18) [það girnist Vb. 19) einatt Vb. 20) né 713. 21) [stöðvi Vb. 22) fie Vb.

Digitized by Google

þó hann svelgi sjóinn og lönd sem skóga,
síðr en áður hefr hann peninga nóga.

11. Dregst af[1] þessu drafli[2]
dirfð[3] á annan hátt
og siðanna setning snjöll,[4]
störf og stundlegr afli
styttir [daginn sem[5] nátt,
svo [fara óhóf öll,[6]
[kemur þar[7] skjótt, að skekinn mun vindr úr æðum,
[skrokkr er[8] kaldur og [numinn úr[9] fögrum klæðum,
valdi sviptur og veraldar öllum[10] gæðum,
veltur í [gröfina áta möðkum[11] skæðum.

12. [Veltr hann[12] pall af palli,
[er plægði[13] fram um þörf
og [tapaði tíma[14] þrátt,
[hrapar hann[15] fall af falli,
[og fylgir[16] rangleg störf,
en gerði hið góða fátt,
hafandi sjaldan hjartað guði til handa,
hnígur því undir [pínu ens neðsta[17] fjanda,
þar eru [nógar nauðir illra anda,[18]
náðalaust[19] mun þetta heimboð standa.

13. Sú[20] sála, er sínum gæðum
sáði í þarfir opt,
[af vondum[21] völdum sködd,
snýst[22] frá snöggum klæðum,
snarar sér hátt[23] í lopt
og hljóðar hárri rödd:
Ríki[24] burgeis, bú þig vopnum góðum,

---

1) með Vb. 2) drambi(l) 713. 3) dygð Vb. 4) öll Vb. 5) [dægr og 713. 6) [verða þessi föll Vb. 7) [Það er og Vb. 8) [og nárinn Vb. 9) [flettr 713. 10) nógum 713. 11) *tilg.*; ormum Vb.; frá [gröf með dýrum og drekum 713 12) [Hann veltr Vb. 13) [því plægir Vb. 14) [tapar trúnni Vb. 15) [hann fær Vb. 16) [fyllandi Vb. 17) [kvöl hins forna Vb. 18) [nauðir nógar allra handa Vb. 19) náðarlaust Vb. 20) þann 713. 21) [og var af 713. 22) hún snýst Vb. 23) upp Vb. 24) þú ríki Vb.

Digitized by Google

og buga [þá fjándr,[1] er steypa[2] yfir þig glóðum,
gef til hjálpar gull og silfr úr sjóðum, —
þú grottaðir[3] meira, þar við forðum stóðum.

14. Hvað er nú gott til greina?
Hann[4] greip við[5] öfliga hönd
í þessi[6] sturlan staddr,
hann gerir með glæpi eina
gæðalausa[7] önd,
þá [hann er kvalarans[8] kvaddr,
krafið er skyn fyrir skeikan[9] hugarins orða,
skelfur [jörð[10] og himinn[11] á millum sporða,
styður þá hvorki stoð né nokkur skorða,
staður [einginn leyndr, að megi sér forða.[12]

15. Vart[13] munu verndir greiða[14]
vín og bjór sem malt,
það aura eyðslu veldr,
á þingi því enu breiða,
sem[15] þreytt er lögmál alt
og[16] himna kongrinn heldr,
sála kotungsins[17] kærir eptir sínu,
kúgan[18] missir fjár með[19] holdsins pínu.
[Hofmann góður, hygg[20] að ráði þínu,
[hvað þig snertr í þessu[21] kvæði mínu.

16. Þú ert á þessu móti[22]
þvílíkt[23] líf og sál,
sem skilst við heiminn hér,
þú ert ei gjörr af grjóti
og[24] getr ei klæðst með stál,
þú flytr ei fé með þér,

---

1) [þann fjanda Vb. 2) steypir Vb. 3) grotaðir 713. 4) sl. 713. 5) með 713. 6) 713; þessari Vb. 7) gæzkulausa 713. 8) [úti er hann 713. 9) skeinkjan 713. 10) tilg.; heimur 713. 11) [himinn og heimur Vb. 12) [er leyndr, svo sér má eigi forða 713. 13) Vakurt 713. 14) greiðast 713. 15) sl. Vb. 16) það Vb. 17) kotungs Vb. 18) kúgaðr Vb. 19) og 713. 20) [þú góði hofmann, gæt Vb. 21) [og geym vel þess, þig snertir í Vb. 22) róti Vb. 23) með þvílíkt Vb. 24) þú Vb.

Digitized by Google

tak [nú vara þér,[1] tími er aptr að venda,
túlka[2] ber þér fram í veginn að senda.
[Herra Jesus[3] láti oss lukku henda,
lífið gott og langt, [en beztan[4] enda. Amen.[5]

1) [þér vara, því Vb. 2) trúna Vb. 3) [Jesus Christus Vb. 4) [hinn bezta 713. 5) sl. Vb.

Digitized by Google

Jón Hallsson

c. 1470—1538.

Ættfræðingar ætla, að Jón Hallsson hafi verið sonur Halls Jónssonar, sem verið hefir stórbóndi í Rangárþingi á 15. öld, og kemur þar við bréf og dóma á árabilinu 1471—1475.[1] Telja þeir, að Jón muni vera fæddur nálægt 1470,[2] og fer varla hjá því, að það láti nærri. Jón Hallsson hefir ungur orðið sveinn Erlends sýslumanns Erlendssonar og Guðríðar Þorvarðsdóttur konu hans, verið trúnaðarmaður þeirra og haft bréfagerðir þeirra. Er Jóns fyrst getið í sambandi við þau hjón; er það 2. Marts 1495 á Strönd í Selvogi, og er Jón þá vottur þar að jarðakaupa-gjörningi þeirra.[3] En þau Erlendur og Guðríður hafa bæði andazt þetta sama ár, 1495,[4] í plágunni miklu, sem þá gekk yfir. Hefir Jón þá gerzt sveinn barna þeirra, og var síðan trúnaðarmaður þeirra frænda um langa æfi, og teingdist þeim að lyktum, og gekk metnaður hans mjög upp við þau kynni og venzli, því að Erlendungar voru þá manna auðugastir hér á landi og í sem mestum uppgangi. Sveinar ríkra höfðingja, einkum væri sveinarnir ungir menn og frekrar náttúru, voru í þá daga stundum nokkuð ófyrirleitnir, ef svo bar undir. Til er dómur einn frá 2. Júní 1500, háður á Kaldárbakka í Hnappadalssýslu af Ormi sýslumanni Jónssyni, um misþyrmingar Jóns Hallssonar nokkrar við konu eina, er hann gekkst að nokkru leyti dreingilega við.[5] Hafa menn skilið það svo, að það mál kynni að eiga við Jón skáld Hallsson, og að hann hafi þá verið ráðsmaður á búi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar á Kolbeinsstöðum. Sjálfur sat lögmaður að búi sínu á Strönd í Selvogi. Ef svo væri, að þetta ætti við Jón skáld, mætti af því ráða, að hann hafi lítt sézt fyrir á yngri árum. En þetta er ekki fullvíst, og kynni þetta

1) Dipl Isl. V, Nr, 573, 703. 2) Hannes skjalav. Þorsteinsson í Sýslum. æf. IV, 410—411, 419. 3) DI, VII, Nr. 303. 4) Sbr. Sýsl. IV, 388. 5) DI, VII, Nr. 491.

Digitized by Google

mál eins vel að eiga við þann Jón Hallsson á þessum slóðum, sem getur um í Jörfabréfum á árabilinu 1514—1529, og sýnist hafa verið gildur maður, enda nefndur »bóndi«.[1]

Fjórum árum síðar, 22. Mai 1504, er Jón Hallsson einn af dómsmönnunum á Borgarþingi í Grímsnesi hjá Þorvarði lögmanni í nauðgunarmáli einu.[2] Og án efa er það hann sá Jón Hallsson, sem fyrstur er talinn leikmanna í sátt þeirri, er Stefán biskup gerði í Saurbæ á Rauðasandi 19. Sept. 1505 milli Andrésar bónda Guðmundssonar og síra Halls Ögmundssonar.[3] Hefir Jón þá annaðhvort verið sveinn biskups eða Þorvarðs lögmanns, en lögmaður og biskup voru mágar. Hefir Jón því farið í yfirreiðina með biskupi, svo sem öflugur og sæmilegur fylgdarmaður, sem vanur var að fylgja höfðingjum. Í Heytolladómi Stefáns biskups frá 5. Mai 1510[4] er Jón Hallsson einn af dómsmönnunum, og er hann þá orðinn lögréttumaður. Jón Hallsson er og, ásamt Narfa Erlendssyni og öðrum fleirum, nefndur lögréttumaður í Ánabrekkudómi Hans hirðstjóra Eggertssonar frá 24. Mai 1515, og enn er hann í Akradómi sama hirðstjóra 2. Júní, síðar sama vor.[5]

Þorvarður lögmaður Erlendsson andaðist í Björgvin veturinn eða vorið 1513. Um það leyti, eða nokkru fyrri, hefir Jón Hallsson ráðizt sveinn eða ráðsmaður að Stóradal undir Eyjafjöllum til Einars sýslumanns Eyjólfssonar og Hólmfríðar Erlendsdóttur konu hans, og þar er Jóns getið 25. Janúar 1515. Er Einar þá andaður.[6] Hafði hann leingi legið sjúkur, og var þá margrætt um kunnleika Jóns og hústrú Hólmfríðar. Nokkru eptir lát Einars giptust þau Jón Hallsson og Hólmfríður, og gerðust hin mestu höfðingshjón. Eru af Hólmfríði bæði með Einari og Jóni komnir miklir og merkir ættbálkar.[7]

Á Alþingi 1. Júlí 1518 er Jón Hallsson einn með öðrum fleirum, sem gefa Vigfúsi Erlendssyni vitnisburð um það, að hann hafi »steðjað sig í sinni lögmannsstétt sem einn ærligur daudi mann«.[8] Er Jón þá nefndur »lénsmann«, sem merkir sjálfsagt það, að þá hafi hann verið búinn að fá umboð yfir einhverjum konungsjörðum. Í Vogsdómi Vigfúsar lögmanns frá 27. Júlí 1518 er einn af dómsmönnum »Jón Hallsson sýslumann«,[9] og er það af því að læra, að

1) DI, VIII, Nr. 369. 2) DI, VII, Nr. 642. 3) DI, VII, Nr. 719. 4) DI, VIII, Nr. 254. 5) DI, VIII, Nr. 423, 424. 6) DI, VIII, Nr 414. 7) Sbr. Sýslum. æf. I, 328—329; IV, 410—421, 583—587. 8) DI, VIII, Nr. 508. 9) DI VIII, Nr. 510.

Digitized by Google

þá hefir Jón verið orðinn valdsmaður í Síðusýslu eða Skaptafellsþingi, og hefir hann haldið þá sýslu fram til 1522.[1]

Árið 1519 er þess getið, að Jón Hallsson hafi umboð Guðlaugar Jónsdóttur, og selur hann þá 14. Apríl í umboði hennar Ögmundi ábóta ýmsar jarðir hennar í Borgarfirði fyrir aðrar jarðir í Rangárþingi.[2] En Guðlaug var dóttir Jóns Erlendssonar, og bróðurdóttir Hólmfríðar konu Jóns. Þau Hólmfríður giptu Guðlaugu ekki miklu síðar Sveini Hólmfastssyni.[3]

Jón Hallsson er einn meðal þeirra stórbænda fyrir sunnan land, sem gefa út bréf um það á Hlíðarenda í Fljótshlíð 14. Júlí 1520, að þeir vilji fá Vigfús Erlendsson að hirðstjóra.[4] Og sama ár er hann einn af þeim, sem vottar um það »parlamentum«, sem til borið hafði á Alþingi 1517—1519.[5]

Vigfús hirðstjóri Erlendsson, bróðir Hólmfríðar, andaðist í Björgvin í úthall vetrar 1521. Komu farkistur hans út um vorið í Hafnarfirði, og leysti Jón Hallsson þær út vegna Hólmfríðar, því að henni var dæmt umboð barna Vigfúsar, er óveðja voru. Bú lögmanns var mikið og ríkt, en átti miklum skuldum að gegna. Vildu þau Hólmfríður losna við umboðið, en feingu það ekki dæmt af sér, enda greiddu þau úr búinu með hinum mesta skörungskap. Er enn til mart skjala um það efni.[6]

Sama ár og Vigfús hirðstjóri lézt, 1521, hverfur og Narfi Erlendsson, bróðir hans, úr bréfagerðum þeirra tíma, og hefir hann andazt annaðhvort seinni hluta árs 1521[7] eða öndvert ár 1522, því að það ár, 28. Júlí 1522, fær Jón Hallsson veitingu fyrir Merkur og Skóga léni; sama ár fær hann og sýsluvald um Rangárþing, og

---

1) Sbr. DI, IX, Nr. 87. 2) DI, VIII, Nr. 522. 3) Í Sýslumannaæfum, bæði í texta og neðanmálsgreinum, bregður fyrir ýmsum ruglingi og missögnum um það, hvort Jón Erlendsson hafi verið albróðir eða hálfbróðir þeirra Hólmfríðar, Vigfúsar hirðstjóra, Þorvarðs lögmanns og Narfa. Síra Jón Egilsson í Hrepphólum mátti hér um vera sannfróður. Hann var sóknarprestur Gísla sýslumanns í Miðfelli, sonar Guðlaugar Jónsdóttur og Sveins Hólmfastssonar, og hann jarðsaung sjálfur Gísla sýslumann í Apríl 1577. Segir hann skýlaust, að Jón hafi verið albróðir Hólmfríðar og bræðra hennar (Safn I, 59). Jón hefir dáið ungur, og kemur ekki við bréf. 4) DI, VIII, Nr. 558. 5) DI, VIII, Nr. 559. 6) Sbr. einkum DI, VIII, Nr. 595—597, 603; IX, Nr. 85, 88. 7) Hann er á lífi 24. Maí 1521 (DI, VIII, bls. 801, 803, 806), eða jafnvel 19. Júní sama ár (DI, VIII, bls. 793).

Digitized by Google

þar með hafði hann lögsögn í Vestmannaeyjum. Þessum lénum og völdum hefir hann haldið mjög til æfiloka.[1]

Eyjólfur Einarsson, sonur Hólmfríðar og Einars Eyjólfssonar, hefir verið fæddur 1502, því að 1522 er hann orðinn fjárráða. Þá 23. og 24. Maí (1522) gera þau fjárskipti sín á milli Eyjólfur og móðir hans.[2] Hefir Eyjólfur þá hlotið Dal undir Fjöllum, og munu þau Jón Hallsson og Hólmfríður þá hafa flutt sig þaðan og að Næfurholti, enda gefur Hólmfríður Jóni daginn eptir (25. Mai 1522) jörðina Næfurholt um leið og hún kvittar hann af umboðsmeðferð allri á fjám sínum og barna sinna.[3] Óvíst er, hvað leingi þau hafi búið í Næfurholti. En 10. November 1523 fær Ögmundur biskup Hólmfríði til eignar Eyvindarmúla í Fljótshlíð fyrir Sandgerði á Rosmhvalanesi.[4] Í Eyvindarmúla bjuggu þau Jón og Hólmfríður síðustu ár sín, að vísu 1535 og síðan.

Agreiningur nokkur varð 1526 milli þeirra Sæmundar Eiríkssonar í Asi, vegna Guðrúnar Vigfúsdóttur konu sinnar, og Jóns Hallssonar út af umboði á fjám barna Vigfúsar Erlendssonar. En því lyktaði með dómi Ögmundar biskups 12. Sept. 1526, á þá leið, að hvorugur reið feitum hesti frá því máli. En þá er Hólmfríður berum orðum nefnd kona Jóns Hallssonar.[5]

Jón Hallsson hefir á sinni tíð verið mjög mikils metinn maður og svo sem einn af mestu mönnum sinnar samtíðar; kemur hann opt við gjörninga og dóma, bæði hjá Stefáni biskupi, Vigfúsi lögmanni Erlendssyni, Erlendi lögmanni Þorvarðssyni, Ögmundi biskupi og fleirum, og geta þeir, sem það vilja tína saman, fundið það í VIII., IX. og X. bindi Fornbréfasafnsins. Þess skal getið, að Jón Hallsson er nefndur næst efstur allra í alþingisdóminum mikla frá 30. Júní 1530 um landsstjórn og ýmsar landsnauðsynjar.[6] Nokkrir dómar sjálfs hans eru til, og eru af þeim að efni til merkilegastir Vilborgarstaðadómurinn frá 5. Júní (1. Dec.) 1528, um kaplatölu í Vestmannaeyjum,[7] og dómságrip frá 1536 um þungaðar konur.[8] Einn dómur hans er um vígsmál frá 27. Okt. 1537,[9] og annar um arf eptir Jón Torfason frá Klofa 26. Jan. 1530.[10]

Ögmundur biskup og þau Jón og Hólmfríður höfðu jafnan mikið saman að sælda. Biskup átti miklar skuldakröfur í bú Vig-

1) Sbr. DI, IX, Nr. 89, 90, 132, 147, 396, 412, 413, 429, 446, 516, 552, 579, 587, 614, 615; X, Nr. 50, 51, 64, 86, 90, 100, 134. 2) DI, IX, Nr. 73. 3) DI, IX, Nr. 74. 4) DI, IX, Nr. 148. 5) DI, IX, Nr. 294, 308. 6) DI, IX, Nr. 550. 7) DI, IX, Nr. 396. 8) DI, X, Nr. 70; XI, Nr. 111. 9) DI, X, Nr. 100. 10) DI, IX, Nr. 429.

Digitized by Google

fúsar hirðstjóra Erlendssonar, og gekk hann þar ríkt eptir, en þau áttu að svara til þeirra. Svo gat og sitthvað verið um þeirra far sjálfra, er biskup kynni að hafa mátt láta til sín taka, ef hann vildi.[1] En biskup kunni manna bezt lag á því að vera, hvort heldur sem var, strangur eða vægur eptir því, sem við horfði, og tókst með þeim hjónum og Ögmundi biskupi hin mesta vinátta, hvorumtveggja til gagns og sóma. Gömul kynni voru og með þeim að austan. Jón Hallsson er einn meðal þeirra manna, er dregur saman sátt með þeim biskupunum Ögmundi og Jóni á Alþingi 1527, og er sátt sú bréfuð á Húsafelli ári síðar (1528), og hefir hún því stundum verið nefnd Húsafellssáttargerð.[2] Jón Hallsson er og einn þeirra höfðingja, er á sama Alþingi (1527) gera, ásamt biskupum og lögmönnum, samþyktina og samninginn við Hamborgarmenn um vog og mæli.[3] Hvílíkt vinfeingi hafi verið með Ögmundi biskupi og Jóni sýslumanni, má bezt sjá á því, að Jón fer með biskupi á yfirreið til Vestfjarða 1530 og til Austfjarða 1532.[4] Er Jón þá gamall, sjálfsagt freklega sextugur. Hefir Jón án efa verið karlmenni og hraustur maður. En ríklundaðir biskupar settu í fyrri daga metnað í það að hafa í fylgd sinni harðfeinga höfðingsmenn, er hvorki væri uppnæmir til ráða né aðgerða. Hinn 7. Marts 1533 gefur Ögmundur biskup þeim hjónum Jóni og Hólmfríði upp »sínar biskupstíundir, þær sem þau hafa átt að gjalda hingað til, og þær, sem nú í vor falla á«, »sakir þess, að Jón bóndi Hallsson og hans dandikvinna hústrú Hólmfríð [Erlendsdóttir[5] hafa altíð verið oss og heilagri Skálholtskirkju til styrks, [gagns[5] og góða [í öllum þeim hlutum, þau formega, og hafa sömuleiðis lofað að vera«.[5] Og í hinsta sinn kvittar hann þau með virktum 18. Júní 1538, þá staddur í Einarshöfn á Eyrarbakka, um »góðan og greinilegan reikningskap af tíundum, afgjöldum og þeim öðrum kirknanna reikningsskap, sem þeim hefir borið oss reikningskap af að standa«.[6]

Jóns Hallssonar er síðast getið á lífi 5. Júlí 1538. Fær hann

1) Erlendur sonur Hólmfríðar, sem mest kvisið hefir um verið, er fæddur laungu áður en Einar bóndi hennar lézt, og ekki síðar en 1505. Erlendur stendur í öllum bréfum og gjörningum frá því 1525 og síðan ritaður Einarsson, en ekki Jónsson. Það er alt annar maður (DI, XI, Nr. 349). Erlendur bjó á Sólheimum í Mýrdal, mikilfeingur maður. 2) DI, IX, Nr. 342. 3) DI, IX, Nr. 343 C. 4) DI, IX, Nr. 450, 451, 518. 5) DI, IX, Nr. 537, 538; [b. v. 538. 6) DI, X, Nr. 125.

Digitized by Google

þá kvittun, út gefna á Bessastöðum, af Claus van der Marvitz, hirðstjóra og höfuðsmanni yfir alt Ísland, um skatt og sýslugjald af Rangárþingi, svo og um gjald af jörðum þeim og jarðarpörtum, sem hann hefir umboð yfir haft í áðurgreindu þingi.[1] Hafa þær jarðir án efa verið Skóga og Merkur lén, sem svo var kallað. Jón Hallsson sýnist hafa andazt þetta ár, 1538, því að næsta ár (1539) nefnir Jón Björnsson, Guðnasonar, út dóma í Rangárþingi.[2] En Hólmfríður lifði enn nokkur ár. Hún sýnist hafa dáið 1543.

Um Jón sýslumann Hallsson hafa lifað nokkrar þjóðsagnir alt fram á vora daga, og hefir hann verið gerður að kunnáttumanni.[3]

Af kveðskap Jóns Hallssonar þekkist nú ekki annað en það af Ellikvæði hans, sem Guðbrandur biskup hefir látið prenta í Vísnabókinni 1612. Segist Jón yrkja það að bón konu, er »í æsku« hafi beðið sig um »erindi nokkur«. Hver veit, nema hann hafi kveðið það fyrir Hólmfríði Erlendsdóttur.

Af vísu Jóns biskups Arasonar:

Öld segir afbragð skálda
Einar prest fyrir vestan,[4]
Hallsson hróðrar snilli
hefur kunnað fyrir sunnan,

er að skilja, að biskupi hafi þótt koma mikið til kveðskapar Jóns Hallssonar. Jón Hallsson og Jón biskup hafa og verið gagnkunnugir. Þess er áður getið, að Jón Hallsson var einn af þeim, sem komu á sættum milli biskupanna Ögmundar og Jóns á Alþingi 1527. Svo fékk og Eyjólfur Einarsson, stjúpsonur Jóns Hallssonar, Helgu dóttur Jóns biskups, og reið Jón Hallsson með Eyjólfi norður að Hólum til kaupanna haustið 1531, og er hann þá einn af kaupvottunum á Hólum 1. Oktober, en kaupmálinn var bréfaður 30. Nóv. sama ár.[5] Kynni þeirra Jóns biskups og Jóns Hallssonar hljóta því að hafa verið mikil.

---

1) DI, X, Nr. 134. 2) DI, X, Nr. 162. Sbr. Nr. 191, 192. 3) Sbr. söguna um skötuna í Þverá í Þjóðsögum og munnmælum, Rvík 1899, bls. 261—264. 4) Síra Einar Snorrason Ölduhryggjarskáld. Af kveðskap hanns þekkist nú ekkert. Síra Einar hverfur úr bréfagerðum eptir 1534, og mun hann hafa dáið um það leyti. 5) DI, IX, Nr. 495. — Jón Hallsson sá, sem staddur er á Hólum 28. Marts 1520 (DI, VIII, Nr. 550), og á þá kaup við Gottskalk biskup, er norðlenzkur maður, en ekki Jón skáld Hallsson, þó að tilvitnan í þenna stað hafi lent undir hans nafni í registri við VIII. bindi Fornbréfasafnsins.

Digitized by Google

Ellikvæði.

AM 622. 4to bls. 93—95, skinnbók skr. c. 1549; vantar upphaf. — Vísnabók, Hólum 1612, bls. 390—391, og Hólum 1748. Allar afskriptir þessa kvæðis frá síðari öldum eru gerðar eptir Vísnabókinni. -- Vísnabókartextinn er öllu betri en skinnbókarinnar.

Erindi nokkur úr Ellikvæði Jóns Hallssonar.

1. Í æsku en unga kæra
um erindi nokkur beiddi mig,
lézt hún vilja læra
og lesa fyr þeim, sem bæði sig;
skemmra þykir, nær skemtir nökkur í húmi,
eða þá væna veiga gátt
um vintrar nátt
vakandi liggur í rúmi.
2. Nær á mann stríðir elli,
ungir mega þar þeinkja á,
flesta trú eg hún felli,
þó fordild nökkur þyki á;
augnaráðið,[1] afl, sem heyrn og minni,
skekur hún þetta skötnum frá,
en skapar þeim þrá,
þögn og þunglegt sinni.
3. Kláða, hryglu og hósta,
hefur það ellin nóg með sér,
kveisu í limu kann ljósta,
leikr hún þetta stundum mér,
líkama mannsins[2] lætr hún allan dofna,
kaldr og freðinn klæðfár er,
hann klórar sér,
í sæng þá hann vill[3] sofna.
4. Gjör en eg[4] greina kunni
getr hún elli komið af stað,

1) augnaráð Vb. 2) ... ins. Hér byrjar skb. 622. 3) vildi 622 4) 622; sl. Vb.

Digitized by Google

tennr úr mannsins munni
molna[1] burt, svo raun er að,
mælskan verðr og málsnild niðr að falla,
lysting öll er lokuð á burt,
með list og kurt;
svo fer um konur sem kalla.

5. Legst þá flest til lýta,
þó á listum hafi menn kunnað skil,
nær vill einginn nýta
neitt það, hinn gamli leggur til;
við yngisfólkið er og því fús að skilja;
mér virðist margur mega það sjá
og minnast á
að [hafa vill hver[2] sinn vilja.

6. Hversu[3] á þessu að hegða,
svo hafi hinn gamli náð og frið?
Eða skal búinu bregða
og buldrast[4] ekki fólkið við,
og verða[5] þá hneptr í horn til frænda sinna,
og[6] hafa það eina að halda þá,
sem hinn vill ljá,
eða nökkrum mununum[7] minna.

7. [Heiðri trú eg þá[8] halli,
þó hefði æsku viljann sinn,
er hann þá[9] inst á palli,
og undir lítið gæruskinn,
brók er vond, en beyglast skór á fótum,
af aungu skarti er eptir par,
því áður var,
nema hrygðin[10] í hjarta rótum.[11]

8. Burt er bóndafæða,
á borði sínu hann hafði fyr,
um rétti [er ekki[12] að ræða,

1) molast 622. 2) [hver vill hafa 622. 3) Hverninn Vb. 4) 622; buldra Vb. 5) vera 622. 6) sl. 622. 7) 622; munum Vb. 8) [Svo trúi eg heiðri 622. 9) b. v. 622. 10) hrygð 622. 11) 6. og 7 erindið skipta sætum í 622. 12) [622; þarf ei Vb.

Digitized by Google

þeir rata þi inn um hússins dyr,
hans diskr[1] og skál, að dúkr er einginn undir, —
meiri er von, að[2] maðurinn sá
megi minnast á
[liðnar lífsins[3] stundir.

9. Í æskunni halrinn hafði
hæga sæng að liggja upp[4] á,
vífið[5] hann að sér vafði,
og veitti alt, sem lysti,[6] þá;
nú [skal sá[7] með þökkum verða að þiggja
hærusekk og hempu grá,
að honum skal ljá
í [fleti, þar hann fær að[8] liggja.

10. Elli trú eg að eingi
yngismaðurinn forðast[9] kann,
lætr hún eptir honum leingi,
að lyktum [frá eg hún pretti[10] hann,
þó þykist mann[11] stoltr og sterkr í limum öllum,
kann hún flestum að koma á hné,
þótt kaskir[12] sé,
jafn[13] vel konum sem köllum.

11. Elli hefr brýst[14] að binda
bæði á gömlum hendr og fætr,
einninn[15] augun blinda,
af þeim rekr hún svefn um nætr,
volkast hugr, nær vakir mann einn í ranni,
víl og hugsun varast má sá,
sem venst það á,
ef hann er ekki að manni.[16]

12. Eg má á mig játa,
að ofleingi hef eg seinkað við
lestina[17] af að láta

---

1) 622; diski Vb. 2) 622; þó Vb. 3) [lífsins liðnar 622. 4) b. v. 622. 5) víf 622. 6) kunni 622. 7) [622; mun hann Vb. 8) [því hann skal 622. 9) 622; þekkja Vb. 10) [trúi eg hún sviki 622. 11) 622; hann Vb. 12) kaskur 622. 13) 622; svo Vb. 14) 622; brjóst til Vb. 15) þar með(!) 622. 16) 10. og 11. erindi skipta sætum í 622. 17) löstu 622.

Digitized by Google

og líkjast dugandi manna sið;
ætlaði eg aldrei, að[1] ellin mundi nenna
að taka í einu alt að sér,
sem æskan mér
með ljúfleik[2] réð að lénna.[3]

13. Veslegum villubrautum
vafrað hef eg svo leingi á,
kominn að þessum þrautum,
sem þeim[4] hinum gamla sagt er frá.
Ellin kveðst[5] fyrir æsku skuli mér gjalda,
hún[6] kallast mig hafa keypt og fest,
hún[6] keppir mest,
að hún skuli þetta halda.

14. Mér vinst henni ekki að verjast,
vefst[7] hún mér svo fastlega[8] að,
við brúði er ílt að berjast,
bótlaus pína er öllum það,
[eg hlýt[9] að hafa, það hún vill á mig leggja,
skal eg þó aldrei skötnum tjá
eða skýra frá
[skiptunum[10] okkar beggja.

15. Í æsku kunni en kæra
svo[11] kurteislega að búa að mér,
hún hreykti aungum hæra,
hver[12] hann átti ei meira að sér,
og[11] látið mig því langan tíma halda,
geri eg þar aungva undran að,
þó ellin það
grimmlega vilji mér gjalda.

16. Ei vil eg elli blóta,
ætla eg hún hafi lög fyrir sér,
svo er eg farinn til[13] fóta,
föllin trú eg nú[11] vísust mér,

---

1) sl. Vb. 2) kærleik (!) 622. 3) þ. e. léna. 4) b. v., vantar í 622 og Vb. 5) segist 622. 6) sl. 622. 7) fyrst vefst 622. 8) veslega (!) 622. 9) [622; hlýt eg Vb. 10) [um skiptin 622. 11) sl. 622. 12) þeim 622; *rétt*: hveim? 13) þó 622.

Digitized by Google

finst ei ráð að forðast [megi eg[1] þetta,
[nema eg taki mér[2] stinnan staf,
og hafi stuðning af,
ef eg skal ekki detta.

17. Þó á æsku í freistni félli,[3]
svo fái mann ekki gert þar að,
þá trú eg, að hún elli
af muni nokkuð plána það,
ef vér þolum og þökkum vorum herra,
hvort sem geingur mót eða með,
það [mann fær skeð,[4]
kann það kvalirnar þverra.[5]

18. Lof sé lausnara mínum
fyrir lánið alt, hann veitti mér;
hver að högunum sínum
hyggi, sá sem roskinn er,
hvað vér eigum guði á móti að gjalda
fyrir æskublóm og aura nægð
og allskyns frægð,
hann lætr oss leingi halda.[5]

19. Lífsins stundir líða,
loksins þykjust eg þetta sjá,
þess er bezt að bíða,
sem blessaður drottinn leggur á,
búin er sæng, sú er[6] búkrinn manns skal fanga,
blóðrauð mold er breidd þar á,
en í burtu frá
vinirnir vorir ganga.

20. Það[7] er gæfa og gipta,
að hinn gamli hafi þess aflað rétt,
sem skyldir með sér skipta,
í skálunni mun það ekki létt,
sem með kærumálum komizt höfum[8] að illa,

---

1) [geri mann 622. 2) [utan hann fái sér 622. 3) falli Vb. 1612; félli Vb. 1748. 4) *[leiðr.*; manninn skier Vb. 5) Erindið vantar í 622. 6) sem Vb. 7) 622; þá Vb. 8) vér, b. v. 622.

Digitized by Google

vesleg sálin verðr að sjá
þá viktina á,
[hvað hana mun[1] hægt að stilla.
21. Hvar er þá ment[2] eðr mæti,
sem[3] mannkindinni var lánað hér,
alt það eptirlæti,
er í æsku vorri höfðum vér,
mekt[4] og heiður, mannhaldið með auði,
réttafjöldann víns og vist,
að vér höfum mist,
þá kemr hinn dapri dauði.
22. Frá margföldum móði
mildi guðs son leyst hefr oss
með sínu síðublóði,
særðr og negldr á helgan kross.
Hvað mun eg aumur hér á mót mega gjalda
fyrir það lán, þú [léð hefr[5] mér?
Að[6] lof sé þér
um allar aldir alda.

---

1) [622; að hana mun ei Vb. 2) makt 622. 3) það 622. 4) ment 622. 5) [622; léntir Vb. 6) Og 622.

Digitized by Google

Sigurður blindur í Fagradal

c. 1470—c. 1545.

Um Sigurð blind, eða blinda, segir Jón Guðmundsson lærði það, að hann hafi verið samtíða Sveini biskupi Péturssyni (d. 1476), og hafi átt heima í Fagradal.[1] Tímatal Jóns er hér að vísu rangt, nema að því leyti, að Sigurður má vera fæddur á síðustu árum Sveins biskups. Í vísu Jóns biskups Arasonar, þar sem hann telur upp skáld samtíða sér, sitt í hverjum landsfjórðungi, getur hann Sigurðar svo:

Blind hafa bragnar fundið
bragtraustan fyrir austan.

Þar við bætir Björn á Skarðsá þessari skýringu: »Sigurður blindi hefur eitthvert bezt rímnaskáld verið á Íslandi; hans rímur bera af flestum kveðlingum, bæði til kenninga og orðsnilli.«[2] Í þessari vísu Jóns biskups er og getið síra Einars Ölduhryggjarskálds Snorrasonar, en síra Einar hverfur úr bréfagerðum eptir 1534, og mun því hafa dáið um það leyti. Ætti vísa þessi því ekki að vera kveðin síðar en 1534, og er það hið eina ártal í æfi Sigurðar, sem helzt er nokkurri vissu nærri, en hitt er af stöku þessari víst, að hann var uppi á síðari hluta 15. aldar og fyrra hluta 16. aldar, og samtíðarmaður Jóns biskups Arasonar, síra Einars Ölduhryggjarskálds, Jóns Hallssonar og Gunna Hólaskálds. Af stöku þessari er enn framar þann lærdóm að taka, að Sigurður skáld hafi átt heima í Austfirðingafjórðungi. Og sé nokkur fótur fyrir því, sem Espólín segir,[3] — annarsstaðar finst þess ekki getið, — að bær Sigurðar blinda hafi verið svo í leið Jóns biskups, þegar hann reið í Bjarnanes 1545 eða 1547, að fundum þeirra bæri saman,[4] þá

1) Sjá bls. 1 að framan. 2) Annálar I, 266—268. Sbr. Bps. I, 570—571, 592; Espólín: Árb. III, 96—97. 3) Árb. IV, 17; Bps. I, 442—443. 4) Hjá Espólín stendur, að þetta hafi verið 1544, en það ár reið Jón biskup ekki í Bjarnanes, heldur 1545 og 1547. Espólín orðar það svo, að Sigurður hafi þá verið „á Austfjörðum“. Er lítið á því að græða.

Digitized by Google

hlýtur Sigurður að hafa átt heima annaðhvort í Fagradal í Breiðdal eða í Fagradal í Mýrdal. Hvorttveggja er jafnlíklegt, alt eptir því, hvaða leið biskup hefir farið, norður og austan um, eða suður um fjöll, og látið líta svo út sem hann væri á kynnisför austur að Dal undir Eyjafjöllum til Eyjólfs og Helgu dóttur sinnar, en riðið síðan austur þaðan. Hverja leiðina biskup fór 1545, er ókunnugt. Af skýrslunni frá 1547 um fjárupptektir biskupsmanna fyrir Indriða Ketilssyni í Arnanesi verður ekkert víst ráðið, hverja leið biskup hafi riðið til Bjarnaness; hann gat eptir henni að dæma eins vel hafa komið að vestan. Ekki er heldur fullvíst eptir skýrslunni, hverja leið biskup hefir haldið aptur frá Bjarnanesi. Getur Indriði þess, að þá hafi hann verið riðinn »upp til Stafafells«, — líklega heldur, að hans ætlun, úr leið en í leið fyrir biskupsmenn, — og ætluðu þeir biskup að ríða hann upp.[1] En það tókst ekki. Hafa þeir biskup þá annaðhvort horfið aptur suður á leið, eða þá riðið á Lónsheiði og austur um og norður. Er það fult svo líklegt, því að varla hafa þeir kært sig mikið um að hætta sér frá hervirkjunum inn í megin-landsmagnið í biskupsýslu Gizurar, hverja leið, sem þeir hefðu riðið til þeirra. Segir Jón prófastur Halldórsson og, svo og ýmsar ættatölubækur, meðal annars ættatölubækur Benedikts lögmanns Þorsteinssonar, að biskup hafi 1547, að vísu farið suður Austfjarðaleiðina, en ekki getur hann, né ættatölur, Sigurðar skálds að neinu í sambandi við þá för, og ekki heldur Fitjaannáll, sem segir þó frá mörgu. Þó að þessi frásögn Espólíns um Sigurð blind sé varasöm, og ekki víst, nema Sigurður sé dáinn áður en Bjarnanessreiðar Jóns biskups urðu, sýnir hún þó það, að menn hafa ætlað, að Sigurður skáld hafi búið svo nærri leið biskups á þeirri för, að fundum þeirra hafi getað borið saman. Fagradalur í Mýrdal var svo sem að kalla í götunni, þegar riðin var Arnarstakksheiði. Megi byggja á þeirri sögn, sem er gömul, og getur hér síðar, að Sigurður blindur hafi riðið til Alþingis »á hverju ári« og fært Jóni biskupi þangað rímnaflokka, þá leggur það sig sjálft, að Sigurður hlýtur að hafa átt heima í Fagradal í Mýrdal, en ekki í Fagradal í Breiðdal. Þingreið var venjulega ekki mikil úr Austfjörðum, því að leiðin var laung og torsótt, og margar ófærur á veginum fyrir heilskyggna, hvað þá sjónlausa menn. Slíkt ferðalag mátti blindum manni vera svo sem ögjörningur. Austan úr Mýrdal var þingreið miklu auðveldari, og ekki frágangssök blind-

1) DI, IX, bls. 608; Bps. I, 261.

Digitized by Google

um manni hraustum, enn þótt nógu torveld. Auk þess er Fagradalur í Breiðdal við sjó frammi, og mjög langt úr þjóðleið, þótt farið sé Berufjarðarskarð, og enn leingra sé riðið skemstu leið yfir Öxarheiði.

Það stendur á litlu, hvort Sigurður blindur hefir heldur átt heima í Fagradal í Mýrdal eða Fagradal í Breiðdal. Hitt er víst, að hann hefir verið í Austfirðingafjórðungi, og hafi æ um 1500 ekki annarsstaðar en þar verið borið fram sem e, þá vísa einnig kvæði hans honum til heimkynnis þar.

Sigurður skáld var ekki fæddur blindur, sem og fer að líkindum eptir þeirri mentun, sem kvæði hans sýna, að hann hefir haft. En sjálfsagt hefir hann mist sjónina á meðan hann var enn á góðum aldri, og lifað síðan langa æfi eptir það, og blinds-nafnið þá fest sig svo óaðskiljanlega við hann, að jafnvel samtíðarmenn hans, eins og Jón biskup, sleppa skírnarheiti hans, og kalla hann að eins Blind, þegar þeir geta hans. Sama gerir og síra Magnús í Laufási (1572—1636): »Blindur skáld: Auðnan ráði, alt hvað geingr«.[1] Sigurður hefir líklega mist sjónina með nokkuð sviplegum hætti, því að þjóðtrúin og munnmælin hafa gert sér svo merkilega grein fyrir þeim atburði, að Grunnavíkur-Jón segir frá honum með þessum orðum: »Er sagt, hann hafi mist sjónina af því, að hann hafi formælt sólunni einu sinni, þá hann út kom«.[2] Ofraun í útmánaða snjóbirtu mætti þó líklega eins vel um kenna.

Allir mæla þar um eitt, að Sigurður blindur hafi verið eitt hið bezta skáld á landi hér, og svo hefir það verið virt bæði af samtíðarmönnum hans og eins á síðari öldum. Til er staka ein, — að ætla má frá síðara hluta 16. aldar, því að »vísa gömul« er hún kölluð 1686—87, — er vottar þetta:

Það er að segja af Sigurði blind:
samdi hann ljóð um hverja kind,
sá hann hvorki sól né vind,
seggjum þótti hann kveða með hind.[3]

Páll lögmaður Vídalín, sem vitugastur maður var hér á kveðskap á sinni tíð, kallar Sigurð »merkilegt skáld öndverðlega á seculo 16°«.[4] Og í rithöfundatali sínu (Recensus scriptorum et poetarum) fer hann

1) Spec. lex. run. Hafn. 1650 s. v. auðna, bls. 10. Sbr. J. Þ. Om digtn. p. Isl. Kh. 1888 bls. 281. 2) J. Þ. Om digtn. p. Isl. Kh. 1888 bls. 280. 3) Stokkhólmssafn (ísl. papp.) 64. Fol. bls. 195. J. Þ. Om digtn. p. Isl. Kh. 1888, bls. 281. 4) Skýringar á fornyrðum Jónsbókar, Rvík 1854, bls. 89.

Digitized by Google

svo feldum orðum um Sigurð:[1] »Sigurður blindi, á þeim dögum fyrir austan, fullgerði Hektorsrímur, sem Jón biskup hafði byrjað. Andrarímur gerði hann allar, hvorutveggja listugt, með hreinum stýl, skýrt og náttúrligt, að því leyti sem vér höfum það þó bjagað til. Sumir segja, hann hafi og kveðið rímur af Mábel sterku, og sýnast þær vera hinum samkynja. Fleiri gömul kvæði eru honum eignuð, helzt af því almenniliga er mælt, hann hafi fært Jóni Arasyni 12 rímur á hverju ári til Alþingis. Mér[2] sýnist og líklegt, hann hafi gert rímur af Filippus, item Victore og Bláus, í hverjum náttúrlig málsnild og sætar samhendingar hafa sama keim«. — Nær sömu orðum fer Hálfdan meistari Einarsson um ljóðagerð Sigurðar, en eignar honum nokkuru fleiri rímur heldur en Páll Vídalín.[3] Finnur biskup fer og um Sigurð lofsorðum í Kirkjusögu sinni,[4] kveður honum eignuð ýmisleg veraldleg ljóðmæli, og á þar sjálfsagt við rímnakveðskap hans, og þótt hann væri blindur, hafi hann, eins og Hómer, ort ágæt kvæði.[5]

Rímur þær, sem varla er ofdjarft að eigna Sigurði blind að einhverju eða öllu leyti, eru þessar:

Öndrur eða Andra rímur hinar fornu. Þær eru í heild sinn vel ortar, og sumt í þeim ágætlega kveðið. Í þessum rímum er hin alþekta vísa:

[Högg það annað[6] Högni gaf,
hinn þurfti ekki fleiri,
sextán gaddar sukku á kaf,
sú var skeinan meiri.

Mábels rímur sterku. Jón Grunnvíkingur eignar þær Sigurði blinda, eins og Páll Vídalín. Höfundur þeirra segist vera blindur maður. Þær eru liðlega kveðnar, og eru án efa eptir Sigurð blind.

Ólafs rímur Tryggvasonar eða Indriða rímur ilbreiðs og Svoldar rímur. Arni Magnússon eignar þessar rímur skýlaust Sigurði blinda, og þann hluta þeirra, sem heita mega Svoldar rímur, eignar einnig síra Magnús Olafsson í Laufási fortakslaust

---

1) Orð Vídalíns eru rituð á latínu, en eru hér tilfærð í þýðingu síra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka (d. 1785). JSig. 30. 4to bls. 671. J. Þ. Om digtn. p. Isl. Kh. 1888, bls. 279—280. 2) þ. e. Páli Vídalín. 3) Sciagraphia, Hafn. 1777, bls. 87. 4) II, 395. 5) Það, sem rithöfundatalasmiðir 19. aldar segja um Sigurð og kveðskap hans, er alt eptir Hálfdani tekið. 6) [Það var högg hann, *venjul. í manna munni.*

Digitized by Google

Sigurði blinda.[1] Vel kveðnar rímur í heild sinni, og sumt í þeim stórvel ort. Þær eru nú prentaðar í Rímnasafni því, er Finnur prófessor Jónsson hefir gefið út I, 166—214, en ekki er þar getið neins höfundar.

Reinalls rímur. Þær finnast ekki eignaðar Sigurði blind fyrri en hjá Hálfdán Einarssyni 1777.[2] En höfundur þeirra talar um sig í sjálfum rímunum sem blindan mann. Munu þær því réttilega eignaðar Sigurði blinda. Þær eru liðlega kveðnar. Í þessum rímum er hin alkunna vísa, er Ögmundur biskup hafði yfir við Ásdísi systur sína, þegar hann var tekinn höndum á Hjalla 1541:

Hygg þú að því, hringa láð,
hvað hlauzt af vilja þínum,
köld eru jafnan kvenna ráð,
kemur að orðum mínum.

Hektors rímur eignar Páll lögmaður Vídalín þeim í sameiningu Jóni biskupi Arasyni og Sigurði blinda. Rímurnar sjálfar bera það með sér, en draga ekki, að þær eru ortar af tveimur mönnum til skiptis; 1.—3. ríma er eptir einn mann og sama; þá tekur annar við og kveður 4.—5. rímu; þá tekur hinn, er orti 1.—3. rímu, við aptur og kveður 6.—7. rímu. Síðan sjást ekki höfundamót nein alt út 12. rímu. Þá verða höfundaskipti, og tekur annar við með 13. rímu og kveður rímurnar út (13.—16. rímu). Sögusögnin er því víst alveg rétt, að Hektorsrímur sé eptir þá báða Jón biskup og Sigurð blind.

Um Griplur og Ánsrímur er það að segja, að þær finnast ekki fyrri eignaðar Sigurði blinda en af Hálfdani Einarssyni 1777,[2] en fyrir því, að hann sé höfundur þeirra fæst einginn ákveðinn stuðningur í rímunum sjálfum, og svipað er að segja um Filpórímur og rímur af Viktor og Bláus.[3] Að öðru leyti geta menn ekki vitað, nema eitthvað af þeim rímum, sem nú þekkist ekki höfundur að, kunni að vera eptir Sigurð blind. Sigurði eru stundum eignaðar Brönurímur fornu, en venjulegast þó Rögnvaldi blinda. Höfundur þeirra gefur í skyn, að hann sé sjónlaus.

Það, sem menn þekkja nú með öruggri vissu af kveðskap Sig-

1) Spec. lex. run. Hafn. 1650, s. v. kurt, bls. 68. — J. Þ. Om digtn. p. Isl. Kh. 1888, bls. 281, 292. 2) Sciagraphia, bls. 87. 3) Griplur eru prentaðar í Rímnasafni F. J. I, 351—408; Viktors og Bláus rímur í Rímnasafni II, 604—686; Filpórímur í Riddararímum Wiséns, Kh. 1881, bls. 3—55. Sjá að öðru leyti rit mitt Om digtn. p. Isl. Kh. 1888, bls. 284—302.

Digitized by Google

urðar blinds, er helgidrápa ein mikil og stórfeld, er nefnist Rósa. En af því að fyrirsögn Rósu hefir hjá ritara skinnbókar þeirrar, sem segir til höfundarins að því kvæði, lent yfir annari helgidrápu, er Milska nefnist, og er í sömu bókinni (AM. 622. 4to), hafa menn verið í nokkrum vafa um það, hvort Milska mundi þá ekki einnig vera eptir Sigurð blind, því að hún er vel kveðin, og höfundur hennar segist vera »klerklaus maður«, það er að skilja leikmaður. Milska er og frá sama tíma og Rósa og undir sama bragarhætti. Þar með eru og sum orðatiltæki ekki ósvipuð í báðum þessum kvæðum. En báðar þessar drápur þræða svo sem sama efni, sem venjulegt er í slíkum stórdrápum: sköpunarverkið, syndafallið, getnaður Krists og fæðing, krossfesting og endurlausn og dómsdagur. Er harðla ólíklegt, að sami maður hafi farið að kveða sjálfan sig upp um sama efnið og yrkja um það tvær drápurnar undir sama brag. Verður því að skoða það svo, að fyrirsögn Rósu hafi af hreinni vangá skinnbókarritarans lent yfir Milsku, og að Milska eigi ekkert skylt við Sigurð blind. Rósu segist Sigurður hafa kveðið ungur (121. erindi). Lilja er vitanlega fyrirmyndin, bæði að Rósu og Milsku, eins og Arni Magnússon tekur nógu hispurslaust fram: »Absque dubio ad imitationem Liliæ«. Þegar Rósa er lesin í kjölinn, mun fæstum finnast hún gefa Lilju eptir um haglega smíð og fallegan frágang, og á sumum stöðum í Rósu er ennþá stórfeldari skáldskapur heldur en í Lilju.

Rósa.

AM. 622. 4to bls. 57—77, skinnbókin frá Hólmi á Akranesi, skr. fyrir 1549; vantar nokkuð í seinni hluta drápunnar. — AM. 713. 4to bls. 1—5, skinnbók c. 1530—40; vantar framan af drápunni. — AM. 1032. 4to bls. 455—484, með hendi Arna Magnússonar. — JSig. 399. 4to, afskript með hendi Jóns Sigurðssonar.

Hér hefur Rósu, sem Sigurður blindur hefur kveðið.[1] Maríuvísur.[2]

1. Faðir og son á hæstum hæðum,
himna smiðr, til jarðar niðri

1) Þessi fyrirsögn hefir af vangá skrifarans lent í skb. 622 fyrir ofan Milsku, sem er næst á undan Rósu í skinnbókinni. 2) með hendi frá 17: öld í 713.

Digitized by Google

hneig þú þitt, enn helgi drottinn,
heyranda myskunnar eyra.
Biðr eg þig, þó brjóstið hrærist,
bjartur guð, með klökku hjarta,
orðin gef þú mér til mærðar
merkilig yfir þenna verka.

2. Þar næst biðr eg milda móður
Maríu, við runnum tárum,
himna smiðs, að hún mér téði
hjálpar kæn með sínum bænum,
og því að enn að mætti minnast
mína veikt fur barni sínu,
sættu mig við sjálfan drottinn,
sólin skær, og bið mér æru.

3. Ítrar biðr eg eingla sveitir
óttafullr, og píslarvótta,
höfuðfeðr og iátara aðra,
allvegligt lið munka reglu,
páfa fjöld og presta valdra,
pínuð jóð og meyja þjóðir,
verndið mig frá grimdar grandi
guðspjallamenn helgir allir.

4. Jón baptista ertu enn æzti
yfirvottandi komu drottins,
rétt ertu sem reiknast mætti
rödd kallandi heilags anda;
kalla þú, svo að kröf þín fyllist,
kalli með þér helgir allir,
að nú frjófgi guðlig gæfa,
gróðr upp sprun(g)inn, mína tungu.

5. Ión postuli evangelista,
electus af brunni spektar,
hverr er þátt af þínum drottni
þvílík orð með heiðri forðum:[1]
Sé, María, son þinn kæran!
sé, góði vin, þína móður!

1) froðum, skb.

Digitized by Google

hér fur bið þú himna stýri
heiðarliga,[1] að fyrir mér greiði.

6. Postulann bið eg Pétur fystan,
og Paulum, þann sem varð af Saulo,
Símon, Philippum, Thaddeum, Thomam,
taki Andreas mig frá grandi,
Bartholomeus! bæt það er skortir,
Barnaba! stá þá til varnar,
Mattheus þiggi mér við drottinn
milda náð, og Jakobar báðir.

7. Drottinn, gef þú af dýrðar mætti
dygðar brunn í hjartans bygðir,
þann er allan þíða kunni
þela inn forna synda minna;
síðan falli um sætar æðar
sveita laug af mínum augum
elskulig, svo að aldri fölskist
Iór- og -Dán í kvíslum fjórum.

8. Látína með lesning hreinum,
lærðir menn er drottni færðu,
trúðu, en vissu trautt hvað þýðist,
tungan mundi hvað er þeir sungu:
Og því skyldara[2] er þenna að gjalda
þeim, er skilja hvað mæla vilja,
greitt[3] og skýrt af giptum drottins
grund klerkligan óðar verka.

9. Hvorki kendi orð né andi
út ljóstandi af mínu brjósti
vizku skýring, varra hræring
vessa smíð á diktan þessa,
nema vísligan glöggleiks geisla,[4]
gleri bjartari, mér í hjarta
sannr almáttrinn sólar drottinn
sendi fram af líknar hendi.

10. Drottinn vartu í dýrð og mætti

1) heilagan, hdr. 2) skyldari, hdr. 3) greint, hdr. 4) á spássíu í skb. en sést ekki.

Digitized by Google

dýrr og sterkr og hverjum fyrri,
ærið ríkr og öllum meiri .
í skínandi kröptum þínum,
gerðir þú með einu orði
alt í senn á málsháttt þenna:
Verði ljós og vötn á jarðir, —
víðerni þau standa síðan.

11. Skildir þú, en skepnu valdir,
skapari styrkur, ljós frá myrkri,
neðri vötn á efrum æðum,
alt stillandi lopt í milli,
himin festandi hagleik traustum,
hjól greinandi tungl(s) og sólar,
stundir, dægr og stjörnur fagrar,
stöðu merkjandi hvað frá öðru.

12. Vurðu síðan vötn og jarðir,
veðra gangr um loptin neðri,
fjöll og grundir og fagrir vellir,
frjófgan nóg og grænir skógar;
settir þú með hagleiks hætti
hjörð og dýr og fugla á jörðu,
fiska í sjá með frjóvan röskri,
fríðar ár, er runnu víða.

13. Hrærðir þú yfir hagleik jarðar
hreinan stað með guðdóm einum
Paradísar, sem letrin lýsa,
land byggiligt holds og andar,
öllum tést þar alt hið bezta,
ilming mæt og blómar sætir,
fík-tré væn og foldir hreinar,
fram tærandi vínið skæra.

14. Skaparinn gaf með höl(d)nu hófi
haglig bönd og tempran löndum,
sjó voldugan, afl við eldi,
eld, kostliga hlíf við frosti;
að svo komnu heimi og himnum
hita kjósanda og skæru ljósi,

Digitized by Google

skil kunnandi á skepnu sinni,
skaparinn fróðr sá hana góða.
15. Himnum vendi heilagr andi
hverjum meir og prýði þeira
ítarligr og eingla sveitir
allvirðuligar sér til dýrðar;
ljósan setti lofaðr drottinn
Luciferum í dásemd hverri,
sér líkastan, skapaðan skæran,
skipar hann hátt, því að völdin átti.
16. Svo standanda eigi undi
árr gagnstaðligr heilsu várri,
fæðist í honum fjandans móðir
forðum nú með þessum orðum:
Eiga skal eg með efling nóga
upp skorðaðan stól í norðri,
sómir mér [eigi að sitja[1] lægra
svinnum guði, né ráða minna.
17. Þungligt[2] flaug hans eitr í eingla
ómilda, þá er týnast vildu,
hann og snerist til hirðar sinnar,
hvessandi svo villu þessa;
þetta sér hinn dýri drottinn,
dirfðar leir í hjörtum þeira
og inn komna öfund í himna,
ei viljandi, að svo gert standi.
18. Upp eru settar örfar drottins,
efni eru til nóg, að hann hefni
þeim, er braut fur sjálfs hans sæti
sið réttligan hæstrar stéttar;
alt var senn, þegar eingill viltist,
öflugr varð hann þegar að djöfli,
allr hans flokkr að árum dökkum,
ólíkir nú himnaríki.
19. Víti fékk hinn væla-skjóti

1) [at sitja ei, skb. 2) Aumlegt, hdr.

Digitized by Google

víkingrinn fur ofdirfð slíka,[1]
dróttinn biðr hann dragast í brottu,[2]
dauða föður, í eldinn rauða;
nú er hann dæmdr í allar eymdir
illsku sterkr, af sjálfs síns verki,
skúfaðr út af sæmdar sæti
sómalaus og kristnum dómi.

20. Út drífandi, jafnþykt snjófi,
illsku fimir af björtum himni
loft og jörð í gegnum grafnir
grandauðugir í kvöl með fjanda,
Kollus[3] sneyðr og knapar hans allir
krjúpandi hinu neðra djúpi,
fúll og flatr með öfundar eitri, —
ill og meir varð kaupferð þeira.

21. Eptir þegar er dauða djúpi
drifin voru öll úr guðdóms höllu,
sá það skarð, er á var orðið,
eingla sveit, og hjálpráð veitir.
Sjálf þrenningin sætum munni,
sonur talandi, faðir og andi:
Sköpum vér mann og skipum í þenna
skerðan kór með líking vóra.

22. Verða léztu, veitir dýrðar,
vatn og mold að[4] blóði og holdi,
lopts hræ(r)ingar, limum að ypta,[5]
loganda eld til heitleiks anda,
önd og þar til síðan sendi,
svo fullgjörður[6] maðr af jörðu
Adam fyrstr í [öllum heimi,[7]
alroskinn til lífs og þroska.

23. Adam sitr í Ebron mætum
ei skammandist[8] nöktr að standa,
lífi styrkr og líkams orku,

1) sína, skb. 2) burtu, skb. 3) kollws (?), 622. AM. (1032 les: kollivs. 4) af, hdr. 5) styrkja, hdr. 6) fullgiorfur, skb. 7) [heimi öllum, skb. 8) skammadist, skb.

Digitized by Google

ljós og bjartr og spakr í hjarta;
síðan hans af síðu beini
sofandi leiddi heilagr andi
Evam, honum til yndis gefna
óspilliligs þeirra í milli.

24. Drottinn skipar, að æxlist ættir
eirugjarn[1] í sambúð þeira,
synir og dætur af sáði hreinu
syndalaus með fullu yndi,
gefandi þeim í lén og leyfi
lifandi jörð, er sjálfr hann gjörði,
utan þann lund, er æ skal standa
út hristandi blóm af kvistum.

25. Undrar þetta hinn forni fjandi,
fagurligt hold er skapað af moldu,
ætlar nú muni Adam njljóta
yndi og vist, er sjálfr hann misti,
veltist um og banvænt bultar,
bruggar eitr í neðrum skuggum
vélafullr, og býst með bölvi
bitur höggormr Evu vitja:[2]

26. Hvar fur hefir [drottinn dýri,[3]
drósin, þér og Adam ljósum
bannað eitt að bergja og kenna
blóm frygðanligt allra dygða?
Báði[4] viti þið grein og gæði
góðs og ills, og þar í milli,
ef þið sætasta eplið bítið,
einglum lík í fegurð og ríki.

27. Eva hélt fyrir æðra leyfi
ormsins spott en boðskap drottins,
át, og síðan Adam teyði,[5]
eigi svo fróm sem þóttist, blóma;
reiði ugði bóndinn brúðar

---

1) ærugjarn, skb. 2) vitjar skb. 3) [hinn dýri drottinn, skb. 4) bæði, skb. 5) teygði, skb.

Digitized by Google

blekkiligr, en skaparans ekki,
girnd er ekki góð til vernda,
gerði hann, og vissi bannað.

28. Hjónin þegar er höfðu greindu
hneppiliga neytt því[1] girndar epli,
opnast dyrnar augna þeira
og skammandist[2] nökt að standa;
hátt á þann veg hljóðar drottinn:
Hvað gjörðir þú, maðr, á jörðu?
Bannaðan hefir þú bergðan kendan
blóma trés að mínum dómi.

29. An(d)svör greiðir,[3] ei sem stæði,
Adam viltr í máli spiltu:
Konu gerðir þú, konungr dýrðar,
kvinna bauð mér slíkt að vinna.
Skrafaði[4] svo við auma Evu
yfirráðandi himins og landa:[5]
Hvat dirfði þig, brúðr, að brjóta
boðorðin mín í veikleik þínum?

30. Eva segir, að ormrinn gæfi
óráð slíkt, er hana réð svíkja, —
fjandinn hefir nú blekt og blindað
bæði þau, nema drottinn græði:
Sannliga þar sem sveiktu kvinnu,[6]
sannr óvin, segir skapari manna,
maðr skal einn af meyju fæðast
mikill og frægr, er þig skal lægja.

31. Hæsti glæpr, er hjónin fystu
heiptar kunn með lystíng unnu
og þrátt[7] sögðu boðorða broti,
bauð oss heim í sótt og dauða;
frá þvílíkri sæmdar sælu
sólar drottinn rak þau brottu,[8]

---

1) þ', skb. 2) skammaðist, skb. 3) greiðist, skb. 4) talandi, hdr. 5) Svo. 6) kvinna, skb. 7) fyrr, skb. 8) burtu, skb.

Digitized by Google

verðug[1] þess, á veslar[2] jörðu
í vos og hungr og þyrni-klungra.
32. Heyr þú mig, er himin gjörðir,
höfuð-þjóðsmiðrinn alls hins góða!
efn þú sæt í allan máta
orðin þín fur tungu mína.
Rausnar verk þau, er drottinn dýrkar,[3]
dýrð og heiður, er spámenn skýrðu,
styrkjum vér með allri orku,
unnið lof með hjarta og munni.
33. Leið svo heimr um langa tíma,
láð var bygt[4] með Adams sáði,
getinn og borinn í synda sauri,
sóttum þreingd með pínu og ótta,
en helvítið opið og þrútið
út drífandi holdsins lífi,
bálið svelgir af glæpa gjöldum
greptaða önd í dauðans böndum.
34. Veröld er týnd, en fagnar fjandinn
feingi þeim, er hélt hann leingi,
allir eru, segir illskufullr,
alda feðr í mínu valdi;
hverr rís upp af holdi þeirra
herleiðing frá oss að greiða?
Slægðarsmiðrinn halda hugðist
hjarðarflokk[5] í díki stokkinn[6]
35. Eg hefi frétt, að andsvör veitti
Es(s)aías máli þessu:
Máttinn lofa eg ens milda drottins
minn sermonem yðr að herma;
ljósum stígr af líkam meyjar
lifandi maðr og heilagr andi,
settr í veð með sjálfs síns ráði,
saklaust blóð fur heilsu þjóða.

---

1) verður, hdr. 2) svo = vesla. 3) dýrðar, skb. 4) bygð, skb. 5) flokkr, skb. 6) sokkit, skb.

Digitized by Google

36. Einn diktandi andi spektar
orðin slík, því þegar mun ríkja
heilög vötn í hverri sálu
harla fljót(t) að viljan dróttins,
og svo fljótt var allt í brottu[1]
eymdar kvein, því að hjörtun gleymdu,
dundi út sem dupt fur vindi
dauða uggr og hræðslu skuggi.

37. Merkir eingin mannlig orka
mildi guðs, þóat[2] skipta vildi
grund í skinn, en gróðr í penna,
græðir allr í bleklaug stæði.
Ave domina allra heima,
ættum vér af fremstum mætti,
salve Christe, sonr ens hæsta,
sjöfalda þér dýrkan gjalda.

38. Skaparinn minnist skepnu sinnar,
skjól veitandi elsku heitrar,
vill ei sinn að verknað þenna
vítis burar með krókum slíti,
stærandi[3] yfir stríðu vóra
straum bráðligan heilsu ráða,
liðinn af skærri líknar æði,
lýða hjálp, en sér til prýði.

39. Ioachim hét, sá æðstum blóma
auði prýddr og kröptum skrýddist,
Anna hét hans eiginkvinna,
einka sterk til góðra verka;
þeirra líf var dæmum dýrra,
dásamligt um allar rásir,
svo haldandi heiðr og mildi
heilags verks,[4] sem þeim bar merki.

40. Aurum skiptu af örleik stórum
í þriðjunga hjónin jungu,
veita, því að vildu hljóta

1) burtu, skb. 2) þt, skb. 3) stundandi, skb. 4) verk, skb.?

Digitized by Google

verðkaup gott, til musteris drottins;
annan gáfu aumum mönnum
útlendum og snauðum frendum,[1]
þriðja höfðu sjálf að seðja[2]
sins heimilis snótar beima.

41. Sýn og [mál og heyrn[3] fur hreina,
hræring tek[na, eg] skyldur væri,
ilming, berging, unna sálma
[ótæpt] vær að Kristi færum.
Rausnarverk þau, er drottinn dýrkar,[4]
dýrð og heiður, þau[5] er spámenn skýrðu,
styrkjum vér með allri orku,
unnið lof með hjarta og munni.

42. Joachim fór[6] að hátíð hárri
harðla fljótt til musteris dróttins,
gekk svo inn með giptum mönnum
góðhjartaðr í kirkju bjarta;
býðr hann upp í messu miðri
milda fórn, og offra vildi;
biskup leit á rekkinn röskva
reiðuliga, og andsvör greiðir:

43. Hvað dirfir þig, höldr, að starfa,
hyggju sterkr, í þessu verki?
Bölvaðr er, sem bókin mælir,[7]
barnlaus mann[8] í þessu ranni;
drottinn hefir þig dæmt að réttu,
djarfari ertu en væri þarfir,
þeygi gazt þú eldi að eiga
ómakligur[9] þvílíks sprakka.[10]

44. Bóndi varð, er brigzli heyrði,
bæði sleginn við harm og mæði,
gekk hann burt með hryggu hjarta
hóglundaðr til eyðiskóga,
hirða sína hitta gerði,

1) frændum, skb. 2) stedia, skb. 3) [heyrn og mál, skb. 4) dýrðar, skb. 5) sl. í er. 32. 6) bjóst, hdr. 7) greinir, hdr. 8) maður, skb. 9) ómakligan, hdr. 10) þokka, hdr.

Digitized by Google

hann forðast svo augsýn manna,
dyggur[1] mun, nema drottinn huggi,
dreingr af þessu sturlast leingi.

45. Huggan sendi heilagr andi
hans skiljandi dyggvan vilja,
eingils heyrði orð af tungu
Ioachim hreinn, nam þetta að greina:
Far þú heim með frægð og sóma,
finna mantu þína kvinnu,
viðfrægt getr þú víf með brúði,
veit eg, að hún skal María heita.

46. Þenna birti eingill Önnu
æðstan fagnað heims og bragna,
bóndi og brúðr í fögnuð fundust,
fagnaðrinn bar hryggleik magni.
Ave domina allra heima,
[ættum vér af fremstum mætti,
salve Christe, sonr ens hæsta,
sjöfalda þér dýrkan gjalda.[2]

47. Heima þá með sæmd og sóma
sitja hjón, og drottni þjóna,
væntu, þess er eingill inti,
iðin[3] getnað þeirra í miðli,[4]
bygðu rétt, sem bókin vottar,
bóndi og víf að[5] munaðlífi,
lyktan kemr á lýstan tíma,
leið svo fljótt, þau gátu dóttur.

48. Maríu nafni er skírð hin skæra,
skærust frú með heiðr og æru,
fæðist upp með fegurð og prýði
frægast líf og gimsteinn vífa,
þýð og snotr var þriggja vetra
þangað færð, er biskup lærði
tíma bót í templum domini,
trúi eg [guð með henni búi[6].

1) hryggur, skb. 2) frá [ekki ritað í skb. 3) áðr .., hdr. 4) mille, skb. 5) með, hdr. 6) [sannliga guð með henni, hdr.

Digitized by Google

49. Palla gekk upp ein með öllu,
án mannligan fullting,[1] svanni,
svo merkjandi sína orku,
síðar mær er fræg varð víða.
Frómust lifði framar en dæmi
fyndust slík, nema í himnaríki,
vildi hún lifa hreinu holdi
hrein og skær í öllum greinum.

50. Átti jafnan Önnu dóttir
einkar svinn að starfa og vinna
mektug, hitt er mönnum þókti
merkiligast af sínum verkum.
Hana[2] kölluðu iungfrú(r) allar
yfirskínandi drottning sína
skærar þær, sem skyldar vóru,
skein[3] hún þegar af helgum greinum.

51. Heiðrinn Christi er hóf í fystu,
himin og jörð, er sjálfr hann gjörði,
alla hluti og eyddi villu,
enn nú sendi oss gimstein þenna.
Rausnar verk þau, er dr[ottinn dýrkar,
dýrð og heiður, er spámenn skýrðu,
styrkjum vér með allri orku,
unnið lof með hjarta og munni].

52. Mektug var, sem mærðin diktar,
María (v)orðin fjórtán ára,
blóm dygðanna, er biskup hugði
beztan svanna að gipta manni.
Iátað hef eg, segir iungfrú mætust,
einum guði að vakta hreinum
líkam minn fur losta veikleik,
lífið sælt við herrann mælti.

53. Lærðum sýndist lýðum vandi
lyndis ríkum stóru [að víkja,[4]

---

1) fulltings, skb. 2) þær, hdr. 3) skin, skb. 4) [a rickia, skb.

Digitized by Google

lögin skylduðu heit að halda
hvern fur vist, er lofuðu Kristi.
Víst er það[1] með vökum og föstum,
verkin hrein og bænir klerka,
dýrt var ráð, er drottinn birti
dýrðar mildr, hvað bregða skyldi.

54. Mariam festi manni dýrum,
mann auðkendr að blómgum vendi
inniliga frá öðrum mönnum,
Ióseph sendr af Davíðs lendum:
honum skal sendast heilags anda
háleit gipta lífs og sálar,
firðar[2] tóku og fegnir urðu
föðurlig ráð, er heyra náðu.

55. Festar tók með frúna hæstu
fremdar sterkr og mildi verka
Jóseph, þegar hann vissi vísan
vilja guðs, og náði að skilja.
Ave domina allra heima,
[ættum vér af fremstum mætti,
salve Christe, sonr ens hæsta,
sjöfalda þér dýrkan gjalda].

56. Ást í kjör við elskan mesta
Ióseph lagði á meyna ljósa,
setti niðr hjá sínum bróður
signað víf með skæru lífi.
I Bedleem frá eg að Ióseph kæmi
æru prýddr og kröptum skrýddist,
frægðar gjarn, og frændum sagði
ferðar lok, þau guð lét verða.

57. Síðan fór með sinni móður
sorgarlaus til Nazareth borgar
sóma prýdd[3] um settan tíma
signuð mær, unz[4] brullaup væri.
Fullkomna vann faðir í himnum

1) þt, skb. 2) f'ð', skb. 3) prýddr, skb. 4) við, skb.

Digitized by Google

frægð Máríu giptu nægri,[1]
hingað sendi hann helgan eingil[2]
henni að færa boðskap þenna:
58. Heil vertu með sæmd og sælu,
sól upprunnin full myskunnar,
drottinn byggir með þér mætust,
móðir skaparans allra þjóða.
Blessuð vertu blíð í hjarta,
blessuð enn[3] yfir sveitir kvenna,
burður þinn og blessaðr verði,
blessuð mær, — segir röddin skæra.
59. Ei mistrúði orðin blíðust,[4]
óttandi spyr Joachims dóttir:
Hversu fæði eg son án sáði,
sannliga er eg ei spilt af manni?
Kristr skyggir þig, kraptr ens hæsta
komandi til með helgum anda.
Verði mér eptir yðrum orðum, —
ambátt guðs réð þannug[5] vátta.[6]
60. Stýr þú sjálf með efni og orðum
óði þessum, drottins móðir,
vilja þinn svo mætta eg mæla,
mína þörf og lofgjörð þína.
Fögr sem tungl og efri (en) einglar,
electa sem sólin mektug,
María lofast í himnum hærri,
hreinni og skærri en nokkur greini.
61. Alt var senn, að eingill mælti,
ióð var komið í för með móður,
meiri dýrð en mannkyn virði
María fékk á þessu ári,
innasta í iðrum hennar
orðið það, er guð var forðum,

---

1) hærri, hdr. 2) eingill, skb. 3) ertu, skb. 4) ítrust, hdr. 5) þannveg, hdr. 6) votta, skb.

Digitized by Google

gerði þannig guð með orði,
gvið[1] ríkjandi[2] í hennar kviði.

62. Leystist hold frá brúðar brjósti,
bæði senn tók guð með henni
lifanda blóð í limum og æðum
lifandi með guðdóm sannan.
Guð verandi sonr og síðan
samteingjandist helgum anda
allur samr og einn að fullu,
iafn og sannr í tignar nafni.

63. Nú er hún bæði mær og móðir,
mær var hún áðr en burðrinn væri,
mær í burði, skjótt að skýrir,
skínandi með blóma sínum.
Æ virðulig eptir burðinn
iungfrú mær, og nú er hún skærust,
eingrar kindar eimr af syndum
um rennandi finst með henni.

64. Svo líðandi sonr til móður
samspennandi guðs og hennar
sem snertandi sólar birti
sér almegnan spegil[3] gegnum.
Þó er, drottningin þjóða og eingla,
þitt samband og heilags anda
miklu framar en mannlig speki[4]
mætti tala með slíkum hætti.

65. Eingin koma þau orð á tungu
yfir skínandi drottning mína,
að eigi er sýnt að ávalt[5] vantar
vilja minn til stefja þinna.
Öllum hlutum er æðri og betri
allhróðigust drottins móðir,
vill hún bezt, en megnar mestu,
María næst er drottni hæstum.

---

1) guð, skb. 2) Rickiandi, skb. 3) fpeihl *eða* speijl, skb. 4) orka, hdr. 5) Svo.

Digitized by Google

66. Tveim mánuðum og eptir einum
Ióseph minntist heitfrú sinnar
brátt, og vildi brullaup halda,
brúði því að hann átti prúða.
Vissi og fann á vexti hennar
vera til hugðu nokkuð brugðið,
hugsar ráð, og hélt það síðan
hæverskr þegn, er bezt má gegna.

67. Vissi hann skýrt sem bókin birtir[1],
að berast mun sveinn af meyju hreinni,
hingað sendr af helgum anda,
hulinn með mann yfir guðdóm sannan;
virðist þeirrar víst ei dýrðar
verðugr, að hann brullaup gerði
djarfráður[2] til drottins móður,
dygðug mær ef svo feld væri.

68. Vildi og ei, ef hún hefði af holdi
holdligt jóð sem önnur móðir,
samteingjast við synda þunga
satt réttlæti, hann kunni að gæta:
Temprar ást við mildu mesta
mildhugaðr, og eigi vildi
plaza neitt svo plágast mætti
prúðust [mær], þótt[3] brotlig væri.

69. Eingils röddin Ióseph kvaddi,
efa brjótandi í tíma fljótum:
Gruna þú hvorki gæfu þína,
góði vin, né drottins móður.
Taktu við og tortrygg ekki
tignast víf, í dýrðar lífi
guðs son ber hún, getin án sáði,
græðarann skal hún í heiminn fæða.

70. Vitni ber þú valdr af drottni
við kennandist skærleik hennar,
María hæst er móðir Christi

1) greinir, skb. 2) djörfuligr, hdr. 3) at, ofaukið í skb.

Digitized by Google

maklig ein fur allar greinir.
Fögr sem tungl og efri en einglar,
electa sem sólin mektug,
María lofast í himnum hærri,
hreinni og stærri en nokkur greini.

71. Ióseph fór með iungfrú dýra,
unntust þau sem hjörtun kunnu,
guði líkandi í Bethleem bæði,
blessaðr verði tíminn þessi.
Miðja nátt[1] frá (eg) móður drottins
mær í heim að son sinn bæri,
ei í höll né umvernd[2] pelli,
iötu virðist hann byggja stirða

72. Vafði í reif og huldi heyi,
höfuð-drottningin [þar um vottar[3]
röksamlig fur asna og uksa,[4]
yfirþjóðkonginn dýrust móðir.
Ei(n)gi er von að ófróð túnga
inni það með veikligt[5] minni,
dýrðin syngr af drottins burði,
djarfligt er mér slíkt að starfa.

73. Hvað þarf leingra? Himnar sungu,
hæstu dýrðar feingu skýrðar,
einglar lofuðu öllum tungum
ungan mann og guð vorn sannan.
Hirðar kunnu af eingils orði
Iesus nafn, og greindu jafnan,
ár og friðr sem gagn og gæði
gjörðist báði[6] á himni og jörðu.

74. Máríu dýrð er mektug orðin,
mann og guð hún fæddi sannan,
dýrkanlig, svo að hafði hvorki
harm og sótt, né nokkurn ótta.
Svo er líðandi sonr af móður

1) nótt, skb. 2) vmu'nd, skb. 3) [... þat vitni, skb.; AM. les (í 1082): *ber (um)* þat vitni. 4) uxa, skb. 5) veykleikt, skb. 6) = bæði.

Digitized by Google

sem ljóstandi hugr ór brjósti
vaktist út af vörum luktum,
vilja guðs má þannig skilja.

75. Eingi fær, þó alt umkringi,
iörð og lopt, það er drottinn gjörði,
æðri son, eða mætri móður
Máríu[1] Jesus Christi váru.
Öllum hlutunum er æðri og betri
allhróðigust drottins móðir,
vill hún bezt, en megnar mestu,
María næst er drottni hæstum.

76. Gleðst nú mær, er glögglig(a) trúði
gleðilig móðir eingils kveðju,
gleðst nú mild er [heyi huldi[2]
himna kong sem [greina ymnar[3].
Gleðst María er fékk að fæða
föður sannligan eingla og manna,
gleðst drottningin sjálf æ síðan
samverkjandi helgum anda.

77. Þessi er eirn, sá er færðu fórnir
fróðir menn, sem þú varst móðir,
trú syngjandi tignir kongar,
tilgreindum og þrennum einum.
Baltazar, sem bókin[4] skýrir,[5]
boðaði hann og Jaspar annar
mildan guð, sem Melchior trúði,[6]
manndóms grein og helgan anda.

78. Allir þeir hafa offrað gulli
Ísraels synir og hreinni mirru,
reykelsi fur mjúka mildi
merkist trúan í þeirra verkum.
Síðan bar[7] með sinni móður
sonr deyðanligr guðs og meyjar

---

1) María, skb. 2) [huldi heyi, skb. 3) [ymnar greina, skb. 4) konginn, skb. 5) Svo, skb. 6) í skb. sést .. rvdi; AM. les: trvdi. 7) var, skb.

Digitized by Google

þrimur meir en þrjátigir ára
þinn líkam yfir jarðligt ríki.
79. Bæði vartu fluttr og flúðir,
faðirinn góðr, og dýrlig móðir,
héldu undan Erodis[1] valdi,
egipzk þjóð var meðtæk góðu.
Frumgetnaðr vertu[2] [beimum blíður,[3]
bæði hjálptu sonum og mæðrum, —
allar skepnur fagnað fullan
finna náðu í komu þinni.
80. Svo skal bæði syni og móður
sameiginligt lofið að hneigja,
sínu hváru þó vísan væri,
valla má það griplur kalla.
Fögr sem tungl [og efri en einglar,
electa sem sólin mektug,
María lofast í himnum hærri,
hreinni og skærri en nokkur greini].
81. Ténaðar bið eg fyri tungu mína
til komanda helgum anda,
drottinn vor, að drýgjast mætti
diktan mín um hér vist þína.
Eingill birtist Ióseph: Þangað
aptur vík þú í Davíðs ríki,
dauðr er nú sá, er drottinn flýði,
dýrðar maðr er vitjan stýrði.
82. Í Nazareth nam upp að fæðast
Iesus góðr og dýrlig móðir,
iarteinum réð allr að skína
aldar son í föðursins valdi.
Höfuð-spámanninn krapta kunnan
Kristur valdi, prúðan listum,
þrítugr skírðr í ánni Iórdan,
Ión baptista slíkt nam þjóna.

1) Herodis, skb. 2) v'ttu, skb. 3) [fyrðum(!) skb.

Digitized by Google

83. Þaðan af tést í öllum æðum
Iórdans ár yfir (h)álfur fjórar
veraldar, þegar í vatni skírðust,
vort samband og heilags anda.
Valdi sér, því að vissi og skildi,
valda grein af lærisveinum,
tólf postula kæra Kristi,
Krists algjörva að helgum listum.

84. Undrast tók hinn forni fjandi,
fann ei synd með þessum manni,
fleygði og stökk, og festi ekki
fiærðar tól[1] á kongi sólar.
Jesus gerði lýð(a) að leysa
líkams grand, og frelsti andir,
Lazarum vakti hann lífs af dauða
listar hraðr, og tvo menn aðra.

85. Hvaðan kom aurr[2] í vosbúð vára?
Víst af herra Jesu Christo.
Hvaðan kom hann? Af Maríu meyju, —
menn eru lofsins skyldir henni.
Öllum hlutum er æðri og betri
[allhróðigust drottins móðir,
vill hún bezt, en megnar mestu,
María næst er drottni hæstum].

86. Ítarliga fór Iesus vitja
Iórsalaborgar sunnu morgin
kröptum skrýddr, en kappar breiddu
klæði fríð á strætin víða;
en óríkir byrðar báru
brjótar[3] málms[4] af grænum pálma,
braut klæðandi [barinu víða[5]
[brotnu niður[6] að fótum drottni.

87. Iúðar þeir, er innan skárust
öfundsjúkir, [er hvatti púkinn,[7]

1) tock, skb. 2) Svo, skb. = eirr (= líkn). 3) Hér byrjar 713. 4to. 4) 713; meins, 622. 5) [barri fríðu, 622. 6) [og brutu sig, 622. 7) [limir púkans 622.

Digitized by Google

reiddust fast af lundar lesti
lotning þeirri, er gjör[1] var drottni.
Hverja tíð, er bragnar báðu
bótar Krist á[2] meinum ljótum,
gerði hann með einu orði
auðdeilendr af sóttum heila.

88. Ofdramb gallið æði sollið
yfirgyðinga kvelr og þvingar,
því villu faðirinn fleygði og stráði[3]
fiærðar leii í hjörtun þeira.
[Vex í þeim en vonda[4] hugsan,
voða nær, við guðs son skæran,
vanstilt gerð, er Júðar virðu[5]
jafnan hann að lögbrotsmanni.

89. Lítum[6] vær, [kvað lýðrinn sleitinn,[7]
lögbrot stór í borgum vórum,
allsaknæmt við Iesum lækni,
eingi er von vær þolum það[8] leingi.
Þeygi heldr hann þvottdag frægjan,
þrátt egnandi[9] villu megna,
guð kallast hann Gyðinga allra,
[grýttu vær þá, sem brutu[10] smærra.

90. Kynna mun eg þau, er Kristr hefir unnið,
kraptaverk á skírdags aptan,
[guðs sonar magnið[11] vill að vegni
vessan mín um skýring þessa.
Snæðing tók með snotrum lýðum[12]
snjallr lausnari[13] þjóða allra
linhjartaðr og lærisveinar
lofkunnigir,[14] er drottni unnu.

91. Fóta þvátt[15] hóf [fyrir oss drottinn[16]

1) 622; gjörð 713. 2) af 622. 3) færði, skbb. 4) [Óx í þeim hin vesta 622. 5) v'dum 622; virttu 713; hendingin er svo í 622: vanstillt giordi judar v'dum. 6) Lítu 622. 7) [segir lýðrinn bitri, 622. 8) hann 622. 9) eggiandi 622. 10) [grýtum vær þa er brieta 713. 11) [yfir guðz megnit 622. 12) mönnum, hdrr. 13) lausnaren 622. 14) 622; lofkunnir 713. 15) þvott, hdrr. 16) [faðirinn fríði, 622.

Digitized by Google

frið kennandi aptan þenna
ástsamliga, sá er Adams leysti
ættarmein og lærisveinar.
Þar með segir hann þerði harri
þeirra fætr með lítilæti
sjálfr, og kysti á samlag rista, —
sæmilig eru [oss þessi[1] dæmi.

92. Bæði setti enn blíði drottinn
brauð og vín fyrir postula sína
sorgarlaus, og bauð þeim bergja,
blessandi með orðum þessum:
Þetta er mitt með höldnum hætti
hold og blóð, er eg tók af móður,
veit eg hitt[2] að [næsta nóttin[3]
nálgast[4] til að vær skulum skilja

93. Unnist þér eptir ástúð minni,
Iesus greinir lærisveinum,
hati þér synd, en elskið andir
óvina, þó að meingerð prófið.
Hlýðið [þér, að[5] einhver yðar
óminnegr[6] mun þurfta[7] sinna
selja mig við[8] silfri fölvu
syndauðigr í písl og dauða.

94. Eigi mun, segir einn af hægjum
og hreinferðugum lærisveinum,
selja yðr með vondum vilja,
[vor lávarðr,[9] í pínu harða.
Sá mun einn, kvað sólar[10] geymir
sætr og hægr, og talaði lægra,
bergja oss af[11] brauði þessu
bita[12] vill, og lyktast illa.

95. Fram réttandi hinn dýri drottinn
dýrðauðiga hand[13] með brauði,

1) [þvilick 622. 2) vist 713. 3) [nóttin næsta, skbb. 4) nálgist 713. 5) [mier en 622. 6) ovinuR 622. 7) þyrftar 622. 8) með 622. 9) [vor lavarð 622. 10) 622 og 713; AM. hefir lesið: salar í 713. 11) 622 og 713. 12) bergja, skbb. 622 og 713. 13) Svo.

Digitized by Google

Iúdas tók, sá er æ mun hneykjast,
yfirníðingr, og[1] bergði síðan.
Þá gekk inn sá, er boðast[2] banni,
biki svartari [í ódyggt[3] hjarta
Skariots með aungri æru[4]
óvinrinn, sem síðar prófast.
96. Gekk hann út[5] til Gyðinga sveitar
giptulaus og aumr af skiptum,
þrunginn allr af þrim tigum penga,[6]
þeim einfeldan drottinn seldi.
Höndlið [þér, kvað[7] illgjarn andi,
óhnyssinn [að eg mun[8] kyssa,
hlaupa þeir og herrann grípa,[9]
henda[10] bragð það [Judas kendi.[11]
97. Dreifðust þeir, er drottni höfðu
dreingiliga [í fótspor[12] geingið,
hryggvir brott með ugg og ótta
allhreinastir lærisveinar;
en þeir dauðans limirnir leiða,
le(i)ðiligir[13] með grimd og reiði,
lausnara vorn, og lömdu þyrni
langa-stund og síðan bundu.
98. Staungum börðu vítis verðir
vorn græðara og flettu klæðum,
standanda[14] við stólpa[15] bundinn,
starfa[16] veslögir dauðans[17] arfar.
Alla nótt bar Iesus drottinn
eymd og pín á líkam sínum,
limar slitu, svo holdið hvíta[18]
herrans blóðið[19] lækjum flóði.
99. Næsta [dag, sem[20] nokkuð lýsti

1) sl. 622. 2) í, b. v, 622. 3) [og odj 622. 4) [angr og sødi 622. 5) 622; þa 713. 6) peninga 713. 7) [hann segir 622. 8) [er eg ried ad 622. 9) gripu 622. 10) handar 622. 11) [er juda skandj 622. 12) [til fotspors 622. 13) leiðiliga 622. 14) standandi 622. 15) stólpann 622. 16) starf 622. 17) Davids 622. 18) hreina 622. 19) blod er 622. 20) [eptir er 622.

Digitized by Google

nauðig sól, til skaparans dauða
Júðar gerðu Jesum leiða
jarls á fund [að raungu bundinn,[1]
rægðu hann með ljótum lygðum,
ljúgvitnin þeir báru drjúgum,
fjölkunnigan segja fjandans grannar[2]
föður vorn Krist, er broddar nistu.

100. Höfuðin skóku og[3] hálsslög gáfu
himna valdi manndóms kaldir,
spýttu þeir ens dýra drottins
dauðhjartaðir í ásjón bjarta,
[hneigði yðr og hálsinn beygði,[4]
herra minn, í pínu þinni,
sannliga[5] tóktu slíkt af mönnum
saklaus alls, [en eigi makligr.[6]

101. Einörð huldi iarlinn sína
ómannliga í þungum dómi,
fann hann eingar sakir að sönnu
sannar gefnar þessum manni.
Pílatus hefir[7] minna úr málum,
misti hann náð og hjálp af Kristi,
Christum bauð hann á [kross að[8] festa —
[og kvelji þér hann þar til heljar[9],

102. Hastir[10] lögðu á herðar Kristi
hefndar skíð, er frægt var síðan,[11]
Gyðingar þá með grimd og reiði
guð skínanda draga til pínu.
Þenja út svo þraungt á trénu
þjóðkongs hendr, [að gaddar strendir[12]
rifu og skáru ristr og lófa,
rjóða merkið í[13] herrans blóði.

103. Gyðingar tjá[14] með gabbi og háði:

---

1) [og raungu bundu 622 2) 622; gumnar 713. 3) eR 622. 4) [hneigðuð yðar og hálsinn beygðu 622. 5) serlega 622. 6) [og vann til ecki 622. 7) hafði 622. 8) [krossinn 622. 9) [kueliz han á því trie til dauða 10) Hæstum 622. 11) víða 622. 12) [á gaddar strendur 622. 13) sl. 622. 14) tala 622.

Digitized by Google

Gerum[1] kórónu herra vórum, —
snúa [þeir hring af þyrni þraungum[2],
þenna fékk nú[3] Kristr um ennið,[4]
settu upp á sólar drottinn,
svörðrinn sprakk [fyrir göddum[5] hörðum,
hangdi búkr, en höfuðið þreingdist,
holdið alt var píslum goldið.

104. Faðir vor hafði, er [faðminn breiddi,[6]
fimm þúshundruð[7] blóðgra unda,
fjögur hundruð og sextigir sýndust
sár í[8] písl á drottni várum;
bókin segir[9] enn að auki
önnur finni[10] í letri svinnu[11],
hver er grófust hvössum járnum,
hendr og fætr og [síða en[12] mæta.

105. Mælti þetta enn mildi[13] drottinn
minniliga í pínu sinni:
Þystir mig, segir [herrann hæsti[14],
heiðarligr og ei með reiði.
Júðar báru honum með háði,
[hræðiligt er[15] um að ræða,
edik súrt[16] og eigi nertið,
andar dauðir, galli blandað.

106. Longinus [vann, lokkaðr[17] raunar,
ljótan[18] glæp, er hann stakk með spjóti
blóð vekjandi blindr í síðu
ins[19] bjarta guðs, svo nam til hjarta, —
dreyri [rauðr[20] af drottins síðu
dreings laugaði vanfær augu,
varð hann heill, en[21] grét og gerði
guði makliga dýrð og þakkir.

---

1) giörið 622. 2) [síðan þungan þyrni 622. 3) hann 622. 4) enni 622. 5) [af broddum 622. 6) [fiandenn beiddi 622. 7) 622; þúsunda 713. 8) og 622. 9) þó, b. v. 622. 10) fimm, skbb. 11) finni 622. 12) [síðan 622. 13) mikli 622. 14) [heldr en hrausti 622. 15) hræðiligeR 622. 16) suartt 622. 17) [var locktur 622. 18) liotum 622. 19) b. v. 622. 20) [og vatn, skb. 622, 713. 21) svo 622.

Digitized by Google

107. Sonrinn þreyði sorgir móður
sárt kennandi, og talar til hennar:
Sé Johannem son þinn, kvinna,
systrung minn, í[1] nauðsyn þinni!
Til Johannem [seinna sinni[2]
sælt hjálpræðið drottinn mælti:
Mariam sé nú, móður þína,
minn kæri vin, [þú statt[3] þar nærri.

108. Skildu[4] maðr, hvað skaparinn þoldi,
skinni ræntr af limum stinnum,
strýktr[5] og flettr, spýttr og spottaðr,
speaðr og rægðr, sá er öllum vægði,
þyrnikórónu og þorsta sáran,
þandr á kross til fóta og handa,
gadda sporin[6] og gallsins sýru,
glaðél bjart í meinlaust hjarta.

109. Augun sæfast, eyrun deyfast,
ung samvizkan stöðvar tungu,
hjartað rennur utan og[7] innan,
æðar og hold af skelfing mæðist;
kongrinn dauðr á krossi hangir,
krǫpin drottningin holdi lotnu,
móðirin bæði mædd og blóðug,
María kafin nógum tárum.

110. Bæði féllu um brjóstið móður
blóðfossarnir sonar af krossi
tiguligir, en tár úr augum,
trega brunnarnir stríðir runnu,
guðs kennandi og sjálfrar sinnar
son skínandi í líkams pínu,
Símeonis með sverði fínu
sál harmslegna renda í gegnum.

111. Þessi varð í barnsins burði
blíð fagnandi af hjartans magni,

---

1) 622; fyrir 713. 2) [talaði seinna 622. 3) [stóð 622. 4) Skynda 622. 5) fleingdr, skbb. 6) sporum 622. 7) Hér vantar 2 blöð í 622.

Digitized by Google

höfuðmusterið himna vistar,
hall[1] elskulig gleðinnar allrar,
nú er hún meir en nokkur fyrri
nauðum þreingd í sonarins dauða,
[byrgi grátanligt[2] böls og sorgar,
blóm meyjanna krafði að deyja.

112. Muni þér, dætr, að móðirin sýtir,
muni þér, systr, hana deyja lysti,
hneigist til með ástar augum
allir senn með vorkynd henni;
því meir grét hún son sinn sætan
sambergjandi hjartans mergjum,
sjálf drottningin sælan getnað
syndalaus hún tók með yndi.

113. Feðr og bræðr og synir, æ síðan
sjáið skínandi Jesus pínu
bjúgum svírum og opnum augum
að pláguðu holdi lágu;
mæðr og systur, dapran dauða
dróttins míns þér skynjið með ótta,
svo syrgjandi, að bæði bergjum
blóði sonar og tárum móður.

114. Bæði varð í drottins dauða
dagr og lopt og sólin fagra,
stjörnur og tungl með ótta einum
autt[3] og dökt, er veröldin snökti,
stukku fjöll, en stundu vellir,
stóreldingar borgir feldu,
heimrinn skalf, en himna sjálfa
huldi myrkr, en ljósið duldist.

115. Hyggið að, hvað himininn uggir,
hyggið að, hvað sólina hryggvir,
hyggið að því, að heimrinn ruggast,
hyggið að, hvað loptið styggir;
höfin og jörð og heimur ið efra,

1) höll, skb. 2) [borg grátanlig, skb. 3) myrkt, skb. (713).

Digitized by Google

himinn og sól með nýjum skóla
skynjandi alt af skaparans pínu —
skepnan þreyr að smiðnum drepnum.

116. Herferð þín var, himna stýrir,
helvítis til eigi lítil,
allir djöflar illskufullir
æddust þeir, og vurðu[1] hræddir;
bundinn vantu inn forna fjanda,
faðirinn blíður, og leystir síðan
Adam þaðan og Evam bæði,
allur lýðrinn til þín flýði.

117. Þriðja dag reis faðirinn frægi
fremdauðigr af líkams dauða,
minnigan trú eg hann móður sinnar
mektar lystan sýnast fystri,
því að hún trúði mildust móðir,
meyjan hrein, og vissi hann deyja,
guðs upprisu verða vísa, —
voldug trú var Maríu goldin.

118. Hér var enn í heimi vorum
herra minn með postulum svinnum
Iesus Kristr, er öll oss leysti
Adams jóð með sínu blóði;
síðan sté til lífs af láði
lærifaðirinn öllum hæri,
erindi hans á iarðir vorar
aldri megu vér fullu gjalda.

119. Postulum sendi af himni hæstum
hvítsunnudag, þeim er hann unni,
ljós eldingar líkt sem tungur
lof skínandi helgum anda;
samr er faðir og sonr á himnum
samríkjandi helgum anda,
göfug María einglum ofri
Iesum næst í vegsemd hæstri.

---

1) urðu, skb.

Digitized by Google

120. Stoðar mér eigi í stuttum óði
að stunda upp á eða færast undir
skýring neina af skapara vorum,
skilr hann bæði orð og vilja;
tvennir hamla tungu minni,
torráðið verður mér við báða,
synda lím og sjúkdómr andar,
sæði þurt og lítil fræði.

121. Fyrirlátið mér, drottinn dýri,
dýr og góðr, og hans blessuð móðir
spektarlausum drápu diktan,
djúpan skamt, því mikið á vantar;
miskunnar við mína æsku[1]
Maríu og Jesum bið eg með tárum,
elli látið umbót fylgja
yfirdrífanda betra lífi.

122. Koma mun tíð, sú er drottinn dæmir
dreingja ferð, þá er heimslit verða,
geysast menn úr gröfum að rísa
gný óttandist lúðra dróttins;
eigi munu þá afboð nægja,
eingi þing né fébýtingar,
frænda lið eða fegra syndir,
frægja sig né aðra rægja.

123. Dómandi, sá er hefir í hendi
heiminn allan, og sér yfir beima,
sýnandi þá sár og undir
sjálfum oss á blóðgum krossi;
krafið er gjald af kristnum öldum,[2]
kallar guð yfir lýði alla:
Þér lúkið nú fyrir lén og ríki,
lausn og pín á holdi mínu.

124. Allir munu þá óttafullir
einglar skjálfa og himnar sjálfir,
María hrygg fyrir meingjörð vora

1) elsku, skb. (713). 2) öllum, skb. (713).

Digitized by Google

mildin sætt oss líkna vildi;
annars vegar er eigi minna
ávít nóg með sökum og rógi,
fundið getur[1] fjölda synda
fjanda sveit til vinstri[2] handar.

125. Verða munu í volki hörðu
veit eg, þá er skiptast, sveitir,
glæpafullr eg geing með öllu
gæðalaus með djöflum skæðum;
leið út brjóstin mildust móðir,
mjúk beiðandi son þinn reiðan,
lina[3] bið þú drottinn dómi,[3]
dóminn þinn yfir sálu minni.

126. Einginn kemr vor auðigr þangað,
alt er klökt, vér skjálfum nöktir,
oss syndirnar umkring standa
ófrægjandi, en djöflar rægja,
verk og orð og hugsan heyrðri
heyri menn á reikning þenna,
þetta megum vær þeinkja og óttast,
þann er reiður, er dóminn greiðir.

127. Vendast niðr til vinstri handar
villir menn, er gerðu illa,
syndaug þjóð með fornum fjanda,
fagnaðartómir á efsta dómi.
Þar eru djeflar[4] með öllum öflum,
í helvíti brenna og slíta,
standa þar með eingum enda,
iðju laun í kvölunum miðjum.

128. Skundar[5] upp til hægri handar
[helgum anda með fagnandi,[6]
hlutrinn þeirra er hálfu betri,
heiðurs fólk,[7] er drottinn leiðir:
Heilir komi þér, synir, og sælir,
svo er bjóðandi skaparinn þjóðum,

1) geta, skb. 2) hinnar, skb. 3) Svo. 4) djöflar, skb. 5) Ferðast, skb. 6) [fagnandi með helgum anda, skb. 7) fólks, skb.

Digitized by Google

búið[1] hér með allri æru
í skínanda ríki mínu.

129. Veittu líkn og væg oss, drottinn,
veit oss líkn, er skírðir heitum,
vend oss upp til hægri handar,
herra minn, til borgar þinnar;
sæti faðirinn, sé, hvað lýtir,
synir grátandi á bænum standa,
lof syngjandi kongi konga
og knélútir fyrir drottni drottna.

130. Hjálp, María drottning dýrust,
dýrðar sól og krapta skóli,
kvenna heiðr og móðir manna,
móðir guðs og lækning þjóða,
líknar æðr og rík til ráða,
ráðug vertu oss til náða,
spektarbrunnrinn spratt í þinni
spegli frómari meydóms reglu.

131. Býð eg upp hið bjarta kvæði
báðum ykkur mér til náða,
Jesum föður og Maríu móður,
mildiraun er slíkt að launa,
lær þú mig til lifandi gjörðar,
lausnari blíðr, og mætta eg síðan
heiðra ykkr í hægra flokki,
himna blóm, að geingnum dómi.

132. Reyðiblóm, þat er rósa heitir,
rétt upp sprungin millum klungra,
leiðist fram, af litlu sáði
listugt þing kann upp að springa.
Maríu dýrð er æðri[2] orðin,
ítarligri en liljan hvíta,
glæsiligri en roðnust rósa.
Rósa heitir kvæðið ljósa.

133. Gleðjumst vær, og gleðjist um aldir[3]

1) ríkit, skb. 2) meiri, skb. 3) Svo.

Digitized by Google

gleðilig mær að heyrðu kveði,[1]
mæli þann[2] fyrir meydóm hennar
Máríu vess á diktan þessa;
þannveg endist mál af munni,
María[3] drottning vilji oss náða,[3]
líf og sál um aldr og æfi.
Endann[4] fel eg svo guði á hendi.
Amen.

Vísa Sigurðar blinds,

kveðin við Jón biskup Arason.

Um vísu þessa er nokkur vafi. Hjá Espólín (Árb. IV, 17) er hún eignuð Sigurði blind, og talið, að hann kvæði hana við Jón biskup, er fundum þeirra bar saman, þegar biskup reið í Bjarnanes, að tali Espólíns 1544, en sætti að vera 1545 (eða 1547). Er svo að skilja, að í vísunni sé varygðar og aðvörunarorð til biskups, að treysta ekki ofmjög hamingjunni. Aðrir eigna vísuna Böðvari þeim, er Jón biskup kvað til stökuna: Latínan er list mæt o. s. frv, og á Böðvar þá (1522) að hafa svarað með þessari vísu. Sumir segja, að Böðvar þessi hafi verið prestur.[5] Á honum eru eingin deili kunn. Bisk. II, 442--443. — J. Þ. Om digtn. på Isl. Kh. 1888, bls. 302.

Mart snýst mjög fort,
minst tón, herra Jón,
er svo lukkan ókyr
um frón, herra Jón,
vultu kongar, varð hált,
viss[6] sjón, herra Jón;
skiljið því mitt skýrt tal,
skal bón, herra Jón.

1) = kvæði, og svo skrifar skb. 2) þat, skb. (713). 3) Svo. — 622 byrjar hér aptur. 4) enda 622. 5) Bps. II, 341 og 569. 6) veik, *aðrir*.

Digitized by Google

Hallur prestur Ögmundsson

...1501—1539...

Um Hall prest þann, sem ort hefir allmörg helgikvæði á síðari tímum páfadómsins, hefir lærðum mönnum verið fyrrum töluverð óvissa, og ætluðu sumir, að hann kynni jafnvel að hafa verið uppi á síðara hluta 14. aldar, aðrir nokkru eptir 1400.[1] Nú er það orðið ljóst, að þessi Hallur prestur er sami maður og Hallur prestur Ögmundsson, og það vissi Árni Magnússon að vísu að nokkru leyti, en ætlaði honum þó óákveðinn stað, einhversstaðar eptir 1400. Gögn þau eru nú öll komin fram um síra Hall, sem von getur á verið, og er nú orðið alt vissara um hann heldur en fyrrum.

Hallur er vestfirzkur maður, og telja menn, að hann muni hafa verið sonur Ögmundar Eyjólfssonar, mókolls hins eldra, Magnússonar, og því bróðursonur Magnúsar biskups Eyjólfssonar, en móðurbróðir Ögmundar biskups, og bróðir Þórólfs Ögmundssonar sýslumanns í Laugardal, sem var manna harðsnúnastur í fylgi við Björn Guðnason á þeirri tíð. Var Þórólfur kendur biskup, því að hann var bróðursonur Magnúsar biskups, en síðan varð hann og móðurbróðir Ögmundar biskups. Þórólfur var enn lífs 1515. Varla getur Ögmundur Eyjólfsson verið af því hjónabandi Eyjólfs mókolls, er stofnað var 1434.[2] Ögmundur hlýtur að vera fæddur allmörgum árum fyrri, varla miklu síðar en um 1420. Hans er getið enn lífs 1461.[3] En Eyjólfur mókollur gamli faðir hans er enn á lífi 1469,[4] og hlýtur þá að hafa verið mjög gamall.

Hallur prestur Ögmundsson getur varla verið fæddur miklu fyrri en Ögmundur biskup systursonur hans, eða nálægt 1470. Síra Halls getur fyrst 25. Sept. 1501 í Saurbæ á Rauðasandi, og er hann þá prestur þar hjá Andrési Guðmundssyni.[5] Hvort hann

1) J. Þ. Om digtn. på Isl. Kh. 1888, bls. 315—316. 2) DI, IV, Nr. 571 og 574. 3) DI, V, Nr. 226. 4) DI, V, Nr. 495. 5) DI, VII, Nr. 549, 560.

Digitized by Google

hafi verið prestur í Rauðasandsþingum frá 1501—1506, verður ekki með vissu sagt, en við kirkjuvirðing í Saurbæ er hann 8. Okt. 1506.[1] Hitt er víst, að hann er þar enn prestur ári fyrr, því að 19. September 1505 í Saurbæ geingur Stefán biskup í fulla sátt og samþykki, bítaling og borgan við Andrés bónda Guðmundsson um þá vanvirðu og hugmóð, sem síra Hallur Ögmundsson hafði honum gert, sem tilheyrði legorðssök upp á hans dóttur Ólöfu Andrésdóttur, og voru það sex tigir hundraða.[2] Einhvers hefir því Stefáni biskupi þótt um Hall prest vert. En bréf þetta hafði jafnan fylgt jörðunni Laugardal í Tálknafirði alt frá dögum Þórólfs Ögmundssonar og fram um 1704. Má af því marka, að Hallur prestur hafi heldur en ekki komið Þórólfi við. Líklegt er, að Andrési bónda Guðmundssyni, og enda biskupi líka, hafi verið lítið gefið um langdvalir Halls prests í Saurbæ á Rauðasandi eptir þetta. Hefir því Þórólfur bróðir hans feingið honum þingaprestsstöðu hjá Birni Guðnasyni í Ögri, vini sínum, og þangað er síra Hallur kominn tveim árum síðar. Er hann þá 7. Nóv. 1507 fyrsti vottur í Ögri að kaupmála og brúðkaupi Bjarna Andréssonar og Guðrúnar Björnsdóttur, Guðnasonar, en bréfið er gert í Þernuvík 10. Júní 1520.[3] Hinn 7. Júní 1517 tekur Hallur prestur Ögmundsson í umboði Jóns officialis Eiríkssonar, »eptir leyfi og fyrirskipan míns herra biskupsins«, eið af Grími presti Þorsteinssyni um gjöf Haldórs Sumarliðasonar á Meiragarði í Dýrafirði til Sumarliða sonar síns.[4] Er það bréf gert á Söndum í Dýrafirði. Af því hafa menn ætlað, að þá kunni síra Hallur að hafa verið orðinn prestur á Söndum. Þó er það óvíst. Að vísu er hann dómsmaður í Ögri hjá Stefáni biskupi 22. Ágúst 1517, samsumars, um mál Jóns murta Einarssonar.[5] Er því eins víst, að hann hafi þá enn verið prestur í Ögursþingum, og jafnvel fram til 1520, hjá Ragnhildi ekkju Björns Guðnasonar.[6] Hinn 8. Júní 1528 er Hallur prestur Ögmundsson einn af dómsklerkum í Bæ í Borgarfirði hjá Ögmundi biskupi frænda sínum um Oddastað, þegar veitingarráð þess staðar voru dæmd af erkibiskupinum í Niðarósi.[7] En ekki sést, hvar Hallur hafi þá verið prestur, og ekki heldur 1530, en það ár hefir Hallur prestur verið í yfirreið með Ögmundi biskupi um Vestfirðingafjórðung. Er hann næst fyrsti dómsklerkur hjá biskupi í Holti í Ön-

1) DI, VIII, Nr. 112. 2) DI, VII, Nr. 719. 3) DI, VIII, Nr. 142. 4) DI, VIII, Nr. 477. 5) DI, VIII, Nr. 484. 6) Sbr. DI, VIII, Nr. 142. 7) DI, IX, Nr. 378.

Digitized by Google

undarfirði 13. Ágúst 1530 um Vatnsfjörð og annað fleira. Þaðan hefir hann riðið með biskupi suður í Saurbæ, og er fyrsti dómsklerkur hans á Staðarhóli 29. Ágúst 1530 um innstæðu og reikningsskap Mýrakirkju í Dýrafirði.[1] Enn er Hallur prestur Ögmundsson dómsklerkur 4. Ágúst 1534 í Vatnsfirði hjá Ögmundi biskupi um ískyldir nokkrar Kirkjubólskirkju í Langadal og Vatnsfjarðarkirkju.[2] En ekki sést heldur en áður, hvar hann eigi þá heima, en líklega hefir það verið norður í Steingrímsfirði, því að 30. Sept. 1537 er hann kaup- og brullaupsvottur á Reykhólum að hjónalagi Andrésar Björnssonar og Guðlaugar Jónsdóttur, Þorbjarnarsonar, en kaupmálabréfið var gert í Kálfanesi 7. Okt., viku síðar.[3] Síðast er Halls prests þar getið, sem Ögmundur biskup gefur síra Þorleifi Björnssyni 15. Ágúst 1539 staðarbréf um »Staðarstað« í Steingrímsfirði, og er í því bréfi beint tekið fram, að síra Hallur Ögmundsson hafi þá frjálslega lagt staðinn af. Líklegt er, að Hallur prestur hafi látizt ekki miklu síðar.

Hallur prestur hefir verið hið mesta höfuðskáld á sinni tíð. Þau af kvæðum hans, sem nú þekkjast, eru þessi:

Krossdrápa, sem nefnist Gimsteinn.

Drápa um Önnu og Maríu, og nefnist hún Náð. Er hún kveðin á árabilinu 1507—1518 fyrir Björn sýslumann Guðnason í Ögri.

Maríukvæði, sem nefnist Maríublóm, ort út af sálmsorðunum: O bone Jhesu!

Maríuvísur, sem sýnast helzt vera kveðnar út af: Ave maris stella.

Michaelsflokkur, um Michael höfuðeingil.

Nikulásdrápa, um Nikulás biskup hinn helga.[5]

Gimsteinn.

AM. 622. 4to, bls. 107—132, skinnbók skr. c. 1549 (komin frá Hólmi á Akranesi). — AM. 714. 4to, brot á skinni frá c. 1580, mjög samhljóða 622 (Hólmsbókinni), svo sem afskript væri; afbakar þó sumstaðar, en er samt til greina takandi á stöku stað. —

1) DI, IX, Nr. 450 og 451. 2) DI, IX, Nr. 582, 583. 3) DI, X, Nr. 99. 4) DI, X, Nr. 190. 5) Sbr. J. Þ. Óm digtn. p. Isl. Kh. 1888, bls. 315—321.

Digitized by Google

AM. 708. 4to, afskript gerð eptir 622 fyrir Arna Magnússon og leiðrétt af honum. — Landsbókasafn 444. 4to, með hendi Sveinbjarnar Egilssonar, eptir AM. 622. 4to. — JSig. 399. 4to, tvær afskriptir beint eptir skinnbókinni AM. 622. 4to, önnur með hendi Jóns Sigurðssonar, en hin með hendi síra Þorvalds Bjarnarsonar á Meli (d. 1906). — Af kvæði þessu er, frá því á 17. öld og síðan, til fjöldi annarskonar pappírsafskripta, en allar eru þær af þeim, sem eg hefi handleikið, — og þær eru margar, — fangaléttar og flestar hræmulega afbakaðar og skertar; eigna þær og drápu þessa stundum ýmist Eysteini Ásgrímssyni (d. 1361) eða Bergsteini Þorvaldssyni blinda (d. 1635), sem alt er tóm markleysa. Ætla eg, að eingin nýtileg pappírsuppskript sé til af þessari drápu, nema svo, að beint eða óbeint sé gerð eptir skinnbókinni 622. Hér er á stöku stað höfð til hliðsjónar afskript Jóns Egilssonar á Vatnshorni frá 1768 í ÍBfél. Khd. 105. 4to.

Hér hefur upp Krossdrápu Halls prests.

1. Heyr, ilmanda hjartans yndi,
himna blóm og veraldar sómi,
lýða vegr og lækning þjóða,
lausnarinn mætur Jesus sæti,
fræða gerð með fögrum orðum
fiotna láttu af hjartans botni,
svo verði þér til vegs og dýrðar
vunninn hróðr[1] af þessum munni.
2. Hróðrar vess af helgum krossi
hefja vil eg, að lýðrinn skilji,
hverja þökk fur heiðr og lukku
af heitri ást eigum guði að veita;
tel eg þann fystan allrar ástar
æðstan krapt, er hann manninn skapti
ettir[2] sinni mynd, að hann mætti
mæla glaðr yfir skepnur aðrar.
3. Þarnæst gefr hann getnum börnum
göfuga sál með lífi og máli,

1) 105; heiðr 622. 2) eptir, hdr.

Digitized by Google

ódauðliga með eingla eðli,
öðlast vist, þá er fjandinn misti,
leiðir þau til lífs frá móður,
lýðum gefr hann skírn og prýði,
hversdags brauð, en hjálplig klæði,
heilsu og frið með synda iðrun.

4. Smurning olei, eilífa sælu
við enda lífs hann lýðum sendir,
líkama sinn og miskunn mjúka,
minning einkum píslar sinnar;
eptir lífið legst til graftar,
líkfylgd væn með fögrum bænum,
um sálina kann eg ei mart að mæla,
minn guð veit, hvert hún skal leita.

5. Feðgin vór af fjandans dári
féllu í synd og gleðinni tyndu,
urðu þá með þungri byrði
í þenna táradal að renna,
lifðu hér meðan lífið höfðu
í langri neyð og margskyns angri,
áttu börn með sorg og sóttum,
við sveita starf, þó að misjafnt veitti.

6. Á dauðastundu son sinn sendi
Seth með prís til Paradísar
Adam faðir vor héðan úr heimi
að henta[1] blóm og læknisdóma;
eingill lét hann eplið fanga
af því tré, er hann syndgazt hafði,
bauð hann þeim að setja og semja
með sæmd og heiðr yfir Adams leiði.

7. Af því sáði upp nam líða
apaldrs lundr, sá dreingir fundu,
með drottins vild á Davíðs aldri
í dýrri mynd, og hilmi syndu;
síðan var hann hafðr í heiðri

1) heimta 105.

Digitized by Google

í höllu kongs af lýðum öllum;
hugðu þeir, er heiminn bygðu,
hann hafa merkja nokkuð annað.

8. Við Salomon kong réð Saba að mæla
síðar enn um apaldr þenna,
hrygg og döpr hún leit hann liggja
í ljótum stað undir manna fótum;
kongrinn spyr, hvað olli angri,
ókáta sá hann menþöll gráta;
svarar hún þá, sem hér má heyra,
harmblandin með spádóms anda:

9. Sé eg það glögt, kvað sætan mektug,
að sannliga verður hjálpari manna
píndur á þeim ljósa lundi,
er lýðir vita ei hvað þýðir;
kongrinn lét þá færa og flytja
foldar bein í leirtjörn eina,
hugðist bæði að hylja og eyða
hennar spá, og sköpunum renna.

10. Lá hann í þeim um langan tíma
leir og þrekk, en spiltist ekki,
þangað til er Gyðingar geingu
á græðara vorn með bölvað æði;
síðan höfðu svikarar leiðir
sagðan við til krossins smiðju,
gerðu af honum gálga harðan
guði til háðs með fjandans ráði.

11. Að fyldum tíma á fyrrum öldum
fann guð ráð, það er spámenn tjáðu,
sinn einga[1] son sendi hann hingað,
með sættargerð fur Adams ættir;
mildin sjálf af meyjar holdi
manndóm tók og gerði að blanda
guðdóms makt við seggja sektir
samvinnandi miskunn sinni.

1) einka 622, 714.

Digitized by Google

12. Fæðast lét af meyju mætri,
og móður sinnar kláru blóði,
algjörr maðr í iungfrúr iðrum
undarliga á samri stundu,
leið svo út af lífi móður,
ljóst að tjá, sem hugr úr brjósti,
að óbrugnu meydóms magni
og manndóms grein, án sótt eðr meinum.
13. Tuttugu ár og þar til þrettán
í þessum heimi var hann með beimum,
alt hans líf með píslum prófast,
við pínu kvíddi og dauða sínum;
síðast, þá er hann sveittist blóði,
á sinni bæn, þá flaut af kinnum
tára regn með treganum stórum,
til hugsandi þvíliks vanda.
14. Eptir skæran skírdags aptan
Skarjót kom með erindi ljótu
á miðri nótt, og margir aðrir,
mildan Jesum fanga vildu;
áður hafði Júdas Júðum
Jesum seldan fyrr á kveldi,
enn nú gaf hann mark til minnis
að menn bölvaðir skyldu hann kenna.
15. Heill, meistari, kvað hann, og kystan
kveljurum gerði hann Jesum selja,
Jesum gripu þá Gyðingar fúsir
og gjörðu að binda streingjum hörðum,
pústruðu, slógu, hröktu og hristu,
hálsslög gáfu með píslum háfum,
að lyktum tóku að lemja naktan,
svo líkaminn blár var fullr af sárum.
16. Dreyrugan, blóðgan drógu á hári
drottinn vorn með háði og spotti,
argir gerðu hans augu að byrgja
ómjúkir með fúlum dúki;
aldri linti eymd og pyntan

Digitized by Google

alla nótt og fram yfir óttu,
í hyrning létu hann hæddan sitja,
hraktan, bundinn, kalinn og naktan.

17. Fyrir Caipham leiða krappir Júðar
Krist, og létu hann fjötra gista,
rægðu hann með ljótum lygðum
líkt og þjóf með raungum prófum;
fyrir Pílatum að prima máli
prúðan Jesum færðu Júðar,
beiða hann að dæma til dauða
dýrligt blóð af sárum móði.

18. Pílatus talaði mjög á móti
að meyjar sonrinn skyldi deyja
fyst í stað, en Gyðingar geystust
gráðugir við hann að ráða;
voðaliga sagði hann síðan
sáran dóm yfir himna blómi,
Júðar mætti að réttu ráða
og reisa þing til krossfestingar.

19. Flestir allir flýðu Christum
furðu hreinir lærisveinar,
af ógnum þessum ótta slegnir
allir tóku í hrygð að falla;
Iesus stóð þá einn meðal Júða
ókátr og svo fyrirlátinn,
aungva raust gaf herrann hæsti
heldr en sauðr í sínum dauða.

20. Bauð hann síðan bölvuðum Júðum
með bræði að fletta Jesum klæðum,
á þriðju tíð var rósin rauða
rangliga dæmd með eingum sæmdum;
að ráðnu illvirki riddarar heiðnir
ramliga þegar með Júðum bramla,
hlupu þá að með hörðum svipum,
hrundinn, fast við stólpann bundu.[1]

1) 105; bundinn, skb.

Digitized by Google

21. Bölvaðir svipurnar búa til sjálfir
með broddum, svo sem nálar oddar,
knýttu þær með knútum stórum
og klókri gjörð af ólum hörðum,
börðu síðan brjóst og herðar,
bundinn stóð hann píslum undir,
höggin þung, en hvassir angar,
hold græðarans af píslum mæðist.
22. Ekki fanst meðal hæls og hnakka
hold né æðr, sú eigi blæði,
leystu síðan lausnarann þjóða
og lýja hann enn í píslum nýjum,
þeir prýða hann með purpura klæði,
prettafullir í hönd hans settu
ríkis vönd af reyri bundinn,
ráðin gáfu þeir[1] út með háði.
23. Heilsuðu hann með flærð og falsi,
falla á kné og spea hann allir:
Heill, kvóðu þeir, konungr Júða,
áðr komið er nón, vér skulum þér þjóna.
Gripu af honum með gabbi og hrópi
greindan vönd, og bölvuðum höndum
hröktu um hans höfuðið nakta
harðla fast, og mjög guðlasta.
24. Þyrni vafðan honum að höfði
harðan spenna um blessað enni,
fur hörðum broddum holdið marðist,
hræðiliga rann blóð úr æðum;
andlitið með ásján sætri
alt var lýtt, þeir hræktu og spýttu;
svo var hann að sjá af mönnum
sem þeir menn, er líkþrá kenna.
25. Flettu hann síðan fögru skrúði[2],
fióði blóð um líkam rjóðan;
eptir þetta skýrir skriptin
skýrt, að hann klæddist sjálfs síns kyrtli;

1) b. v. 105. 2) klæði 105.

Digitized by Google

Kristi gerðu kross á herðar
kvala eggjarar þungan leggja,
knúðu hann með knefum og reiði,
til Kálvaríam að bera hann, sjálfan.

26. Nú er þar komið, er sérliga samir
signaðan kross að lofa og tigna
fur þá dýrð, er hann hékk á herðum
heims græðara í slíkri mæðu;
kvendið[1] grét, þá er krossi undir
Krist lítandi nær veginum standa,
herrann sæti heyrði þeirra
harm og kvein með elsku hreina:

27. Syrgið ekki, sællar borgar
svinnar dætr, af pínu minni,
því að eg fer að frelsa þjóðir
í föður míns vald úr púkans haldi;
sýtið, mæðr, fur sonu yðra,
síðar megi þér hefndum kvíða,
því að eg hygg, að þeir muni leggjast
í þunga nauð, bæði písl og dauða.

28. Stund er komin, að stef megi vandast,
styrki mig, svo að það megi yrkjast,
sannur guð, að eg sætleik kenni
samneytandi heilags anda:
Lofi þig bæði líf og dauði,
lausnarinn sætr, fur þitt ágæti,
um lönd og geim sem lopt án enda
með ljóða gerð og saungva hljóðum.

29. Minnumst vér, á meðal kvenna
móðir guðs í tárum fióði,
lítandi á son sinn sæta
sárt leikinn, með ásján bleika;
af vexti harmsins hugrinn hixti,
hjartað klökt, en öndin snökti,
féll hún niðr af stóru striði,
sturlaðist lund, en röddin stundi.

1) Sbr. Stjórn, Chria 1862, bls. 289.

Digitized by Google

30. Leit á þetta lausnarinn sæti,
lerkaðr mjög af píslum sterkum,
mátti eigi fyrir meiðsla plágu
í manndóms veikleik af sér standa;
féll hann og, af sárum sollinn,
sútum bundinn krossi undir,
svo lá bæði sonr og móðir
í sorgar kór fur nauðsyn vóra.
31. Þeir kvöddu einn mann, og náliga neyddu,
í nýja hefnd, þann Símon nefndist,
kyndugir Júðar krossinn undir,
kveljarar, til með Jesu velja,
lömdu og börðu, hrjáðu og hrundu,
hröktu á fætur lausnarann mæta,
ganga varð, þó erfitt yrði,
eingi var kostur hvíldar leingi.
32. Þeir fleygðu honum niðr með forsi og reiði
flötum á jörð, og þar næst gjörðu
föðurinn vorn að fletta klæðum,
með fári rifu þeir upp úr sárum;
endurnýjuðust allar (v)undir,
æðar tóku af nýju að blæða,
búkrinn allr var [benja á millum[1]
blár og þrútinn, stirðr af knútum.
33. Til krossfestingar kvalarar þustu,
kalla hárri röddu allir,
gerðu af stáli gadda harða
greypilega til háðs og sneypu,
líkama guðs, af lemstrum sjúkan,
þeir lögðu niðr á krossinn miðjan,
á göddum rifu þeir guðs sonar lófa,
í gegnum handarbökin þeir standa.
34. Ógurliga var höndin hægri
harðliga stegld, er Júðar negldu,
vægðarlaust hina vinstri teygðu

1) [benjum illum 105.

Digitized by Google

vondir áður en [borunni náðu;[1]
slitna sinar, en beinin brotna,
með böndum alla limu út þöndu,
elskulig hans öxlin hægri
endiliga úr liðinum bendist.

35. Þó vilji það alt af megni mæla
í mælsku krapt, er guð minn skapti,
sjaldan fur sína mjúka mildi
makligt fær hann lof né þakkir.
Lofi þig báði[2] [líf og dauði,
lausnarinn sætr, fur þitt ágæti,
um lönd og geim sem lopt án enda
með ljóða gerð og saungva hljóðum].

36. Grimmir Júðar gadd hinn þriðja
í gegn um ristur báðar nistu,
urðu þá með illsku harðri
enn að mæða líkam þenna;[3]
aukast kvalir við ofraun slíka,
æðar fiestar hljóða og bresta,
beinin öll má telja og tína,[4]
tjáð er hér það, er Davíð spáði.

37. Þeir reistu upp síðan kross með Kristi,
kalla[5] hátt á þjóðir allar:
Ýtar mega hér Iesum líta
allir, þann er guðs son kallast;
stigi hann niðr, að seggir síðan
sannliga trúi hann frelsara manna,
elligar teljum hann falsi fullan, —
hann fargar sér, en öðrum bjargar.

38. Þjófa tvo með ljótu lífi
lifanda guði til beggja handa
festu þeir, og feingu Kristi
fiest til háðs með fjandans ráði;
synda brjót á séttu stundu

---

1) [borðið náði 105. 2)= bæði. 3) sælan 622; þannenn 105. 4) tyna 622. 5) 714, 105; kallar 622.

Digitized by Google

seggir gerðu á krossinn leggja,
af [þeim dæmum[1] öllum heimi
ótta bauð í skaparans dauða.

39. Hristist jörð, en björgin brustu,
byrgði sólin ljós og syrgði
frá séttu stund og nón(s) í nándir
í nýjum ugg og myrkum skugga,
skepnan öll með skilning fullri
skapara sínum réð sampínast,
nema sú ein, er Jesum pínir,
Júða kind [með illsku blinda.[2]

40. Sárliga grét þá móðir mætust,
María var lauguð í tárum,
hún færðist nær, með fögrum orðum
fagnaðarsæl við Júða mælir:
Festið mig á kross með Kristi,
eg kýs að deyja með honum að vísu,
aumliga lifi eg ein í heimi,
yndið mitt er deytt og pyndað.

41. Í fæðing sonar míns fékk eg gleði,
faðmlög mæt og kossa sæta,
mjólk og vist af mínum brjóstum
mildin jafnan drekka vildi,
enn nú mun ei önnur finnast
aumari móðir hér með þjóðum, —
aví mig, að eg skal lifa
með[3] eymdum slíkum á jarðríki.

42. Mundi nokkurir vera svo vondir
í veraldar bygð, að eigi hrygðist,
ef sæi bæði soninn og móður
í sorg og pín fur nauðsyn sína:
Lofi þig bæði líf og dauði,
[lausnarinn sætr, fur þitt ágæti,
um lönd og geim sem lopt án enda
með ljóða gerð og saungva hljóðum.]

1) [dæmum þessum, hdr. 2) [með illsku blinda 105; blindir 622 (línan gölluð í skb.). 3) JS.; sl. ÞB.

Digitized by Google

43. Meistarar skýrðu mörgum orðum
að María talaði í harmi sárum:
Deyðið þá hina döpru móður,
er dauðann kýs og til hans fýsist;
dvel þú eigi, dauði, að eg þoli
dauðans pín hjá syninum minum, —
aldrei fanst nein móðir á moldu
í meiri stygð og sárari hrygðum.
44. Orðin sjö, þau er skatnar skýrðu
skýrt fur oss, er hann mælti á krossi,
öllum mönnum eg vil kenna,
inniliga þau leggi í minni;
í fyrstu það hann fur lýða löstum
og loddurum mest, þeim er hann krossfestu:
Fyrirláttu þeim, faðir minn, þetta,
eg finn þeir vita eigi, hvað þeir vinna.
45. Hinn vondi þjófr til vinstri handar
viltist burt frá guði og spiltist,
hann reitaði Krist með reiði og þjósti,
ræðir svo með fullri bræði:
Ef guðs son ertu, get eg þú birtist
gallalaus, og frelsir oss alla,
ella sér[1] eg þú mátt eigi meira
manna þér en nokkur annar.
46. Dismas svarar: Því gerir þú, Gesmas,
græðara vorn um slíkt að hæða
saklausann, þó vilji hann vinna
verkin góð til hjálpar þjóðum?
Báðir við erum verðir dauða
fur verkin ill og þjófnað sterkan.
Til Jesu talar hann mjúkt og mælir:
Minstu mín í ríki þínu!
47. Fyrir illvirkjans iðrun sterka
Iesus sannliga talaði þannig:
Í dag muntu, sem viltu vænta,

1) sé, skb.

Digitized by Google

að vísu með mér í Paradísu.
Til móður sinnar mælti hið þriðja,
milda af harmi gleðja vildi:
Kvinna, lít hér son þinn sannan,
sætr Jóhannes skal þín gæta.

48. Til lærisveinsins lausnarinn dýri
líka talaði orðum slíkum:
Sjá nú, maður, móður þína
mjög harmandi hjá þér standa.
Til huggunar hvorumtveggjum
herrann sannur talaði þannig,
þar er þau stóðu blessuð bæði
biðlundargóð krossi undir.

49. Föður persóna seggjum sýnir
sanna ást, þá hann bar til manna,
sonarins dauða og mæðing móður
mildur eigi þyrma vildi.
Lofi þig bæði líf og dauði
[lausnarinn sætr, fur þitt ágæti,
um lönd og geim sem lopt án enda
með ljóða gerð og saungva hljóðum].

50. Helí, kallaði herrann sæli
hátt, og bað til guðligs máttar:
Fyrirlát mig ei, faðirinn sæti, —
í fjórðu stétt hann mælti þetta.
Fyrðar heyri hið fimta orðið,
í fyrstu grein hann sagðist þyrsta;
gall og edik Gyðingar tóku,
með gabb og dár að munni hans báru.

51. Smakka vill, en víst ei drekka,
víntréð sælt á þann veg mælti:
Fylt er það, sem feðurnir spáðu
um fæðing mína og sára pínu.
Hneigði síðan háls og lagði
höfuðið út, og gerði að lúta
á hægra veg með hæstum sigri
á helgan kross með benja fossi.

Digitized by Google

52. Nálgast þau, er nóglig fylgja,
nauða mörkin framan til dauða,
máttrinn þverr, en málið firrist,
magnast stynr, en orðin þagna,
andardráttinn einatt styttir,
opnast munnr, en varir þunnar,
gulnar skinn, en fegurðin fölnar,
falla brýn, þá er ljósið týnist.

53. Sagt var mér, að fjandi færi,
furðu djarfr að syndum spurði,
á arma drottins svikarinn settist,
sálina hyggst að svelgja og kála;
hann gægðist að með bölvuðum brögðum,
blindr og daufr hinn versti skaufi,
í glyrnur hans skein guðdóms stjarna,
greypilega til vítis steyptist.

54. Meinalaus á móti nóni
meyjar sonrinn vildi deyja,
talar þá enn í sjöunda sinni
seinast orð, það nú vil eg greina:
Í föður míns hendur fel eg minn anda, —
fagnaðar blómstrið síðan þagnar,
endar þannig lofðung landa,
lausnarinn snjallur, þrautir allar.

55. Í andláti lagði spjóti
Longinus á himna kongi
háðugliga á hægri síðu,
hart og fast, svo stóð í hjarta;
bæði fór úr síðu sári
sjatnað blóð með kláru vatni,
synda iðrun blóðið bendir
bæði og vatnið skírnar gæði.

56. Fyrir þitt blóð og fur þinn dauða,
fyrir það vatn, er meinin sjatna,
lina þú mínum ljótum meinum,
lausnarinn mætr,[1] að eg syndir bæti.

1) sætr, skb.

Digitized by Google

Lofi þig bæði líf og dauði
[lausnarinn sætr, fur þitt ágæti,
um lönd og geim sem lopt án enda
með ljóða gerð og saungva hljóðum.]

57. Hinn blindi maðr tók báðum höndum
blóðið heitt, er um spjótið fióði,
um hvarma strauk og heilsu mjúka
hlaut hann strax, því að sýn tók vaxa;
af táknum þessum tók að vikna
og trúði á Jesum riddarinn prúði:
Sannliga má hér son guðs kenna, —
sagði hann hátt, svo að heyrast mátti.

58. Loksins skyldi lýðrinn hugsa
í ljóða gerð, að drottins móðir
stóð með sorg í sturlan margri
og stundi af sútum krossi undir,
æsiliga þá kappans kesja
kom og snart í sonarins hjarta,
signaða hennar sál í gegnum
sorgin beit sem skarpur hneitir.

59. Hversu mátti ein móðir þetta
mildust bera, nema guðs son vildi
þvílíkt orð hún mundi mæla
fur munni sér, þá er lækir runnu:
Létu sér eigi lýðir nægja
lifanda guði með píslum granda
leita nú með leyndum sútum
líkt sem sauð og mjög hálfdauðum.

60. Eptir þetta augun lyptast
upp til kross með tára fossi,
báðar hendur breiddi hún undir,
þar er blóðið draup og lækir hlaupa,
rann og flaut yfir herðar henni,
hárið þvæst í blóði og tárum,
áminniligt öllum mönnum
ætti slíkt að vera sem mætti.

Digitized by Google

61. Nokkrar kvinnur nærri henni
nálægt stóðu af harmi móðar,
studdu hana og blíðliga beiddu
að blífa í náð, en það ei tjáði.
Magdalena mestar hrygðir
með henni bar, og mundi ei spara
dauða sinn til huggunar henni
af heitri ást að þola og veita.

62. Í þenna punkt skulu þegnar minnast
þvílíkt mein af hjarta hreinu,
þar er andaðr sviptir synda
seldur hékk, þá er leið að kveldi;
margir stóðu menn og syrgja
mjög langt frá, er þetta sáu,
en máttu ei fyrir ugg né ótta
angursfullir nærri ganga.

63. Breyta vil eg, þó lofið[1] sé lítið,
ljóða gipt og stefja skiptum
guði til heiðrs, og sé nú síðan
s(e)ignuðum krossi dýrðin eignuð:
Hærra tré og hverju dýrri[2]
er heilagr kross yfir allar hnossir,
gyltr og roðinn í guðs sonar blóði,
gimsteinum prýddr, þá er limum guðs skrýddist.

64. Góðir menn með guðligu ráði
gildir eigi óttast vildu,
Nikodemus með dýrligum dæmum
dygðar mann og Jóseph annar
dreingiliga með djörfung ganga
fur dómarann inn og Pílatum finna,
leyfis biðja líkamann grafa
leingi, áðr en þetta feingu.

65. Göfugir menn að gefnu leyfi,
sem gátu þegið af Píláto,
Jesum hófu fyrðar fúsir,

1) lof 105; loftit 622. 2) Svo hér.

Digitized by Google

sem flutt var oss, af helgum krossi;
hreinan dúk af ljósu líni
langan hafði Jósep þangað,
lögðu undir líkam greindan,
lagliga drógu úr sárum nagla.

66. Síðan beiddi signuð móðir,
að seggir skyldu í kné sér leggja
sonarins [líkam[1] sárum bleikan,
af sorgum móð, og storknu blóði.
Gefi þér mér, segir líknin ljúfa,
liðuga tíð minn harm að þíða,
um hálsinn niður hendur báðar
hrjúfar þá með örmum kljúfast.

67. Virði guð, hvað harmrinn harði
hryggja mundi gimstein sprunda,
þá er hún fékk að faðma naktan
fyst, og þar með dauðan kysti;
tóku að renna tára brunnar
tíðum út á báðar síður,
blandaðist saman, því að bæði dundi,
blóð og tár um líkam sáran.

68. Því næst dró hún þyrni-krúnu
þraungva burt, í slíkum aungum
máttu aungvir menn við þetta
mjög ókátir vera án gráti;
þegnar greindir vildu vanda
vegligan gröft að Júða reglu,
lögðu niðr á líndúk breiðan
líkama Krists af píslum nistan.

69. Fram á brjóstið féll á Kristi
frú María með treganum sárum,
líkamann strauk með lófum mjúkum
og limuna semr, sem bezt má fremja;
áður rann yfir móður miskunnar
meistarans blóð úr undum rjóðum,

1) tilg. Svb. Eg.; lík með 622.

Digitized by Google

en nú þvó hún í vatni vænu
voðalig sár með heitum tárum.
70. Allir mætti fyrðar fella
fagnaðar tár með iðran sára,
umhugsandi allskyns syndir,
er vér brjótum guði á móti.
Hærra tré og hverju dýrra[1]
[er heilagr kross, yfir allar hnossir,
gyltr og roðinn í guðs sonar blóði,
gimsteinum prýddr, þá er limum guðs skrýddist].
71. Sem komið var að kveldsaungs tíma
kvendið stóð nær drottins móður
með höndum sínum hana styðjandi,
heiðurs líf á meðal sín leiða;
hún beiddi þá, og bragnar hlýddu,
bæði að svala sinn harm og mæðu,
hún fletti af augum fríðri blæju
fyst, og bleikar varir kysti.
72. Sælar kvinnur, systur hennar,
siðvandar þar nærri standa,
af dauðum syninum drottins móður
drógu þær með angri nógu,
síðan fara, og grafa sem greiðast,
góðir menn frá augsýn hennar,
styrma þá yfir hennar harmi,
hræðast að þau týnist bæði.
73. Virðuliga í gras(a)garði
gröfin var sett í skamti[2] réttum
af steini gerð, og stóð við norðri
stundar hátt, er Jóseph átti;
smurðu áður smyrslum góðum,
í smíðaða steinþró lögðu hann síðan,
létu í senn yfir leiðis munna
langan stein, og svo frá ganga.
74. Lagðist niðr á leiðið fríða

1) þannig hér. 2) skantti, 622, 714.

Digitized by Google

lausnarans móðir, en hennar bróðir
sæll Jóhannes sá til hennar,
segir, að þetta dugi nú eigi;
báru hana með fyrðum fleirum
í fangi sér, því hún mátti ei ganga,
um Kalvariam frá eg þau færi,
finna vildi hún krossinn milda.

75. Hún féll til bænar fyrst af öllum
fur hans mynd, og dýrð hans syndi,
heimrinn tók af hennar dæmum
að heiðra víða krossinn síðan;
hún heilsar upp á fyrða frelsir,[1]
fagnaðarsæl á þann veg mælir:
Héðan af munu þér virðar víða
veita lof með ástúð heitri.

76. Heyrðu sigrmark himna dýrðar,
hlaðinn og skygðr með allskyns dygðum,
öllum hlutunum æðri og betri
ertu svo sem loganda kerti,
hékk á þér það heilnæmt stykki,
er heiminn fæðir allskyns gæðum,
sá mæðist eingi af hörðu hungri
hvergi[2] er af því makliga bergir.

77. Djörfung er mér diktan starfa,
drottinn minn, af virðing þinni,
veittu mér, að eg mæla mætti
minnilig verk um þín stórmerki.
Hærra tré og hverju dýrra[3]
[er heilagr kross, yfir allar hnossir,
gyltr og roðinn í guðs sonar blóði,
gimsteinum prýddr, þá er limum guðs skrýddist].

78. Sem fyrðar þessa hörmung heyrðu,
harma sára með henni báru
góðir menn, og jafnvel Júðar
Jesus móður aumka í hljóði;

1) Svo. 2) *tilg.* Svb. Eg.; hver, skb. 3) Svo hér.

Digitized by Google

leiðir hana í mikilli mæðu
mildur Jón og henni þjónar
ástúðliga, sem herrann hæsti
honum bauð um í sínum dauða.

79. Þessu næst skal greina um gisting
göfug(r)ar frúr í harma skúrum,
Jesus móðir í Jóhannis húsi
jafnan beið, er hún kom frá leiði;
mildust um það efaði aldri,
ein var hún með hjarta hreinu
í þeirri von, að hinn verðugi herra
vísliga mundi af dauða rísa.

80. Birti Kristr af fyrðum fystri
friðarins dýrð og henni skýrði,
þó það geri[1] ei guðspjöll skýra,
þá getr þess víða í öðrum letrum;
dýrð upprisu og dásemd gerði
drottinn sínum postulum votta,
í leyndum stað með [limbus feðrum[2]
lausnarinn stóð með sigri góðum.

81. Þrennar þrjár fóru þrisvar sinnum
og þrettán daganna rásir réttar,
þaðan steig hann yfir himna hæðir,
til hægri handar guði sitjandi;
teygir þá enn tíu daga,
tendrað ljós hann postulum sendi,
það er að skilja signaðan sælan
sannan huggara aumra[3] manna.

82. Sanna ást hann sýndi mönnum,
sína móður lét hann góða
eptir hér, sem skýrir skriptin,
skínandi hjá postu'um sínum;
þeir námu af hennar dýrligum dæmum
að dýrka Krist með allskyns listum,

---

1) giöra, skb. 2) [Svo 622, 714. 3) 714; aumara 622.

Digitized by Google

alt þar til er öndin sæla
af henni leið með gleði og heiðri.

83. Bænir þrjár hinn hæsta herra
með heitri ást hún bað sér veita,
að Kristur sjálfur kæmi hinn fysti
og kallaði með sér postula alla,
vill hún og að vinirnir allir
væri sínu andláti næri;
önnur bæn, að hún aungva kenni
ótta grein af djöfla meinum.

84. Brúðar var sú bæn hin þriðja,
að blíður guð með einglum friðum
hátíðligr kæmi henni á móti
af himnum niðr með helgu liði;
sitr hún nú í sælu ágætri
syninum næst í virðing hæstri,
treysti eg víst, þá er varðar mestu,
að verndi hún oss með helgum krossi.

85. Greindar sorgir grípi hér enda
guðs móður nú, og í fagnað snúist,
með bænum þínum bið eg, þú launir
bragarins smíð í nauðum stríðum.
Hærra tré cg hverju dýrra[1]
[er heilagr kross, yfir allar hnossir,
gyltr og roðinn í guðs sonar blóði,
gimsteinum prýddr, þá er limum guðs skrýddist].

86. Til myndar krossins mál er að venda
í mærðar smíð, því að tímar líða,
þar er hann stóð í drottins dauða
dásamligr með píslar sigri:
grófu hann niður grimmir Júðar,
göföglig tákn með spjóti og nöglum,
undir jörð, svo aldri fyndist
æfinliga[2] meðan heimrinn stæði.[2]

87. Giptulausir Gyðingar keyptu

1) Svo hér. 2) Svo.

Digitized by Google

að grafarvörðum með falsi hörðu,
segja til, að sjálfir stæli
sveinar Jesu líkam hreinum;
þaðan af hefir sú villa og voði
víða farið um heiminn síðan, —
vondum mönnum vizku blindum
vel líkaði að fylgja slíku.

88. Liðu þá enn svo langar tíðir,
lá hann í grund, svo aungvir fundu,
konu ráðvanda keisarinn sendi
Konstantínus móður sína
fólginn kross að finna hinn helga
og færa sér með heiðri og æru;
Elena spyrr, hvar Iúðar fæli
Iesu kross sem nagla og kesju.

89. Gildan mann frá eg Gyðingar seldu
í grimma hefnd, þann Júdas nefndist,
Elenu í vald, því að aungvir vildu
inna satt, að krossinn finnist,
af spádóms ætt var rekkrinn réttri
ríkr og fróður Stephanus bróðir,
dauða bitrum drottning heitir
við dýran mann, nema greini hið sanna.

90. Júdas svarar og segir, að væri
síðan betr en tvö hundruð vetra, —
var eg þá eigi fæddr, er fóru
fram tíðindi þau hin stríðu, —
hversu mætta eg minnast þetta,
mild drottning, þó eg gjarna vilda?
Þurfið ei með stríðu starfi
eðr styrjöld mig að slíku að spyrja.

91. Greypilega gröf mjög djúpa
grafa lét Elena og í setja
vitran mann, að hann vildi henni
vísliga hreinan sannleik greina;
á dögunum sjö fékk Iúdas eigi
át né drykk í góðan máta,

Digitized by Google

hann kallar þá með kappi fullu
og kvezt nú vilja gera hið bezta.
92. Hann geingur þá með graftól þangað
á græna jörð, og féll til bænar,
tuttugu stig með trúskap réttum
tók hann niðr að grafa, og biðja
sannan guð að sýna mönnum
sín hrærilig píslarfæri, —
fagnaðar ilmur birtist brögnum,
bifaðist grund, þar er kross var undir.
93. Krossa þrjá með sæmd og sóma
í samri stund þeir grafa úr grundu,
kendu ei né gjörla greindu
græðarans kross í slíkri mæðu;
um nónskeið báru dreingir dýrir
dauðs manns lík nær táknum slíkum,
lögðu tvo yfir líkam sagðan,
en lýðir feingu vissu eingva.
94. Júdas tók og lagði á líkið,
liðs biðjandi, kross hinn þriðja, —
jarteign fögr með brögnum birtist,
brátt varð nárinn lifandi máttar;
lofuðu allir lýðir háfan
lausnarans mátt og dýrð allsháttar,
Júdas þannig lausnarinn leiddi
á lítilætis[1] veg ágætan.
95. Lifanda guð með lyptum höndum
lofar hann nú, og á Jesum trúði,
sé þakkandi miskunn mikla,
fur milda pínu og rétting sína
Elena gerði hann vegliga virða,
varð hann biskup Jórsala jarðar,
kirkju lét þar drottning dýrka
á dýrri grund, er kross var fundinn.
96. Elena fór með sigri sælum

1) litis lætis, skb.

Digitized by Google

síðan heim og erindi fríðu,
hinn mesta part af krossi Christi
kæran lét þar eptir setja,
að píslar mörkin dýrlig dýrkist
á dýrri jörð, þar í fyrstu gjörðust,
annan hefir með sér að sönnu,
sjálfum[1] keisara fékk þann hálfan.

97. Kynnist þaðan af kristnum mönnum
krossins dygð um heimsins bygðir,
þangað til er Kosdróa kongi
kom hann í vald með þraungu haldi,
til heiðurs sér, þó heiðinn væri,
hann hugðist skaptr með guðdóms krapti,
Eraklíus keisarinn kæri
með krossins frægð hans metnað lægði.

98. Heimrinn varð frá hingaðburði
hundruð sex til þeirrar stundar
og fimtán ár, þá er hilmir heimti
haldinn kross úr heiðnu valdi,
flutti hann heim með sæmd og setti
sorgarlaus til Jórsalaborgar,
reiknast má það ó-tal tákna
er trúliga skein yfir allskyns meinum.

99. Nú skal greina viðina vænu
er vóru í krossi Jesu fjórir,
cipres,[2] ilmr og sigrvænn pálmi,
cedrus blífur með olíva;
dásamligar dygðir prísa
dýrðarverk, þau er krossinn merkja,
dýrðarfullar dygðir allar
dró hann til sín í drottins pínu.

100. Fótrinn var með cedro sætum,
sú náttúran[3] aldri fúnar[3],
í gegnum jörð með guðdóms magni
gekk hann niðr og spiltist ekki,

1) 714; sjálfan 622. 2) cipresus 714. 3) Svo.

Digitized by Google

cípressus ber ilm og æru,
allur leggrinn þar af kallast,
báðir þessir blessaðir viðir
við búkinn Jesu lágu ómjúkir.

101. Á pálmann voru himna hilmis
hendur mest við krossinn festar,
og merkir sigr þann mikla og fagra
í manndóms grein, er hann vann á fjanda,
ólíva yfir höfði háfu
hélt þann titul, er á var ritað:
Jesus nomen Nazarenus, —
nafnprúðastur kongur Júða.

102. Fígúrur ber hann drottins dýrðar
um dýrðar verkin guðs stórmerkja,
í fyrstu stétt, að í fjórar áttir
með fríðum hamri skaparinn smíðar
allan heim með himna höllu,
haglig verk, sem krossinn merkir,
stigi himna með stöðugum vegi,
stræti friðar með lítilæti.

103. Í þessari mynd á þýðum krossi
þenna veg sá Jakob renna
með fögrum saung og fullting eingla
friðaðar sálir uppi og niðri,
á stiga þessum stóð hinn frægi
í stríði því, er hann gerði að smíða
kastala þann, er hann vildi af vinna
hinn vóðaligasta óvin þjóða.

104. Altari ertu guðs hið gylta
það, er græðarinn skrýddur messuklæðum
saung á þér og las við leingi,
lávarður vor, messu harða,
hvíldar stað sér harðan valdi
hörmuligan á þínum örmum,
að enduðum ó-náða stundum
eptir sigur þann dásamliga.

105. Nóa örk þú makliga merkir,

Digitized by Google

manna teiknar guðs son sannan,
og þá jörð, er Jakob smurði,
jarðar bein, með oleo hreinu;
oleum merkir miskunn sæla
míns græðara í þungri mæðu,
er heltist yfir þann steininn stolta,
er stóð und Jesus rauðu blóði.

106. Á lögbrotstré voru svikin og sigruð
samþykkjandi slægðum fjandans
feðgin vor, en Adam auðgi
oss vann sigr á helgum krossi;
prýðiligu purpuraklæði
prýddist þú og blóði skrýddist,
þusti út af Iesu Christo
æða blóðið þér til klæða.

107. Einiberja viðrinn væni
víkr að þér í dæmum slíkum,
Helias sat í skugga og skjóli,
þá skilja vildi hann drottins vilja;
þvílíkt skjól og skugginn sæli
skýlir oss af helgum krossi,
lítandi þar margskyns myndir
minniligar, sem vér megum finna.

108. Möttul(l) þinn er meiri háttar
en megi það nokkur tunga segja,
litaðr, prýddr í lausnarans blóði
og ljómar bezt af helgum dómum,
gull og silfr sem gimsteinar allir,
gæði heims og dýrlig klæði,
alt er þetta einkis máttar
inniliga hjá prýði þinni.

109. Fyrir þinn krapt og frægilig skipti
fallið hefir um heiminn allan
æskilig lausn, en horfinn háski,
heilsan bætt, en lýðir sættir;
fyrir þig hlaut enn dauðinn deyja,
með dauða guðs voru frelstir sauðir,

Digitized by Google

dýrðin sýnd, en djöfullinn bundinn,
dauðr og kaldr, þar hann losnar aldri.
110. Með krapti þínum Kristur svipti
krankri pín af fólki sínu,
ritið afmáð, en rænt helvíti
það refrinn hélt á flærðar bréfi;
lukust upp dyr, þær er læstar voru
með lykli vísum Paradísar,
heimr upp reistr, en höldar leystir,
hneykjast allir óvina pallar.
111. Hægur lykill himnaríkis,
hefir þú vald og lífsmark alda,
lausn fangaðra, en efling ungra,
önn og styrking gömlum mönnum;
réttlátir menn fögnuð finna,
en fyrðar ranglátir sýta og gráta,
fjötraðir lausir, en fallnir upp rísa,
fullting þitt gerir sakaða kvitta.
112. Fyrir þína tign eru þrautir út slegnar,
þján afmáð, en fjölgast náðir,
með heillum þínum helgast allir,
hnígur til þín alt, það er vígist,
fyrir kröptug störf og krossinn hverfa
kvein og verkr úr öllum meinum,
allir djöflar illskufullir
óttast þig og leggja á flótta.
113. Kristnir menn fur krossinn finna
kæra bót, þegar kemr hann næri,
hreina mynd í húsum sínum
hafi sem mest í virðing beztri;
flutt er út í fjórar áttir
hans frægð og seimr um lönd og geima,
góðir menn skulu geta hans víða,
en gæði hans munu djöflar hræðast.
114. Krossmark hefir þann krapt og dýrkan,
ef klerkar gera yfir guðs stórmerkjum
réttan kross með ræðu stuttri,

Digitized by Google

þá ríkir guð í táknum slíkum,
verður alt að áhreinsorðum
undarliga í samri stundu,
með tilheyriligum orðum eru
öll stórmerkin heilög kölluð.

115. Þú ert verkfæri vinnu þeirrar,
er vann guð á þér frelsi manna,
dómstóll hárr með diktan skýrri,
dýrlig makt og lögmáls aktan;
virga Arons, vatn úr bergi
víða rann af drottins síðu,
harpa stilt með streingjum gyltum,
stafr Dávíðs með slaungu háfa.

116. Endurnýjar þú eyddar[1] stundir
aptr á leið, sem þörf vor beiðir,[2]
líknar brík og lækning sjúkra,
laun arfeiðis[3] og efling starfa,
undir vængjum þínum vær megum ganga
vólaðir menn í öruggu skjóli,
hvíldarstaðr í háska og kulda,
háleit vernd báði[4] lífs og sálar.

117. Ríkis vöndr og ráðning synda,
réttur vegr til gleði án trega,
þú samteingir himna hingað
og hefr upp frið á jörðu niðri, —
hægjast vötn, en vindar sjatna,
vær höfum frið, ef þú ert næri,
æskilig vernd í hverjum háska,
hlíf og skjöldr mót fjandans göldrum.

118. Hvað mun tjá, þó eg hugsi að ljóða
heimsku verk um guðs stórmerki,
tákn né lof að telja og reikna
tígulig blóm og krossins sóma;
eingum vinst, þó öllum tungum

---

1) eymdar 714. 2) beiðist 714. 3) arfueidis 622; aruidis 714. 4) badi 622, 714 = bæði.

Digitized by Google

aukist snild með drottins mildi,
hinn minsta part að mæla og birta
af merkiligustu þínum verkum.
119. Eitt ályktar-orð vil eg dikta,
einginn hefir þá málsnild feingið,
að makliga fái með ljóða lykli
að lúka upp munn af hjartans grunni;
þó heimrinn allur hvolfa á milluin
hlaðinn væri með frítt orðfæri,
mætti bæði og vildi votta
vald krossins, þá nægist það aldri.
120. Hinn sami guð, er sér lét sóma,
að sungið væri hans lof með tungum
og dýrð hans sæt með dásemd orða,
dugi hann mér, að eg nafn hans beri,
þó sómi því eigi saman að koma
og syndugum munni skuli lof hans mynda,
treysti eg á hans mildi mesta
og miskunn, að mér batnaðar unni.
121. Hvar sem s[ett] er sigrmark drottins
sannliga af hverjum kristnum manni
senniliga, úti eða inni,
óhreinn andi má þar ei granda;
í nafni föður og sonar vér sofnum
og signum oss með helgum krossi
og anda heilags orðin blöndum
í þann tíð, vér krossinn smíðum.
122. Enn mun tjást í öðru sinni
ítarligur krossinn hvíti
í græðarans fylgd sem sverð við síðu
sóma prýddr á efsta dómi,
eilífliga eru þá sælir
allir þeir, er á hann mega kalla, —
uggir mig, að óttinn liggi
innarliga í sálu minni.
123. Drottinn mun þá sárin sýna
og sín hættilig píslarvætti,

Digitized by Google

hann ógnar þeim í máli megnu,
er minnast vildu ei píslar sinnar.
Bið eg þig, enn blíði faðir,
fur blessaðan kross, að eg gjaldi ei þessa,
óverðugr þó eg fræði færða
furðu djarfr í slíku starfi.

124. Fyrir Maríu ást af mjúku brjósti
mína hjálp og jafnvel sína
eingils kveðju sætliga syngi
seggir ljóst með pater noster;
krossinn biðjum kærliga og kveðjum
að kvæðið vilji þau launa bæði, —
Gimsteinn vil eg af göfugu emni[1]
fyrir græðarans písl að heiti kvæði.

125. Hér mun verða endir orða
á óðar smíð um krossinn blíða,
varla þori eg huginn að hræra
að heimta laun í mínum raunum, —
fyrir margfalda miskunn vildi eg
makligar veita drottni þakkir:
Amen sé þér, sæmd og sómi
send um alla veröld án enda.

Náð[2].

AM. 622. 4to, skinnbók skrifuð fyrir 1549. — Afskript Arna Magnússonar í AM. 715. 4to E. — Sveinbjarnar Egilssonar í Landsbókasafni 444. 4to. — Jóns Sigurðssonar í JSig. 399. 4to. — Í 104. erindi þessa kvæðis bindur höfundurinn í málrúnum bæði nafn sitt og þess manns, sem hefir beðið hann að yrkja kvæðið. Segja þær til þess, að skáldið heiti Hallur, og sá, sem um kvæðið hefir beðið, heiti Björn. Kvæðið er að nokkru leyti um Maríu mey, en þó aðallega um Önnu móður hennar. Anna hin helga var aldrei mjög dýrkuð né tilbeðin hér á landi. Það er að eins einn

1) efni 622, 714. 2) „Þessi drápa um sanctas Annam og Mariam heitir *Náð*“ (Árni Magnússon). Sbr. 108. erindi.

Digitized by Google

maður, sem menn vita með vissu til, að hafi valið sér Önnu sérstaklega að verndarvætt til áheita, sér til farnaðar og fulltingis, en það er sá nafnkunni höfðingi Björn sýslumaður Guðnason í Ögri. Þó sýnist það ekki hafa verið fyrri en á síðari árum hans. Um 1500 felur hann að bréfslokum Stefán biskup »allsmektugum guði í vald, jungfrú Maríu og sanctus Thorlacus nú og altíð« (Dipl. Isl. VII, Nr. 528). En seinna þokar Þorlákur úr sessi fyrir Önnu. Í Leiðarhólmsskrá frá 10. Maí 1513, sem er verk Björns Guðnasonar, skjóta samþyktarmenn sér undir frið og fulltingi »Jehsu Christi, hans mildustu móður jungfrú Maríu« og »signaðrar frú sancti Önnu sjálf hinnar þriðju« (Dipl. Isl. VIII, bls. 431—432, 437)[1]. Í afsökunarbréfi sínu til Stefáns biskups, sem heimfært er til 14. Janúar 1515, gefur Björn sig undir vald og vernd »allsvaldanda guðs, hans mildustu móður mey Maríu, frú sancta Önnu« og því næst Ólafs konungs (Dipl. Isl. VIII, bls. 537). Þegar kvæði þetta er borið saman við skjöl þau, sem nú voru nefnd, koma orðatiltækin merkilega heim: »Síðan hjálptu sjálf hin þriðja« (102. er.), og tilbeiðslan skal í kvæðinu öll vera bundin við það »þriðja« í röðinni eins og sjálf stórmerki Önnu (106.—108. er.), og þar hefir Björn skipað henni til sætis í áheitum sínum. Það er því öldungis vafalaust, að þetta kvæði er ort fyrir »elskhuga« heilagrar Önnu,[2] Björn Guðnason í Ögri, líklega á þeim árum, sem síra Hallur Ögmundsson var honum við hönd (1507—1518).

1. Heyr mildingur allra alda
almáttigr sem ritning váttar,
faðir og son með samþykt góðri,
að samvinnanda helgum anda,
sjá þú til mín með svinnu ráði
sæmiligr, og gef mér dæmi
þeirra bezt,[3] sem feingu fyrri
fagra siðu og glæpa iðrun.

1) Í afskript Jóns lögmanns Jónssonar af Leiðarhólmsskrá stendur ranglega af einhverjum misskilningi „sifjar hinnar þriðju“, fyrir „sjálf“ eða „sjálfrar hinnar þriðju“ (DI, VIII, bls. 437). 2) Sbr. 103. erindi. 3) bestr, skb.

Digitized by Google

2. Meiri er en megi eg skýra
máttrinn þinn, sem skepnan váttar,
varla mætta eg dirfast, drottinn,
dýrðar verk þín fögr að tína,
nema þú viljir mér veita frama[1]
vizku og spekt af guðdóms trektum,
signaðr láttu sannleiks agnir
sást hér niðr til friða(r) iðju.
3. Aðrir settu í diktan dýra
dæmin ljós, sem vildu kjósa,
sögunum úr, er settar vóru
saman í krans, og allvel fansað;
aldri þóttust skýrust skáldin
skorðað geta svo kvæðis orðum,
röksamlega svo réðu að hugsa
ritningar með skýrum vitnum.
4. Því er meiri mín en þeira
mikil ofdirfð, sem guð minn virði,
að eg hefi ei fengið fróða
fregn af því, sem málum gegnir;
undrar mig því, skýr hafa skyndað[2]
skáldin fróð yfir ritning góða,
valla mætti úr minni fella
merkin slík á hjónum ríkum.
5. Heyr, María, meyjan skærust,
móðir guðs, er alt hið góða
tendruð þiggur, semr og sendir
sættar mál fur kristnar sálir,
alla[3] veitir, konum sem köllum,
kæra líkn og miskunn skæra, —
allir munu þeir fögnuð finna
fljótan, er hennar miskunn hljóta.[4]
6. Eilift skjól og ljósust lilja,
lof frygðiligt[5] allra dygða,
veittu mér nú, meyjan máttug,

1) væna, skb. 2) skundat, skb. 3) öllum, skb. 4) njóta, skb. 5) prýðileg, skb.

Digitized by Google

meira lið en eg kann biðjast,
mýktu mína tungu og tykta,[1]
tempra brjóst frá glæpa þjósti,
svo að hún mæli sönn og heilög
samvizkunnar orð af munni.

7. Heyr, ynnilig heilög Anna,
hjálpar rót og gimsteinn snóta,
frjóðgast[2] láttu, fögr, og auðgast
fræða akr í hyggju spakri;
öll þótt væri gerð úr gulli
girndar orð af spektar borði,
skyldur væra eg skjótt að fœra
skæru vífi lofgjörð kæra.

8. Ítrar geri eg eingla sveitir
allar mér til fulltings kalla;
postula rétt sem píslarvotta,
prúða játara og drottins brúðir;
ljúktu upp, Pétr, með lykli mektar
ljóða rann og skilning sannan,
svo að eg hitti röksemd rétta
í ræðu mín fyrir læring þína.[3]

9. Innum fyrst, svo reglan renni
réttan stig, og þar til hnígum,
hvaðan úr ættum heimsins stétta,
herrann mildur fæðast vildi;
Abraham var hér í heimi
hlýðinn guði á öllum tíðum,
hjartað var, sem hér mun birtast,
hitnað til guðs elsku vitni.

10. Hæstur gerði hans að freista
herrann sannr og talaði þanninn:
Son þinn tak með sæmd frá ríki
og sveininn þann, er Isaak greinist,[4]
síðan skaltu sveininn góða,
seima runnr, er þú munt unna,

1) tyftta, skb. 2) frjófgast, skb. 3) sína, skb. 4) heitir, skb.

Digitized by Google

færa mér í fórnir dýrar
á fjalli því, er eg makligt kalla.
11. Fyldist upp af fagnaðar eldi
fljótt, og þar með guðligs ótta,
reis[1] um nótt og vill að vísu
valliga með sér sveininn kalla;
stíga upp á fjallið frægir,
fríðast gerir þar Abraham smíða
altarið nýtt, og yfir það setti
ungan mann, sem letrið sannar.
12. Heilags anda reiðin rendi
í rekksins brjóst með eingum þjósti,
unda tein með hægri hendi
hvassan enn að seggrinn spennir,
reiðir upp af miklum móði
málma runnr, en bæði unni
sönnum[2] guði og sínum niðja
samblandinn með hræðslu anda.
13. Drottinn sér, að dugir ei þetta
dvelja leingr, og talar með eingil:
Furðu muntu flýta verða
ferðum þín að vilja mínum;
flýgur þá sem fljótir hugir,
fegri en skjall, og þar með kallar:
Bannar guð þér víst að vinna
voða-mein enum unga sveini.
14. Heyrði, og trúði eingils orðum,
enn sem fyrr af drottni kyrrum:
Fur þitt traust og hlýðni hæsta
hljóta muntu slíkt á móti,
friðr og blessun og fjöldi þjóða
fram sendist af þínum lendum,
frjófgast korn sem fleiri stjörnur
fæðist af þér, sem bókin ræðir.
15. Af sáði þínu eru sælar þjóðir

1) ris, skb. 2) sonum, skb.

Digitized by Google

sannkallaðar um heiminn allan.
Eptir þessi orðaskipti
eingill hvarf og röddin þarfa;
fyrirheit þessi fyldi enu mætu
faðir vor réttr á tíma settum,
að Abraham dauðum Ísaak leiðir
eigin kvon og fríða sonu.

16. Sonu tvo að seggr í einu
svinna ól við húsfrú sinni,
Esau var loðinn, sem lýsir
letrið skýrt, og fyrri getinn;
síðar litlu er sætan fæðir
seima runn, þann drottni unni,
Jakob trú eg að kappa knáan[1]
kallað hafi hann fyrðar allir.

17. Guð himnanna gerði snemma
glöggligt mark um bræðra þjarkan,
í fæðingu um fótinn náði
falda týr á Esau halda;
síðan vaxa upp seggir báðir,
svinnur aktar Esau vinnu,
með veiðiskap tók föður sinn fæða
og fága jörð í akra gjörðum.

18. Meir elskaði hinn minna hlýra
móðir þeirra, Jakob góðan,
auðnu drjúgur allskyns fæðu
eitt sinn bjó með krásum nógum;
Esau heim af akri fýsir,
ungr og mæddur sáru hungri,
fríðrar gerði fæðu að biðja
furðu móður Jakobs bróðir.

19. Farin er von, að fáir þú neina
fæðu af mér, er Jakob ræðir,
nema þú viljir mér sannliga selja,
seima rjóður, frumtign góða.

1) sterkan, skb.

Digitized by Google

Veit eg, kvað sá, er vafðist sútum,
víða ljóst, að flestir kjósa
fyrðar líf, ef fæst með verði, —
flýtum okkr og þessu býtum.

20. Síðan fékk með sóma ráði
sinnar móður blessan góða
föður síns, og firðist síðan
fleina meiður Esau reiðan;
hölda græðir, huggari valdra,
herrann sannur skapari manna,
lét sinn þjón á lífs veg vænan
langan aldur giptu halda.

21. [Valinn af guði í Ierusalem
ágætt nafn er hann sér jafnan[1]
sendi guð af sjálfs hans lendum
sjautigir jóð á heimsins slóðir;
þrennir fjórir seg(g)ir að sönnu
sonanna fjöld með nöfnum töldum,
ættir tólf af Ísraels stéttum,
omnes frá þeim síðan komnir.

22. Valla má þeim veitast öllum
vessa smíð í máli þessu,
einn af þeim skal í nauðsyn nemna[2]
nú um sinn að hugsan minni:
Iudas hét sá, er iafnan leiddi
Ísraels fólk úr mörgu vólki,
af hans ætt kom dýrligr drottinn
dáðum skrýddr, er heiminn prýddi.

23. Kristur vildi kefja löstu
kyndugs fólks, en eyða syndum,
ótal höfðu allskyns lýti
ærin völd á heimsins öldrum,
einn er talinn frá Adam forna
alt til Nóa, er lifði um flóðið,

1) [Svo. 2) nefna, skb.

Digitized by Google

örkina bygði allvel sterka
auðnu vendr sem drottinn kendi.
24. Annan skal til Abrahams telja
iðjuliga og Davíð þriðja,
til herleiðingar fyrðar fróðir
enn fjórða [vóna[1] Babilonis,
hinn fimti stóð með fögrum skamti
furðu góðr til hingaðburðar,
allir voru með ánauð fullri
árla og síð á þessum tíðum.
25. Hinn sjötti kom, það er syndir bætti,
signað ráð með gleði og náðum,
vissi nokkur von til þessa
veröldin dauð í syndum snauðum;
náttúran með nýjum fréttum
nærði alt, svo skepnan hrær(ð)ist,
lifandi grös og loptin brosa,[2]
ljómar jörð í fögru blómi.
26. Einnig náði Adam forni
í helvítis myrkrum líta[3]
nýjan Adam hernað heyja,
hugdjarfan að vitja arfa,
leysti í burt úr fjandans festum
fé rangfeingið, haldið leingi,
en bölvaðan batt hann sjálfan,
beljar hann þar kvikr í helju.
27. Færði heim til furheits jarðar
faðir dýrligr með píslar sigri
Adams lið og Evam bæði
óttalaus frá kvölum og sóttum,
hvílast nú í sæmd og sælu,
svo bíðandi þeirra tíða,
er verða mun, þá vísir dýrðar
virða finnr í öðru sinni.
28. Mærðar tól eru mjög svo orðin

1) von áá, skb. 2) fagna, skb. 3) lítia, skb.; líta, á spássíu.

Digitized by Google

móttarlaus,[1] nema lifandi dróttinn
styrki þau með stórri orku
að standa í lofgjörð heilags anda;
fagni brjóst, en tungan tigni,
tendrist mál, en skynsöm sálin
leiti við að lesa og rita
lausnarans verk og fögr stórmerki.

29. Með Ísraels þjóðum upp nam fæðast
ungur sveinn, við mart gott slunginn,
Jóachim hét sá bauga býtir,
bygð vandaði hann helgum anda;
af Nazareth var getinn enn góði
og Galilea að ættartali,
ráðvandur og réttvís bæði
reiðubúinn til allskyns greiða.

30. Af Júdas ætt var rekkrinn réttri
runninn upp, sá er drottni unni,
sína gerði hann sauði að hirða
[sæmdum gæddr[2] og ýta fæddi;
öllum veitti auðar þollum
ærna þörf með helgum störfum,
af fjárhlut sínum fórnir vænar
færði hann guði og auma nærði.

31. Síðan skipti hann ærnum auði,
enn ungi mann, sem letrið sannar,
þegninn gerði þrennar eignir
þýðr og snjallr af eigu allri:
ekkjum gaf og aumum flokkum
einn partinn með hreinu hjarta,
föðurlaus börn þau feingu eirninn
frænings ím og pílagrímar.

32. Annan part af eigu sinni
offrar[3] sjálfr í musteris hválfi[4]
sönnum guði og sögðum[5] ranni
sóma[5] örr og altaris þjónum;[5]

1) máttarlaus, skb. 2) [Svb. Eg.; sæmdur gædum, skb. 3) offr
skb. 4) hvolfi, skb 5) Svo.

Digitized by Google

þriðjung geymir halrinn heima
hjá sér blíðr, og nærði síðan
hyski sitt til þrifligs þroska
þýðr og spakr með umsjón vakra.

33. Upphafs smiðrinn allra happa
einn og þrennr, er alt gott kennir,
má þér eingin mannlig tunga
makligt stef né lofgjörð hefja:
Ymna saungr af öllum tungum
æ magnist, svo aldri þagni,
lopt og jörð þig lofi sem kraptar,
lausnarinn góðr, og allar þjóðir.

34. Fimtán var að aldri ára
ýtir gulls, þá fénu býtir,
með ráði guðs varð rekkrinn síðan
ríkr, svo hans fékkst varla líki;
giptast vildi gullaz[1] þóptu
gæfu valdr á tvítugs aldri
Akas[2] dóttur, ungri píku,
Anna hét sú bauga nanna.

35. Göfug að ætt og góðu lífi,
gimsteinn sannr, er þessi Anna,
Davíðs kongs af dýrligu frjóvi
drósin var, sem letrið hrósar;
þann veg talaði þeingil(l) himna
þvílík orð um Davíð forðum:
Fús er sá að fremja, Ihese,
filius þinn minn allan vilja.

36. Almáttigr í einum sálmi
enn hefir rætt um spámann þenna:
Davíð fann eg í dygðum sönnum
dyggvan þræl og vin minn sælan,
helgu oleo hét eg velja
hans kynslóð yfir allar þjóðir,
smurða jeg hann alvalds orðum,
armur minn skal lykja hans harma.

1) gullazt, skb. 2) Achas, skb.

Digitized by Google

37. Matthias talar um manndóm drottins
og móður ætt í guðspjalls þætti,
sonr Davíðs enn signaði Jesu
sagði hans og Abrahams annars;
um Mariæ heiður meistarar fróðir
mæla slíkt, og eru því sælir,
kynstór ætt með kvíslum réttum
kennist hér til feðgina hennar.

38. Hugr er blektr en hjartað iktir,
hrellist brjóst af glæpa þjósti,
Máríu bið eg fur miskunn dýra
mýkja stef, svo henni líki.
Hæst kóróna, himna stýrir,
hreinni en gull með vegsemd fullri,
henni lýtr um heima þrenna
hverskyns sveit, þegar nokkuð heitir.

39. Skýrt er nú, sem skötnum birtir
skilning sönn um ættkvísl Önnu,
hún var bæði kjörin og kynjuð
af konga mekt og spámanns slektum;
í Bethleem var brúðar eðli
í borg Dávíðs með turnum háfum;
þessi hjónin héldu hreina
hjúskaps band á Jórsala landi.

40. Einfelt líf um langa æfi
leiddi þau, sem skriptin beiddi,
fálynd bæði og réttlát reyndar,
rík og mild að thesaur gildum;
í þrjá staði fénu fríðu
full af gipt þau réðu að skipta,
meir girnandist kærleiks kjarna
krapta[1] láns en aura nægtir.[1]

41. Til guðs musteris þau gáfu enn fyrsta
með göfugligt pent og ornamentum,
annan gáfu aumum mönnum

1) Svo.

Digitized by Google

útlendum, sem skriptin bendir,
þeim sem aungvar frægðir feingu,
fögnuð þar eða nokkurn dögnað;[1]
hinn þriðja höfðu sjálf að seðja
sérhvern mann og lið sitt annað.

42. Þeirra líf var dæmum dýrra,
að dáðum sönn fur guði og mönnum,
áfátt trúeg að einkis þætti
auðar grund og menja lundi,
nema það eitt, að ekki máttu
eignast barn, þótt vildu gjarnan,
þar af náðu ei fórnir færa
fríðar guði á helgum tíðum.

43. Tálmar m[ér] svo [mar]t að mæla,
meyjanna blóm, af þínum sóma,
hvorki fæst þér heiðr né dýrkan
hrein og skær sem verðugt væri.
Anna glóar í guðdóms ranni,
sem gimsteinn fullr í skæru gulli,
eyðing böls, en upphaf heilsu,
allir menn eiga lúta henni.

44. Saman vóru á seytján árum
sæmdarmenn, og hér[2] til þrennum,
heita á guð, ef hann þau léti
hingað fæða gott afspringi:
það barn skyldi þjóna eirninn
þrennum[3] guði og einum sönnum,[3]
í musteri guðs þegar mætti eð fyrsta
mæla gott og lofa sinn drottinn.

45. F(j)órar[4] stóðu höfuð hátíðir
hal(d)nar mjög í fornum lögum,
páska tíðir og pentecosten,
prýðiligt var þá lögmál diktað,
[svo musteri Salomonis[5]
sem tjaldbúðir Moyses aldar,

1) dugnað, skb. 2) þar, skb. 3) Svo. 4) Forar, skb. 5) [Svo.

Digitized by Google

festu þetta heitið hæsta[1]
hjónin gott í musteri drottins.

46. Á ein-hverri hátíð stórri
halrinn kom í templum domni[2]
með frændum sín og vinum að vanda,
hann vógar til með offri nógu;
kennimaður sá réð fur ranni
Rúben hét, sem stár í letri,
Isakar[3] í öðrum bókum,
allir þenna biskup kalla.

47. Biskup lítur fórnir feskar
og fofnis strönd í Joachims höndum,
meðal standandi blíðra bænda
barnlaus manu og fárra granna,
fyrirlátandi fórnir mætar
furðu reiðr og sælan spurði:
Því geingr þú meðal dýrra dreingja
djarfari maðr en nokkrir aðrir?

48. Skapara sínum að skepnan krjúpi
og skynsöm þjóð hans sælli móður,
öllum veitir andar hylli
iðjuliga ef hjálpar biðjum.
Anna glóar í guðdóms ranni
[sem gimsteinn fullr í skæru gulli,
eyðing böls, en upphaf heilsu,
allir menn eiga lúta henni].

49. Kennimaðrinn Rúben ræðir
rétt sem áðr og Joachim smáði:[4]
Tjáir ei þér eða fórnir Freyju
færa guði í húsi skæru,
ómakligan þig drottinn dæmir
dásamlegur barn að eiga
eptir því sem skýrir skriptin,
skötnum kunn af drottins[5] munni.

---

1) á spássíu í skb. 2) domini, skb. 3) Isachar, skb. 4) Svb. Eg; smáður, skb. 5) skaparans, skb.

Digitized by Google

50. Því kvonguðust ýtar aungvir
óttalaust, að í lögunum [þót]ti
bölvaðr hver, sá barnlaus væri,
bauga hlynr í Gyðinga kyni;
bittu guð að brigzli þetta
bætist þér með kynstaf mætum,
þaðan af kom með fórnir fríðar
og fofnis bing að offra hingað.

51. Á mánuðum fimm að mátti ei neinar
af manni sínum heilög Anna
fréttir sannar farans[1] votta,
feldi hún tár og grét því sáran;
grátandi fur burtferð bónda
brúðrin góð í tárum flóði,
lát oss vora löstu játa,
ljúfust meyjan[2] áðr en deyjum.[3]

52. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .

53. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .

Anna glóar í guðdóms ranni
[sem gimsteinn fullr í skæru gulli,
eyðing böls, en upphaf heilsu,
allir menn eiga lúta henni].

1) Svo, skb. 2) Anna, skb. 3) Hér þykir mönnum sem fallið muni vera úr drápunni í skinnbókinni hálft annað erindi, því að stef sé hér annarsstaðar í kvæði þessu í fimtu hverri vísu.

Digitized by Google

54. Eitthvert sinn að signuð Anna
sáran grét, sem finst í letri,
eingill guðs nam að henni ganga
ítarligr í klæðum hvítum,
svo mælandi: Mig hefur sendan
minn græðari, og skaltu ei hræðast,
fögr tíðendin[1] fram að segja,
forðum hafa ei þvílík orðið.
55. Dýrliga muntu dóttur eiga,
dregla hlín, við bónda þínum,
önnur mun ei æðri finnast,
eingin slík, né hennar líki;
mætust skal sú María heita,
meyjanna blóm og hlaðin af sóma,
full af gipt og fremri öllum
frúm og vífum að eilífu.
56. Þegar að hún er þriggja ára,
þróttug, skal til musteris dróttins
þangað færa og þjóna leingi
þýð og kæn í vökum og bænum;
hún mun aldri karlmann kenna,
kurteist lífið, einn mun hlífa,
framar öllum fljóða dæmum,
fögr og hrein, en kvitt af meinum.
57. Án brugningu sú mun signuð
son fæðanda vera og bæði
óflekkuð og andlega smakka
ens æðsta ráð án karlmanns sáði;
kallast mun hann í himna höllu
hæsta konungs sonr enn æzti,
græðari heims og hjálpari þjóða
hingað sendr af guðdóms hendi.
58. Eptir þetta upp nam lyptast
eingill senn frá augsýn hennar,

1) tidendum, skb.

Digitized by Google

fagna[r snót[1] í fögrum gráti,
fagnað láti oss Kristur magnast.
Allir bið eg vér fúsliga föllum
fljótandi í tárum vótir
auðmjúkliga og Önnu heiðrum,
[æðst]a blóm og meyjanna sóma.

59. Á sömu stund og sögðum tíma
sæll Jóachim[2] einn réð reika[2],
ungan mann um leiðir langar
lítr hann skjótt og óttast dróttinn:
Eingill em eg sá hinn sami,
sem þinni ré[3] hústrú inna
harma bót og huggan mæta, —
hjálpar ráð kemr ykkur báðum.

60. Sendr em eg af sjöfalds anda
segja ykkr, að þið munið eiga
dóttur eina dygga og væna,
dýrri en nokkur kunni að skýra;
hennar nafn er á himnum stofnað,
hana skulu allir Mariam kalla,
í móður sinnar mætum kviði
mest hafandist heilags anda.

61. Hún mun allan heiminn fylla
hverskyns gæðum, þegar hún fæðist,
ekki má hennar ágæt makta
andar megn, það er syndum gegnir;
svo háleit sem hún er getin,
hennar líf mun yfir þá hlífa
síðan bezt, þá sonr ens hæsta
er senniliga fur brjósti hennar.

62. Hann mun vera sem nafn hans nunnið[3]
nær kallaðr um heiminn allan
iðulig(a) sá alt má græða
Iesus sannur hjálpari manna;
skynd þú nú með fagnaði fundinn,

1) [tilg. Sveinbjarnar Egilssonar; . . . . . skb. 2) Svo. 3) numit, skb.

Digitized by Google

finna muntu þína kvinnu
við borgar hlið, svo bregzt það hvergi,
blíð og tœit, það er Aurea heitir.

63. Við þenna Jesum þýðust Anna
þiggi lið, um það vér biðjum
nauðsynliga, svo nái eigi
nauðin sár eða fjandans árar:
Allir bið eg [vér fúsliga föllum
fljótandi í tárum vótir
auðmjúkliga og Önnu heiðrum
[æðst]a blóm og meyjanna sóma].

64. Eingill hvarf, en Ioachim dirfist
aptr á leið, og fór sem greiðast,
þeygi[1] miðr en þrjátigi daga
þaðan, og heim hann gekk með beimum;
annað sinni sælli Önnu
samri virtu réð að birtast:
Ferðast til þess hliðs[2] sem harðast
hallarinnar, er Aurea kallast.

65. Máttu þar vel mann þinn hitta,
á móti þér og mun hann[3] bera,
[hát]tur er það sögunnar settur,
sanna eg með því [boðskap annan;[4]
[þaðan af nam í lopt upp[5] líða,
en lauka grund á samri stundu
bjó sig hingað brátt að ganga, —
brjótur gulls kom henni á móti.

66. Fagnað þenna sögðu signuð
sæl og glöð hvort þeirra öðru,
lesning[6] gera þau lausnara skærum
langt á dag og þakkir fagrar;
halda síðan heim að kveldi,
hjúskaps línan ekki dvínar,

---

1) eigi, skb. 2) hliðzins, skb. 3) sködduð skb. 4) [be.sk.. ... an ..(?), skb. 5) [þaðan ..ptt af upp nam, skb. 6) tilg. Svb. Eg; ...ning, skb.

Digitized by Google

áttu í þeirri sambúð sæti
Salómónis og vönd Árónis.

67. Mætust var án munuð getin
manndóms gipt og heilags anda,
í móðurkviði getin af guði
án gömlu synd til eilífs yndis;
skírnar brunnr í iðrum[1] Önnu
æðstur guði[2] og sinni móður,
hrein og skær var hingað borin
á heimsins láð, sem eingill spáði.

68. Láti oss Jesus lauga og væta
lasta grunn í tára brunni,
svo að vær mættum hreinir hitta
himna blóm á efsta dómi.
Allir bið eg að fúsliga falli
[fljótandi í tárum vótir
auðmjúkliga og Önnu heiðrum
[æðst]a blóm og meyjanna sóma].

69. Alt var gert sem eingill mælti
um ágætt jóð og drottins móður,
Mariam létu þau meyna heita,
af miskunn er hún oss gjörla kunnig;
dýlligust[3] af dæmum öllum,
dygðum gædd var sú, er hana fæddi,
aldri hlaut neinn maðr á moldu
manna þeirra sem heilög Anna.

70. Virðuliga með fórnum færðu[4]
frú Maríam þriggja ára
til musteris guðs, að meyna fýsti,
mirru njótr,[5] sem aðrar snótir;[6]
offrar þá, svo einginn straffar,
Ioachim góðr og blessuð móðir
lifandi fórn og lausnarans yndi,
lýða gagn, en Syon fagnar.

71. Skildist þar við skýling kaldra

1) tilg. Svb. Eg.; iðran, skb. 2) Svo. 3) = dýrlegust. 4) prýddu, skb. 5) motr, skb. 6) [tilg. Svb. Eg.; aðrir snotrir, skb.

Digitized by Google

skírleiks bygð og fylking dygða,
veg Mariæ dag frá degi
drottinn hóf í kröptum frjófum;
meyjar þær í musteri vóru
mentar bezt, að henni þéntu,
drottning sína drósir vænar
dagliga allar réðu að kalla.

72. Jafnan hlaut hún helgan þrifnað,
hýr [til me]nta, þann dæmi [skýr]a:[1]
einatt gerði að iðka bænir,
elligar las hún spámanns p[ellur],
[hin]g[að f]ærðu[2] henni [laungum[3]
himneskt fóður einglar góðir,
en fátækum fæðu slíka
færði hún, sem biskup tærði.

73. Heyrði hún af eingla orðum
andligt líf og skilning sannan,
flý[ði] hún allan veraldar vóða,
í vóða bergr hún öllum þjóðum.
Allir bið eg að[4] fúsliga falli
[fljótandi í tárum vótir
auðmjúkliga og Önnu heiðrum
[æðst]a blóm og meyjanna sóma.

74. María lyptist krapt af krapti,
kraptauðig þeim beizka dauða
svipti af oss með kærleiks[5] krapti
krapta jörð, er Eva gjörði,
fjandans stétt með kröptum knýtti
krapta vald, svo hann losnar aldri,
henni skýldi kraptr við kulda,
krapta palla gekk hún alla.

75. Hvað mun eg um hennar prýði
hræddr og sjúkur vörum lúka, —
yfirvinnur það allra manna
andargipt í vizku landi;

1) Skb. sködduð; lestur óviss. 2) færði, skb. 3) [að vanda, skb. 4) af, skb. 5) kiærligs, skb.

Digitized by Google

hennar líf var einglum efra,
yfir náttúru mannligs háttar,
æskan fríð, en ellin prúðust,
æfin stóð[1] með helgan góðri.

76. Fyrnefnd hjón að heiti ærnu
héldu sig frá munaðar eldi,
eptir nokkur ára skipti
endir[2] Joachim lífsins stundir;[2]
Anna giptist öðru sinni
auðar njót og geymi spjóta,
Cleophas hét sá kappinn mæti,
kænn og fróðr og Jósephs bróðir.

77. Áttu þau sér eina dóttur
efniliga, er María nefnist,
Alpheus hlaut af hjúskap mætum
hennar ráð með gleði og náðum;
fjóra sonu furðu væna
fríðust hjónin gátu síðan:
Taddeus, Jóseph, sálir söddu,
Símon slyngr við Jacobum yngra.

78. Að fram kæmi hér í heimi
hol(d)gan Krists, hún þenna misti
bónda sinn með blíðu lyndi
braut[3] úr þessum veraldar þrautum:
Jórsala land(s) eð ljósa yndi
líkni oss með helgum krossi,
Önnu mega svo allir kenna,
æfinliga stýrði hún gæfu.

79. Sælum[4] giptist sætan heilug
sæmdar manni [Júða ra]nna
þriðja sinn, [og seggnum] unni
í sið vegligra(r) hjúskaps reglu,
Anna var svo [kæn] að kenna
Krists móður nafn við dætra safnað:

---

1) vantar í skb. eyðulaust. 2) Svo. 3) burtt, skb. 4) tilg. Svb. Eg.; Síðan, skb.

Digitized by Google

María hét sú dóttirin dýra,
er dregla gátt og Salome áttu.
80. Zebedeus var getinn með gæfu,
gáði að þessu mektar ráði,
með yngra mani[1] gerði að ganga
guðs vin þekkr í eina rekkju,
ól hann við henni arfa sæla,
óttalausa píslarvótta,
ellra[2] Jakob [ýtar] kalla
og Johannem postula annan.
81. Svinnan biðr eg selskap þenna
sjá til mín, þá búin er pína
annars heims, þá er fjándur finna
[flærð á[3] vígsl með sárum brigzlum,
koma þá fram með krókum grimmum,
kalla upp á sálina allir,
hennar vist er í víti nezta
vónarlaust, því hún hefir oss þjónað.
82. Gakktu fram, hin göfuga ekkja,
góð og fín, með dætrum þínum,
er þú sér mig þann veg þurfa,
[þá hjálptu mér í nauðum mínum;[4]
illa trúeg sárin svella,
sálug önd í púkans böndum,
nema mér hlífi dýrlig dæmi
drottins míns, og en sára pína.
83. Reiknast máttu radix kvik(n)uð
réttliga þann veg, heilög Anna,
sem það tré er sýnir blóma
í sætan kás hjá vatna rásum;
hvorki meina hitar né þurkar
hennar kvistum upp að renna,
laufið skín í limunum háfum
yfir linna sík í himnaríki.
84. Þú ert hreinlífis heilagt reyfi,

1) tilg. Svb. Eg.; manni, skb. 2) eldra, skb. 3) [tilg. Svb. Eg.; flærðu, skb. 4) [Svo.

Digitized by Google

höll og sæti lítillætis,
gleðinnar hlið og mil(d)leiks móðir,
meydóms rót og gimsteinn snóta,
ekkjudóms og ærna lukku
yfirvinnanda hverri kvinnu,
heilsu von og hölda frelsi,
heimsins ljós og sætleiks rósa.

85. Þú ert sætleiks[1] jörð af blessuðum burði
og blómlig[2] af epla hera[dómi],
og Gabrielis orðum frjófguð,
imins[3] þrenningin sat með henni;
í gróður sett með guðligu sáði,
geri[4] eg það ljóst fyrir þessu brjósti,
brauð guðdómsins bjó þar inni,
blessað ráð í heimi þessum.

86. Hugskots jörð var helgum arði[5]
hennar vist og[6] guðligum ris(t)li[7]
klungrum sneydd[8] og þyrnis þvingan,
þurt illgresi langt í burtu,
balsamorum akr með æru,
allvel má hana þann veg kalla,
miskaðr[9] saman við mirru beizka
mátuliga, og svavitatis.

87. Balsamum sem bjart reykelsi
bænar merkir ilming væna,
mirra þýðir mannligan dauða,
mega hann allir beizkan kalla,
en þau heita aromata
ágæt smyrsl af viði mætum,
mýkja vos, ef menn eru sjúkir,
miskunn lík í himnaríki.

88. Drottins akr af dygðum mjúkum
dagliga skín í kröptum fínum,
himnesk mega þau flores finnast,

1) sættligs, skb. 2) blómanlig, skb. 3) himins, skb. 4) tilg. Svb. Eg.; segi, skb. 5) tilg. Svb. Eg.; auði, skb. 6) b. v. Svb. Eg. 7) Svb. Eg.; risli, skb. 8) Svb. Eg.; sneyð, skb. 9) milskaðr, skb.

Digitized by Google

fögr og mæt með jurtum sætum,
víntrés ilmur, vænni pálmi
víða rennr um himin síðan,
öll þau blóm, er akr má sæma,
Anna bar, sem letrið sannar.

89. Brunnu opt fur brjósti hennar
blys frygðanna og ljósker dygða,
er þar virðist drottning dýrðar
dýr og vitur inni að sitja;
kallast má hún því enn með öllu
alls góðs rót, er vér megum hljóta,
dóttir hennar sálina sættir
sonar[1] á meðal guðs og manna.

90. Samjöfn er hún sönnu nafni
sveitar þeirrar, er Paradís heitir,
öllum fegri, í austri fullu
er sá staðr af fagnaði hlaðinn;
lífs tré stendr í miðju myndað
af mætum guði með jurtum sætum,
Eva beit, en Adam lítið,
ágætt blóm, en töpuðu sóma.

91. Meistarar hafa sér temprað testam
til vandast, að jafnan standi
utan um gull í eldi heitum,
að smíðið hreint reynist síðan;
móðir guðs er gulli æðri
getin og fest í helgu testi,
ljós brennandi lék um Önnu,
logi skínandi heilags anda.

92. Plantaði guð með prúða rentu
Paradís glaðr með Önnu aðra
alla vega með ástúð fullri,
umkringjandi helgum anda;
í miðju stóð fur brjósti brúðar
blómgaðr vöndur fjórum ströndum,

1) Svo.

Digitized by Google

letrið kallar lignum vitæ
og lundinn þenna m[örgum] stund[um].

93. Undir þessum vænsta vendi
veit eg glögt að Anna heitir
dýrlig rót með dygðum sætum
af Davíðs sess og kend við Jesse;
Kristur sjálfr er blómið bezta,
bauð oss líf fur grimman dauða,
leiddi aptur lýði mædda
með listum víst til Paradísar.

94. Heyrðu hér himneskrar dýrðar
heilög náð og upphaf dáða,
Anna, ertu guðs og geima[1]
göfugligt blóm og meyjanna sómi:
hrein og fögr og hvít sem stjörnur[1]
hr[óð]ig meyjanna drottningar móðir,
máttu oss, eg vil það votta,
vinna bót með dóttur þinni.

95. Get eg þér ekki, göfuglig sæta,
goldið makligt lof eðr þakkir,
vilja minn um verknað þenna
virða skaltu í máli stirðu,
nöðrur sjö með fjandans fiðri
fljúga um mig með vængjum bjúgum,
gustrinn stendr af veðri vondu,
veit eg að það er skæðara eitri.

96. Ofmetnaðarins illska safnast
inn í hjartað mörgu sinni
ákafliga sem standi stífla
eða stem(m)ist vindr í skýja grindur,
öfun(d)ar hefir mig eitrið brendan
allan svo, að eg má vel kallast
hrekkvís árr í höggorms líki,
eg hafna að sjá mér nokkurn jafnan.

97. Raung ágirni réð mig stanga
með reyfara frost og peninga þosta,

1) Svo.

Digitized by Google

reiðin svellur rammari galli,
röddin sjálf og limirnir skjálfa,
leti með hrygð og lymsku bragði
leiðir mig í skaparans reiði;
gula hefir mig gert að tæla
í glæpa stríð og holdsins blíðu.

98. Skaparans kennir skepnan önnur,
skundar til að gera hans vilja,
nú er eg verri en nokkur þeirra
náliga, þó að eg kunni málið;
grátandi vil eg þó glaðliga lúta
og ganga undir hirting stranga
drottins míns, og vægðar vætta,[1]
valla má eg þó bera hana alla.

99. Ok[2] fur þína miskunn mjúka,
mætur guð og faðirinn sæti,
gef mér þol að geti eg safnað
gæzku í nóg, en syndum lógað;
skriptamál og hugsan heilög
hlífi mér við fjandans kífi,
en elskuligasta andar milska
er þitt blóð og holdið góða.

100. Smurning gef mér af oleo eirninn
áður en dauðinn kemr enn bráði,
herrann góður, hirt mig fyrri
og haf til þín úr fjandans pínu;
það er mín dýrð ef þú vilt virðast
þinni náð til mín að sinna,
kenstu við og mil(d)liga minstu,
að mynd er þín[3] á líkama mínum.

101. Móður guðs vil eg mæta[4] biðja
Maríam í nauðsyn vára,[5]
stíg þú fram fur stilli[6] himna,
stjörnu blóm, á efsta dómi,
sýndu honum eð sæta yndi,

1) vænta, skb. 2) Nú, skb. 3) þíns, skb. 4) mætam, skb. 5) sára, skb. 6) stilling, skb.

Digitized by Google

signuð brjóst og faðminn ljósta,[1]
sonarlig ást og mildin mesta
mun þér eigi kunna að synja.

102. Síðan hjálptu sjálf en þriðja
sæmd mannanna, heilög Anna,
öllum lýð með æru fullri,
ein ynniligasta veraldar kvinna;
minnast skaltu, melle-kanna,
mín við guð í bænum þínum,
föður og móður frelsa bæði,
frændur mína og góða vini.

103. Þinn elsk(h)uga þú munt kenna,
þrifligt fljóð og blessuð móðir,
þann, er bað mig þessarar iðju,
þinni ást að gera til minnis;
girnd hans máttu göfuga virða,
gef honum laun í mestum raunum,
mildust, lát hann mín ei gjalda
meiðir stáls, er þig vill heiðra.

104. *Orma kör*[2] með *dri vörmu*, *H a*
aur(r)iða grund er hvergi bundin, *l*
tjörn og *skúr* má telja eirninn, *l u*
tigulig ferð — hefur drápu gerða. *r*
Öðling bað (mig) *Ásgarðs stuðla*, *o*
un(n)ar skjól og eð *þraungva vólað*, *i n*
vala erfiði og *veglig selja*, *r B*
vessa skyldeg um kvinnu þessa.

105. Þessi láttu, brúðrin blessuð,
bæði nöfn[3] á lífsbók jafnan[3]
skýrliga stá og skiljast gerla
skínandi með guðligum línum;[4]
föllum, bæði konur og kallar,
knébeðjum, að Anna gleðji
sálir vorar, og svipti úr helju
sveitum þeim, er á hana heita.

106. Hverr, sem hana vill heiðra og þéna

1) Svo. 2) kauoR, skb. 3) Svo. 4) límum, skb.

Digitized by Google

hæversk þjóð og bragnar góðir,
þriðjudaga, þeir sem mega,
þrenningar ljós kveiki[1] henni;
þrautar lesi þrisvar pater,
þar með eingils sæta kveðju,
þann man ske svo göfuglig gæfa,
er getur slíkt, eðr annað betra.

107. Þriðjudag skulum brúði biðja,
biðjandi var sjálf hin þriðja,
þriðjudag á helgu hauðri
hauðr iðjöndum fæddi sauðum;
þriðjudaginn kom henni kveðja,
kveðja eingils hana réð gleðja,
gleði unnandi lífs nam leiða,
leiddi þrjá menn og dætr þrennar.

108. Þriðjudag fór hún með dýrligum dauða
af dauða láð til gleði og náða,
náð má hennar nafnið þýða,
náð hefur hún með drottni að ráða;
náð og miskunn bragnar bíða[2]
fyrir blessað sáð og hennar náðir, —
Náð vil eg að nefnist kvæði,
náðar[3] biðr eg dætur báðar.

109. Biðja vil eg þess bragna fróða,
bæti um með vorkunlæti
miskviðu, þá sem röksemd raska
og rétti, svo að betur sé ettir;[4]
um Máríu vers bið eg hvern að heyrir
og hafi þrítekið: dominum tecum
fur sinnar hjálp og sálar minnar,
svo þess[5] manns er kvæðið annast.

110. Fagnaðr kom þér, frú mín signuð,
fögnuð hlauztu af eingla sögnum,
flos ortorum, fögnuð bartu,
fagnaðr skein af þér, en hreina,

1) tilg. Svb. Eg.; kveikja, skb. 2) biðja, skb. 3) naðir, skb. 4) eptir, skb. 5) tilg. Svb. Eg.; þann, skb.

Digitized by Google

fagnaðar rót hefur fagrliga eignað
fagnaðar vist með Jesu Christo,
finna láttu oss fögnuð þenna,
í fagnaði blífum að eilífu!

111. Ef þýðust viltu þetta kvæði
þiggja[1] af mér, þá bið eg þú leggir[1]
mærðar laun, þá mestu varðar
mína önd, að hún forðist pínu;
í vald þitt vil eg gefa og gjalda
gjörvalt málið lífs og sálar,
enda láttu, að einginn grandi, —
enda fel eg svo þér á hendi. Amen.

Máríublóm.[2]

AM. 622. 4to, bls. 179—180, skinnbók, skrifuð fyrir 1549, að eins brot framan af, sem nær aptur í 11. erindi og þrýtur þar. — AM. 714 B. 4to, bl. 3[a] skinnblað frá Þórði Steindórssyni, skrifað nálægt 1580—1600, að eins niðurlag kvæðisins frá því í 42. erindi. — Advocates' Library í Eidinaborg 21, 8, 10 (= FM. 80) 12mo, bls. 327—332; er það kvæðabók með hendi Olafs Gunnlaugssonar í Svefneyjum, skrifuð 1712, og er kvæðið þar heilt.

[Vísur af: O bone Jesu. Hefur Hallur p[restur] Ögmundsson [í] erindi s[ett][3].

1. Heyr mig, Jesu, hjálparinn mætr,
hjartans[4] gleði og yndi,
drjúgum[5] framda eg daga sem nætr
dáliga[6] alls kyns syndir,
mætt eg fá á meinum bætr,
ef myskunn þína fyndi;
biðja vil eg þig, sæll og sætr,
að sálu[7] minni gef þú gætr,
svo [hún gleðinni[8] aldri tyndi.

1) Svo. 2) 80. 3) [622. 4) hjarta 80. 5) daglega 80. 6) dárlega 80. 7) sálunni 80. 8) gleðinni hún 80.

Digitized by Google

2. Aldri syngst né segjast má
sætara[1] orð í munni,
flýtr um brjóstið fagnaðr sá
fram af hjartans grunni,
Iesu nafn vil eg ýtum tjá
af instum vizku brunni,
vilji hann mér þá vizku ljá
og viljann góðan eptir á,
að virðar[2] skilja kunni.

3. Jesu nafn er í nauðum bezt
að nefna sér til gæða,
[vill hann[3] helzt, en[4] megnar mest,
meinin öll kann[5] græða,
lætr hann aldri á lækning frest,
að linist vor gjörvöll mæða,
fáum vér aungvan frægri gest,
firðum gefr hann andligt nest
og synda jökul að bræða.

4. Sæll Bernardus sannliga tér
af sjálfum vizku brunni,
að[6] eingi fögnuður fegri[7] er,
svo firðar reikna kunni,
en hugsa hans nafn í hjarta sér
og hafa með sæmd í munni,
[siðanna form[8] og sætleiks[9] ker
sannliga af öllum gæðum ber
sem gull af skógar runni.

5. Í hjartans leynum heldur má
hugsa um Jesu prýði
en [líkams augum[10] líta á,
hvað lausnarans valdi[11] hlýðir;
einginn heyrði og einginn sá
og eingi tunga þýðir,
hversu hans mildi er mikil og há,

1) sætari 80. 2) kappar 80. 3) [hann vill 80. 4) og 80. 5) að 80. 6) sl. 80. 7) frægri 80. 8) [siðina góða 80. 9) skr. sætligs 622. 10) [líkamans augum að 80. 11) mildi 80.

Digitized by Google

manninn vill hann til sín fá
og myskunn sinni skrýðir.

6. Heyr mig, Jesu, hjartans frygð,
hjálptu máli mínu,
eg er nú kominn á yðra dygð,
einskis von[1], nema pínu,
fyrir þá [sérliga stóru[2] stygð,
eg stóð mót[3] vilja þínum;
veit eg ei neinn[4] í veraldar hrygð
[vesligri mann[5] um heimsins bygð,
svo vafinn í synda línu[6].

7. Meyjar sonurinn, minstu vór,
minn hinn[7] ljúfi herra,
mildiverkin mikil og stór
mun þig[8] aldri þverra,
svo er þinn viljinn sætr og frjór[9],
að syndir [máttu af[10] þerra,
sannliga máttu [þann sam[n]a[11] kór,
að Satans verði parturinn[12] mjór,
og sé hans þá málið verra.

8. Minn góði Jesu, geym þú að,
þú gaft fyrir mig þinn dreyra,
skylt er oss að skilja[13] það,
að skaparinn vill oss heyra;
[heyr þú nú[14] til, hvers eg bað,
og hneig þitt signaða[15] eyra,
láttu oss verða leysta í stað,
svo lútum vér aldri í kvalanna bað,
[þar Kollus vill oss[16] inn keyra.

9. Hinn[17] góði Jesu, gef þú mér
gæfu þá, eg mætta
af öllu hjarta unna þér

1) kann 80. 2) [sérligu stórri 80. 3) á mót 80. 4) mann 80. 5) [veslega neinn 80. 6) línum 80. 7) enn 80. 8) þín 80. 9) *tilg.*; stór 622, 80. 10) [kantu að 80. 11) þeim safna 80. 12) flokkurinn 80. 13) skýra 80. 14) [hlusta þú 80. 15) náðar 80. 16) [þó Kargur vilji oss þar 80. 17) sl. 80.

Digitized by Google

eptir því sem eg ætta,
[hætt eg þá[1], hvað hamingjan lér,
og hræðunst[2] ekki vætta;
settu[3] fyrir mig sjónargler,
[og sjá[4] eg í því, hvað mér ber,
að syndir fá eg bættar.

10. Opt hef eg lagt þitt ljúfa nafn
við lygar og hvern hégóma,
[því er mér eingi[5] að ilsku jafn,
alt[6] lét eg mér sóma,
má eg því kallast tál og tafn,
sem[7] teyging rangra dóma,
batt eg mér ofurligt[8] synda safn,
svartr og fúll sem hræ eðr hrafn,
eg[9] hafnaði björtum blóma.

11. Þú ert minn guð og gleðinnar vón,
göfuglig hjálpar brynja[10],
gæzku brunnur og glæpa tjón,
gef þú oss rétt að skynja,
hefr þú hinn mildi meyjar son
og meistarinn[11] góðra kynja
látið[12] mig fá mína ljúfa bón,
leystu af mjer synda gróm,
þá djöflar að mér dynja.

12. Í nafni Jesu hvert eitt hné
á himni líka og jörðu
hneigist og í helvíte
fyrir herrans veldi hörðu,
hver sem ein tunga heyrir og sér
að heilsuráði gjörðu
játi hans nafn fyrir utan ef,
þeir heingdu hann upp á helgast tréð,
sem honum ei dauðann spörðu.

---

1) [að hætta á það 80. 2) hræðast 80. 3) set þú 80. 4) svo sjái 80. 5) [svo einginn er mér 80. 6) því alt 80. 7) og 80. 8) ógurlegt 80. 9) og 80. 10) Hér þrýtur 622 (bry . . .), og er 80 þá eitt um textann út í 42. erindi. 11) meistarann 80. 12) lát 80.

Digitized by Google

13. Í Nazareth var hans nafnið dýrst
nefnt og kunngert síðan,
af einglum drottins fundið fyrst
með fagnaðar kveðju blíða,
frú María fékk þá lyst
að forðast allan kvíða,
af Gabriel eingli kvödd og kyst,
kom þá guð fyrir hennar bryst
og ást, sú er ei má líða.

14. Var hún þá skær sem skuggsjá hrein
og skipuð með allskyns dygðum,
hér með fanst ei harmr né kvein
í hennar líkamans bygðum,
út af hennar augum skein
eilíft ljós með frygðum,
þar hún huldi þann gimstein,
sem þegnum bætir allskyns mein
og eyðir öllum hrygðum.

15. Hvað girnu(n)st vér hærra en slíkt
að heyra í vorum hjörtum,
Jesu nafn er valið og vígt
af vænum guðdóms pörtum,
hans sæta nafn er sólu líkt
með sínum geislum björtum,
herrans geingur heiður ríkt,
hans er nafnið ógurligt
og hræðiligt djöflum svörtum.

16. Jesu nafn ber háfan hljóm,
heiður og lof án enda,
þú ert *Maríu* blessað *blóm*
og brunnur myskunnsemda,
mýktu þinn hinn mykla dóm,
svo megum til þín venda,
verndin þín mun ei vera tóm,
vísliga fyrir þinn sæta róm
láttu oss lukku henda.

Digitized by Google

17. Heyr þú, hin sæta hugarins ást,
heitari eingin myndi[1]
í hjartans borgum huggan fást,
sem hvers manns brjóst og yndi,
að Iesu nafni allir dást
og unna með hreinu lyndi,
eingin gleði má æðri nást[2]
en elska þann, sem aldri brást
og afmáir allar syndir.

18. Iesu, blóminn elskuligr,
einvalds kongrinn sterki,
með valdi þínu vanstu sigr
á vondum flærðar serki,
fjandinn varð að flýja digr
fyrir þitt píslarmerki,
kom hann þá dauðr í kvalanna vigr,
kaldr og frosinn, háðuligr,
af sjálfs síns vonzku verki.

19. Jesus Kristur sagði þá:
Ef seggir föður minn biðja
í mínu nafni, munu þeir fá,
ef mæt er þeirra iðja
og mína pínu minnast á,
að máli skal eg þá styðja,
og síðan hverfa syndum frá,
sannliga vil eg þeim hvílast hjá
og hjálp [þurfa eigi að kvíða[3].

20. Góðgjarnasti guðs sonr bað
og gerði þann veg breyta,
Jesus er það sæta sáð,
sem syndugir menn afneita,
Jesus sýndi oss dygð og dáð
og dvaldi ei lausn að veita;
lýða þörf er laung og bráð,

---

1) þindi hdr. 2) fást, hdr. 3) svo í hdr.; tilg. J. Þ.: þeim hvergi kviðja.

Digitized by Google

lítilátir munu öðlast náð,
ef eptir vilja breyta

21. Bið eg þig, Jesu sæll og sætr,
fyrir sjálfs þíns blóð og dreyra,
hörmung vora heyr þú mætr
og hneig þitt blessað eyra,
á háaltarið hendr og fætr
harðliga léztu keyra;
að heilsu vorri gefðu gætr
og geym oss jafnan daga sem nætr,
svo girnunst vér gott að heyra.

22. Forsómaðu ei, faðir minn góðr,
frelsi aumra manna,
þú ert féhirzla, fegursti sjóðr,
sem fræði[1] heilög sanna,
lækningar reyr ljós og rjóðr
leynilig sár að kanna,
af því er eg orðinn fróðr[2],
að sáluhjálp verður aldri móðr,
mega það allir sanna.

23. Þú ert blómgandi blóma rós,
sem blóðrautt gullið skæra,
Jesus er sú liljan ljós,
sem lýði kann að næra,
í hræring vatns og háska sjós
höldar til þín kæra,
minka láttu veraldar vós,
hið verðugligasta hjálpar hnoss
og hafnar mark frábæra.

24. Hinn góði Jesu, gef þú mér
gæzku þinnar að njóta,
aungva nytsemd í því sér,
að eg skuli þislir hljóta,
aungvir dauðir unna þér,
eptir lifið ljóta

1) færdi, hdr. 2) sanfróður, hdr.

Digitized by Google

ef stíga þeir niðr í kvalanna ker,
þá kunna þeir ekki að þakka þér,
né þitt lof upp að brjóta.

25. Hinn góði Jesu, glata mér ei
með glæpa byrði[1] minni,
segðu eigi sjálfur nei
við sárligri skepnu þinni,
rek þú frá mér vélar og vei,
svo myskunn þína eg finni;
biðja vil eg son Maríu mey
mætan þess nú fyrr en eg dey,
að mínum sorgum linni.

26. Heyr mig, Jesu hjartanlegr,
heimsins sæmd og æra,
heita máttu heilsu vegr,
hjálparbrautin skæra,
manninn trú eg þú missir tregr,
ef máttu hann til þín færa,
lýðum öllum lukku gefr
og lítiláta hátt upp hefr
með heilsu mjúka og kæra.

27. Þó megi eg eigi makligan róm
mæla af tungu minni, —
girndin mín er geysitóm,
nema gæzku þína eg finni, —
vil eg þó ekki [fræðin fróm[2]
fela í brjósti inni;
Jesu nafn ber hærra hljóm
en hugrinn megi leggja á dóm
með veikri vizku sinni.

28. Aldri dofnar ástin sú,
er af Iesu nafni kveikist,
af þeim sætleik seðjast nú
sjúkir menn og veikir,
staðfastliga í sterkri trú

1) birgdi, hdr. 2) fræða frón, hdr.

Digitized by Google

standa lærðir og leikir,
svo kenni þeir hvergi kulda nú,
kvalanna fá þeir aungva brú,
sem djöflana brennir og steikir.

29. Ekkert nafn er annað slíkt
undir himninum fundið,
lífsins brunnur og [ljósið ríkt[1],
sem lýsir allar stundir,
yndi gleðinnar elskuligt
árla á honum bundið,
Maríu nafn er mjög því líkt,
af mildi þinni valið og vígt
með virkt á margar lundir.

30. Kannast allir kristnir menn
við kærleiksblómann þenna,
mildi þín og myskunn renn
mjög yfir heiminn þrenna,
synda ryð ór[2]) sálu brenn,
ef sætleik nafns þíns kenna;
bið eg þig, Jesu, þú bjargir kenn,
boðorða veginn réttan enn,
og lát oss eigi brenna.

31. Sú var ástin einkanlig,
er Iesus þoldi dauða,
binda lét og berja sig
blessuð rósin rauða;
harðan gekk hann harma stig
til hjálpar sinna sauða;
á vélum fjandans vann hann sigr
og verndaði lýð sinn dásamligr,
[ríka jafnt[3] sem snauða.

32. Heyr þú, hinn mildi meyjar son,
mun eg enn á þig kalla,
hinn girniligasti gleðinnar tón,
gimsteinn himnapalla,

---

1) [ljós eilift, hdr. 2) og, hdr. 3) [jafnt ríka, hdr.

Digitized by Google

sárligt er það sálar tjón
í synda díkið að falla;
fyrir mildi þína og mjúka hón
munum vjer eiga hjálpar vón,
þú mátt frelsa oss alla.

33. Heyr þú, logandi ástar eldr,
hinn elskuligasti vermir,
sá mun eingi[1] af sóttum hreldr,
sem sækir þitt biskermi[2],
þín elskulig ástin veldr,
að eg frá þessu hermi,
friðaðar sálir föðurnum geldr,
fjandinn þær ekki heðan af heldr
í sínu heljar vermi.

34. Þú ert það vænsta unaðar blóm[3],
sem vaxið hefr án sæði[4],
fjalldals lilja fögur og fróm,
full með allskyns gæði,
víntré sætt með epli og blóm[3],
sem hinn vísi Salomon ræðir;
gæzkan þín ber hærra hljóm
en hæfi[5] nokkrum veraldar róm
að hreifa um þig kvæði.

35. Gjörvöll hefur þú grasa og trjá
gæði og allskyns dygðir;
móðir sællra[6], María,
minkar flestar hrygðir,
aungvan máttu auman sjá
um allar heimsins bygðir,
hrapar sá eingi[7] í heljar krá,
sem hefr þú nokkurn velskap á,
og eru það aungvar lygðir.

36. Þessi lifandi lífsins viðr
lífgar allar þjóðir;

---

1) einginn, hdr. 2) beskermi, hdr. 3) svo. 4) sæðis, hdr. 5) hæfir, hdr. 6) sællara, hdr. 7) einginn, hdr.

Digitized by Google

herrann sté af himnum niðr
og helti út sínu blóði;
mildur var sá meyjar kviðr,
er með gekk slíku jóði;
hingað kom hinn fegrsti friðr
með fagnaðar boð, sem hinn æðsti siðr
á harðar heimsins slóðir.

37. Líkja má við lífs tré sætt
ljúfri Jesu móðir,
leið af henni það lífið mætt,
sem lífgar allar þjóðir.
lífið sjálft fær löstu bætt,
þó lýðir sé ei góðir,
lífið hefr hún lifandi fætt
og líf mannanna með þessu grætt,
sem lýsa meistarar fróðir.

38. Öll sú dýrð og epla val,
sem allan heiminn skrýðir,
ilmr, fé, grund sem túna tal
temprar alt og prýðir,
heilnæmt eingi í hverjum dal,
háfir skógar þýðir;
miklu er til þess meira skjal,
hvað manninum guð á hendur fal,
því skepnan öll honum hlýðir.

39. Enn var þó meiri mildi og náð,
hann manninn leysti úr pínu,
af verði lífsins vóx það sáð
með vegligu blómi sínu,
að fylla það sæta föðursins ráð
með fegurstri hjálpar línu,
mannsins þörf var mikil og bráð,
meyjan fæddi á heimsins láð
með eingla lofinu fínu.

40. Jesus, meyjar og móður son,
Máríu blómstur og æra,
Jesus er sú vernd og von,

Digitized by Google

er vill oss gjarnan næra,
Jesus er það fræða form,
sem fákunnuga má læra;
Jesus gefi oss göfugligt tóm
glæpi að bæta, en forðast dóm,
svo myskunn fáum vér skæra.

41. Jesus er sterkast ástarband
allra góðra manna,
heldr má telja sjávarsand
en sannleik þinn að kanna,
þú ert það mjúka milsku bland,
er minkar ánauð sanna;
hungrar til þín hugarins land,
hefr sá hvorki mein né grand,
er hlýtur slíkan granna.

42. Þó undirdjúpin og vötnin væn
væri blek að sönnu,
skógar[1] og reyr[2] sem grösin græn
gjörðust öll að[3] pennum
og svo margur meistari kænn
[og mælskr sem[4] stjörnur á himnum,
mætti þó aldri hið minsta lén
af mildi þinni skrifast í gen
á öldrum heimsins þrennum.

43. Þú ert það lamb, sem ljúfliga dó
og lífið galt fyrir dauða,
dauðinn sté yfir dauðann þá[5]
að dundi blóðið rauða,
á krossinum helga[6] lífið lá
og lífgaði sæla og snauða,
mildin þín er mikil og há,
máttu oss öllum[7] hjálpræði fá,
þá [mest horfir[8] til nauða.

---

1) Hér byrjar skinnbrotið í 714. 2) tré 80. 3) 80; af 714. 4) sem mætar 80. 5) 714; þó 80. 6) helgast 80. 7) sl. 80. 8) mest þörf er 80.

Digitized by Google

44. Á víntré þessu voru flest
vínber[1] full af blóði,
Jesus trað þau[2] allra mest
enn[3] með sárum móði,
hann skeinkti oss vín og vatni[ð] bezt,
[sem víða af honum[4] flóði,
öll voru laufin lamin og lest,
lak þá mergr úr hverjum brest,
sá er leysti allar þjóðir.

45. Ave, Jesu, eingla brauð,
allan heiminn fæðir,
mannsins sál er mjög svo dauð,
ef hún missir þvílík gæði,
kongur dýrðar, Kristur, bauð
að kasta allri mæði;
reik[n]ast máttu rósin rauð,
rann þitt blóð sem dreyri af sauð,
það sem allar sóttir græðir.

46. Sætleika víntrés sannliga má
sælu Maríu kalla,
leið af henni lænknir[5] sá,
sem lífgaði heiminn allan,
Jesus Christus[6] með lífstré[7] lá
og lét[8] það aldri falla;
allir munu þeir fögnuð fá,
sem fastliga treysta Jesum á,
og koma til himna halla.

47. Vegsemd Maríu varð ei tóm,
sem votta letr guðspjalla,
af Jesu fekk hún fögr og fróm
frægð[9] og gæzku alla.
Mærðina þessa *Maríublóm*
menn skulu jafnan kalla.

---

1) vijnbeijr 714. 2) þrúguna 80. 3) einn 80. 4) 80; það, sem rann af og 714. 5) lænckner 714; lækarinn 80. 6) Jesus 714. 7) lífstréð 80. 8) skr. leitt 714. 9) skr. fræð 714.

Digitized by Google

Legg eg upp á lausnarans róm
líknar[1] mál og mjúkan dóm,
og mun svo fræði[2] falla.

Máríuvísur.

AM. 622 4to. bls. 132—135, skinnbók skr. fyrir 1549. — Afskript Árna Magnússonar AM. 711 b. 4to. — Sveinbjarnar Egilssonar í Landsbókasafni 444. 4to. — Jóns Sigurðssonar í JS. 399. 4to. — Síra Þorvalds Bjarnarsonar og Benedikts Gröndals í JS. 399, 4to.

Máríuvísur Halls prests.

1. Sælust sjófar stjarna,
sæmdin Adams barna,
eg vil þig gölga gjarna,
geisli sólar hinn mæti,
ljósast líknar stræti,
:,: þú ert ein, ein, ein :,:
þú ert ein móðir og mey ósködd,
mönnum heilsu bætir.

2. Gleðina féktu forðum
af fögrum Gabriels orðum,
ber þú af baugaskorðum
sem blóðrautt gull af eiri
eða sól af svörtum leiri,
:,: þúsund sinn, sinn, sinn :,:
þúsund sinnum, það vil eg tjá,
þín er sæmdin meiri.

1. Ríkisvöndr Aronis,
reyfi Gedeonis,
sæti Salomonis,
sælt hlið Paradísar,
sjálfur guð þig prísar,
:,: þú ert vor, vor, vor :,:

1) 80; lickar lijnkar 714. 2) fræðið 80.

Digitized by Google

þú ert vor ljósa líknar æðr,
lýð til himna vísar.

4. Heilög mey meyjanna,
móðir myskunnanna,
huggun hryggra manna,
háleit Jesu móðir,
þig heiðra allar þjóðir,
:,: lúta þér, þér, þér :,:
lúta þér um lönd og sjó
líkt illir sem góðir.

5. Þú vinnur afl Samsonis
og sigrar styrk leonis,
hæversk heit Cathonis
með heiðri og prýði þinni;
höldar leggi í minni,
:,: vænti eg þess, þess, þess :,:
vænti eg þess, að verndin þín
vora sorg yfirvinni.

6. Út af þínum kviði
sem ilmur af sætum viði
lausnarinn frá eg að liði
sem ljós af sólar megnum
loptin heil í gegnum,
:,: eða það blóm, blóm, blóm :,:
eða það blóm, er af jörðu vex
með hægum yl og regnum.

7. Sýn þú, hin milda móðir,
og minst á aumar þjóðir,
að sonr þinn sé vor bróðir
og sárin föðurnum tjái,
þau er syndir vorar af mái,
:,: fyr merkin slík, slík, slík :,:
fyr merkin slík og mildi sín
mannsins trúi eg hann gái.

8. Leystu lasta streingi,
þá er liggja á öllu meingi,
sérlega svo hefi eg leingi.

Digitized by Google

í synda fjötrum bundizt,
að eingi hefir verri fundizt,
:,: hef eg grimm, grimm, grimm :,:
hefi eg grimmlega fyr gjörning minn
í glæpa foraðið hrundizt.

9. Fórtu upp fimmtán palla
og forðaðist löstu alla,
Símeon svo réð spjalla,
að sorgin mundi þína
sál í gegnum pína,
:,: láttu mig, mig, mig :,:
láttu mig þar minnast á,
svo minkist sorgir mínar.

10. Fyrir sára sorg og nýja[1]
með son þinn vartu að flýja
til Egiptalands og lýja
líkama þinn og mæða
í þrotnan matar og klæða,
:,: grátin fór, fór, fór :,:
grátin fórtu með guðs son þá,
sem guðspjöll skýrt um ræða.

11. Sú var sorg hin þriðja,
þú saknaðir sjálf[2] þíns niðja,
bragna tóktu að biðja
blessaðan Jesum finna,
þú vildir ei fyrri linna,
:,: í musteri guðs, guðs, guðs :,:
í musteri guðs þú mætan fant,
meistara lærði hann svinna.

12. Ára tólf var Jesus, þá
hann yfir vann meistara fróða,
dýrligan vantaði um dagana þrjá,
drotning allra þjóða
þá bar kinn svo rjóða,
:,: leiðtu mig, mig, mig :,:

1) skr. nygja. 2) sialfs, skb.

Digitized by Google

leittu mig nú löstum frá
fyrir lausnarans myskunn góða.

13. Í fjórða sinni sáttu þá,
er son þinn Gyðingar tóku,
hæddu og drógu, hræktu upp á,
höfuðin að honum skóku
og harðar píslir jóku,
:,: hlíf þú mér, mér, mér :,:
hlíf þú mér, hin helga frú,
við hvössum fjandans krókum.

14. Sú var sorgin mesta,
sáttu Gyðinga flesta
Krist á krossinn festa
og keyra gadda sterka,
son þinn lemja og lerka,
:,: mun sá hver, hver, hver :,:
mun sá líkn og myskunn fá,
er minnist slíkra verka.

15. Sorg í sjötta sinni
seggir leggi í minni,
Krist í kjöltu þinni
af krossi dauðan lögðu,
þín klæði af blóði dögðu,
:,: kystir þú, þú, þú :,:
kystir þú hans kinnr og munn,
en kvinnur af harmi þögðu.

16. Sjöundu sorg vil eg greina,
seggir lögðu í hreina
gröf með góða steina,
við guðs son hlautz þú að skilja
í móti þínum vilja,
:,: vitjaðir þú, þú, þú :,:
vitjaðir þú opt vista hans,
hin vænsta rós og lilja.

17. Hver sem þessa harma
hugsa og með þér barma,
muntu hans mein öll þjarma

Digitized by Google

og mýkja sonar þíns reiði,
svo mjúkliga sem eg nú beiði,
:,: með gleði og prís, prís, prís :,:
með gleði, prís og guðdóms makt
hann gumna til sín leiði.

18. Þín sé sæmd og sómi
sungið á efsta dómi,
[meyjanna makt og[1] blómi
máttu sannliga kallast,
drotning[2] himna hallar,
:,: lof og dýrð, dýrð, dýrð :,:
lof og dýrð sé lausnara mín,
eg læt svo fræðið falla.

Michaelsflokkur.

AM. 622. 4to, skinnbók frá Hólmi, bls. 135—145. — AM. 710 d. 4to, eftirrit Árna Magnússonar eftir 622. — AM. 714 A. 4to, frá síðustu áratugum 16. aldar, virðist vera ritað eftir 622. Blöðin, sem kvæðið stendur á, 2—5, eru mjög sködduð; orðamunur ekki tilgreindur, nema til leiðréttingar 622.

Hér hefur Michaelsflokk Halls prests.

1. Óðar gef þú upphaf
iðuliga sem eg bið,
drottinn, fyr þinn mikinn mátt,
að mætta eg syndir fá bætt;
láttu aukast lof þitt,
lausnarinn sætur, ágætr,
í ljóða gjörð þó ljós orð
lýðum virðist mjög stirð.
2. Móðir guðs eg mér bið
mildust gefi þá snild,

1) á spássíu með annari hendi: mannkyns mesti blómi. 2) á spássíu: drottin.

Digitized by Google

að yrkja megi eg um væn verk,
þau er vinnr guð fyr mátt sinn;
með helgum mönnum hefr hann
hærra lof en megum vær
orðum greina óverðir
og eingla sveitum háleitr.

3. Af Michaeli eru mörg rök
mönnum gefin og sönn,
af helgum anda í heim sendr
til hjálpar lýðum allþýðr;
í móti púkans meintökum
mörgum veitir hann björg,
fyr bænir hans er vís vón,
að virðum bætist náð sæt.

4. Þó úr gulli væri gjörð öll
og gimsteinum prýdd hver grein,
væri mér þó víst dár
vammafullr að tala fram
um svo góðan guðs vin,
sem gumnum er þó ókunnr;
mig lystir þó að lofa Krist
meðan lífið endist og stendr.

5. Hjá Gargano ein góð borg
með gæðum stendr auðkend,
í fjalli því voru flest öll
forðum töluð góð orð;
bóndi nokkurr bráðlyndr
bjó þar líka, vel ríkr,
aura láns og alls kyns
átti hann sem þörf vann.

6. Bar það til í mörg mál,
að mönnum kom til stór önn,
griðung einn fyr guðs ráð
gjörði að vanta frá hjörð;
leitað var hans langt braut,
lýðum fylgdi[1] óþýðr

1) fylgi 622, fyldi 714.

Digitized by Google

burgeis sjálfr og bar sorg
fyr bola hlaup og ópol.
7. Einn dag fundu hann örlyndir
alla leið við hátt fjall,
faðir nauta fáráðr
í fjallshlíð stóð hann mjög blíðr;
reiði fyldist ráðvaldr,
rann og síðan greip hann
bitra pílu bráðlátr,
í bræði varð hann mjög skæðr.
8. Skaut hann síðan skapbráðr
skjótt, en snörist þegar ör
að vilja guðs, sem vinds bylr
vendi henni af guði sendr;
í brjóstið greifans beit fast,
beið hann nauð og lá dauðr,
þrælar urðu ei við vel
viðlík undur um stund.
9. Í hæðum fjallsins hátt stóð
hungri firður graðungr,
hellis munna hann fann
og hjartanliga ljós bjart;
brá við þessa sýn svó
að sveinum hurfu öll mein,
þóttust skilja það vel,
að þetta væri guðs bær.
10. Þegar að þessi fregn fögr
fór um bygðir með hrygð,
byskup staðarins brást við
og býðr öllum lands lýð
við brauð að fasta og bað Krist,
að birta vildi hann þeim mildr
vilja sinn, ef vill hann
vakna láta ný tákn.
11. Dagana þrjá var dýrlig
af drengjum fastan framgeng,
höfuðeingillinn sigursæll

Digitized by Google

í svefni finnur vin sinn:
»byskup skal(t)u vita vaskr,
að vilji guðs kom þar til,
að yrði þessi atburðr
undarligur um stund.
12. Vilji guðs er víst það,
að verði af héðan mér gerð
minning, svo að megi enn
mönnum veitast hjálp sönn;
í helli þeim mun eg heyra ákall
og hlýða því, sem biðr lýðr,
sagður staðr er vel vígðr,
virkta fagr og heilagr.
13. Staður sá er vel víðr
og valinn mér í heiðurs sal,
lýðir skulu þar lofa guð
og leggja niður ófrið;
ef kallar til mín felmsfull
fljóð og menn, þá skal eg senn
heyra þeirra harms kurr,
höldum bæta mein töld«.
14. Síðan vaknar sannfróðr
svinnur byskup, og finnr
helli þann, sem heiðrs fullr
honum vísaði með prís;
heyrðist þangað hár saungr,
harla sætur og mætr,
af engla sveitum ágætr
upp í lop(t)ið mjög opt.
15. Flyktist þá í fyrr sagt
fjallið lýður gjörvallr
að sækja heim með sannleik
sælan föður Michael;
gáfu sjálfum guði lof
með góðfýsi, þvíað hverr kýs
heilsugjöf og bót böls
bar upp hverr, sem kom þar.

Digitized by Google

16. Svo var hægr og heilagr
hlaðinn af gæðum sá staðr,
ekki mátti ónýtt
óttalaust þar vera um nótt;
heyrðist þangað hár saungr,
helzt um nætur mjög sætr,
af einglum drottins fram fluttr
fríðum árla og síð
17. Byskup einhver góðgjarn,
get eg að Bonus sá hét,
sókti heim og síð kom
með selskap sinn til Michaels;
úr hellinum gekk hirð öll
heldur síð um eitt kveld,
eptir dvaldist einfeldr
af óða vegi farmóðr.
18. Á bænum vakti og bar glögt
bauga hlynr á það skyn,
niðr um ræfrið ljós leið
og lýsti húsið alt fyrst;
þar næst sá hann koma Krist
með klerka sveitum háleitan
í hvítum klæðum, hér með
hjartanliga var það bjart.
19. Móðir guðs og margt lið
meyjar komu og þar,
eingla fylki og alt fólk
annað heilagt sá hann;
sálma lög og svo ilm
sætan kennir hann enn,
altari sá hann þar gjört gylt
til guðs embættis vel klætt.
20. Óttast þetta ei lítt,
undan vildi komast um stund,
í hellis vegginn hann vill
halla sér og felast allr,
sveigist bergið svo mjög

Digitized by Google

að sjóli fékk þar nóg ból,
merkin slík og mörg rök
má þar enn í dag sjá.

21. Mátti eigi manns hugr
móti guði neitt hót
finna, svo að fái hann
falið sig í leynisal;
sendiboði sannreyndr
svinnan byskup fljótt finnr:
»drottinn býðr, eg segi satt,
þú syngir messu vel slyngr«.

22. Í orðum var hann einarðr,
undan taldist um stund,
fór hann þó, sem von var,
vilja guðs að gjöra skil;
einglar sungu um kring
ofa fagurt guðs lof,
prófetar með prúð lát
pistil lásu með list.

23. Gjörla lásu guðspjall
guðs postular mjög ljóst,
allur kórinn fram fékk
fagrt syngjandi rétt lag;
snemma nætur fór fram
fagrt embætti mjög sætt,
lyktast þann veg lof sagt
að líðr fram að dags tíð.

24. Sem embættið er út flutt,
undrast byskup um stund,
hvílík dýrð að honum varð
með hóglyndi af guði sýnd:
höfuðdrotningin honum gaf
himneskt skrúð, en ferð prúð
lyptist upp í lopt aptr,
laungum heyrðist fagr saungr.

25. Byskup stóð á bæn röskr
og bað til drottins þá nótt,

Digitized by Google

þakkar Maríu mjög klökkr
mæta gjöf og orð sæt;
að morni sýnir góðgjarn
gjöf Maríu og föt klár;
lýðir allir lofuðu guð
og lystuliga móður Krists.

26. Með frama myklum fór heim
og fékk af þvísa mjög prís;
annarr[1] byskup ósvinnr
ólíkt hyggst að fá slíkt:
lypti sinni ferð fljótt
með frómum lýð og ríkdóm,
að kveldi dags var ferð fyld,
í fjalldal reistu sitt tjald.

27. Garpar reistu gott vín,
gefnir tóku snart svefn,
gekk í hellinn geðrakkr
geysidjarfr fyr slíkt starf;
sofna lysti hann svo fast,
seima lundr um stund
vizku dökkr af víndrykk
væna las hann ei bæn.

28. Heyrði hann aungva himins dýrð
né hávan fögnuð neinn sá,
heima vaknar hann framr
háska varðr á sinn garð,
óttast þetta ei lítt,
iðrast nú og guð biðr
myskunnar, að megi hann
á móti gjöra yfirbót.

29. Eptir þetta upp spratt
um allan heiminn ákall
um Michael, því að mjög tók
að magnast lýð af því gagn;
hátíð var honum hér með

1) 714; annuR 622.

Digitized by Google

haldin fyrir sitt vald
hér í heimi hvert ár,
herrans aldri lof þverr.

30. Augustinus fær flest
fundið til, að vor lund
gófgi vænan guðs vin
fyr gæði þau; er hann oss ræðr;
af guði er hann gefinn þjóð
og gjörðr svo sem vor vörðr
til að vega vor mál
og vétti[1] bera oss rétt.

31. Vald hefr hann til vegmildr
að vísa oss í Paradís,
ef kunnum vér að heiðra hann
hér í því sem oss ber;
himnaríki hann lýkr
hverjum lýð, sem guð býðr,
í skálum mun hann vega vel
verkin öll í guðs höll.

32. Þó einglum verði ei skýrð
öllum lof í guðs höll
svo virðuliga sem vor orð
og vilja berum þar til,
þó hefir drottinn það sett
þeim embætti í vorn heim,
að bænir vorar beri þeir
blíðum guði alltíð.

33. Jóhannes í sýn sá
sælan herra Michael
við altari guðs gylt
og glóðarkeri hann stóð,
en í höndum hafði hann
hátíðligust arómáth,
í guðs augliti gekk út,
góður ilmr af því stóð.

1) vietti, 622; vitni 714.

Digitized by Google

34. Ilmar bæn og einn psálmr
öllu betr í guðs höll
en þau [sæta arómáth[1],
er upp í loptið dreifast opt;
einglar bera verk vor
í vísan stað og fá það[2],
að virði drottinn vor orð,
ef væna lesum opt bæn.

35. Í himnaríki hófst klók
hildur móti guðs vild,
Michael eingill traust tók
af tiggja himins og vald þiggr;
með góðum einglum gaf ráð
að ganga síðan í stríð,
drakonem frá dýrð rak
fyr dramb og bölvað sitt ramb.

36. Hröktist[3] undan hans makt
úr himna sælu ódælir,
í djúp helvítis djöfull sjálfr
dökkur þegar niðr sökk;
af eingli björtum alsvartr
andi líkt sem kolbrandr
dauðr og soltinn ávallt
endalaust mun þar brendr.

37. Til höfuðeingils og höfðingja
hefur guð og vald gefr
yfir allri himins höll,
herrann velur[4] Michael;
í fyrstu grein hann fékk mest
fagran sigr í bardaga,
úr himnaríki hann rak
herjans soninn Lucifer.

38. Eptir það voru öll lopt
af einum djöflum óhrein
alla vegu upp full

1) sætu aromatt 714. 2) 714; sést ekki í 622. 3) 714; hrockist, 622. 4) 714; vekur 622.

Digitized by Google

sem athomus megn eðr þykt regn,
eðr það dupt sem dregst opt
um daga og njól þar er skín sól;
árar þessir auka oss
ónáðir og lífs tjón.

39. Annan sigr oss vinnr
eingla sveitin háleit;
í háska slíkum himneskir
hvern dag[1] sýna oss vernd
móti djöfla meinskeytum
mildir eptir guðs vild,
varðhalds einglar vor orð
vakta öll með guðs makt.

40. Í þriðja sinni segir enn
sæll Jóhannes, góðr mann,
í andar sýn og manns mynd,
sem merkir drakons ill verk,
fyrirboðandi sterkt stríð,
er standa mun af mest grand,
þá Antikristur einn verstr
öllum gjörir mest spjöll.

41. Sú mun verða verst gjörð
og víðast koma í þann tíð
villa, því að veröld öll
í vóða þeim er mjög hljóð;
fáir voga fyr sig
fara að gefa neitt svar,
utan þeir, er mæla á mót
og minnast vilja á guð sinn.

42. Á þeirri tíð og þó[2] fyrr
þrotnar dygð, en vex hrygð,
spillast siðir og spekt öll,
en spretta upp rán og óréttr,
meina kaup og manndráp,
morð og okr sem fölsk orð,

1) tilg. Á. M. í 710; vantar 622. 2) 714; vantar 622.

Digitized by Google

undirgröptr með öfund,
agi stríðr og bardagar.

43. Í heimi munu þá hórdómar
hefjast þrátt og fédráttr,
óáðir sem ófriðr,
aldri kom slíkt ofrvald;
hér á ofan hlýzt kíf,
hvern dag finnst ei nein gegnd,
ríki hvert með sár svik
sundur skiptist í lund.

44. Frændr og bræðr sem flest þjóð
fljótir reisast á mót,
hver vill annan hrjá enn
og hrekja, þó hann sé ósekr;
verða munu volk hörð,
vesöld þung og sárt hungr,
drepsóttir og djöfuls máttr
drjúgum vex um heim nú.

45. Þá hæstur kom í heim Kristr
af himnum niðr, þá jókst friðr,
hér á mót við heims slit
heljar sonrinn lýð kvelr;
aldri skapaðist einfeldr
annarr verri en hann,
Antikristr á allt vont
eggjar menn og ráð leggr.

46. Fólgið gull og fé öll
furðu hrein og gimsteina
finnur hann og fær menn
flesta tælt á því mest;
meiri part og mikinn snert
manna af því fá kann,
en góðir taka gott ráð
og girnast ekki slík firn.

47. Við enda heims munu auðsýndir
annmarkar og mest hark,
villist trú, en verk öll

Digitized by Google

virðast þjóðum ei góð;
bæði leggjast brátt niðr
bæna lestr og iðn bezt,
lærdóms prýði legst niðr,
leiðist flestum guðs heiðr.

48. Í Daniels bók má skýr skil
skynja um þessi flest kyn[1],
Ysidorus orð ljós
með Ambrosio berr fram;
Gregorius gjörir meirr
grein um þessi öll mein,
leita fari þar þeir,
er þessu trúa ei nú.

49. Í guðs musteri gjörir flest
guðsníðingrinn verst stríð,
heldur sig með hátt vald
af himnum kominn guðs son;
pína býðr þá þjóð,
er þjóna Kristi með list
og hirða meir um himins dýrð
en heimsins boð eðr hans stoð.

50. Enok kemur hér í heim
og Helías, sem guð velr
að styrkja lýð með stór verk
og stilla fyr þeim ráð ill;
lýðum kenna lög sönn,
en ljótum siðum tala á mót,
dauða þola og dráps kvöl,
dróttum hverfa þá skjótt.

51. Þá öldin sú er uppfyld,
við enda heimsins þá stendr
öllum lýðum ógn full
af undrum slíkum um stund;
á þrimr árum og þó meirr,
þolir kristnin nóg böl,

1) 714; óglögt í 622.

Digitized by Google

um allan heiminn fara full
fjandans ráð og ódáðir.
52. Ofsinn geisar óhapps
einkar mestr og þá verst
Antikristur auðsýnt
óráð kennir þá enn;
upp á fjallið ódæll
Olíveti sig setr,
í þeim stað, er einn guð
allseigandi upp steig.
53. Líðr þá ei langt áðr
en lausnarinn velur Michael,
að ganga í stríð með guðs ráð
við glatanar son og eldsmat;
með eldingu einfaldr
Antichristum þá lystr,
djöflar þegar með digrt afl
dáliga fara með hans sál.
54. Heyrðu, Michael, himins dýrð,
höfuðeingillinn næst geingr
sönnum guði og setr menn
í sælu og náð með guðs ráð;
mildur guð svo mikið vald
Michaeli í hönd selr,
eingla fylkjum alt fólk
ætti að færa lof sætt.
55. I Gierarchia glögg mörk
greinast þrjú og öll hrein,
í hverjum parti skilr skýrt,
að skipaði drottinn lið gott;
í hæstum stað má heyra fyrst,
að himinn elligr[1] þá heldr,
er gista jafnan guði næst
með gleði saung um dægr laung.

---

1) ritað svo í 622, eldligr 714.

Digitized by Google

56. Í þeima kór eru þeir sem
þrjár fylkingar um kring
þrennum guði og þar finnr
þeirra nöfn og dýrð jöfn;
stólar guðs og sigrsæll
Seraphin og Cherubin
lambinu syngja lofsöng
og lýjast aldri á því.
57. Í öðrum kór og í mið
eingla veldi sumt heldr,
drotnar heita dýrmætir
dýrlingar og höfðingjar;
veldis einglar koma um kring
og kæfa djöfla athæfi,
þessir eiga að þjóna oss
í þörfum með sín góð störf.
58. Í þriðja kór og þar með
þokkast oss vel sá flokkr,
eru þessir oss nær,
einglar heitir sú sveit;
kraptar nefnast einir opt
enn í þessum stað senn,
höfuðeinglum guð gaf
göfuglig nöfn og þeim jöfn.
59. Í héruðum vorum höfum vær
hér á jörðu kunngjörð
þriggja engla trú og trygg
talin nöfn í guðs sal:
Michael sýnir mjúk rök,
merkisberari guðs er,
í nauðum gefr hann nóg ráð,
nafn hans þýðist guði jafn.
60. Annarr engill oss kunnr,
andi styrkr og ráðvandr;
Gabríel sem glöð sól,
göfgist jafnan hans nafn;

Digitized by Google

í styrkleik gjörir hann stór verk
og stríðir með oss hvern tíð,
djöfla lemr hann alt[1] afl,
iðuliga fyr oss biðr.

61. Í söfnuði þessum samjafn
síðast tel eg Raphael,
af hjörtum vorum hörð sár
hreinsar hann og græðir meins;
lækning guðs og ljós tákn
lætur guð hann sýna mætr,
líkams mein ok láns tjón
læknar hann sem[2] bezt kann.

62. Heiðrar þessi hof-lýðr
hallar Michael guðs allr,
heldr hann jafnan hátt vald
með himna prís í paradís;
í metaskálum hvert hót
heiðarliga og vel greiðr
vegr hann, svo að vor hagr
virðist guði ei stirðr.

63. Hvað mun eg það hafa lán
hörmuligr fyr mein örm,
hver eg veit mig hafa[3] á mót
himna guði framið grimm,
að eg þurfi ódjarfr
orða glamm að tala fram
um svo háva guðs gjöf,
sem grundað hefi eg um stund.

64. Fyrir mildi guðs og margföld
merki fögr og stór verk
móður sinnar myskunn
og Michaelis atvik,
varðhalds-eingill vor orð
virði, þó að sé stirð,

---

1) tviskr. 622. 2) b. v. 714. 3) haafa, 622.

Digitized by Google

blíðr herra og blezaðr
bæti fyrir mér sætr.

65. Fyrir láttu mér frumvottr,
þér fel eg á hendi, Michael,
ástvin drottins einn beztr,
óðar smíð og stutt hljóð;
ljóðagjörð og lofs orð
með lesti eru töluð flest,
líttu framar á lof þitt
en löstum stagaðan minn hag.

66. Feðr og syni hár heiðr
haldist jafnan um aldr,
anda helgum auðsýnd
ofan á það sé fögr lof;
með öllum helgum fáist fullr
fagnaður og alt gagn,
fyr bænir þeirra munu blíð laun
blífa nú og að eilífu. Amen[1].

Nikulásdrápa.

AM. 622 4to, bls. 145—162, skinnbók rituð af síra Gísla Jónssyni, er síðar var biskup í Skálholti, líklega í Selárdal á árunum 1546—49. Komin í hendur Árna Magnússonar frá Hólmi á Akranesi. — AM. 710 e 4to, eftirrit Árna Magnússonar eftir AM. 622 4to. Önnur yngri eftirrit þykir þarfleysa að telja hér. Drápan er gefin út af William H. Carpenter: Nikolásdrápa Halls prests. An Icelandic poem from circa A. D. 1400. Halle 1881.

Hér hefur Nichulásdrápu Halls prests.

1. I nafni guðs vil eg upphaf efna
að veitandi helgum anda,
orðin vilda eg öll til dýrðar
einum guði með sannleik greina;

1) b. v. 714.

Digitized by Google

hann er í sínum helgum mönnum
hár og sterkr af dýrðar verkum,
eingi skilr það ófróð tunga,
undarligt sem vinnr hann stundum.

2. Hvern dag vinnr hann hér með mönnum
hærra krapt en þá er hann skapti
allan heim með himna höllu
og hans umgaung; af efni aungu;
Augustinus innir næsta
ósljáliga í sínu máli
meira það, er hann manninn gjörir
máta góðan af ranglátum.

3. Stýri máls ef hygg eg að hræra,
herrann sætr, um þitt ágæti,
stirðnar, mæðist hugrinn, harðnar
hjartað kalt án vizku salti,
er þvílíkt sem ungbörn læra
orða brjál með stamanda máli;
eðlis lög eru eingi í stuðlum
orða, nema úr spektar skorðum.

4. Veit eg mig eigi vanta lítið,
veslan þræl, um drottin mæla,
vizku og siðsemd, vísliga gæzku,
vilja góðan rétt að skilja,
málsnild, aktan skýrra skálda,
skil vegligra(r) eddu[1] reglu;
hræðunst eg því hróðr að smíða,
nema himna sveit mér fullting veiti.

5. Almáttigan bið eg himna hilmi
að hreinsa brjóst frá synda þjósti,
svo að eg mega í sætri ræðu
um sælan Nichulás nokkuð mæla;
mun eg þar næst á móður Christi
málreitandi taka að heita,

---

1) eddlu skb.

Digitized by Google

að fylgjandi öllum helgum
einu ráði, að vísan greinist.

6. Fyrr á dögum hins fræga herra
fagrt þjónuðu Eraclionis
ágæt hjón með elsku hreina
einum guði, sem bókin greinir;
Epiphanius átti væna
auðar bil, sem hér má skilja,
systurdóttur, æztrar ættar,
erkibyskups, prýði klerka.

7. (Í) Pateraborg með stoðum og strætum
stóð þann tíð með blóma víðum
erkistóll, sá um má yrkja,
allvænn staðr, er Mirrea kallast.
Lifðu nú, sem lögunum hæfði,
listug hjón og þágu af Kristi
getnað þann, sem guð ber vitni,
göfugligan með lífi fögru.

8. Sem kviðug var af kviknuðu jóði,
kemr það undr á nokkri stundu
yfir staðinn og fólk með stórligum voða,
stendur borgin döpr af sorgum;
inn í staðinn skjótt nam skríða
skæðr höggormr með bölvað æði,
hugði sér að hafa þar bygðir
er hæð var mest, svo liti hann flesta.

9. Náttúru hans og nafn skal votta,
að nefnd meðferð hans kunnig verði:
basilischus, hölda háski,
heitir hann og er fullr af eitri;
brennur lopt af blæsti linna,
bráð líftjón eru fyr hans sjónum,
eingi kind má ormsins vanda
eyða, nema mustela[1] deyði.

---

1) ɔ: hreysivisla, hreysiköttur.

Digitized by Google

10 Hver megi tjá eða hver megi heyra,
hve mörg hundruð deyja mundu
manna, áðr en meistarinn svinni,
mildur drottinn, lækna vildi.
Sem tíðindi sagðra undra
sannliga tjást af hverjum manni
réttlátri frú, er nú átti
Epiphanius, at lýðrinn drepist, —
11. Sampínist hún síðan raunar
sínum lýð, og tók að skrýðast
fólkvopnum, sem frægðar kappi
fús í stríð með búning fríðan;
fyldist upp af ástar eldi,
út gangandi í háska strangan,
ætlar sér í einum mötli
inniliga til móts við linna.
12. Eigi máttu ormsins augu
eitrlig henni skaða veita,
síðan neytir svinnust sæta
siðvandað ráð heilags anda;
kviðinn sýnir hún naktan naðri,
nauða limrinn hrepti dauða,
birtust nú fyr bragna hjörtum
blíðust tákn, þau er reyndust síðar.
13. Nú sem framr er frúinnar tími,
fæddi hún svein með giptu hreina,
tíminn þegar með tákna blómi
tekr nú strax með lýðum vaxa;
réttur stóð þá mögr í miðri
munlaug sjálfr um stund vel hálfa,
meðan að þvottar þjónkan veitti
þjóð nýfæddum syni af móður.
14. Sú fagnaðar grein mun firðum sýnast
fyllast enn um guðs vin þenna,
að burðartíð hafi allík orðið
einni list og Jóns baptista;

Digitized by Google

faðir og móðir fyllast gleði,
fúsir eru til þeirra húsa
frumgetinn son fara að líta
fagnandi sem[1] konur og bragnar.
15. Á brjósti móður byrjar föstu
brúðar kundr í reifum undinn,
frjádag hvern og hinn fjórða eirninn
finnr ei meirr en einu sinni
móður sinnar mjólk og fæðu
mildr, svo að hann drekka vildi,
allan dag var eyðir villu
án fæðu, þó að brjóstið mæðist.
16. Sé nýjan son Zacharie,
sé brennanda lampa þenna,
sé hér frúinnar friðan annan
frumgetinn son Elízabethar;
hinn fyrri var svo fyldr af æru,
friði helgaðr í móður kviði,
með fingri sín og fróðri tungu
fyrrennari guðs nafn kennir.
17. Hinn síðari vann sonr í kviði
sinnar móður huggan þjóðum,
því ber saman um sæmd og sóma
sannliga þessara dýrðar manna;
prúðan Nichulás pedizechum[2]
á palli Johannis vel má kalla
fram gangandi fótspor tungu,
hans förunautr í veraldar þrautum.
18. Tíminn líðr, svo hann tekr upp næmi,
trúr og hlýðinn meistara þýðum,
lærði bók, en leika forðast,
lausung varast, en festi klausur;
einn tíð gjörir fyr ástúð bræðra
orlofs niðr af skóla að biðja,

1) Svo í skb.; *réttara*: senn. 2) o: pedisequum, fylgdarmann, þýð.

Digitized by Google

meir fyr ást en leika lysti,
lærdóms bækr hann mest tók rækja.
19. Sveinar voru á sandi vænum,
í svelgs atfalli Nichulás hallast
út frá bók, þó aðrir leiki,
óvarliga, því svefninn sljófar;
æginn[1] geingur öllu megin
upp á láð, en hvergi náði
hár né klæði í háska miðjum
hertuga guðs eðr bók að snerta.
20. Heila vann hann halta kvinnu
honum mætandi á borgar stræti,
frægðar verk um borg og bygðir
blíðs úngmennis tók að renna;
að dæmum Jakobs hélt sig heima
í húsi föður hinn gæzku fúsi,
hallast burt frá heims ósnilli
hjartaþýðr og feðginum hlýðinn,
21. Guðs son býður greindum hjónum
gisting til Paradísar vistar,
eptir þau tók auð og giptu,
ærit fé með gulli skæru;
hugsar nú um, hve megi vaxa
helgust náð með guðspjalls ráði,
hvern veg hann skal stýra og stjórna
slíkum auð, svo að drotni líki.
22. Í glugga nokkurn gjörði að leggja
gull á laun og gjörði[2] raunar
meyjar þrjár frá munaðar fræi[3],
maðr kynstór var þeirra faðir;
þriðja sinn var þetta kunnigt
þýðum bónda og gjarna hlýðir
góðmannliga guðs vinar ráðum,
gipti dætr og fénu skipti.

---

1) svo í hdr. 2) færði, tilg. Jóns rektors Þorkelssonar. 3) lífi *dregið út og sett* fræi *á eptir.*

Digitized by Google

23. Sem frægr staðr, sá er fyrr af segir,
er formannslaus í veraldar stormi,
í Mirrea komu þá margir herrar
merkiligir til samans og klerkar.
Vinir guðs, er voru á bænum,
vöktu opt og heyrðu í lopti
rödd kallandi rétt með öllu
yfir ranni guðs og talaði þanninn:
24. »Sá er makligr meiðum hökla
og merkiligr til hirðis klerka,
er fyrstur kemr hér frægr að listum
firður sorg til kirkju á morgin;
neytir vizku Nichulás heitir.«
Nú skilja þeir drottins vilja,
vakir því einn með vizku klóka,
að veiðr sá[1] skal ei hjá þeim sneiða.
25. Hógliga leynist hirðir bagla
hljótt og finnur þenna í óttu:
»Grein þitt nafn með góðu efni!«
Glæpa brjótur svarar á móti
með lútu höfði og lítilæti,
ljúfur með einfalleik dúfu:
»Nichulás em eg með verðleik veikan,
vesal(l) og aumr í glæpastraumi«.
26. Heimugliga tók hönd með sóma
heiðursmanns og í kirkju leiðir,
bráðla hrósar blíðr og lýsir,
byskups efnið gjörir at nefna;
af lítilæti mælti á móti,
menn allir hans gæzku kenna,
sækja, grípa lærðir og leikir
lifandi fórn til vegs og stjórnar.
27. Stofna vil eg af stórum efnum
stefja part og drápu hjarta,
að verða megi til vegs og dýrðar

1) Réttara: sjá?

Digitized by Google

vandað Nichulao stef til handa.
Hverr hefur gjört í heimi fyrri
hjarteignir[1] svo stórar og bjartar,
himna guð hefur hverskyns gæðum
hann prýddan, áðr ljósi skrýddist.

28. Meðan virðulig vígsla gjörðist,
var ein kvinna í staðnum inni
að lauga barn í heitri hvernu,
heldur móðir pönnu að eldi;
heyrir hún sem hátíð væri,
hvellar klukkur í staðnum gella,
sannan fögnuð sögðu henni
svinnir menn, er komu til hennar.

29. Gleymir því, er hon gjörði að fremja,
glaðliga rennr við fögnuð þenna
forkunnliga og fram til kirkju,
fastliga bíðr út allar tíðir;
henni kemr nú mögr til minnis,
mjög skundaði til barnsins fundar,
pannan stóð í eldi innan
einkar fast með vellu kasti.

30. Hlýri lék við heitar bárur,
heill og kátr í allan máta,
pönnu þrífur prúðust kvinna
pínulaus með farmi sínum,
flytur hana svo fram á stræti;
firðar eigna slíkar dýrðir
mildi guðs og verðleiks valdi
ens virðuligasta klerka hirðis.

31. Postulinn telr upp ljósar listir
lýðum tólf, er byskup prýða:
frægr, einkvæntr, ágjarn eigi,
óþrætinn með friðar ágæti,
gestrisinn með hófsemd hæstri,
hreinn og vitr og kunni að rita,

1) skr. hjart jarteignir.

Digitized by Google

siðsemd vanr og sætr húsbóndi;
slíkur maðr skal byskup ríkja.

32. Sæll Nichulás var sannliga öllum
samdur meirr og hálfu fleirum
kröptum þeim, sem skaparinn skiptir
og skínandi gaf ástvin sínum.
Svo þykksettar dygðir drottinn
dásamligum gaf Nichulási,
sem mundangs hófið heilags anda
hafi smíðað sér gimstein fríðan.

33. Frægðarmaðr var fágari dygða
fyr vegliga postulans reglu,
líf og klerkdóm, hlýðni háfa
hélt hann fast með eyðing lasta;
honum unni því hverr sem annarr
hugástum, án neins mótblástrar;
lysti aungvan lýð að ganga
með ljótum verkum honum á móti.

34. Nichulás prýða nýtir siðir
í næstu grein sem postulinn meinar,
hreinlífur var alla æfi,
án þeim flekk, er marga blekkir;
vizku fullr og valdr að gæzku
í veraldar stétt og dómum réttum,
skrifari góðr með forsjá fríðri,
fljótr og skýrr til sálubótar

35. Gestrisinn með gefnum kosti,
glaðr og blíðr við alla síðan,
eigi síður andar fæðu
unti hann þeim, er hann gistu heima;
predicator glöggr og gætinn,
grundvöll hafði hann klerkdóms fundið,
hitnuð ást í helgu brjósti
honum kennandi framburð þenna.

36. Friðsamr var um aldr og æfi,
aungvan gjörði pynda eðr þraungva,
saman tempraði með djúpum dæmum

Digitized by Google

dygð réttlætis og myskunn sæta;
um þrætur var honum löngum lítið,
lastlig orð hann vildi forðast,
ágirndar rót illra skeyta
eiturligri fastliga neitir.

37. Vaskr húsbóndi og virðum kendi
virkta ráð, en löstu hirti,
embætti með ýmsum stéttum
erkibyskup veitti klerkum.
Svo þykksettar [dygðir drottinn
dásamligum gaf Nichulási
sem mundangs hófið heilags anda
hafi smíðað sér gimstein fríðan].

38. Sem byskups tign hefur bjarta eignazt
búinn í stríð með hófsemd [fríðri,
dag]¹liga hélt hann dýra reglu
í drykk [og]¹ vist með beztu listum;
ölmusu gjarn með saungum psálma,
sætr og mildr með lítilæti,
gjörði þar með glæpi að forðast,
guði unnandi af hjarta og munni.

39. Hátt dýrkaði hann heilaga kirkju
og hennar rétt, er Sýon kennist,
mæta fylgd hann með sér valdi
enna merkiligustu lærdóms klerka;
saddi hann þá með sætum kryddum
svo vorðin(n)a spektar orða,
eilíflega sem einni sálu
unnast þeir af hjarta og munni.

40. Gjörla eyddi hann gyðju villu
gamalli, er þeir Dianam kalla,
og gallsúru djöfulsins dári
drekti hann niðr, því er ýta blekti;
villumeistarans flærðarfulla
fékk hann sigrað klóka hvekki,

1) gat á skb.

Digitized by Google

blíðu heims og blekking flúði,
bölvuð ráð hans öll forsmáði.

41. Geymdi hann sín, þó hann gæzku framdi,
geðfastliga við ofrau lasta
æ því meirr sem hann var hærri
í heilagleik, þvíað varla reiknast,
nær finnist af nokkurum manni
náliga tjáð, að svo hafi ráðið
öllum hjálp, þegar á hans kalla
ágætt nafn í fjarska jafnan.

42. Hraustir menn í hríð og frosti
hétu enn á guðs vin þenna,
enn helgi mann í hafsins bylgjum
hjálpaði þeim og var þó heima.
Svo þykksettar dygðir [drottinn
dásamligum gaf Nichulási
sem mundangs hófið heilags anda
hafi smíðað sér gimstein fríðan]

43. Þrifligan mann og þeim ókunnan
þegnar litu í hafsins megni
upp á skip og kvaddi kappa:
»kallað hafi þér til mín allir,
nú em eg hér í nauðsyn stóra«.
Nægir ráð, en bylgjur lægir,
bæði styrkir böud og reiða
blíðr um stund, en hverfur [síðan][1].

44. Skipverjum tók skjótt að byrja,
sku(n)da [þeir til][1] byskups f[un]dar[1],
frjálsara sinn þeir fullvel kenna,
falla á kné og þakka honum allir;
síðan talar hinn sæli faðir
með sætri raust og lítilæti:
»fyr hreina trú og helgar bænir
hafa yðr ráðizt slíkar náðir«.

---

1) gat á skb.

Digitized by Google

45. Þrjá saklausa menn af myklum
morðarans dómi frelsa þorði,
ávítaði með ógnar hótum
illan dóm og lögmáls villu;
kunnigt var það keisarans mönnum,
kallast megu það vitrir jarlar,
heyrðu og sáu herrans gjörðir
hugleiðandi slíkan vanda.

46. Féllu þessir frægir jarlar
fríðir enn á nokkurum tíðum,
af vondra manna rógi reyndar,
í reiði keisarans, og svo leiðast
til myrkvastofu, svo máttu hvorki
mætum lögum né vörnum sæta,
að morni skyldu mæta eirninn
mikilli nauð og sárum dauða.

47. Mál er komið í mærðar skóla
að minnast til, svo stef megi finnast,
eingi fær það jarðnesk tunga
int því nær sem verðugt væri.
Sæti guðs var í sálu hvítri
sæls Nichulai, sem ritning mælir,
hæstrar spekinnar himnaríki,
hlaðinn og skygðr í spáleiks dygðum.

48. Sem dauða úrskurð diktaðan heyrðu
dýrligir menn, er fjötrar spenna,
reyta hár með ramligum gráti,
rifu sín klæði og dauða hræðast;
rennur þá til rekka minnis
rétt í stað, hve heilagr faðir
forðum hafði frelsta gjörða
firða þrjá af dauða bráðum.

49. Á guðs [játara] gj[örðu að] heit[a][1]
grátandi með aumligum látum:
»nálægr vertu, Nichulás sæli!

1) skemd í skb.

Digitized by Google

nauðum vorum í háska dauðans«.
Á [sö]mu[1] nátt í svefni þóttist
sjálfur keisarinn pipra og skjálfa
fyr þau hót og harða vítan,
er heyrði hann af dýrðar manni.
50. Hann vaknar skjótt og virða reiknar
verða sæmd, þá er rangliga dæmdust,
leysa bauð og sendi síðan
sætum föður með kveðju mætri;
greindir menn þegar guðs vin fundu,
gjörla sögðu af tilburð öllum,
háleit ást í helgu brjósti
hitnar enn fyr þvílíkt vitni.
51. Í Licia skeði litlu síðarr
líkams hungr með árferð þungri,
keisarans skip í hafnir hlaupa,
hveiti og kost þeir öllum veita;
heilögum Nicholao c. mæla
af hverju skipi þeir gjörðu að verja,
en fullan reikning fá þó allir,
fagna og hrósa táknum ljósum.
52. Önnur jarteign eigi minni:
upp veitandi fyrr sagt hveiti
allir tóku fögnuð fullan
fæðu og þar með ávöxt sæðis.
Sæti guðs var í sálu hvítri
[sæls Nichulai, sem ritning mælir,
hæstrar spekinnar himnaríki,
hlaðinn og skygðr í spáleiks dygðum].
53. Bóndi nokkurr bráðr í lyndi
byrgði í saltgróf þrjá menn myrða,
dáligr þuss í djúpum fossi
drekti niður þeirra iðrum;
guðs vin kemr að greipum straumi,
grjót og iðr fara upp á móti,

1) skemd í skb.

Digitized by Google

leggr hann iðr í líkami dauða,
þeir lifna viðr, en bóndi iðrast.
54. Í lundi stórum illgjarn andi
átti bygð og lýðinn stygði,
fyr bænarstað gaf blezan sína
blíður faðir og höggur síðan
sjau sinnum og seggjum kennir
að safnast til í drottins nafni
að fella tréð, en fjandi kallar,
ferr sem stefndr og býst til hefndar.
55. Eikin ríðr og eignar[1] dauða
allri þjóð, þar er flestir stóðu,
herra Nichulás höldum nærri
hleypur enn við atburð þenna
undir tréð og hratt við höndum,
háleit verk eru slík stórmerki,
cipresso nam sterkliga steypa
stundar langt frá menja lundum.
56. Undan stökk enn óhreinn andi,
út skríðandi úr brunni fríðum,
talar þá lágt, svo trautt má skilja,
með tanna gnist og þungri blístran:
»optast verð eg í okkrum skiptum
undan láta á hverri stundu,
þunga hefi eg af þessu feingið,
þvíað ofjall má Nichulás kallast«.
57. Viknar fyrr en verk hans reynist[2]
vitið og mál í hyggju skála,
greindur bragr mun grípa enda,
en gæzku Nichulás aldri fætka.
Sæti guð er í sálu [hvítri
sæls Nichulai, sem ritning mælir,
hæstrar spekinnar himnaríki,
hlaðinn og skygðr í spáleiks dygðum].

1) Svo; *r*: ógnar (J. Þ. rektor). 2) Svo; *r*: reiknist (Carp.).

Digitized by Google

58. Faðir vor sæll í friðri elli
fékk sjúkdóm og legst í rekkju,
Eugenía ágæt kona
af sjúkum tók heilsu mjúka;
sút og trega með sárum gráti
sauðir feingu í hirðis dauða,
sermonem með huggan harma
hunangfljótandi gaf hann á móti.
59. Síðan skipar hann sínu ráði
og sér veitast með ástúð heitri
farnest sætt og fríða smurning,
friðar koss gefr með tára fossi;
saung hann bænir og psálma leingi,
síðast vers sem lausnarinn blíði;
sálin var til himna heilög
háleit borin af eingla sveitum.
60. Um legstað hans mun eg lítið ræða,
laginn var hann í steinþró fagra
í kirkju hvolfi og Sýon sjálfri
settur niðr hjá altari miðju;
veitir drottinn vatn af fótum,
en viðsmjör skært til heiðrs og æru
af höfði rétt til heilsubótar,
hreinust gefst þar lækning meina.
61. Lifir hann enn og er liðinn frá mönnum
í læknisdóm, sem veröldin hljóniar,
hellir út um heiminn allan
heilsu vín af líkama sínum;
til beggja handa byskup[1] sendir
beimum, sem þá hann lifði í heimi,
langt og vítt sem firðar frétta
fara leitandi að helgum sveita.
62. Blindir, haltir, brotnir, skeindir,
brunnir, hljóðir, kaldir, óðir,
líkþráir, veikir, limafallssjúkir,

1) bps, skb.

Digitized by Google

lamdir, daufir, bjúgir, kramdir;
fátækir menn, flokkar ríkir,
fjarlægir, nánir, konur sem karlar,
kreptir, móðir, krjúpa og skríða
kveinandi að líkama hreinum.

63. Maður einn ríkr til Mirream sækir
með of fjár á hverju ári,
ungan son lét eyðir spanga
enn í ferð með höldum verða;
bliðan sigldu byr og góðan,
biðr hann svein í gullkeri hreinu
með góðri lukku gefa að drekka,
gekk þá sveinn að kistu hreinni.

64. Tekr upp kerið og sýnist saurugt,
seilist út að fiska hlútu,
bylgjan rís og bæði svelgir
bjartan svein og gullið hreina;
seggir fóru síðan hryggir
sútafullir í hafinu úti,
álítandi skilnað skjótan,
skilja eigi Nichulás vilja.

65. Hinn ríki maðr til Sýon sækir,
síðan offrar thesaur fríðan,
gimsteina með gulli vænu
greifi sagðr á altarið lagði;
fjart[1] var þessu fleygt á burtu
fram á gólf, en burgeis skam(m)ast,
heitrof sitt með harmi játar,
hrygðist nú, því hann guðs vin stygði.

66. Semr nú heit, að sveininn láti
sendast aptr með guðdóms krapti,
að gefa til Sýon gnóg auðæfi,
gull og silfr með iðran fullri;
ungan mann sjá ýtar ganga
inn í kirkju í þessu sinni

1) óglögt í hdr.

Digitized by Google

berandi ker í hægri hendi,
heilsar feðr með sætri kveðju.

67. Eptir spyrja sorgum sviptir
sveininn, hvað honum barg í meinum:
»kurteis maðr í kafinu niðri
kom til mín í mötli fínum,
um langan veg mig leiddi hingað,
ljúfur og blíðr, en hvarf mér síðan«.
Fyllast nú með fögnuð allir
færandi lof guðs vin skærum.

68. Gekk einn maðr að Gyðingi nokkrum,
gull með smán hann tók að láni,
sór hann eið að selja Júða,
ef safnast fé, í Nichulás nafni;
gullið vex, en Gyðingr hugsar
gott til fjár á þessum árum,
heimtar féð í skornum skamti,
skilr að hinn muni fresta vilja.

69. Kaupmaðr heldur, kvezt hafa goldið,
kappi og fæð, en Gyðingr hræðist;
fellur dómur firða á milli
að fá honum gjald, nema eiða haldi;
í holaðan staf með vondum vælum
vegr hann gull með djörfung fullri,
prettvís maðr að Gyðingi glotti,
gjald og staf hann biðr hann halda.

70. Vinnr hann eið á vondskap þenna,
víkur á leið og so[fna][1] beiðist,
af megni hlaupa margir vagnar
manninn sundr á slé[ttri][1] grundu;
brotnar stafr og ber honum vitni
um brögðótt ráð, [þa]u[1] er öllum tjáðust,
Júði bað nú lífs hinum liðna[2],
laus[nar]ans náð með Nichulás ráði.

---

1) numið af skb. 2) liðs, skb.

Digitized by Google

71. Herra Nichulás heyrir fyrri,
enn heiðni maðr til kristni leiðist,
lifnar maðr, en Ebreus efnir
öll sín heit og villu neitir[1];
báðir tóku beiska iðran
burt kastandi heiptar jastri,
lofuðu guð og lifðu síðan
langtum betr enn fyrr sé getið.

72. Einn dauða son var djarfr og heiðinn
dáliga kvæntr, er Mirream rænti,
reyfaði fé og ríkar háfur,
ruplaði menn og fjötrum spennir;
harri tók í herför þeirri
hallar mann, þann Cedron kallast,
kóngrinn lætur sveininn sitja
í sinni höll og bera sér minni.

73. Hátíðisdag herrans sæta
harmi spentur Cedron þénti,
kóngrinn spyrr, því hann kvelst af angri,
kveðr ei Nichulás hann mega gleðja;
kóngrinn tekr, en kostr er eingi,
kerinu á mót, að hann Cedrons njóti;
sama punkt, er hann skjöldung skeinkti,
skjótliga hvarf frá byrlara starfi.

74. Á sömu tíð í Sýon heima
syngst prócessía framan til messu,
kennimenn að kirkju sunn[an][2]
komandi sjá þar Cedron standa,
berandi ker í hægri hendi
[hátt][2] og kurteisliga sem mátti
fult, en af því hvergi he[lti]st[2],
heiðra klerkar slík stórmerki.

75. [Í] reiði kóngs og ráðinn dauða
rataði einn tíð fyr dóttur [fr]íða[2]
meistari fróðr í lærdóms listum,

---

1) neyti-, skb. 2) skemt í skb.

Digitized by Google

lífs og náða allir báðu;
kóngrinn gefr ei lífsgrið leingri
en liðna nótt, nema hann sýni í óttu
nýtt história um Nichulás vottað
hinn næsta dag með lofsaung fagran.

76. Meistarinn skilr nú mannsins listir
móti náttúru þvílíks háttar,
á guðs játara [hann][1] gjörir að heita
í greindri nauð, að hann forðist dauða;
fyrir íblástur guðligs gneista
glósar hann saung með langri prósa,
nær fór það á næsta ári
fyr Nichulás dygð um heimsins bygðir.

77. Hjarteignir hefi ek brögnum birtar
um blóma lífs og Nichulás sóma,
hinar eru þó myklu meiri
en máttuligt er að greina í háttum;
heimr er fullur hvolfa á milli
af hans stórmerkjum góðra verka,
kvistur einn má kallast næsta
í kvæði sett af víntrés gæðum.

78. Grikklands ertu geisli og birti,
göfugligt ljós og sætleiks rósa,
lilja hvít með lífi sætu,
lýða sigr í nafni þýðu;
ólíva-tré með heiðri háfum
heitir þú fyrir ilm og feiti,
kertisstika fyr kenning bjarta
kristindóms með heiðri og sóma.

79. Vel má að þessum vegliga pálma
víkja í tveimr dæmum slíkum,
hæfir leggrinn hörðu lífi,
en himna vist hans blóma kvistum;
signaðr þessi cedrus eignast
sannliga hæð með öllum gæðum,

1) numið burt í skb.

Digitized by Google

ærufullur aldri spillist,
ilm og feiti jafnan sveitist.

80. Á viðinum eru svo veglig gæði
í vænu laufi og eplum grænum,
grasanna frægð með dýrum dygðum
dróttir græða af alls kyns sóttum;
þúsundfalda meiri mildi
mjúka veitir Nichulás sveitum,
hundrað sinnum hefir hann reyndar
hálfu fleiri dygðir sjálfar.

81. Fyrir eingla líf er hann efri tungli
í skínandi kröptum sínum,
leiðarstjarna lífs og náða,
lýða sól og krapta skóli;
föðurlausum faðir að vísu,
fékk hann ráð til verndar ekkjum,
öllum þeim, sem á hann kalla,
eyrað hneigir gjarna að heyra.

82. Gullker ertu guðs, það er allir
gimsteinar prýða innan hreinir,
oleum skeinkir sjúkum sálum
og sæta mjólk, þá er heilsu bætir;
musteri guðs í múri föstum,
mætur turn, er veggja gætir,
altari guðs er öndin stolta
inni standandi í tjaldbúð þinni.

83. Hani syngjandi helga vængi
hógliga skekr og gjörir að vekja
vænan lýð til víngarðs iðju,
í veraldar nótt þú kendir dróttum;
gjörðir þú sem góður hirðir
að græða hjörð af vargi skæðum;
hærri en fjall í heiðri öllum,
hrein skuggsjó að sjá við meinum.

84. Háfan stiga til himins að klífa
hefir þú rétt með pöllum settan,

Digitized by Google

traustan veg[1] meðal tveggja ásta,
tólf ágætum litilætis;
páfugls hefir þú prýði og dúfu,
pellícánus að veraldar láni,
turtur hrein með bænum björtum,
bær vandaðr hins helga anda.

85. Vona eg meirr á mildi þína
en makliga hefnd, þó eg óvænt stefndi
dular fullur drápu að mæla
um dýrðar-verkin þín hinu sterku;
fyrir ljóðin þori eg [ei la]una[2] að biðja,
legg eg málið í þínar skálir,
sjálfur muntu sjá, hvað hentar,
og svinna vernd í máli finna.

86. Biðja skulum vér byskup sælan,
að blíðr og hreinn með [röd]du[2] einni
veiti oss þau veraldar mæti
í vora þörf, að nytsemd störfum;
eptir lífið andliga gæfu
einna bezt þá varðar mestu;
andir séu til sælu sendar,
svo blífi þær að eilífu! Amen.

1) vegg, skb. 2) gat á skb.

Digitized by Google

Digitized by Google

Eftirmáli.

Fyrir tilmæli frá stjórn Hins íslenzka Bókmenntafélags tókst eg á hendur að ljúka þessu bindi Kvæðasafns og hef eg búið þetta hefti (23.—26. örk) til prentunar. Verður ekki hjá því komizt að fylgja því úr hlaði með nokkurum orðum.

Þegar dr. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður, sem þá var forseti Bókmenntafélagsins, hóf útgáfu þessa kvæðasafns, gerði hann grein fyrir verkinu í ræðu, er hann flutti á aðalfundi, 17. júní 1922. Hún er prentuð í Skírni (Skýrslum og reikningum) sama ár. Svo var til ætlazt, að í safninu kæmi öll íslenzk ljóðmæli frá tímabilinu 1400—1550, að frátöldum rímum. En frá siðaskiftunum til loka 18. aldar skyldi valið úr. Fyrir utan rímurnar, áttu hinir lútersku kirkjusálmar að ganga frá. Þá man eg og, að dr. Jón lét það oft í ljós við mig, að þar sem heildarsöfn væri til, prentuð eða óprentuð (svo sem eftir Hallgrím Pétursson, Stefán Ólafsson, Ólaf Jónsson á Söndum, Guðmund Erlendsson), yrði gengið fram hjá verkum þeirra manna. Samt hefði þetta orðið geysimikið safn, svo að skift hefði tugum binda, jafnvel þó að ýmis minni háttar skáld og ómerkustu kvæði hefði verið látin mæta afgangi.

Stjórn Bókmenntafélagsins hefur nú af ýmsum ástæðum séð þann kostinn vænstan að láta útgáfu Kvæðasafns niður falla. Veldur því fyrst og fremst fráfall útgefanda, sem var lífið og sálin í þessu fyrirtæki. Þá hefur og félagið fullt fang annara verkefna, svo að erfitt er jafnvel að standa straum af þeim öllum. Því mun heldur ekki verða neitað með rökum, að eins og Kvæðasafn var fyrirhugað, hefði komið í því mikið af kveðskap, sem ekkert erindi átti til menntaðs almennings á Íslandi. Þess skal getið til dæmis, að kvæði ónafngreindra höfunda frá miðöld munu að vöxtum vera meira en þreföld við þetta bindi. En að skáldlegu gildi standa þau yfirleitt kvæðum nafngreindra skálda stórum að baki, og mun þó mörgum þykja sem mjög sé það mishöfugt, er í þessu bindi stendur. Samt eru öll þessi kvæði merkar heimildir a sínu sviði, um sögu máls og menningar. En verði þau gefin út erlendis handa fræðimönnum, svo sem von er til, mega allir vel við una. Aftur á móti mætti það verða Íslendingum bæði til fróðleiks og ánægju, ef gefið væri út hæfilega stórt safn úrvalskvæða frá 16.—18. öld, t. d. 3—4 bindi. Er vonandi, að Kvæðasafn eigi eftir að rísa upp

Digitized by Google

aftur í þeirri mynd, þegar þetta tímabil er svo kannað, að tiltök sé að gera slíkt úrval.

En úr því að Kvæðasafn verður ekki neitt heildarsafn hvort sem er, þótti stjórn félagsins nóg að ljúka við kvæði Halls Ögmundssonar, en hitt þarfleysa, að vera að endurprenta hér kvæði Jóns Arasonar. Bókmenntafélagið hefur gefið þau öll út áður, í öðru bindi Biskupasagna, og auk þess eru helgikvæðin nýkomin út annarsstaðar (Jón Arasons Religiöse digte, udgivne af Finnur Jónsson, København, 1918). Fleira smávægis hefði og mátt tína til, ef vandlega hefði verið leitað. Menn verða því að hafa það hugfast, að þó að á titilblaðinu standi »Kvæðasafn eftir nafngreinda menn frá miðöld«, þá má ekki skilja það svo sem hér sé allt saman komið, sem hægt er að eigna nafngreindum mönnum frá árunum 1400—1550.

Dr. Jón Þorkelsson hefur sjálfur gert nokkura grein fyrir stafsetningu o. fl. aftan á kápu 1. heftis. Er nú ekki öðru til að tjalda í inngangs stað frá hans hendi, og eru því athugasemdirnar á kápu 1.—2. heftis endurprentaðar hér á eftir. — Eg hef að sjálfsögðu í öllum aðalatriðum reynt að fylgja sömu stafsetningu og útgáfureglum í síðustu örkunum, þó að eg á stöku stað hafi freistazt til þess að fara nær rithætti aðalhandritsins, AM. 622 4to. En eins og gefur að skilja, er erfitt að feta svo í annars spor, að hvergi skeiki, og vil eg biðja afsökunar á því, sem mér kann að hafa yfirsézt. Stjórn Handritasafns Árna Magnússonar hefur góðfúslega léð mér þau handrit þaðan, sem komu til greina, til afnota hér á Landsbókasafninu. En hins var enginn kostur, að fá hingað Edinaborgar-handritið af Máríublómi Halls prests (sjá bls. 353 hér að framan). Hef eg þar algjörlega stuðzt við eftirrit dr. J. Þ.

Eins og mörgum er kunnugt, hafa komið fram allveigamiklar aðfinnslur við útgáfu þessa í greininni Nokkur íslenzk miðaldakvæði eftir Jón Helgason (Arkiv för nordisk filologi, 1924). Þó að sumar skoðanir þær, sem haldið er fram í þessari grein, þurfi frekari athugunar við, (og á eg þar einkum við greingargerð höf. fyrir því, hvernig »Háttalykill Lofts hinn meiri« sé til orðinn), þá eru athugasemdirnar við útgáfuna margar óyggjandi og yfirleitt réttmætar. Því er ekki til neins að leyna, að dr. Jón Þorkelsson var ekki svo nákvæmur útgefandi sem skyldi. — En eins og nú hefur verið við þessa útgáfu skilið, þótti hvorki tiltækilegt að taka hér upp leiðréttingar dr. Jóns Helgasonar né gera endurskoðun á Kvæðasafni í heild sinni. Hér verður heldur ekki efnt loforð það um skýringar háttalyklanna, sem gefið var á kápu 1. heftis. Slíkar skýringar eru áður prentaðar með útgáfunni i Småstykker (sjá bls. 18 og 68 hér að framan).

En þó að Kvæðasafn þetta verði ekki annað en brot og ýmislegt megi við það athuga, mun sumt, sem í því er, lengi standa í gildi og verða talið marka spor. Engum manni var treystandi til þess að gera æfisögurnar betur úr garði. Eg hygg, að niðurstaða

Digitized by Google

útgefanda um Skíðarímu sé laukrétt[1]), og er varla hægt að finna annað skemmtilegra dæmi þess, hvernig maður er grafinn upp úr fullri gleymsku, en sögu Svarts á Hofstöðum, frá því að dr. J. Þ. setti nafn hans fyrst á prent árið 1888 þangað til að jafnvel var bættur Mansöngur hans hinn glataði í Vísnakveri Fornólfs 1923. Enginn getur neitað því, að dr. J. Þ. hefur verið brautryðjandi í rannsókn á íslenzkum kveðskap eftir 1400, og þegar skrað verður saga þeirra rannsókna, sem enn eiga reyndar langt að settu marki, mun því heldur ekki verða gleymt, sem hann hefur lagt til málanna í þessari bók.

Reykjavík, marz 1927.

Sigurður Nordal.

---

1) Prófessor Páll Eggert Ólason hefur góðfúslega skýrt mér frá því, er hann síðan hefur orðið vísari um handrit það, er telur Svart höfund rímunnar:

„Þegar eg benti Dr. Jóni Þorkelssyni á Skíðarímu-handritið í Lbs. 1576, 8vo, og þá merku grein, sem þar stendur um höfund rímunnar, var mér ekki alls kostar ljóst, með hvers hendi handrit þetta væri En nú get eg með öruggri vissu sýnt, að það er með hendi Ólafs Jónssonar í Arney, og verður það sízt til að draga úr gildi handritsins og greinarinnar um höfund rímunnar, því að Ólafur var fróðleiksmaður mikill og hefur skrifað upp margt handrita. Að honum stóðu og fræðimenn; faðir hans var Jón lögréttumaður og annálaritari Ólafsson á Grímsstöðum í Breiðuvík. Tengdasonur Ólafs í Arney var Ólafur Sveinsson í Purkey".

Digitized by Google

Digitized by Google

Athugasemdir

útgefanda, dr. Jóns Þorkelssonar, á kápu 1. og 2. heptis.

Ritshætti á þessu kvæðasafni er hagað svo, að fremur sé með honum reynt að teingja saman nýtt mál og gamalt, heldur en að slíta það hvað frá öðru, því að það verk þykir meira en þarfleysa. Þó er ekki fult samræmi í stöku smáatriðum í ritshættinum í þessu hepti, einkum hljóðin **ei, ð, au, i,** eða **í** á undan **ng** og **nk,** svo og um **ligur** og **legur** í síðari hluta lýsingarorða (sem á þessum tímum sýnist og orðið títt hvorttveggja jöfnum höndum). En ekkert af þessu getur valdið neinum verulegum baga. Niðurlags **r** og **ur** hefur verið haft hér í kvæðunum eptir því, sem helzt þótti falla að brag. En allvíðast er það svo, að bragar vegna og kveðandi stendur það á sama, hvort ritað er **r** eða **ur.**

Skýringar eða færsla til mælts máls á háttalyklum Lopts — önnur kvæði í þessu hepti þurfa eingra skýringa — munu koma að bindis lokum. Hins vegar verður ekki farið út í það hér í útgáfu þessa safns að rannsaka það, hver erindi í háttalykli Lopts hinum skemmra kynnu að þykja sem þau væru seinni alda smíð, ef svo er um nokkur þeirra.

Bls. 233, í 13. l. n. Seyðisfir l. Seyðisfirði.
— 307, 3. nmgr. **með** stendur í skinnbókinni.

Skinnbókin AM. 622 4to var ekki við höndina í prófarkalestri Rósu né á Gimsteini fyrri en í miðju 100. erindi Gimsteins, og úr því.

Digitized by Google

Digitized by Google

3 fyrstu arkir þessa heptis verða endurprentaðar á samlitan pappír hinum örkunum, og látnar fylgja félagsbókunum síðar.

Digitized by Google

Ritshætti á þessu kvæðasafni er hagað svo, að fremur sé með honum reynt að teingja saman nýtt mál og gamalt, heldur en að slíta það hvað frá öðru, því að það verk þykir meira en þarfleysa. Þó er ekki fult samræmi í stöku smáatriðum í ritshættinum í þessu hepti, einkum um hljóðin *ei*, *ö*, *au*, *i*, eða *í* á undan *ng* og *nk*, svo og um *ligur* og *legur* í síðari hluta lýsingarorða (sem á þessum tímum sýnist og orðið títt hvorttveggja jöfnum höndum). En ekkert af þessu getur valdið neinum verulegum baga. Niðurlags *r* og *ur* hefir verið haft hér í kvæðunum eptir því, sem helzt þótti falla að brag. En allvíðast er það svo, að bragar vegna og kveðandi stendur það á sama, hvort ritað er *r* eða *ur*.

Skýringar eða færsla til mælts máls á háttalyklum Lopts — önnur kvæði í þessu hepti þurfa eingra skýringa — munu koma að bindis lokum. Hins vegar verður ekki farið út í það hér í útgáfu þessa safns að rannsaka það, hver erindi í háttalykli Lopts hinum skemmra kynnu að þykja sem þau væri seinni alda smíð, ef svo er um nokkur þeirra.

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

PT
7465
.K9
Kvaedasafn
1922-27
809831

Digitized by Google

UNIVERSITY OF CHICAGO
096 708 298

Digitized by Google